

Skipunarbréf

konungsfulltrúa.

Kristján hinn Niundi með guðs miskunn konungur Danmerkur, Vinda og Ganta, hertogi í Slæsvík, Holsteen, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg, Vær boðum þér sérlega hylli Vora! Þar eð þér sem Landshöfðingja Vorum yfir Íslandi ber að kalla saman ráðgjafarsamkomu þá, er fyrir skipuð er fyrir land Vort, Ísland, með tilskipun 8. marz 1843 undir nafninu «Alþingi», og setja hana í Reykjavík fyrsta virkan dag í júlímánuði þ. á. samkvæmt 39. gr. tilskipunarinnar, útnefnum Vær hér með, samkvæmt sömu tilskipunar § 41 um kosningu fulltrúa Vors við umgetið þing, þig, Oss elskulegur herra Sören Hilmar Steindór Finsen, Landshöfðingi Vor yfir Íslandi, riddari danebrogssorðunnar og danebrogssmaður til fulltrúa Vors á nefndu þingi. Og gefum Vær þér enn fremur vald til samkvæmt nýnefndri 41. gr., að kjósa þér aðstoðarmann annaðhvort úr þinginu sjálfu eður utanþings til að koma í þinn stað, ef þú yrðir óviðlátinn.

Því skipum Vær þér hér með, að vera viðbúinn að mæta á alþingi og sitja á því, meðan það er haldið, og ber þér í störfum þínum sem fulltrúi Vor að haga þér eptir tilskipun 8. marz 1843, og þeim skipunum, sem Oss að öðru leyti kynni að sýnast að gefa þér.

Þetta er vilji Vor!
Vær felum þig guði!

Skrifað í Amalúhöll þann 17. maí 1873.

Christian R.

C. S. Klein.

Skipun
til Landshöfðingja yfir Íslandi, S. H. St. Finsen, riddara af dbr. og danebrogsmanns, um að vera konungsfulltrúi á alþingi.

Konungleg auglýsing

til alþingis

um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1871.

Vér Kristján hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Slèsvík, Holsetalandi, Stórmæri, Þéltmerski, Láenborg og Aldinborg, sendum Voru trúa alþingi kveðju guðs og Vora!

Af því, sem gjörzt hefur á alþingi árið 1871, höfum Vér sèð með allrahæstri ánægju, hvernig alþingismenn Vorir hafa leitast við, að efla Vort gagn og hag landsins. Vér höfum vandlega látið fhuga tillögur Vors trúa alþingis um mál þau, er stjórnin bar undir álit þess hið nefnda ár, og aðrar uppástungur þingsins, og munum Vér nú skýra hér í einu lagi frá, hvað í þeim efnum hefur af ráðið verið.

I.

Um þegnleg álitismál, sem komin eru frá alþingi.

Þá er Vér ályktuðum, eplir að lögin 2. janúar 1871 voru út komin, að láta leggja fyrir alþingi nýtt frumvarp til stjórnarskrár fyrir Ísland, þá var það í þeirri von og í því trausti, að alþingi af sinni hálfu mundi, svo sem þurfti, styrkja viðleitni Vora til þess, að leiða stjórnarskipunarmál Íslands til farsællegra endalykta. Von þessi hefur samt brugðizt, þar sem meiri hlutinn á alþingi hefir fastlega sett sig á móti því fyrirkomulagi á nokkrum mikils varðandi atriðum stjórnarskipunarmálsins, sem frumvarpið fór fram á. Þetta á sér einkum stað um ákvarðanir þær, sem snerta tilhögun á hinn æðstu stjórn landsins og ábyrgð þá, sem þar með er samfara, er meiri hlutinn, 15 atkvæði á móti 9, hefur lýst því yfir, að þar sem í frumvarpinu er svo ákveðið, að hlutaðeigandi ráðgjafi skyldi hafa á hendi hið æðsta framkvæmdarvald yfir öllum sérstak-

legum málefnum Íslands, og þar að auki hafa ábyrgð á því, að stjórnarskipunarlögunum væri fylgt, en hið æðsta vald í landinu sjálfu skyldi á ábyrgð ráðgjafans fengið í hendur landshöfðingja, sem konungur skipar, þá væri fyrirkomulag þetta tryggingarlaust og óhagkvæmt, en að nauðsynlegt sé, að hin æðsta stjórn landsins og öll stjórnar-ábyrgðin sé falin á hendur stjórnarvaldi, sem hafi aðsetur í landinu sjálfu. Tæður meiri hluti hefur því gjört þá *áðaluppástungu*, að skipaður verði landsstjóri, sem skuli hafa á hendi hið æðsta vald yfir öllum málefnum landsins með fullri ábyrgð fyrir alþingi, og erindsreki eða umboðsmaður í Kaupmannahöfn, sem á ábyrgð landstjórnans og í hans umboði flytji þau mál fyrir konung, sem liggja undir staðfestingu og úrskurð hans, en stungið upp á því *til vara*, að skipaður verði jarl, ábyrgðarlaus fyrir alþingi, sem hafi umboð konungsins til að ráða, ef ekki öllum, þá samt flestum þeim málum til lykta, sem þurfa konunglegrar staðfestingar, og jafnframt einn eða fleiri stjórnarherra með ábyrgð fyrir alþingi.

Fyrirkomulag þetta, sem þannig var stungið upp á, en sem minni hlutinn fastlega hefur ráðið frá í ágreiningsatkvæði því, sem hann hefur sent hingað samkvæmt 61. gr. alþingis-tilskipunarinnar, þar sem hann í hinum verulegustu atriðum er mótfallinn skilningi meiri hlutans á stjórnarskipunarmálum Íslands, gæti með engu móti samrýmt stjórnarskipun þeirri, sem nú er á ríkinu, og stöðu Íslands að lögum sem óaðskiljanlegs hluta Danaveldis. Því ef hin æðsta stjórn landsins yrði eingöngu falin á hendur stjórnarvaldi í landinu sjálfu, sem skyldi standa jafnsíðis stjórn hinna parta ríkisins og vera henni og ríkisráðinu óháð, og eptir áðaluppástungunni að eins standa í sambandi við konung fyrir milligöngu umboðsmanns eða erindsreka, sem væri ábyrgðarlaus, þar sem þau mál, sem nú þyrftu konunglegs samþykkis, eptir hinni uppástungunni, jafnvel yrðu venjulega úrskurðuð á Íslandi, þá mundi af þessari tilhögun leiða, að Ísland í raun og veru yrði fullkomlega aðskilið frá ríkisheildinni.

Það liggur í augum uppi, að slíkar kröfur með engu móti verða teknar til greina, og er það svo opt áður, sjer í lagi er hin ýmsu stjórnarskipunar-frumvörp hafa verið lögð fyrir alþingi, sýnt og sannað, að Oss hlýtur að vera raun að því, eptir að þetta svo skýlauslega hefur verið tekið fram af stjórn Vorri og fullrúa Vorum á alþingi, að slíkar uppástungur hafi getað komið fram frá meiri hluta þingsins, sem auðsjáanlega eru sprotnar af röngu álitu á

hinni sönnu stöðu Íslands í ríkinu. Þessi ranga skoðun hefur aptur berlega látið sig í ljósi á ákvörðun þeirri í 2. gr. í frumvarpinu frá alþingi, er fer fram á, að um sameiginleg mál milli Danmerkur og Íslands og um takmörkin milli þeirra og hinna sérstaklegu íslenzku mála skuli ekkert geta orðið ákveðið, sem sè skuldbindandi fyrir Ísland eða leggi byrðar á það, nema alþingi samþykki. Með þessu er gjörð sú heimildarlausá krafa, að alþingi, þó verkahringur þess sè takmarkaður og hljóti ætíð að vera takmarkaður við hin sérstaklegu málefni Íslands, skuli fá hluttöku í meðferð hinna svo nefndu sameigiulegu mála, sem eingöngu heyra og verða að heyra undir hið almenna fulltrúa-þing fyrir ríkið í heild þess, eða með öðrum orðum undir ríkisþingið.

En eins og hin umræddu stjórnarskipunar-frumvörp, sem hafa verið lögð fyrir alþingi á ýmsum tímum, mega vera þinginu órækur vottur þess, að það hafi verið Vor einlægi og alvarlegi tilgangur, að gefa Íslandi stjórnarskipun, sem veiti landsmönnum hið sama frelsi og hin sömu réttindi, sem þegnum Vorum í konungsríkinu, þannig munum Vör framvegis vera reiðubúnir til, að verða við óskum þeim, sem, þegar málið verður lhugað með meiri rósemi, kunna að koma fram frá Íslands hálfu um, að komið verði á slíkri stjórnarskipun, sem sè byggð á þeim grundvelli, er geti samrýmzt ríkisstjórnartilhögun þeirri, sem nú er, og hinni óaðskiljanlegu heild ríkisins.

Í sambandi við það, sem getið er að framan, hefur meiri hluti alþingis í nefndu álitu sínu lýst því yfir, að alþingi eigi geti viðurkennt, að lög 2. janúar 1871 sèu bindandi fyrir Ísland, eins og þau nú liggja fyrir, að það reyndar fyrir hönd Íslands taki á móti tillagi því úr ríkissjóðnum danska, sem ákveðið er í tæðum lögum, en geti þar á móti ekki viðurkennt, að öll skuldaskipti milli Íslands og ríkissjóðsins sèu þar með á enda kljád, og að þingið, jafnframt og það þannig geymir Íslandi rétt þess óskertan um fyrgreind atriði, ráði til, að um þau verði leitað eptir nauðsynlegan undirbúning samkomulags við Íslendinga á sérstöku þingi á Íslandi, er hafi fullt samþykktaratkvæði fyrir þjóðarinnar hönd. Þessu til stuðnings er sèr í lagi skírskotað til heityrðis þess í konungsbréfi 23. septbr. 1848, að eigi skyldi neitt endanlega af ráðið um stöðu Íslands í fyrirkomulagi ríkisins, fyr en búíð væri að láta Íslendinga sjálfa segja álit sitt um það á þingi sèr í landinu sjálfu, og til konunglegrar auglýsingar til alþingis 19. maí 1849 og konunglegrar auglýsingar til Íslendinga 12. maí 1852.

Þessar yfirlýsingar alþingis hafa eigi síður fallið oss illa í geð. Eins og þýðing tæðra heityrða konungs hefur óptsinnis áður verið rækilega og nákvæmlega útlistuð, sér í lagi í ástæðunum fyrir frumvarpi því, sem lagt var fyrir alþingi 1867, til stjórnarskipunarlags, og í ástæðunum fyrir frumvarpi því, sem lagt var fyrir alþingi 1869, til laga, er nákvæmar ákveða um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu, þannig virðist því fremur óþarft, að útlista það nákvæmar, sem þýðing þeirrar setningar, sem skírskotað er til, er í sjálfu sér svo ljós, að það getur eigi verið nein ástæða til að efast um, að þar að eins sé átt við hlutdeild til ráðaneytis frá hálfu Íslendinga, en eigi við samþykktaratkvæði; það væri ólögungis víst á móti almennu máli, að leggja slíka þýðing í orðatiltækið «*að segja álit sitt um*», og þetta sèst enn fremur skýlaust af hinni fyrnefndu konunglegu auglýsingu 12. maí 1852, þar sem einmitt er gefið til kynna, að það sé í ráði að leggja stjórnarskipunarlög fyrir *alþingi*. Og þar eð nú frumvarp það, sem lögín 2. janúar 1871 eru byggð á, hefur verið lagt fyrir alþingi til álíta, og því þannig hefur verið gefinn kostur á, að eiga þann þátt í tilbúningi laganna, sem því ber að lögum, eru mótmæli þingsins gegn því, að lög þau, sem hið almenna fulltrúaþing ríkisins í þeim málum, er sameiginleg eru fyrir konungsríkið og Ísland, sem ríkisþingið hefur samþykkt, og sem Vær höfum staðfest með allrahæstu samþykki Voru, sèu einnig bindandi fyrir Ísland, bæði heimildarlaus og lítt sambóðin þeirri lotningu, sem ber að sýna lögum þeim, sem hið lögmæta löggjafarvald hefur gefið út.

Þar sem meiri hluti þingsins að öðru leyti hefur látið í ljósi, að innihald laganna 2. janúar 1871 sé talsvert frábrugðið innihaldi frumvarps þess, sem lagt var fyrir þingið 1869, og að frumvarp það, sem lagt var fyrir ríkisþingið, þess vegna í raun og veru megi heita alveg nýtt, skal geta þess, að grundvallaratriðin og aðalákvarðanirnar í lögnum eru að öllu leyti samkvæmar frumvarpi því, sem lagt var fyrir alþingi 1869, en að breytingar þær, sem gjörðar voru á því, er það var lagt fyrir ríkisþingið, eru einmitt sprottnar af umræðum þeim, sem fram höfðu farið um það á alþingi, og eru yfir höfuð og í því, sem verulegt er, *ívilnanir við Ísland*, og skal í því tilliti sér í lagi vísað til 1., 2. og 5. greinar laganna. Að því leyti, er sér í lagi snertir það, sem meiri hlutinn hefur látið í ljósi, að hann álíti sumar af ákvörðunum laganna óhentugar og óaðgengilegar fyrir Íslendinga, og að þetta einkum eigi sér stað

um það, sem fyrir er mælt í lögnum um upphæð tillagsins og um það, að öll skuldaskipti Íslands og ríkissjóðsins skuli á enda kljád með þeirri tilhögun, sem þar er sett, þá eru þessar ákvarðanir — að því einu undan teknu, að grein sú, sem við er átt, eptir tilmælum, sem komu fram á alþingi, er orðuð á þá leið, að öll tvímæli um að tillagið sé statt og stöðugt eru með því tekin af — með öllu samhljóða frumvarpi því, sem lagt var fyrir alþingi 1869. Í þessu tilliti má það nægja, að vísa til þess, sem ýtarlega er skýrt frá um þetta atriði í ástæðunum fyrir tæðu frumvarpi, og sér í lagi um það, að enginn vegur var til að koma frekari kröfum fram gagnvart fjárveitingarvaldi konungsríkisins. Eptir því horfi, sem málið var komið í, og af því að alþingi á ýmsum tímum hafði farið því fastlega fram, að gjörður væri aðskilnaður á fjárhagssambandi Íslands við konungsríkið, er það var álitid sem nauðsynlegt skilyrði fyrir framförum landsins, urðum Vær að álita það harðla áriðandi, að mál þetta yrði ráðið af á sem beztan hátt fyrir Ísland, og eptir að tekizt hafði að koma þessu til leiðar með lögum 2. janúar 1871, er málið þannig á enda kljád, svo því hvorki á að raska nje verður raskað.

Að því, er að öðru leyti snertir *þegnleg álitsmál, sem komin eru frá alþingi*, skal þess getið, sem hér segir:

Þessar réttarbætur hafa gjörðar verið um þau mál, sem Vær höfum fengið um þegnlegar tillögur Vars trúá alþingis:

1. Tilskipun 27. janúar 1872, um eptirlaun handa öðrum yfirdómara og jústizsekretera í hinum konunglega íslenska landsyfrrétti, Benidikt Sveinssyni, sem hefur verið vikið frá embætti;
2. Tilskipun 12. febrúar 1872, um fiskiveiðar útlendra við Ísland og fl.;
3. Tilskipun fyrir Ísland sama dag, um síldar- og upsaveiði með nót;
4. Tilskipun handa Íslandi sama dag, um spítalagjald af sjávaraflla;
5. Tilskipun sama dag, um stofnun búnaðarskóla á Íslandi;
6. Tilskipun 26. febrúar 1872, um póstmál á Íslandi;
7. Tilskipun handa Íslandi sama dag, um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum;
8. Tilskipun handa Íslandi sama dag, um kennslu heyrnar- og málleysingja og fl.;

9. Tilskipun 20. apríl 1872, um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík;

10. Tilskipun 4. maí 1872, um sveitastjórn á Íslandi;

Þegar lagaboð þessi hafa verið samin, hafa verið vandlega íhugaðar athugasemdir þær, sem alþingi hefur gjört um þau, og hefur sumum þeirra eptir því verið breytt í ýmsu og ýmislegt verið nákvæmar ákveðið. Að því leyti, sem meiri hluti alþingis aptur á móti hefur farið fram á, að tilskipunin, sem nefnd er sem hin 7., um gjald á brennivíni o. s. frv., yrði ekki látin öðlast gildi, fyr en komin er út stjórnarskrá um hin sêrstaklegu málefni Íslands, skal þess getið, að eigi hefur verið fundin ástæða til eptir því, hvernig meiri hluti alþingis tók íslenska stjórnarskipunarmálinu, að skjóta því á frest til þess tíma, sem í öllu falli eigi með neinni vissu verður ákveðinn, að láta tæð lagaboð koma út, er alþingi sjálft hafði viðurkennt nytsemi þess.

Með því ýmsar þær breytingar, sem alþingi hefur stungið upp á við frumvarpið, sem lagt var fyrir til tilskipunar handa Íslandi um friðun á laxi, eigi verða álitnar vel til fallnar, og málið yfir höfuð naumast virðist svo gaumgæfilega íhugað, sem skyldi, hefur Oss þótt ísjárvert, að láta koma út um það endanleg lög, en aptur á móti verður nú lagt fyrir þingið til álita endurskoðað frumvarp um fyrirkomulag þessa máls.

Eptir að rannsókn sú á brennisteinsnámunum í Þingeyjarsýslu, sem getið er um í allramildilegustu auglýsingu Vorri 22. maí 1871, hefur fram farið, höfum Vær með allrahæstum úrskurði 9. marz f. á. falið dómsmálastjórn Vorri á hendur, að leigja A. G. Lock frá Lundúnum tæða náma fyrir 50 ár og með þeim skilmálum, sem nákvæmar er skýrt frá í leigusamningi þeim, sem gjörður var 13. apríl s. á. milli tæðs stjórnarráðs og A. G. Locks.

II.

Um þegnlegar bænarskrár, sem komið hafa frá alþingi.

1. Eptir að alþingi hafði sett nefnd, til þess að yfirfara fjárhagsáætlun Íslands, hefur það í þegnlegri bænarskrá farið fram á:

a. að reikningshalli sá Íslandi í óhag, sem fölginn virðist vera í áætlun um tekjur og útgjöld Íslands fyrir 1871—72, I., 4. gr. (sbr. I., 2. gr., 9.), verði lagaður;

b. að tekjurnar af póstgöngunum og af dómsmálasjóðnum eptirleiðis verði tilteknar í tekjudákinum;

c. að eigi séu talin nein útgjöld til þess að stofna hjálpar-sjóð (10. gr. fjárhagsáætlunarinnar), en að styrktarsjóður sá, sem Ísland þegar á, verði hafður sem hjálparsjóður fyrir landið;

d. að útgjaldagrein í H., 7. gr., D., «önnur útgjöld í þarfir hins lærða skóla», verði endurskoðuð, og

e. að skipuð verði nefnd manna, jafnmörgum Dönnum og Íslendingum, til að rannsaka alla viðskiptareikninga Danmerkur og Íslands, og að þessir reikningar síðan verði lagðir fyrir alþingi til yfirskoðunar.

Út af þessu gefum Vær alþingi til kynna, að öll mál, sem snerta fjárhagsáætlun og fjárhaginn að lögum (sbr. alþingistilskipunina 8. marz 1843, 1. gr., og tilsk. 28. maí 1831, 4. gr.) liggja alveg fyrir utan verksvið alþingis, og að Vær að því leyti, er sérstaklega snertir fjárhagsáætlun Íslands, sér í lagi eptir því, sem alþingi 1857 hefur látið í ljósi um þetta mál, eigi höfum fundið ástæðu til, að leggja áætlunina fyrir þingið til álita, en aptur á móti er ekki neitt því til fyrirstöðu, að hæfilegt tillit sé tekið til þess, ef alþingi annaðhvort kann að æskja nákvæmari skýrslu um einstakar greinir í hinni íslenzku fjárhagsáætlun, eða bera fram uppástungur um betra fyrirkomulag á reikningum eða því um líkt. Samkvæmt þessu skal um fyrnefndar tillögur alþingis geta þess, sem hér segir:

Um a. Það, sem hér er talið með útgjöldum, er beinlínis í samhljóðun við lög 2. janúar 1871, 6. gr., 2. lið, og getur því ekki orðið umtalsmál að laga það.

Um b. Með því póstmálin verða skoðuð sem stofnun, sem á að koma í það horf, að þau borgi sig sjálf, verður það mest samkvæmt grundvallarreglunum, að telja að eins til það, sem skjóta þarf til, það er að segja, að til taka tillag landssjóðsins í útgjaldadálki fjárhagsáætlunarinnar, á meðan útgjöldin eru meiri en tekjurnar. Að því leyti, er snertir dómsmálasjóðinn, skyldi samkvæmt tilskipun um byggingu hegningarhúss og fangelsa á Íslandi og fl., 4. marz 1871, 4. gr., greiða kostnaðinn við byggingu hegningarhússins í Reykjavík úr tæðum sjóð, og hefur því orðið að verja fé því, sem sjóðurinn átti, til þess að greiða nefnd útgjöld.

Um c. Mótmæli þau, sem alþingi hefur hreift gegn því, að stofnaður sé hjálparsjóður fyrir Ísland, virðast eigi að vera sérlega mikilvæg, og skal í því tilliti geta þess, að það eigi hefur verið til-

gangurinn, að sleppa eða fresta framkvæmdum á ráðstöfunum þeim, sem miða til gagns Íslands, til þess að stofna hjálparsjóð af því, sem sparast með þessu móti, heldur hefur sjóðurinn verið stofnaður, til þess að fæ það, sem afgangs kynni að verða á einstökum reikningsárum, yrði ávaxtað landssjóðnum í hag, þangað til á því þyrfti að halda einmitt við framkvæmdir á slíkum ráðstöfunum. Að því leyti, er þar að auki snertir hinn íslenska styrktarsjóð, þá hefur, eins og alþingi mun kunnugt, verið varið miklu fé úr sjóðnum eptir meðmæling þingsins til lána, til þess að af stýra hungursneyð á Íslandi, og getur því eigi orðið umtalsmál, að gjöra ákvörðun um, hvornig sjóðnum verði varið framvegis, fyr en tæð lán eru borguð.

Um d. Eptir að út af þessu hefur verið leitað álits stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi, hefur stjórninni virzt að ástæða gæti verið til að færa niður eptirleiðis hinar tvær útgjaldagreinir «til bókakaupa við prestaskólann» og «til bókakaupa við hinn lærða skóla», svo að í stað þess, að áður hafa verið veittir til þessa 200 rd. og 300 rd., verði það nú látið vera 150 rd. og 300 rd.; aptur á móti hefur eigi orðið álitid, samkvæmt því, sem stiptsyfirvöldin hafa skýrt frá í álitinu sínu, að færðar yrðu niður nú sem stendur neinar af hinum öðrum upphæðum, sem hingað til hafa verið tilteknað í þessum kafla fjárhagsáætlunarinnar.

Um e. Um þetta atriði virðist nægja að vísa til þess, sem getið er að framan um það, að öll skuldaskipti milli Danmerkur og Íslands séu með lögum 2. janúar 1871 á enda kljád.

2. Í þegnlegri bænarskrá hefur alþingi beiðzt þess, að engin sala né skipti á neinum opinberum eignum megi fram fara, nema með ráði og samþykki alþingis.

En þar sem alþingi með þessu fengi það vald, sem því, eins og getið er að framan, eigi ber eptir hinum gildandi stjórnarskipunarlögum, er tæð bænarskrá eigi þess eðlis, að hún verði tekin til greina, en samt er eigi með þessu loku fyrir það skotið, að álits alþingis geti orðið og verði leitað um, að selja opinberar eignir á Íslandi, ef sérstök ástæða virðist til þess.

3. Út af þegnlegri bænarskrá alþingis um hækkun eptirlauna fyrverandi amtmanns J. P. Havsteins skal þess getið, að þó fallast megi á þá skoðun alþingis, að ákvörðunin í 4. gr. laganna 19. janúar 1863 sé fremur óeðlileg, og að það ætti vel við, að ákvörðun þessari, sem hefir það alveg sérstaka einkenni, að hún er sett um stundar sakir, yrði breytt, ef gjörð yrði almenn tilhög-

un á þeim málum, sem snerta laun og eptirlaun íslenzkra embættismanna, hefur samt eigi fundizt ástæða til, að því leyti, er snertir fyrverandi amtmann Havstein, að gjöra sérstakar ráðstafanir til þess að hækka löglega eptirlaun hans, þegar tillit er tekið til þeirra kringumstæða og atvika, er honum var vikið frá embætti fyrir.

4. Eptir skýrslum þeim, sem fengizt hafa viðvikjandi þegnlegri bænarskrá alþingis um, að höfnin við Stapa í Snæfellsnes-sýslu verði löggit til uppsiglingar fyrir verzlunarskip, og einkalega vegna þess, hvernig ástatt er í sveitinni þar í kring, hefur eigi þótt nægilegt tilefni til að taka tæða bænarskrá til greina.

5. Út af þegnlegri bænarskrá alþingis viðvikjandi styrk til kennslu í sjómannafræði á Íslandi, verður lagt fyrir alþingi, sem nú fer í hönd, frumvarp til tilskipunar um stofnun sjómannaskóla á Íslandi.

6. Að því leyti, er snertir styrk þann til forngripasafnsins í Reykjavík, sem alþingi hefur beðið um, skal vísað til áætlunar um tekjur og útgjöld Íslands fyrir 1873, 7. gr., C., III., sem Vjer allramildilegast höfum staðfest, og má þar sjá, að tilteknir eru á nefndri áætlun 200 rd. til tæðs augnamiðs.

7. Þegnlegri bænarskrá alþingis um stofnun lagaskóla á Íslandi m. m. hefur ekki orðið veitt áheyrsla, og skal í því tilliti vísað til þess, sem fulltrúi Vor samkvæmt konunglegri auglýsing 22. maí 1871, hefir skýrt frá á fundinum sama ár viðvikjandi bænarskrá frá þinginu 1869 um hið sama.

Að því er að endingu snertir mál það, sem rætt er um í konunglegri auglýsingu 22. maí 1871, II., 12., að koma á gufuskipferðum kringum strendur Íslands, skal þess getið, að nefnd sú, sem sett var til þess að búa þetta mál undir, reyndar fyrir löngu hefur lokið starfa þeim, sem henni var falinn á hendur, en hvorki með því, sem komið er frá nefndinni, nè með öðru móti hefur fengizt nein sú undirstaða, til þess að koma máli þessu fyrir á haganlegan hátt, að nokkur uppástunga um það hafi orðið lögð fyrir alþingi.

Til staðfestingar allramildilegustum úrskurðum Vorum, þeim er nú hefur verið getið, höfum Vær sent yður þessa auglýsing Vora, og heitum Voru trúu alþingi hylli Vorri og konunglegri mildi.

Gefið í Vorum konunglega aðsetursstað Kaupmannahöfn,

23. dag maímánaðar 1873.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian B.

C. S. Klein.

I. Frumvarp

til

tilskipunar fyrir Ísland um skipaströnd.

1. grein.

Sérhver af þegnum konungs, sem verður var við, að skip sé í hættu, eða að strandað góz reki upp á ströndina, er skyldur að gæta alls þess, sem getur miðað til að bjarga mönnum og gózi, og skal hann sér í lagi tafarlaust tilkynna hlutaðeigandi hreppstjóra ófarir þær, sem orðið hafa, eða óttast má.

2. grein.

Hreppstjórinn skal tilkynna hlutaðeigandi lögreglustjóra það tafarlaust, þegar strand hefur orðið, og má til þessa hafa skyndi-boða, og greiða kostnaðinn við það af því, sem bjargað er af strandinu.

Á sama hátt skal lögreglustjórinn þegar í stað senda amt-manni skýrslu, ef ekki er meira en tveggja daga ferð milli heimilis hans og lögreglustjórans; að öðrum kosti skal slík tilkynning gjörð með fyrstu ferð, sem fyrir fellur.

3. grein.

Jafnskjótt og lögreglustjóri hefur fengið tilkynning þá, sem nefnd er í næstu grein á undan um, að skip sé strandað, skal hann tafarlaust fara til þess staðar, þar sem strandið hefur orðið, og gjöra þar ráðstafanir þær, sem með þarf til þess bjargað verði á sem hagfelldastan hátt; skal hann og einlægt vera við á meðan verið er að bjarga og bóka allt það, sem þá fer fram.

Ef lögreglustjóri annaðhvort sökum annara starfa, sem eigi verður frestað, eða sjúkleika getur ekki viðstöðulaust farið til þess staðar, þar sem strandið hefur orðið, skal hann þegar í stað senda mann þangað í umboði sínu, sem á hans ábyrgð skal framkvæma störf þau, sem honum bar að leysa af hendi með tilliti til strands-ins, þangað til hann sjálfur getur komið.

Þangað til lögreglustjóri eða umboðsmaður hans kemur til strandsins, skal hreppstjórinn fyrir hönd lögreglustjórans gjöra allar þær ráðstafanir, sem með þarf til þess, að bjarga hinu strandaða skipi, mönnum eða gózi, og þar til hreppstjóri getur komið til strandsins, er hið sama skylda annara, sem þar eru við staddir, en þá skal samt ávallt þess gætt, að ekkert sé gjört, sem hindri yfirvaldið, þá er það kemur, í því að rannsaka málið og fá vissu fyrir, að engu sé stungið undir stól.

Ef aptur á móli parta af skipum, sem hafa orðið fyrir tjóni annarstaðar, eða nokkuð af farmi þeirra rekur upp á ströndina, ákveður lögreglustjórinn, jafnskjótt og honum hefur borizt tilkynning um það, hvort nauðsynlegt sé, að hann fari sjálfur til strandsins, og að öðrum kosti segir hann fyrir eins og með þarf, hvernig fara skuli með hið strandaða góz. Á meðan ekki er sagt fyrir um það, skal ekki gjöra frekara við gózið, en brýn nauðsyn er til, til þess að bjarga því.

4. grein.

Á meðan skipstjórnarmaður eða annar, sem er í hans stað, er við, má enginn undir því yfirskyni, að veita honnm hjálp, bjarga nokkru móti vilja hans; en ef hjálpar er leitað annaðhvort með merki eða á annan hátt, skal hún mótmælalaust látin honum í tæ; samt verður það enn að vera undir honum komið, hvort hann vilji semja um það við einstaka menn (7. grein), eða fela yfirvaldinu, að annast um að bjargað sé. Sömmuleiðis geta þeir eigendur, sem hafa réttar heimildir, hvenær sem vera skal, látið afhenda sér skip það og góz, sem bjargað er, þegar þeir sjálfir eða umboðsmenn þeirra krefjast þess, ef þeir annaðhvort ná samkomulagi við hlutaðeigendur um bjarglaun og kostnað, eða ef lögreglustjóri álitur, að nægilega sé boðið, og nægt veð verður sett til tryggingar því, að það verði goldið, jafnskjótt og hlutaðeigendur vilja taka við því.

5. grein.

Venjulega skulu allir karlmenn af alþýðu, sem til þess eru færir, vera skyldir að koma til þess að bjarga, þegar hreppstjóri eða aðrir, sem í hlut eiga, mælast til þess. Einnig skulu þeir, sem eiga báta, hesta og áhöld, sem á þarf að halda við björgunina, láta það allt til, og ef þess þarf, geta yfirvöldin (þar með og talinn hreppstjórinn) heimtað, að það sé látið til.

6. grein.

Sè hvorki skipstjórnarmaður nè stýrimaður með hinu strandaða skipi eða gózi, og hafi heldur enginn annar umboð eiganda til þess, að sjá um hagsmuni þeirra, svo og ef hlutaðeigendur fela yfirvaldinu að annast um björgunina (smb. 4. grein.), skal lögreglustjóri ákveða borgun þá, sem eptir sanngirni ber þeim, sem björguðu, fyrir ómak þeirra og fyrirhöfn; samt skal þeim, sem hlut eiga í strandinu, og eru við eða koma að, heimilt að skjóta ákvörðun lögreglustjóra um þetta undir úrslit hlutaðeigandi amtmanns.

Þegar ákveða skal bjarglaun, verður að taka tillit til allra sérstaklegra atvika við strandið, sem hafa getað gjört mönnum hægra eða örðugra fyrir að bjarga. Venjulega skal veita öllum bjargendum hæfileg daglaun, eptir því, hvernig á stendur, fyrir þann tíma, sem þeir eru við björgunina samkvæmt tilhlutun yfirvaldsins eða annara, sem í hlut eiga; en eins og þar að auki má hækka hæfilega daglaun þeirra bjarganda, sem annaðhvort hafa sýnt sérlegan dugnað og atorku, eða sem hefur verið stofnað í sérstaklega hættu, þannig má og veita hreppstjórnum eða þeim, sem yfirvaldið kann að fela á hendur yfrumsjón við björgunina, hærri borgun, sem sè samsvarandi atorku þeirra og dugnaði, en samt eigi meira en tvöfalt við daglaun þau, sem venjulega eru veitt bjargendum. Auk daglaunanna skal einnig veita bjargendum endurgjald fyrir kostnað þann, sem þeir kunna að hafa haft við björgunina, og sömuleiðis skal greiða þeim, sem hafa látið til báta, hesta, kaðla og önnur áhöld til afnota við björgunina, hæfilega borgun, sem skal ákveðin á sama hátt og bjarglaunin. Það, sem skipsbrotsmenn sjálfir eiga af bátum, kóðlum og öðrum áhöldum, sem nota má við björgunina, skulu þeir ávallt láta af hendi til þessa.

Ef kringumstæðurnar leyfa, að gjörður verði samningur um björgun á skipi og gózi, án þess að miða borgunina við daglaun, er lögreglustjóri heimilt að gjöra slíkan samning; samt má í þessu tilfelli allur bjargkostnaðurinn eigi fara fram yfir þriðjung af andvirði þess, sem bjargað er, og má eigi gjöra samninginn án samþykkis skipstjórnarmanns, eigandans eða annara, sem eiga hlut í strandinu, að svo miklu leyti sem þeir eru við.

7. grein.

Þegar skipstjórnarmaður eða sá, sem er í hans stað, semur um björgun, skal gjöra samninginn eða gangast undir hann í við-

urvist lögreglustjóra, og skal hann leiða athygli skipstjórnarmanns eða þess, sem er fyrir hans hönd, að því, að hann eigi þurfi að láta undan kröfum hlutaðeiganda, þar lög heimila honum kost á björgun fyrir sanngjarna borgun (6. grein); sömuleiðis skal lögreglustjóri með berum orðum vara þann við, sem í hlut á, þegar borgun sú, sem samið er um, ber með sér, að hún sé ósanngjörn. Svo skal og leiða athygli skipstjórnarmanns að því, ef það ríki, sem hann er úr, hefur umboðsmann þar nálægt sem strandið hefur orðið, að hann geti leitað ráða og leiðbeiningar hjá honum, áður en hann gjörir samninginn. Lögreglustjóri verður að sjá um, að samningurinn verði gjörður og að samræðurnar við skipstjórnarmann fari fram í því tungumáli, sem hann skilur. Þegar skipstjórnarmaður eða sá, sem er í hans stað, síðan lýsir því yfir, að hann vilji að samningurinn verði staðfestur, og ef eigi er neitt það atvik, sem bendir til, að hann hafi breytt ófyrirsynju, og virðist heldur ekki vera nein ber ósanngirni í þeirri ákvörðun um borgun, sem hann hefur gengizt undir, skal gjöra samninginn að fullu og öllu, og rita á hann vottorð lögreglustjórans um það, sem þannig hefur fram farið, og verður samningurinn þar eptir skuldbindandi samkvæmt hinum almennu reglum laganna um gildi samninga. Sé björgunarsamningur gjörður, án þess að farið sé eptir því, sem þannig er fyrir mælt, getur skipstjórnarmaður eða hver annar, sem á að gæta hagsmuna eigandans, mótmælt borgun þeirri, sem ákveðin er í samningnum, og heimtað, að hún verði ákveðin á þann hátt, sem fyrir er mælt um í 6. gr. Aftur á móti eru bjargendur bundnir við samninginn, þótt tæður anmarki sé á honum, ef eigendurnir eða fulltrúi þeirra vilja að hann haldist. Að öðru leyti má eigi fresta björgun, þótt mönnum komi ekki saman um bjarglaunin, heldur skal samt sem áður tafarlaust láta í tæ þá hjálp, sem með þarf, og skal þá, ef eigi síðan verður gjörður samningur, ákveða bjarglaunin samkvæmt 6. grein.

8. grein.

Nema því að eins að þess þurfi ekki sökum þess að gjörður er löglegur samningur um björgun, skal yfirvaldið sjá um, að allt, sem gjört verður til þess að bjarga skipshöfninni, skipi og gózi, sé framkvæmt svo fljótt, sem unnt er, og á þann hátt, sem bezt á við eptir því, hvernig á stendur. Séu líkur til, að skipinu verði komið af grunninum, og að það verði gjört aftur hálfært, skal

yfirvaldið og bjargendur sèr í lagi kosta kapps um það. Verði þessu eigi við komið, skal fyrst og fremst bjarga öllum skipa-skjölum og varðveita þau; af gózinu skal sèr í lagi fyrst bjarga því, sem mest er vert. Það, sem bjargað er, skal flytja þangað, þar sem eigi er hætt við að það taki út, og að öðru leyti skal gjöra þær ráðstafanir, til þess að bjarga gózinu og varðveita það, þangað til uppboð verður haldið, sem yfirvaldinu virðast hagfelldastar í hverju einstöku tilfelli eptir því, hvernig á stendur yfir höfuð. Til þess að varðveita gózið, getur yfirvaldið vísað mönnum á kirkjulopt, sem til þess verða höfð, eða auð hús einstakra manna, sem eigi geta skemmt við það, og ef mönnum kemur ekki saman, skal ákveða geymsluhúsaleigu á sama hátt og annan bjargkostnað (6. gr.). Ef það, sem bjargað er, eigi verður varðveitt á þennan hátt, skal setja áreiðanlegan vörð, til þess því eigi verði stolið eða það dregið undan. Þegar ráða skal varðmenn, verður samt að sýna tilhlýðilega sparsemi eins og við sèr-hverja aðra ráðstöfun, sem snertir björgun, og má því ekki setja fleiri varðmenn, en nauðsyn krefur.

9. grein.

Ef skipbrotsmenn eigi sjálfir geta útvegað sèr gegn sanngjarnri borgun húsnæði, mat og aðrar nauðsynjar, þar á meðal tilbærilega aðhjúkrun á sjúkum, skal yfirvaldið sjá um, að þeim verði komið fyrir, og útvegað það, sem þeir þurfa með, fyrir sanngjarnt verð, sem yfirvaldið ákveður. Sömuleiðis sèr yfirvaldið um greptrun dáiinna manna af skipinu, og skal hún gjörð með svo mikilli sparsemi, sem verða má, ef ekki er annað fyrir höndum til þess, en það, sem bjargað hefur verið, og skipstjórnarmaður eða aðrir, sem í hlut eiga, ekki heimta, að útförin sè gjörð nokkuð viðhafnarmeiri, gegn því, að þeir sjálfir borgi kostnaðaraukann við þetta.

Svo skal og yfirvaldið sjá um, að skipbrotsmenn verði sendir heim, þegar eigi lengur er þörf á, að þeir sèu viðstaddir við strandið, ef þeir eigi sjálfir hafa fararþeina, en hær skal einnig gæta hinnar mestu sparsemi. Verði skipbrotsmenn annaðhvort vegna árstímans eða fyrir aðrar sakir eigi þegar sendir heim, og ef eigi er þar í nánd umboðsmaður fyrir hina framandi þjóð, sem þeir eru af, eða neinn annar, sem getur tekið þá að sèr, skal lögreglustjóri sjá um, að þeim í bráð verði komið fyrir á hæfilegan hátt. Ef það, sem bjargað er, hrökkur eigi til kostnaðarins, bæði við þetta

og strandið yfir höfuð, skal lögreglustjóri leggja út í brád það, sem á vantar, gegn endurgjaldi úr jarðabókarsjóðnum.

10. grein.

Strandbókin, sem lögreglustjóri skal færa samkvæmt 3. grein, skal bera með sér dag og stund, er honum var tilkynnt strandið, hver hafi fært honum boðin um það, og dag og klukkustund, er hann samkvæmt þeim hafi komið til strandsins; svo skal og þar skýrt frá, hvar skipið og gózið var, og frá ástandi þess, þegar hann kom að, hvort skipstjórnarmaður, skipverjar eða farþegar hafi verið með skipinu, og nöfn þeirra tilgreind. Svo skal og halda próf yfir þeim, sem í hlut eiga, og bóka, um það, hvenær og hvar fyrst varð vart við strandið, og af hverju það hafi orsakast, og að öðru leyti um allt annað, sem getur orðið til upplýsingar um atgjörðir þeirra, sem hlut eiga að máli, eða um það, hver skipið eigi og hvað orðið hafi af mönnum o. s. frv. Enn fremur skal í bókina rita skýrslu um, hverjar ráðstafanir gjörðar hafi verið til þess að bjarga, áður en lögreglustjórinn kom að, t. a. m. hvað margir menn hafi verið fengnir til þess að bjarga og halda vörð, hverjir bátar og önnur áhöld hafi verið við höfð o. s. frv.; svo skal og bóka ályktanir þær, sem lögreglustjóri gjörir í þessu tilliti, til þess að koma björgun við eða halda henni áfram. Svo skal og skrifa upp allt það góz, sem bjargað er, og skýra frá því svo nákvæmlega, sem unnt er. Að endingu skal geta alls þess í strandbókinni, sem að öðru leyti fram fer, og sem annaðhvort getur haft ábrif á réttindi eigandanna og bjarganda innbyrðis, eða orðið ábyrgðarhluti einhvers. Lögreglustjórinn skal hafa svo nákvæma tilsjón, sem verður, með því, að flutt verði burt það, sem bjargað er, því komið fyrir og það varðveitt samkvæmt því, sem hann hefur af ráðið, og verði grunur um, að nokkru sè stungið undir stól af því, sem bjargað er, eða að einhver önnur óregla með tilliti til þess hafi átt sér stað, skal rita rannsóknir þær, sem haldnar verða um þetta til bráðabyrgða, í strandbókina. Hún skal einnig hafa inni að halda þær umræður, sem fram hafa farið, til þess að fullnægja því, sem fyrir er mælt í 7. gr., og ef bjarg-samningur hefur verið gjörður, skal geta þess.

11. grein.

Til gjörða þeirra, sem að framan eru nefndar, má hafa hina

venjulegu lögreglubók; en sè hún eigi við, má búa til sèrstaka bók til afnota við einstakt strand; í bók þessa skal lögreglustjóri sjálfur rita blaðsíðutal, gegnumdraga hana og setja á innsigli, og skal síðan leggja hana fyrir amtmann, til þess hann rannsaki hana og riti á hana vottorð sitt.

Í hvert skipti, sem hætt er að bóka, skal eigi að eins lögreglustjóri rita nafn sitt í bókina, heldur einnig skipstjórnarmaður, hreppstjórinn og tveir hinir helztu af hjargendum; svo skulu og einnig vottar þeir skrifa undir, sem verið hafa til staðar við rannsóknir þær, sem hafa verið gjörðar, til þess að komast fyrir afbrot þau, sem orðið hafa. Ef lögreglustjóri og skipstjórnarmaður eða sá, sem er fyrir hans hönd, ekki geta skilið hvor annan, skal, ef því verður við komið, hafa tvo lögfasta votta, sem kunna málin svo nægir, til þess að koma þeim í réttan skilning, og skulu þessir vottar þá einnig rita nöfn sín undir í bókina; skal hún, áður skrifad er undir, lesin upp greinilega, og öllum hlutaðeigendum gefinn kostur á að hlýða á það, sem lesið er upp.

Strandgjörðina má eigi leiða til lykta, fyr en búið er að spyrja alla, sem í hlut eiga, hvort þeir vili af nokkru, sem enn eigi að hjarga, og lögreglustjórinn sjálfur hefur ritað vottorð sitt í bókina um, að hann hafi ekki getað fundið neitt annað, sem hjarga skyldi, en það, sem gjörðin hefur inni að halda.

12. grein.

Lögreglustjórinn skal sjá um, að öllum óviðriðnum mönnum, sem koma til strandsins, verði vísað burt; svo skal hann og vísa burt þeim hjargendum, sem gjöra sig óhæfa til þess starfs sökum ofdrykkju, ófriðar og ótrúmennsku. Svo skal hann og taka þá fasta, sem ekki vilja fara með góðu, þá er þeim er vísað burt, og skal hann draga þá fyrir dóm fyrir mótþróa þeirra (sbr. 28. gr. c.). Hann sker einnig úr öllum þrætum, sem rísa af framkvæmdunum við hjörgunina, og úrskurð þann, sem hann kveður upp munnlega, skal síðar bóka.

13. grein.

Lögreglustjóri skal sjá um, að matvæli þau og drykkjarföng, sem eru skemmd af strandinu, þá er þeim verður hjargað, og sem ef til vill kynnu að vera skaðvæn fyrir heilsu manna, verði rannsókuð, annaðhvort af næsta héraðslækni, eða ef hann getur ekki

komið, af tveimur mönnum, sem vit hafa á; skulu þeir þá láta uppi álit sitt um, hvort nota megi vörurnar að eins með tilteknum sérstaklegum skilyrðum, eða hafa þær til einhverra sérstakra afnota, án þess að skaði hljóti af, og ef svo er, má að eins selja vörurnar með því skilyrði, að það verði gjört kaupendum að skyldu, að verja þeim ekki til annars; skal lögreglustjórnin sjá um, að þessu verði hlýtt, og sé brotið gegn því, skal hegna þeim, sem í hlut eiga, með því að gjöra vörurnar upptækar, eptir því, sem á stendur, með hæfilegri sekt, er rennur í landssjóðinn. Verði vörurnar ekki gjörðar upptækar, skal dæma þann, sem í hlut á, í hærri sekt að tiltölu, og fellur hún til sama sjóðs. Verði vörurnar ekki notaðar, nema heilsu manna sé hættu búin, skal eyða þeim undir umsjón lögreglustjóra sjálfs eða eptir boði hans með umsjón tveggja áreiðanlegra manna, sem hann skipar til þess.

14. grein.

Þegar óttast má, að næmur eða pestkynjaður sjúkdómur kundi að koma í landið með skipbrotsmönnum eða strönduðu gózi, skal lögreglustjóri sjá um, að farið sé eptir reglum þeim, sem settar eru fyrir Ísland eða kunna að verða settar, til þess að stemma stigu fyrir útbreiðslu þess konar sjúkdóma.

15. grein.

Sæ brennivín eða aðrar vörur, sem toll skal greiða af samkvæmt tilsk. 26. Febr. 1872, meðal þess, sem bjargað er, skal lögreglustjóri sjá um, að goldinn verði af þeim tollurinn.

16. grein.

Sé annaðhvort hætt við, að það góz, sem bjargað er, skemmist, ef það er geymt, eða líkindi séu til, að það að öðru leyti fyrir þá sök falli svo mjög í verði eða hafi svo mikinn kostnað í för með sér, að þeir, sem í hlut eiga, ekki geti staðið sig við, að gózið sé látið liggja fyrir, skal selja það við opinbert uppboð svo fljótt sem verða má.

Sömuleiðis má selja við bráðabyrgða-uppboð nokkurn hluta af því, sem bjargað er, til þess að útvega það fè, sem þarf til útgjalda, sem upp á koma og eigi verður frestað, ef ekki fæst fè til láns, eða að eins með svo þungum skilmálum, að öllum hlutaðeigendum sé það meiri hágr, að það verði fengið til með því að

halda slíkt uppboð; skal þá venjulega helzt taka til þess þær vörur, sem mestur kostnaður yrði við, ef geyma skyldi.

Jafnskjótt og búið er að bjarga, skal enn fremur selja allt það, sem bjargað er, við opinbert uppboð, nema sá, sem hefur komið fram með heimildir sínar fyrir því, að hann að réttu eigi hlut að máli, heimti, að sér sé fengið í hendur það, sem bjargað er, með þeim skilyrðum, sem ákveðin eru í 4. gr., og skal hann ávallt beinlínis spurður að því.

17. grein.

Lögreglustjóri skal gjöra allar þær ráðstafanir, sem með þarf, til þess að halda uppboðið, og skulu þær gjörðar þannig, að vænta megi, að sem mest fáiist fyrir gózið, og jafnframt tekið tillit eins og vera ber til þess, hvernig ástætt er í hvert einstakt skipti. Hann skal þannig sjá um, að uppboðið verði birt þeim, sem í grennd búa, svo ítarlega, sem verður, og á þann hátt, að það að minnsta kosti lílkynnist þeim, sem eiga heima í þeim hrepp, þar sem strandið hefur orðið, og í tveimur hinum næstu hreppum, en sé um mikils vert góz að ræða, skal birta mönnum uppboðið í öllum hreppum og verzlunarstöðum sýslunnar, og skal sér í lagi aftaklaust gæta þessa, ef selja á strandað skip. Hann skal enn fremur semja uppboðsskilmálana, og má ekki setja neitt í þá, sem kynni að fæla menn frá að kaupa; sér í lagi má ekki leggja neinn þann kostnað á kaupendur, sem eigi verður nákvæmlega skýrt frá, hvað mikill hann sé; svo skal og setja borgunarfrestinn samkvæmt því, sem venja er í hverju lögsagnarumdæmi, og má ekki í neinu tilfelli láta hann vera skemmri en 14 daga eptir uppboðið. Lögreglustjórnin getur tekið að sér innköllunina, eða falið hana á hendur öðrum áreiðanlegum og skilvísnum manni, nema eigandinn eða sá, sem er fyrir hans hönd, taki annan innköllunarmann. Innköllunarlaun má eigi setja fram yfir 4% af því, sem ekki er borgað þegar í stað, og 2% af því, sem goldið er út í hönd við hamarshögg.

Bæði um það, hvenær uppboðið skuli haldið, um auglýsing uppboðsins og um uppboðsskilmálana skal lögreglustjóri leita álits skipsstjórnarmanns eða þess, sem að öðru leyti gefur sig fram við strandgjörðina fyrir hönd eigandans eða annara hlutaðeiganda, og skal hann taka álit þetta til greina, svo sem verður, og kringumstæðurnar og sér í lagi tillitið til hagsmuna annara hlutaðeiganda

t. a. m. þeirra, sem bjarga, leyfa. Yfir höfuð skal svo sem unnt er leita álots þeirra, sem í hlut eiga, þegar yfirvaldið ályktar eitt-hvað viðvíkjandi skipaströndum, og skal það tekið til greina svo sem verða má, án þess að skerða hagsmunum annara hlutaðeiganda.

18. grein.

Hafi það ríki, sem hið strandaða heyrir til, umboðsmann á Íslandi, skal tjeður embættismaður, ef enginn annar er við, sem hefur ótakmarkað umboð fyrir alla, sem í hlut eiga, hafa heimild til að vera sjálfur við eða láta fulltrúa sinn vera við, þegar verið er að bjarga, til þess að gæta þar gagns hlutaðeiganda, og láta í ljósi álit sitt um ráðstafanir þær, sem kynnu að vera hagfelldar í því tilliti.

Sama rétt hefur sá, sem sannar heimildir sínar til þess að vera erindisreki strandbóta-félags þess, sem tekið hefur hið strandaða skip eða góz í ábyrgð.

19. grein.

Jafnskjótt og búið er að halda uppboð á því, sem bjargað er, skal lögreglustjóri þegar semja reikning um strandið, og skal hann síðan tafarlaust, sér í lagi án þess að biða eftir innköllun á uppboðsandsvirðinu senda amtmanni tæðan reikning í tvennu lagi með tilheyrandi fylgiskjölum til endurskoðunar og úrskurðar, samt með endurrili af sölubókinni, sjóferðaprófinu, gjörðabókinni viðvíkjandi strandinu og þjörguninni, og að endingu skipaskjöl þau, sem bjargað er, og önnur þess konar skjöl.

Amtmaður skal þar á eftir, þegar búið er að leggja úrskurð á strandreikninginn, tafarlaust senda hlutaðeiganda umboðsmanni, ef skipið er frá ríki, sem hefur slíkan umboðsmann á Íslandi, eða útgjörðarmanninum eða öðrum, sem eftir löglega gjörðum skip-tapajöfnuði verða álitnir sem réttir hlutaðeigendur, ef hann eða þeir eiga heima á Íslandi eða í Danmörku, og að öðrum kosti landshöfðingja, tæðan reikning heina leið ásamt með öllum skjölum viðvíkjandi strandinu, sem nefnd eru að framan, og skal hann jafnframt skýra frá, hvenær búast megi við að hann geti sent andvirðið af strandinu, að frá dregnum kostnaðinum. Í þessu tilliti skal amtmáður setja hlutaðeiganda réttarþjóni frest, til þess að gjöra skil samkvæmt reikningi þeim, sem hann hefur gjört, og skal venjulega veita tæðum embættismanni til þessa fjöggra vikna frest

eptir að uppboðsandvirðið kemur í gjalddaga, og skal amtmaður jafnframt hafa gætur á, að eigi verði farið fram úr fresti þeim, sem þannig er ákveðinn.

20. grein.

Fyrir hvern dag, sem lögreglustjóri þarf að vera við strandið sökum björgunarinnar, og sömuleiðis fyrir þá daga, sem hann er á leiðinni fram og aptur, skal hann hafa í þóknunarskyni 3 rd. Borgun þessa skal auka með 50% fyrir þá daga, sem lögreglustjóri þarf að vera viðstaddur á sjálfri ströndinni sökum björgunarinnar lengur en 8 stundir daglega, en þar með má samt ekki telja þann tíma, sem kann að ganga til tilbúnings strandbókarinnar, o. fl. Tæð þóknun fellur burt, jafnskjótt og búið er að hjarga af farminum og skipsreiðanum öllu því, sem verður, og getur lögreglustjórinn eigi talið sér þóknun fyrir þann tíma, sem gengur til þess að höggva upp skipsskrokkinn, nè fyrir þann tíma, er nærvist hans við strandið orsakast af öðrum atvikum, sem eigi snerta björgunina. Ef annar framkvæmir störf þessi í umboði lögreglustjórans, skal gjaldið að eins vera $\frac{2}{3}$ af því sem til tekið er að framan. Enn fremur skál endurgjalda lögreglustjóra ferðakostnað til strandsins og þaðan aptur samkvæmt því, sem fyrir er mælt í reglugjörð 10. septbr. 1830, 16. gr.

Fyrir sjóferðarpróf það, sem halda skal, þegar menn á lífi fylgja skipinu eða gózinu, til upplýsingar um, hvernig strandið hafi atvikast og af hverju það hafi orsakast, og sömuleiðis fyrir próf það, sem skal fram fara, þegar enginn hefur komizt af, til nákvæmari upplýsingar um atvik viðvíkjandi strandinu, og senda amtmanni, fær réttarþjónninn 4 rd. Að öðru leyti skal lögreglustjórinn án sérstaks gjalds framkvæma og bóka í strandbókinni aðrar gjörðir, sem skipbrotsmenn eða aðrir, er í hlut eiga, kunna að álíta nauðsynlegar út af strandinu, en jafnskjótt og hjarggjörðin er til lykta leidd og bókuð, og lögreglustjóri er farinn burt frá strandinu, skal greiða borgun fyrir gjörðir þær, sem síðar kunna að verða heimtaðar, samkvæmt reglugjörð 10. septbr. 1830. Þar að auki skal amtmaður hafa gætur á, að réttarþjónninn eigi nauðsynjalaust haldi aukarétt í þessum málum, eða greini í sundur gjörðir þær, sem snerta sama strandið, ef þær á lögmætan hátt verða framkvæmdar í einu lagi.

Fyrir að halda uppboðið og búa til endurrit þau, sem senda

skal amtmanni, fær rættarþjónninn þá borgun, sem ákveðin er í reglugjörð 10. septbr. 1830.

21. grein.

Verði skipi eða gózi bjargað, án þess að skipstjórnarmaður eða nokkur annar, sem gengur í hans stað, sé með, og ef heldur enginn hefur gefið sig fram, sem sannar til fulls heimildir sínar til þess, sem bjargað er, skal amtmaður tafarlaust birta strandið í fréttablöðum og skýra jafnframt nákvæmlega frá, hvar og hvenær björgunin hafi fram farið, og frá þeim eiginlegleikum skipsins og gózins, sem geta gjört það einkennilegt, og frá sérhverju öðru því atviki, sem getur stuðlað til þessa; þar að auki skal skora á eigendurna, að segja til sín innan árs og dags (eins árs og sex vikna) frá síðustu auglýsingu, til þess að sanna hæfilega heimildir sínar til þess, sem strandað er, og taka við því eptir ávísun hans, gegn því að borga kostnaðinn, eða við því fé, sem komið er inn fyrir það, sem selt er.

Auglýsingin skal birt þrisvar sinnum samfleytt í fréttablöðum þeim á Íslandi, sem opinberar auglýsingar á að birta í, og, ef andvirði þess, sem bjargað er, að frá dregnum kostnaði, nemur 200 rd. eða þar fram yfir, einnig í fréttablaði Berlinga, og enn fremur skal senda umboðsmönnum annara ríkja, sem settir eru á Íslandi, endurrit af auglýsingunni.

Þessi grein snertir að eins vogrek þau, sem fyrir er mælt um í opnu bréfi 4. maí 1778, 1. gr., en ekki þau vogrek, sem rætt er um í 2. og 3. gr. tæðs opins bréfs (sbr. opið bréf 2. apríl 1853 og kansellibréf 26. ágúst 1809).

22. grein.

Þegar einhver helgar sér það, sem bjargað er, skal amtmaðurinn prófa röksemdir þær, sem hann leiðir að eignarrétti sínum. Þegar málið er efasamt, má amtmaður bera það undir úrskurð landshöfðingja, og þó sönnuninni kunni að vera í einhverju ábótavant, má landshöfðingi samt, þegar sá tími er liðinn, er aðrir enn geti gefið sig fram, úrskurða, að gózið falli til þess, sem hefur gjört kröfur til þess, ef svo mikil líkindi eru til þess, að hann sé réttur eigandi, að því nær sé vísu fyrir því, þótt einhver annmarki sé á sönnun hans; en sé sá tími eigi liðinn og trygging með því móti eigi fengin fyrir því, að aðrir eigi gjöri kröfur til gózins,

verður ekki vilnað til í þessu, nema því að eins að minnsta kosti að selt sé alveg óbyggjandi veð til tryggingar því, að gózinu verði skilað aptur, ef annar kemur fram og helgar sér það. Ef sá, sem gefur sig fram, álitur, að röksemdir hans, sem amtmaður hefur eigi tekið gildar, séu nægar í sjálfu sér, getur hann borið málið upp fyrir landshöfðingja, sem þá skal leggja úrskurð sinn á það. Sömu-leiðis hefur sá, sem heimtar gózið framselt, heimting á að láta prófa röksemdir sínar við dómstólana.

23. grein.

Góz það, sem enginn helgar sér innan þess frests, sem settur er, fellur til landssjóðsins, og skal landshöfðinginn sjá um, að þessar tekjur landssjóðsins verði borgaðar til hans. Skyldi svo sérstaklega atvikast, að ástæða sé til, að borga aptur út þá upphæð, sem þegar er greidd til landssjóðsins, má þetta veitt með konungsúrskurði.

24. grein.

Þegar skip finnst á sjó, án þess menn séu með, skal finnandi, flytja það í land og þegar í stað segja hreppstjóranum til, og skal síðan um björgun og sölu á skipinu o. s. frv. fara að á sama hátt og sagt er fyrir að framan um strandað skip og góz. Hafi skipið fundizt úti á reginhafi, ber finnendum, fyrir að flytja það í land, $\frac{1}{3}$ af andvirði þess, er bjargað er, að frádregnum öllum öðrum kostnaði við björgunina og sölu þess; en sé það fundið á ströndinni eða í fjörðum, vikum eða annarstaðar rétt við ströndina, skal þeim veittur $\frac{1}{6}$ partur í bjarglaun af andvirðinu, að frá dregnum kostnaði eins og sagt var.

25. grein.

Auk þess, sem amtmönnum er gjört að skyldu með tilliti til skipstranda samkvæmt því, sem sagt er að framan, skulu þeir yfir höfuð hafa svo nákvæma yfirsjón, sem unnt er, með meðferðinni á strandinu. Sé um talsvert strand að ræða eða sé að öðru leyti nokkur sérstök ástæða til þess, og ef amtmaður er ekki svo langt í burtu að hann geti komið, skal hann sjálfur koma á ströndina, til þess að útvega sér sem beztar upplýsingar um öll þau atvik, sem kunna að hafa áhrif á þá úrskurði, sem hann á að gefa samkvæmt þessari tilskipun, og skal hann að öðru leyti hafa gætur á

meðferðinni á strandinu, og eptir því, sem á stendur, sjálfur gjöra þær ráðstafanir og ályktanir, sem þörf er á. Eins og amtmaður við slík tækifæri beinlínis getur gjört ályktun um allt, sem að öðrum kosti er falið lögreglustjóranum á hendur, þannig liggja ályktanir lögreglustjórans ávallt undir rannsókn og nákvæmari úrskurð amtmannsins.

Þegar amtmaður samkvæmt þessari grein er við strandið, skal — auk ferðakostnaðar, sem landshöfðingi í hverju einstöku tilfelli ákveður eptir því hvernig á stendur — veita honum 4 rd. í fæðispeninga fyrir hvern dag, sem hann er á leiðinni fram og aptur, og er viðstaddur við strandið. Þessi útgjöld skal greiða á sama hátt og annan kostnað við strandið.

26. grein.

Úrskurði amtmanna í strandmálum skal bera upp fyrir landshöfðingja, ef nokkur af málspörtum heimtar það. Aptur á móti geta úrskurðir þessir eigi almennt gengið til dóms og laga. En verði eiginleg réttarpræta út úr skipstrandi, t. a. m. um hve mikil bjarglaun megi heimta samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 22. grein, eða um réttargildi bjargsamnings, eða þýðing hans, má málið ganga til dóms og laga á venjulegan hátt.

27. grein.

Enginn, sem í embættisskyni á að sjá um hag skipbrotsmanna, má í sínu embættisumdæmi á nokkurn hátt vera hluttakandi í nokkrum bjargsamningi, eða hjá skipbrotsmönnum, bjargendum eða öðrum taka við nokkurri gjöf eða þóknun, sem á nokkurn hátt á skylt við embættisverk hans út af strandinu. Eigi heldur mega þessir embættismenn ráðast í önnur fyrirtæki einstakra manna, sem á nokkurn hátt standa í sambandi við strandmál og sem geta rýrt traust það á fullkominni óhlutdrægni, sem þeim ber að halda við. Jafnvel við opinbert uppboð má ekki neinn af fyrnefndum embættismönnum kaupa nokkurn hlut af hinu strandaða gózi. Fyrir afbrot gegn því, sem fyrir er mælt í þessari grein — sem einnig nær til hreppstjóra, þegar þeir koma til strands í umboði lögreglustjórans — skal hlutaðeigandi embættismanni hegnt samkvæmt almennum hegningarlögum, 25. júní 1869, 13. kap.

28. grein.

a. Sá, sem vanrækir það, sem honum er gjört að skyldu í 1. og 2. grein þessarar tilskipunar viðvikjandi ströndum, skal sæta sektum frá 5—50 rd., eða eptir því, sem atvik eru til, og ef hann hefur sýnt óafsakanlegt skeytingarleysi í því að bjarga lífi manna, fangelsishegningu eða stærri sektum.

b. Sama hegning liggur við, ef einhver gegn því, sem fyrir er mælt í 3. gr., bjargar sjálfræðislega, og hindrar með því yfirvaldið frá að hafa nauðsynlegt eptirlit með því, sem bjargað er.

c. Sýni nokkur af sér við björgunina móttþróa, skeytingarleysi eða óhlýðni, skal hann eptir málavöxtum sæta sektum eða fangelsi, nema málinu sé svo varið, að þyngri hegning liggji við eptir öðrum lögum. Þar að auki má eptir kringumstæðunum færa niður þann hluta bjarglaunanna, sem að öðrum kosti ber hinum seka eða jafnvel svipta hann bjarglaunum að öllu leyti.

Hafi hreppstjóri eða annar, sem sérstakar skyldur hvíla á í því tilliti, gjörzt sekur í afbrotum þeim, sem fyrir er mælt um í a—c, skal hann þar að auki eptir málavöxtum hafa fyrirgjört sýslu sinni.

Með mál, er rísa út af afbrotum þeim, sem fyrir er mælt í þessari grein, skal farið sem lögreglumál, að því leyti, sem afbrotið ekki heyrir undir ákvarðanir í hinum almennu hegningarlögum.

Sektirnar renna í landsjóðinn.

29. grein.

Tilskipun þessi gildir eigi um ótilhöggvinn eða ótilskorinn rekavið eða hvali, sem rekur upp á ströndina; en um það skulu þau lög haldast, sem nú eru í gildi.

30. grein.

Tilskipun þessa skal láta leggja út á ensku og frakknesku, og skal hver lögreglustjóri og hver hreppstjóri í þeim héraðum, þar sem skipaströnd venjulega falla til, hafa í vörzlum sínum nokkur exemplör bæði af tilskipuninni og útleggingunum.

ATHUGASEMDIR við frumvarp þetta.

Þó það sé allttítt, að skipbrot beri að við strendur Íslands, sem eru langar og að miklu leyti óbyggðar, hefur hin íslenska

löggjöf samt eigi að innihalda þær ákvarðanir, sem með þarf til þess, ef strönd verða, að sjá um hlut landsmanna, skipbrotsmanna þeirra, sem skipið eiga, og þeirra, sem hafa tekið skipið í ábyrgð, með því hvorki D. L. 4—4, nè tilsk. 21. marz 1705 (sem þó er lauslega getið í opnu bréfi 4. maí 1778), nè heldur tilskipanir þær, sem síðar hafa komið út um þetta málefni, eru beinlínis leiddar í gildi á Íslandi.

Þá er tilsk. 28. desbr. 1836 um það, sem gæta ber, ef skip stranda, var út komin fyrir Danmörku, leitaði hið fyrra konunglega kansellí álitis embættismanna-fundar þess, sem haldinn var í Reykjavík samkvæmt konungsúrskurði 22. ágúst 1838, um, hvort nefnd tilskipun væri fallin til þess, að hún yrði leidd í gildi á Íslandi, annaðhvort með breytingum, eða eins og hún var. Fundurinn áleit það bæði æskilegt og nauðsynlegt, og samdi frumvarp til almennrar strand-tilskipunar fyrir Ísland, og var í því, jafnframt og það að öðru leyti var lagað eptir fyrnefndri tilskipun, tekið hæfilegt tillit til þess, hvernig hagar landslagi á Íslandi. Kansellíið leitaði síðan með bréfi 25. febr. 1840 álitis rentukammersins um málið, og bæði stjórnarráðin viðurkenndu, að frumvarpið væri þess innihalds, að búa mætti til eptir því slíka tilskipun. Samt komst málið ekki lengra, sèr í lagi fyrir þá sök, að þá var um sama leyti af ráðið, að Ísland skyldi hafa fulltrúaping sèr, sem var alþingi, og var því álitíð réttast, að fresta því, að koma málinu lengra áleiðis, þangað til það yrði lagt fyrir tæð þing. Þetta fórst samt fyrir, þangað til dómsmálastjórnin út af bænarskrá frá amtmanninum yfir norður- og austur umdæminu, í bréfi 6. október 1865, leitaði álitis amtmannanna á Íslandi um fyrnefnt frumvarp, sem embættismannafundurinn hafði samið, og voru þeir allir á einu máli um, að æskilegt væri, að tæðu málefni yrði komið í lag með lagabóði, sem byggt væri á frumvarpi því, er fyrnefnd samkoma hafði búið til, og því óbeinlínis á tilsk. 28. desbr. 1836, sem að miklu leyti á seinni tímum hefur verið höfð til eptirbreytni á Íslandi, þó þannig, að það var látið vera komið undir álití hvers einstaks lögreglustjóra, hvort hinar einstöku ákvarðanir tilskipunarinnar gæti átt við í þeim tilfellum, sem fyrir komu. Dómsmálastjórnin, sem með umboðslegum skipunum hefur gefið reglur um ýmislegt, sem snertir strandmál, t. a. m. flutning skipbrotsmanna heim til sín, reikningsskil viðvikjandi skipaströndum o. s frv., hefur sömuleiðis álitíð það nauðsynlegt, að skipa fyrir með lögum um

allt það, sem gæta ber við skipaströnd, og látið semja frumvarp það, sem prentað er að framan, til þess það verði lagt fyrir alþingi.

Með því frumvarpið að svo miklu leyti, sem unnt er, eptir því, hvernig til hagar á Íslandi, og uppástungum þeim, sem embættismanna-samkoman og amtmennirnir í því tilliti höfðu gjört, er sniðið eptir tilskipun 28. desbr. 1836, lúta athugasemdir þær, sem hér koma, helzt til þess, sem þörf var á eptir kringumstæðunum að hafa öðruvísi.

Um 1. gr.

Í tilsk. 28. desbr. 1836 er svo fyrir mælt, að tilkynna skuli strandfógetanum eða þeim, sem er í hans stað, tafarlaust, þegar strand ber að, en á Íslandi verður eigi komið við neinni áreiðanlegri tilsjón með skipaströndum með því að skipta ströndinni í strandfógeta-umdæmi eða með því að skipa fasta strandfógeta eða bjargformenn, af því að strendurnar eru svo langar og svo lagaðar og venjulega svo langt til byggða þaðan, að það væri óbærileg álaga, að gjöra landsmönnum að skyldu, að koma jafnaðarlega ofan á ströndina. Þess vegna er stungið upp á því hér, að skipaströnd skuli tafarlaust tilkynnt hreppstjóranum, sem er sá næsti lögregluumsjónarmaður.

Um 2. gr.

Sökum þess, að sem optast er svo langt til aðseturs amtmanns, að það mundi valda miklum kostnaði, að senda særstaklegan sendiboða til hans um skipstrand, og með því amtmaður, ef heimili hans er langt burtu frá þeim stað, þar sem strandið hefur orðið, gæti að öllum jafnaði ekki náð þangað, áður en strandgjörðin alveg er til lykta leidd, er stungið upp á því í þessari grein, að lögreglustjórinn að eins, þegar svo stendur á að amtmaður býr ekki lengra frá honum, en 2 daga leið, skuli tafarlaust tilkynna honum strandið, en sé lengra á milli, senda honum tilkynningu með fyrstu ferð, sem fyrir fellur. Embættismanna-samkoman hafði stungið upp á því, að tilkynning þegar í stað skyldi vera undir því komin, að eigi væri lengra milli bústaðar amtmanns og strandsins en 1 dagleið eða hér um bil 5 mílur, en þegar 1 dagleið eigi er talin lengri en 5 mílur, er það eigi álitid neitt ísjárvert, að láta það, eins og gjört er í frumvarpinu, vera bundið

við 2 daga leið, og virðist einnig, hvernig sem á stendur, að telja eigi afstöðuna frá bústað sýslumanns, en eigi frá þeim stað, þar sem strandið hefur orðið.

Um 3. gr.

Í þessari grein er gjörður munur á, hvort skip strandi við land, eða einstaka parta af skipi eða af farmi þess reki upp laust. Í fyrra tilfellinu er það skilmálalaust gjört lögreglustjóranum að skyldu, að fara þegar í stað þangað, þar sem strandið hefur orðið, eða ef hann er löglega forfallaður, senda mann í umboði sínu, sem á hans ábyrgð skal standa fyrir því, að bjargað verði, og bóka í strandbók þeirri, sem fyrirskipuð er, alla strandgjörðina. Í síðara tilfellinu er það aptur á móti látið vera komið undir lögreglustjóra sjálfum, að skera úr því, hvort nærvist hans við strandið verði álitin nauðsynleg eða hagfelld, og verður þá sjálfsagt að taka sérstakt tillit til, hvað mikils virði það er, sem rekið er. Þegar honum eigi finnst ástæða til að fara, skal hann segja hreppstjóra fyrir um það, sem með þarf, til þess að bjarga og koma því fyrir, sem rekið er, og unz hreppstjóri hefur fengið skipun þessa, er það bannað, að gjöra aðrar ráðstafanir með tilliti til góz þess, sem strandað er, en sem brýna nauðsyn ber til, til þess að bjarga því.

Ákvörðun sú, að lögreglustjóri skuli fara þangað, sem strandið hefur orðið, jafnskjótt og honum er sagt til, að skip sé strandað, getur eigi komið í bága við 4. grein frumvarpsins, þar sem er bannað, að nokkur megi bjarga að skipstjórnarmanni eða þeim nauðugum, sem er í hans stað, á meðan þeir eru við og leita eigi hjálpar, því svo verður fyrst sagt, að strand þá sé orðið, er skipstjórnarmaður eða sá, sem kemur fram fyrir hans hönd, þiggur hjálp, og jafnskjótt og komið er að því, skal senda lögreglustjóra boð og hann fara til strandsins, til þess að standa fyrir því, að bjargað verði, og halda próf um það, sem fram er farið, og þessa þýkir þurfa, jafnvel þótt það takist, að koma skipinu af grunninum, en það mun sjaldan heppnast, þegar skipið er orðið landfast, eptir því hvernig til hagar á Íslandi.

Þar sem í 3. gr. í tilsk. frá 1836 að eins er átt við þau tilfelli, að strönduðu gózi sé bjargað, án þess menn séu með því, hefur það þótt hagfelldara, að ákveða í þessari grein aðferð þá, sem lögreglustjórinn skuli við hafa, hvort sem menn eru með hinu strandaða skipi eða ekki, því í báðum tilfellum virðist það

jafnáríðandi fyrir alla, sem eiga hlut að strandinu, að yfirvaldið takist í hendur alla strandgjörðina.

Með því lögreglustjórinn getur verið löglega forfallaður, er svo fyrir skipað, að hann skuli senda mann, sem hefur umboð hans. Þar eð samt sem áður enginn íslenskur lögreglustjóri mun hafa fullmektugan, sem er löggildur af amtinu, og því eigi yrði við komið, þegar eitthvað ber að höndum, að fá slíka löggilding í tækan tíma, er lögreglustjóra leyft, að velja umboðsmann sinn í þessu tilliti, til að framkvæma það, sem með þarf upp á hans ábyrgð; það, sem hér er mælt fyrir í þessu tilliti, kemur að öðru leyti í staðinn fyrir 19. gr. í tilsk. 28. desbr. 1836, sbr. 10. gr.

Um 4. gr.

Jafnvel þótt það sjaldan vilji til, eins og drepið er á að fram- an, þegar skip strandar við Ísland, að skipi eða gózi verði bjargað án aðstoðar landsmanna, virðist það samt rétt, eins og það einnig er samkvæmt hlutarins eðli, að ákveðið sé með þerum orðum í þessari grein, eins og í 4. gr. tilskipunarinnar frá 1836, að eigi sé neitt strand orðið, fyr en skipstjórnarmaður eða sá, sem er í hans stað, hefur leitað aðstoðar yfirvaldsins eða landsmanna, en að það verði að vera komið undir hlutaðeigendum sjálfum að sjá um, að bjargað verði, og að þeim verði að vera leyfilegt, að taka við af hinum, sem farnir eru að bjarga, nær sem vera skal, ef þeir greiða allan kostnað, sem orðinn er, eða setja veð því til tryggingar, ef þeir, sem í hlut eiga, skorast undan, að taka við bjarglaunum sínum. Það skal koma undir lögreglustjóra að dæma um, hvort veðið sé nægilegt, með því úrskurður amtmanns að öllum jafnaði eigi verður fenginn, sökum þess að svo langt er til hans að sækja.

Um 5. gr.

Þessi grein er samsvarandi 5. gr. í tilsk. frá 1836, þó þannig, að því, sem þar er mælt fyrir um skiptingu í strandlèn og skipan strandfógeta og bjargformanna, er sleppt, vegna þess það ekki á við á Íslandi.

Um 6. gr.

Í Danmörku eru bjarglaun venjulega ákveðin eptir verði þess, sem bjargað er, og þannig, að þau samkvæmt 6. gr. í tilsk. frá

1836 jafnaðarlega eru látin vera minni en þriðjungurinn af verði þess, sem bjargað er, og nær því eða fjær eptir því hlutfalli, sem er á milli þess, hvers virði það er, sem bjargað er, og hættu þeirrar og fyrirhafnar, sem hefur verið samfara því, að bjarga, og geta bjarglaunin því sjaldnast náð þriðjungnum. En á Íslandi mundi þessi mælikvarði á bjarglaunum í flestum tilfellum verða óhagkvæmur. Bæði er langtum hættara við á Íslandi, að góz það, sem bjargað er, rýrni og eyðist, með því það sjaldnast er mögulegt, að geyma það, þangað til uppboðið verður haldið, á annan hátt en undir herum himni og á óbyggðri sjávarströnd, og þar næst mun flutningurinn frá þeim stað, þar sem strandið hefur orðið, heim til kaupanda, venjulega vera samfara svo miklum kostnaði, að hið strandaða góz sökum þessa og efnahags kaupanda verður selt við uppboðið fyrir langtum minna verð að tiltölu en í Danmörku. Það sem þar hefur orðið að takmarka bjarglaunin þannig, að þau eigi fara fram yfir $\frac{1}{3}$ part af verði þess, sem bjargað er, mundi þessi partur því á Íslandi jafnaðarlega ekki nægja til þess, að þeir, sem bjarga, fái hæfilega borgun fyrir þá hættu og fyrirhöfn, sem eru samfara björguninni. Þess vegna er stungið upp á því í þessari grein, að bjarglaunin venjulega skuli ákveðin í daglaun, sem lögreglustjóri til tekur nákvæmar, og skal þá taka tillit til allra þeirra atvika, sem fyrir höndum eru, t. a. m. þeirra daglauna, sem venjuleg eru á þeim stað, þar sem strandið hefur orðið, og til árstímans, o. s. frv., og mun þá leika á daglaunum frá 48 sk. til 1 rd. 48 sk.; þar að auki má veita þeim, sem bjarga, hæfilega viðbót við bjarglaunin, ef þeir hafa sýnt framúrskarandi kapp og atorku, eða þeim hefur verið búin sérstök hætta, en viðbót þessi má samt eigi fara fram yfir tvöföld daglaun, sem venjulega eru veitt þeim, er bjarga. Með því að það optsinis mun vera örðugt eða jafnvel ógjörandi, að fá úrskurð amtmanns í tækan tíma um bjarglaunin, er það álitid nauðsynlegt, að láta lögreglustjóra ákveða bjarglaunin. Aptur á móti hefur það þótt réttast, að gefa þeim, sem eiga hlut í strandinu, kost á, að skjóta til hlutaðeiganda amtmanns úrskurði lögreglustjóra um þetta.

Þar sem þessi grein hefur inni að halda það, sem fyrir mælt er í 6.—8. gr. í tilskipuninni frá 1836, að svo miklu leyti, sem það á við á Íslandi, er ákveðið í niðurlagi greinarinnar, að lögreglustjóri skuli hafa vald til, ef skipstjórnarmaðurinn eða sá, sem er í hans stað, gefur samþykki sitt til þess, að ákveða bjarglaunin

með samningi við þá, sem bjarga, ef allur bjargkostnaðurinn eigi með þessu móti fer fram yfir $\frac{1}{3}$ af verði þess, sem bjargað er.

Um 7. gr.

Þessi grein er að mestu leyti í samhljóðun við 9. gr. í tilskipuninni frá 1836, þó með þeirri breytingu, sem leiðir af því, að hér einnig er stungið upp á, að lögreglustjóri skuli sjálfur standa fyrir öllu, sem snertir strandgjörðina, en ekki amtmaður.

Um 8. gr.

Með því eigi er unnt eptir því, hvernig til hagar á Íslandi, að fylgja hinum sömu fast ákveðnu reglum um geymslu hins strandaða góz við hvert einstakt strand, hefur það eigi þótt nauðsynlegt eða hagkvæmt, að stinga upp á svo nákvæmum ákvörðunum um það í þessari grein, sem 10. og 11. gr. í tilskipuninni frá 1836 hafa inni að halda, en af þeim er að eins tekið það, sem virðist við eiga í flestum þeim tilfellum, sem geta komið fyrir á Íslandi, og er þessi grein að mestu leyti sniðin eptir 9. gr. í frumvarpi því, sem kom frá embættismanna-samkomunni.

Um 9. gr.

Þessi grein er að mestu leyti í samhljóðun við 12. gr. í tilskipuninni frá 1836; samt hefur það virzt réttast, að taka í hana ákvörðun um, að lögreglustjóri skuli einnig annast um skipbrotsmenn, ef þeim verður ekki komið heim til sín (t. a. m. af því, að siglingar eru hættar), og enginn annar er þar nálægt, sem getur tekið þá að sér, og að hann, ef það, sem bjargað er, eigi hrökkur til kostnaðarins, skuli borga í bráð það, sem á vantar gegn endurgjaldi af jarðabókarsjóðnum. Það hefur sum sé eigi sjaldan viljað til, að kostnaðurinn við umönnun á þeim skipverjum, sem bjargað hefur verið af strandi, hafi verið langtum meiri, en verð þess, sem bjargað er, og þegar hlutaðeigandi amtmaður hefur mælt til þess, hefur þá verið leyft, að greiða það, sem á vantaði, af jarðabókarsjóðnum gegn endurgjaldi síðar meir frá hálfu þess ríkis, þar sem skipshöfnin átti heima, en þar eð það eigi hefur verið öllum sýslumönnum kunnugt, að þeir þannig gætu fengið það, sem þeir höfðu lagt út, endurgoldið úr jarðabókarsjóðnum, hafa þeir stundum orðið að biða langan tíma eptir því, að fá það endurgoldið frá hlutaðeigandi ríki, sem þeir hafa borgað í bráð, en á ósanngirni þessari verður ráðin bót með þessari ákvörðun.

Um 10. og 11. gr.

Í þessum greinum er allt það tekið fram, sem með þarf, um bókun alls þess, sem fram fer við strandgjörð, svo bæði haft verði eptirlit með henni, og sönnun sè til fyrir öllu því, sem getur haft áhrif á innbyrðis réttindi þeirra, sem hlut eiga í strandinu. Þær ákvarðanir, sem stungið er upp á í því tilliti, mega virðast nægar og hagfelldar, og eru þær samsvarandi því, sem fyrir mælt er í 13., 15., 16., 17. og 18. gr. í tilskipuninni frá 1836, að svo miklu leyti, sem það getur átt við á Íslandi.

Um 12. gr.

Þessi grein er að mestu leyti samsvarandi 14. gr. í tilskipuninni frá 1836; því er að eins sleppt, að lögreglustjórinn «skuli taka þá fasta, sem að öðru leyti hafa orðið svo brotlegir, að það eigi við að setja þá í varðhald», bæði sökum þess, að það verður álitid óþarft, að setja sérstaka reglu um það með lagabodi því, sem hér er átt við, og af því það er mjög örðugt eptir því, hvernig til hagar á Íslandi, að setja mann í fangelsi, sér í lagi á þeim stöðum, þar sem skipstrand er orðið.

Um 13. gr.

Í þessa grein, sem er samsvarandi 23. gr. í tilskipuninni frá 1836, er samkvæmt frumvarpi embættismanna-samkomunnar tekið að mestu leyti innihald opins bréfs 29. marz 1814, sem eigi gildir á Íslandi. Sektirnar áttu eptir læðu opnu bréfi að falla til hlutaðeiganda fátækra sjóðs, en eptir að sú aðalregla er sett með hinum almennu hegningarlögum 25. júní 1869, 31. gr., að sektir í hegningarskyni skuli renna í landssjóðinn, er eigi fundin nein ástæða til í því tilfalli, sem hér er verið að ræða um, að bregða út af þessari almennu reglu.

Um 14. grein.

Samkvæmt 24. gr. í tilskipuninni frá 1836 er með þessari grein leitazt við, að gjöra ráðstafanir á móti því, að næmir eða pestkynjaðir sjúkdómar komist í landið með skipverjum eða gózi af strönduðum skipum.

Um 15. grein.

Í þessari grein er það yfir höfuð gjört lögreglustjóranum að skyldu, að sjá um, að gjald það á brennivíni o. fl., sem fyrirskipað er í tilskipun 26. febr. 1872, verði greitt, en aptur á móti

hefur eigi þótt ástæða til, að setja hinar nákvæmari reglur um skyldur hans í þessu tilliti, með því þær ákvarðanir eiga að koma frá umboðsstjórninni.

Um 16. og 17. grein.

Í þessar greinir eru teknar allar þær reglur, sem hagnafellt þykir að ákveðnar séu um opinbera uppboðssölu á því, sem bjargað er, og eru reglur þessar að mestu leyti samsvarandi 25., 26., og niðurlaginu á 11. grein í tilskipuninni frá 1836, með þeim breytingum, sem leiðir af því, að sérstaklega hagar til á Íslandi, og að taka verður tillit til þessa við tilhögunina á strandmálum. Aðalreglan er, að lögreglustjóri skuli haga uppboðinu til á þá leið, að búast megi við, að sem mest fáiast fyrir það, sem bjargað er, og að hann skuli um allt, sem gjört er í þessu tilliti, t. a. m. um að ákveða uppboðið, auglýsing þess og um það að semja uppboðsskilmálana, leita álits skipstjórnarmannsins, eða þess, sem kemur fram við strandið fyrir hönd eigandans eða annara, sem eiga í hlut, og taka allt það tillit til álits þessa, sem kringumstæðurnar, og sér í lagi þarfir hinna, sem eiga hlut í strandinu, leyfa. Uppboðið skal láta birta öllum, sem búa í nánd, og sem eptir kringumstæðunum má búast við að muni sækja uppboðið, og skal í því efni taka tillit bæði til sjarlægðarinnar frá þeim stað, þar sem uppboðið er haldið, og ásigkomulags og verðs þess, sem bjargað er, og til þessa lúta ákvarðanir þær, sem 17. grein hefur inni að halda.

Um 18. grein.

Það, sem ákveðið er í 27. gr. í tilskipuninni frá 1836, að umboðsmaður þess ríkis, sem í hlut á, skuli, þegar enginn annar er við, hafa ótakmarkað umboð til þess að koma fram fyrir hönd hlutadeiganda og vera við, á meðan bjargað er, til þess að annast um hag þeirra, er stungið upp á að tekið verði í þessa grein, og virðist einnig, af því líkt stendur á, mega veita þeim heimild til hins sama, sem sannar að hann sé fulltrúi eða erindsreki þess strandbótafélags, sem hlut á í strandinu, og er því hér að lútandi ákvörðun tekin í greinina.

Þó naumast sé ástæða til að neita fyrnefndum fulltrúum eða strandbóta-umboðsmönnum um, að fá endurgoldinn kostnaðinn við ferð þeirra til strandsins af því, sem bjargað er af strandinu, að svo miklu leyti, sem það hrökkur, virðist samt óþarfi, að segja sérstaklega fyrir í frumvarpinu um þetta, með því dæma verður

um heimting þeirra á endurgjaldi fyrir tæðan kostnað samkvæmt því umboði, sem þeir hafa frá þeim, sem hlut eiga í strandinu, en það kemur ekki undir úrskurð lögreglustjóra eða amtmanns, og af því leiðir, að ávísun til þess, að fá útborgað slíkt endurgjald af því, sem bjargað er af strandinu, verður skoðuð sem borgun í bráð, og kemur það undir þeim, sem þeir hafa umboð fyrir, hvort það verði samþykkt (sbr. tilsk. frá 1836, 32. gr.

Um 19. grein.

Innihald þessarar greinar er að mestu leyti samsvarandi því, sem fyrir mælt er í umburðarbréfi dómsmálastjórnarinnar 14. septbr. 1871 um strandreikninga, endurskoðun og úrskurð amtmanna á þeim o. s. frv. Aftur á móti hefur eigi þótt þurfa, að taka í frumvarpið sérstaka ákvörðun um, að reikningurinn með fylgiskjöllum skuli lagður fram við aukarætt, þar sem hlutaðeigendum skyldi gefinn kostur á, að gjöra athugasemdir sínar við reikninginn (sbr. tilsk. 1836, 32. gr.), með því þeir, sem það kynni að standa á nokkru, að gjöra slíkar athugasemdir við reikninginn, sum sé skipstjórnarmaðurinn eða umboðsmenn eigandans eða strandbótafélagsins, venjulega eigi eru í landinu, þegar reikningurinn er gjörður, enda hafa þeir haft nægilegt tækifæri til við sjálfa strandgjörðina, að koma fram með þess konar athugasemdir. Það leiðir að öðru leyti af því, sem fyrir mælt er í frumvarpinu, um að leita eigi áhlits hlutaðeiganda um hvað eina við strandgjörðina, að lögreglustjórinn einnig svo sem unnt er skuli gefa þeim kost á, að segja álit sitt um strandreikningana.

Um 20. grein.

Ákvörðunin um þóknun handa lögreglustjóra fyrir það, að standa fyrir bjarggjörðinni, er byggð á hinum sama grundvelli og ákvörðunin í 20. gr. í tilsk. frá 1836 um sama efni, þar sem það er til greina tekið, að starf þetta er mjög áreynslumikið og örðugt, ef leysa skal það vel af hendi. Samt hefur verið haldið, að hin venjulega þóknun ætti ekki að vera meiri en 3 rd., þegar lögreglustjórinn fær hið sama endurgjald fyrir þá daga, sem hann er á leiðinni fram og aftur, og hefur það heldur eigi virzt nauðsynlegt, að láta vera nokkurn mun á þóknunargjaldinu fyrsta daginn og hina dagana við gjörðina, eða eptir því, hvort hún fer fram um sumartíma eða vetrartíma. Eins og getið er í greininni, verð-

ur þóknun þessi að eins veitt fyrir þá daga, sem lögreglustjórinn er við á ströndinni vegna þess, að verið er að bjarga, og fyrir þá daga, sem hann er á leiðinni, en ekki fyrir þann tíma, sem hann fyrir aðrar sakir er í nánd við strandið, t. a. m. til þess að búa undir uppboðið eða bíða eptir því, o. s. frv. Auk þessarar þóknunar fær lögreglustjóri endurgoldinn ferðakostnað til strandsins og þaðan aptur, og önnur gjöld þau, sem hann á tilkall til, eptir reglum þeim, sem um það gilda.

Um 21. grein.

Reglur þær, sem stungið er upp á í þessari grein um það, hvernig lýsa skuli strönduðu gózi, sem menn eigi víta eiganda að, eru samhljóða 28. gr. í tilskipuninni frá 1836 og opnu bréfi 4. maí 1778, sbr. opið bréf 21. apríl 1819, að eins að því undanteknu, að það hefur þótt nægja, að láta frestinn vera ár og dag, eptir að póstsamgöngur við Danmörku og útlönd eru komnar á það stig, sem nú er. Það hefur þótt nægja, að auglýsingin sé birt í fréttablaði því á Íslandi, sem opinberar auglýsingar eru látnar í, og ef andvirði strandsins að frá dregnum kostnaði, er 200 rd. eða fram yfir það, einnig í Berlingatíðindum, og er jafnframt gengið út frá því, að auglýsingunni verði ekki eptirleiðis þinglýst við landsyfrrættlinn, en á hinn bóginn þykir það eiga vel við, að senda umboðsmönnum útlendra þjóða, sem skipaðir eru á Íslandi, eitt exemplar af auglýsingum þessum.

Í niðurlagi greinar þessarar hefur þótt réttast að taka fram, að opið bréf 2. apríl 1853 framvegis skuli gilda um vogrek þau, sem þar er mælt fyrir um.

Um 22. grein.

Reglurnar í þessari grein eru í samhljóðun við hlutarins eðli og 29. grein í tilskipuninni frá 1836, en þó er hér eins og í 19., 23. og 26. gr. ákveðið, að vald það, sem í tilsk. frá 1836 er veitt kanselliinu og rentukammerinu að því leyti, er snertir strandmál, skuli falin á hendur landshöfðingja.

Um 23. grein.

Ákvarðanir þær, sem hér er stungið upp á, eru samsvarandi 30. gr. í tilskipuninni frá 1836, með þeirri breyting, sem leiðir sumpart af því, sem getið er að framan, sumpart af því, að menn

á Íslandi eigi hafa rekarètt til vogreks þess, sem frumvarpið á við, í þeirri merkingu, sem orð þetta er haft í tæðu lagabóði.

Um 24. gr.

Í frumvarpi því, sem embættismanna-samkoman samdi, þótti þess eigi þurfa, að taka upp ákvörðun, sem væri samsvarandi tilsk. 1836, 31. gr., bæði sökum þess að þessi grein gengur út frá því, að þeir, sem bjarga, fái borgun að tiltölu við það, sem bjargað er, og af því, að hún snertir málefni, sem eigi virðist geta orðið spursmál um að því leyti, er snertir Ísland. Samt sem áður þyk-ir eigi vera næg ástæða til, að sleppa því í hinu fyrirhugaða laga-
bóði, að setja reglur um það, þegar skip finnst, sem rekur um haf, og sá, sem finnur, flytur það til lands. Þetta getur sum sé viljað til, og hefur átt sér stað eins á Íslandi og í Danmörku, þótt munurinn sé jafnaðarlega sá að því leyti, er snertir aðferðina, að finnandi í Danmörku venjulega getur flutt slík rekaskip inn á ein-
hverja höfn, svo þeim verður þannig bjargað, en á Íslandi geta flunnendur venjulega eigi gjört annað, en flutt skipið að þeirri strönd, sem næst liggur, og verður þá að bjarga því eptir reglum þeim, sem frumvarpið hefur inni að halda. Þegar vart verður við, að skip reiði um haf innan, hlýtur það eigi síður á Íslandi en annar-
arstaðar að vera mönnum skylt, sem sjá það af landi eða sjó, að veita því hjálp, og rannsaka, hvort ekki séu menn á skipinu, og ef svo er, leitast við að bjarga þeim, og sömuleiðis hjálpa til þess, að skipið eða partar af því verði fluttir til lands, áður en það eyðist alveg af sjónum, en þeim, sem leggja sig í hættu og strit til þessa, skal veita þóknun, sem eptir atvikum má álíta annað-
hvort sem fundarlaun eða bjarglaun. Það hefur því þótt nauðsyn-
legt og hagfellt, að taka upp í þessa grein ákvörðun um slík vog-
rek, sem finnast á sjó, og virðist það sanngjarnt, að stungið er upp á því, að þeir, sem flytja þau í land, skuli hafa $\frac{1}{3}$ part, ef þau eru fundin á reginhafi, en séu þau fundin í víkum, fjörðum eða á rekafjöru, $\frac{1}{5}$ part af andvirði þess, sem bjargað verður, að frá dregnum öllum kostnaði við björgun og sólu á því, sem bjargað er.

Um 25. gr.

Ákvarðanirnar í þessari grein, sem að svo miklu leyti, sem því verður við komið, eptir því hvernig til hagar á Íslandi, eru samsvarandi 33. gr. í tilskipuninni 1836, er haldið að eigi vel við.

Svo virðist og, að kostnaðinn við ferðir amtmanna út af strandmálum eigi eins og annan kostnað við strandið að greiða af því, sem bjargað er.

Um 26. gr.

Þykir eigi vera ástæða til að gjöra neina athugasemd.

Um 27. gr.

Í þessari grein er tekið fram það, sem með þarf, um, að öllum þeim, sem í embættisskyni eiga að sjá um hagsmuni skipbrotsmanna sè fyrirmunað, að gefa sig út í nokkuð, sem þeir annaðhvort geti beinlínis ábatast á eða það líti svo út, til þess menn eigi missi traust það á óhlutdrægni þeirra í alla staði, sem nauðsynlegt er að varðveita. Að öðru leyti er frumvarpið í þessu tilliti samhljóða 39. gr. í tilskipuninni frá 1836, nema í því, að hegningum þeim, sem þar er mælt fyrir um, er sleppt, og vísað til hinna almennu hegningarlaga 25. júní 1869, sem í 13. kap. um afbrot í embættisfærslu hafa inni að halda þær ákvarðanir, sem með þarf í þessu tilliti.

Um 28. gr.

Þar sem hin almennu hegningarlög 29. júní 1869 nú hafa inni að halda hegningarákvarðanir þær, sem með þarf, um sum af afbrotum þeim, sem nefnd eru í tilskipun 28. desbr. 1836, 37. gr., á þetta sèr samt eptir hlutarins eðli eigi stað um þau afbrot gegn lögum um skipaströnd, sem eigi verður hegnt eptir almennum rétti, en að eins sökum þess, að beinlínis er sagt svo fyrir í lagboðinu. Það er þannig eigi ástæða til að taka í frumvarp þetta ákvarðanir um hegningar fyrir afbrot þau, sem nefnd eru í tilsk. 1836, 37. gr. IV—IX., með því þau koma undir hin almennu hegningarlög; aptur á móti eru í frumvarpið teknar ákvarðanir samsvarandi I—III. í nefndri grein, og ákvörðun samhljóða því, sem fyrir mælt er í 38. gr. tilskipunarinnar, að fara skuli með mál út af slíkum afbrotum sem lögreglumál.

Epir hinni almennu reglu á Íslandi er ákveðið, að hegningarsektir skuli vera hálfu minni en ákveðið er í tilskipuninni frá 1836, og samkvæmt hinum almennu hegningarlögum er þar að auki í stað þess, sem ákveðið er í tilskipuninni frá 1836, að fangelsi við vatn og brauð nokkra daga skuli koma fyrir afbrot þau, sem við er átt, þegar næmar sakir eru til, hær stungið upp á, að hegningin sè látin vera hærri sektir eða fangelsi. Þótt niðurlagið í staf-

lið a., um óafsakanlegt birðuleysi í því að bjarga lífi skipsbrots-
manna, komi undir hin almennu hegningarlög 201. gr., hefur samt
þótt við eiga, að taka í frumvarpið ákvörðun beinlínis um þetta.

Að sektirnar renni í landssjóð, er í samhljóðun við grundvall-
arreglurnar í hinum almennu hegningarlögum 25. júní 1869.

Um 29. gr.

Þótt frumvarpið að eins eigi við vogrek það, sem er strönduð
skip eða partur af þeim eða farmi þeirra, og því hvorki snerti
vogrek það, sem fyrir er mælt um í opnu bræfi 4. maí 1778, 2.
og 3. gr. (tilhöggvið og tilskorið timbur eða einstaka smáparta af
strönduðum skipum og hátum, sem eru lítils virði, en eptir kanseli-
bræfi 26. ágúst 1809 er það að skilja um 15 rd. virði, (sbr. bréf
dómsmálastjórnarinnar 27. júní 1864), og eigi heldur hvali nè ó-
tilhöggvinn rekavið, sem rekur á land, hefur samt þótt við eiga,
að segja beinlínis fyrir um þetta, og er það gjört sumpart í 20.
gr. frumvarpsins um vogrek það, sem getið er um í opnu bræfi 4.
maí 1778, 2. og 3. gr., og í opnu bræfi 2. apríl 1853, sumpart í
þessari grein um rekavið í eiginlegri mörkingu og um hvali.

II. Frumvarp

til

tilskipunar fyrir Ísland um niðurjöfnun alþingiskostnaðar.

1. grein.

Af kostnaði þeim, sem leiðir af alþingi, og sem samkvæmt tilskipun um stofnun alþingis á Íslandi 8. marz 1843, 79. gr., sbr. konungsúrskurð 23. apríl 1845, á að endurgjalda jarðabókarsjóðnum íslenska, sem borgar hann í bráð, skal Reykjavíkurborg greiða $\frac{1}{21}$ part og hinir hlutar landsins $\frac{20}{21}$ parta.

2. grein.

Kostnaði þeim, sem á Reykjavík lendir, skal jafna niður á kaupstaðarbúa eptir efnum og ástandi.

3. grein.

Af alþingiskostnaði þeim, sem lendir á hinum þörtum landsins, skal $\frac{1}{4}$ parti jafna niður á lausafé og $\frac{3}{4}$ þörtum á fasteignirnar í landinu, samt skulu prestsetrin, lénshjórdir presta og þær jarðir, sem til guðs þakka eru lagðar, eins og hingað til, vera undþegnar því, að greiða nokkurn hluta af kostnaði þessum.

4. grein.

Að því leyti, er snertir jarðagózið, sem gjalda skat af samkvæmt því, sem fyrir er mælt að framan, skal jafna alþingiskostnaðinum beinlínis niður á hverja einstaka eign eptir dýrleika hennar í hinni nýju jarðabók, en af kaupstaðarbúsum og húsum á verzlunarstöðunum skal greiða af hverjum 100 rd. af verði þeirra jafnmikið og af einu jarðarhundraði. Fyrir þá sök skal virða eignir þessar, án kostnaðar af hálfu eigandanna, eptir gangverði þeirra manna í milli samkvæmt nákvæmari reglum, sem dómsmálastjórnin setur.

5. grein.

Þann hluta af alþingiskostnaðinum, sem jafnað er niður á fasteignirnar, skal leigumaður greiða af hendi gegn endurgjaldi af hálfu eiganda.

6. grein.

Tilskipun þessi öðlast gildi með tilliti til endurgjalds á kostnaði þeim, sem leiðir af alþingi, er haldið verður 1875.

ATHUGASEMDIR við frumvarp þetta.

Þar sem svo er fyrir mælt í opnu bréfi 18. júlí 1848, 1. gr., að $\frac{3}{4}$ af alþingiskostnaðinum skuli jafna niður á allar jarðir í landinu eptir leigumála þeirra, þá er það í bréfi dómsmálastjórnarinnar 10. desbr. 1866 þýtt á þann veg, að þurrabúðir, sem nokkurt land fylgir, skuli álita eins og jarðarparta, og að þær því eigi inn undir tæða ákvörðun, og að það sömuleiðis verði að álita sem notkun lands þess, sem liggur undir jörð einhverja, þegar eigandinn gefur leyfi til, að byggðar séu þurrabúðir á lóð hennar. Aftur á móti hefur eigi hingað til verið farið eptir fyrgreindu opnu bréfi með tilliti til kaupstaðarhúsa eða húsa á verzlunarstöðunum. Stipt-
amtmaðurinn yfir Íslandi, sem var, og sem í þessari stöðu hafði á hendi, að úrskurða reikningana um endurgjald alþingiskostnaðarins, hefur samt sem áður látið í ljósi efa um, hvort heimild sé til þess í tæðu opnu bréfi, að láta þessar eignir þannig sleppa hjá gjaldinu til alþingis, og hefur hann álitid, að það væri bæði gagnstætt tilgangi lagaboðsins, sem væri sá, að skipta alþingiskostnaðinum á milli fasteigna á landinu og lausafjárins, og gagnstætt réttlætis- og sanngirnis-kröfum, þar sem alþingi væri til gagns fyrir allt landið, að skilja lagaboðið eins og gjört hafði verið. Tæður embættismaður hefur þar að auki látið í ljósi þá skoðun, að ef svo færi, að það yrði álitid rétt, að skilja lagaboðið svo, sem nú var sagt, mundi ástæða vera til, að taka úr gildi þessa undanþágu kaupstaðarhúsa og húsa á verzlunarstöðunum undan gjaldinu.

Stjórnarráðið getur nú reyndar ekki séð, að ástæða sé til að efast um, að skilningur sá, sem hingað til hefur verið við hafður á hinu opna bréfi 18. júlí 1848 og að því, er menn vita til, hefur verið fylgt alstaðar og undantekningarlaust, síðan lagaboðið kom út, sé réttur, enda virðast orðin svo ljós, að þau eigi geta orðið skil-

in á annan hátt, eins og það líka sèst af umræðunum á alþingi 1849, að þingið hefur skilið mál þetta á sama hátt, þar sem niðurstaðan varð, að þingið sendi þegnlega bænarskrá til stjórnarinnar um, að út kæmi nýtt lagaboð, þar sem meðal annars yrði ákveðið, að alþingiskostnaðinum einnig skyldi jafnað á kaupstaðarhús.

Aptur á móti hefur stjórnarráðið orðið að fallast á þá skoðun stiptamtmanns, að nægt tilefni sè til, að koma til leiðar breytingu á fyrirkomulagi þessu á þá leið, sem hann hafði bent til. Það virðist sumsè ekki vera nein sèrstök ástæða til, að kaupstaðarhús og hús á verzlunarstöðunum, sem að tiltölu eru eins mikils virði og jarðirnar og optsinnis langtum arðsamari, skuli sleppa hjá því, að gjalda til alþingis, sem, eins og vikið er á, eigi síður er kaupstaðarhúsum til gagns en öðrum landsmönnum. Þetta á sèr einum stað um kaupstaðinn Reykjavík, sem er kjördæmi sèr; enda hefur bærinn eigi lítinn hag af því, að alþingi er haldið þar, og hefur hann þar að auki náð þeim þroska, að hann virðist fær um, að greiða hæfilegt tillag til þessa augnamiðs, sem er í almenningsþarfir.

Stiptamtmaður hefur enn fremur álitid, að ef á það verður fallizt, að breyta opnu brèfi 18. júlí 1848 á þá leið, sem sagt er, þá mundi einnig vera tilefni til að ihuga, hvort ekki væri ástæða til að endurskoða lagaboðið í heild sinni; skyldi endurskoðun þessi þá sèr í lagi fara fram á:

að alþingistollurinn framvegis *eingöngu* verði lagður á fasteignir landsins í stað þess að eptir opnu brèfi 18. júlí 1848 $\frac{1}{4}$ partur skattsins er goldinn af lausafènu, en að ákvörðuninni í 3. gr. um, að leiguliðar skuli greiða gjaldið af hendi, en jarðeigendur endurgjalda þeim það, þá yrði breytt á þá leið, að leiguliðunum skyldi að eins endurgjalda $\frac{3}{4}$ af gjaldinu —;

er uppástunga þessi byggð á því, að lausafènu er meir í þyngt en jarðagózinu —;

að gjaldinu eptirleiðis verði jafnað niður á *allar* jarðir, þannig, að lènsjarðir presta og jarðir, sem til guðs þakka eru lagðar, eigi framar skuli vera undan þegnar því, að greiða gjaldið; og að endingu

að alþingistollinum eptirleiðis verði jafnað *beinlínis* á jarðirnar eptir dýrleika þeirra samkvæmt hinnu nýju jarðabók, í stað

þess, eins og nú er gjört, að jafna honum niður eptir leigumála —;

en um þessa uppástungu er þess getið, að aðferð sú, sem nú er höfð við niðurfjöfnunina, valdi mjög miklum ójöfnuði milli þeirra jarða, sem eigendurnir búa á, og þeirra, sem byggðar eru öðrum, og sé þar að auki hreppstjórum, sýslumönnum og stiptamtmani (eða landshöfðingjanum) til mjög mikillar fyrirhafnar, þegar hinar árlegu niðurfjöfnunarskrár eru búnar til og endurskoðaðar.

Um uppástungur þessar skal þess getið, sem hér fer á eptir. Stjórnarráðið verður að álita það hagfellt af þeim ástæðum, sem stiptamtmaður hefur til greint, að tæðu gjaldi, að því leyti, sem það lendir á jarðagózinu, verði jafnað beinlínis á jarðirnar eptir dýrleika þeirra. Þar á móti hefur þótt efasamt, hvort næg ástæða væri til nú sem stendur, að nema úr gildi þá ákvörðun í hinu opna bréfi, að prestssetur, lænsjarðir presta og jarðir, sem til guðs þakka eru lagðar, séu undanþegnar alþingisgjaldi. Það kynni reyndar svo að virðast, að ekki sé nein full gild ástæða til þess samkvæmt hlutarins eðli, að tæð jarðagóz, sem er meir $\frac{1}{7}$ partur af öllum jörðum í landinu, skuli vera undan þegið frá því, að taka þátt í gjaldi til alþingiskostnaðar, en á hinn bógion virðist eiga að taka sérstakt tillit til þess, að tæð ákvörðun er tekin upp í lagabóði eptir tilmælum alþingis, er það sér í lagi var tekið fram við umræðurnar á alþingi við tæð lagafrumvarp, að tekjur prestanna væru svo litlar, að þeir mættu einkis í missa, og var einnig haldið, að líkar ástæður mæltu fram með því að undan taka jarðir, sem til guðs þakka væru lagðar, frá gjaldinu; en þótt kjör presta séu síðan nokkuð bætt, sbr. tilskipun 15. desbr. 1865, stendur þó að mestu leyti líkt á nú og áður. Að því leyti er snertir þá uppástungu stiptamtmanns, að jafna skuli alþingiskostnaðinum eptirleiðis *eingöngu* á fasteignirnar hefur stjórnarráðinu virzt ísjárvert, að taka hana til greina, og skal í því tilliti geta þess, að þar sem bæði stjórnin og alþingi álitu það nauðsynlegt, á þeim tíma, er kosningarréttur og kjörgengi eingöngu var bundið við fasteign, að lausaféð skyldi taka þátt í kostnaðinum til alþingis á fyrnefndan hátt, þá væri það fremur ósamkvæmni nú, þegar fasteignarhald eigi frammar er skilyrði fyrir kosningarrétti og kjörgengi, að leggja eingöngu á fasteignirnar kostnað þann, sem af alþingi rís, og við það bætist, að nú er lagt nýtt gjald á jarðagózið með tilskipun um stofnun búnaðarskóla á Íslandi, 12. febr. 1872.

Samkvæmt athugasemdum þeim, sem nú hafa verið taldar, er frumvarp þetta samið, og skal um hinar einstöku greinir þess geta þess, sem hér segir.

Um 1. og 2. gr.

Um leið og þess skal getið, að útgjöldin til konungsfulltrúa á alþingi eru greidd af landssjóðnum Íslenzka án þess þau sæu endurgöldin, skal því við bætt um tillag það, sem Reykjavík-kaupstaður skal gjalda til alþingiskostnaðar, að það samkvæmt uppástungu stiptamtmanns, er ákveðið að tiltölu við hluttekning bæjarins í þinginu, og því látið vera $\frac{1}{21}$ partur af þeim kostnaði til alþingis, sem hér er átt við, og hefur það þótt hagfelldast, að jafna tillaginu niður á kaupstaðarbúa ásamt með gjöldunum til kaupstaðarins eptir eignum og ástandi.

Um 3. gr.

Sá hluti af afganginu af sjálfseignarkirkjujörðum, sem fellur til prestsins og nefnist prestmata, hefur hingað til verið laus við að greiða tillag til alþingiskostnaðar (sbr. opið bréf 2. marz 1853), en þar sem nú er svo ráð fyrir gjört, að tillaginu til alþingiskostnaðar verði eptirleiðis jafnað beinlínis á tæðar jarðir eptir dýrleika þeirra eins og á allar aðrar jarðir, hefur eigi virzt ástæða til, að láta nokkurn part úr jörðunni vera undanþeginn alþingistollk, og það því síður, sem gjaldið nemur mjög litlu og eigandinn venjulega fær endurgjald fyrir álögu þessa á eign hans í kirkjutúndinni o. s. frv. Að öðru leyti skal vísað til þess, sem sagt er að framan um innihald þessarar greinar.

Um 4. gr.

Að því leyti, er snertir tillag það, sem að áliti stjórnarráðsins ætli að jafna niður á kaupstaði þá og verslunarstaði, sem ekki eins og Reykjavík hafa þingmann fyrir sig, virðist mega hafa hliðsjón af því, sem fyrir er mælt í alþingistilskipuninni 8. marz 1843, 3. gr., til þess að ákveða tæð tillag. Eins og tilskipun þessi leggur kaupstaðarhús, sem er 1000 rd. virði, til jafns við 10 hundr. í jörðu og lætur kosningarréttinn til alþingis vera við það bundinn, þannig virðist það vera réttlátt, að greitt verði hið sama tillag til alþingis af hverjum 100 rd. af verði kaupstaðarhúss eða annara eigna, þar sem húsin eigi eru sameinuð notkun á jörð, og af einu

jarðarhundraði; er þetta einnig samkvæmt uppástungu stiptamt-
manns. Til þessa verður nauðsynlegt, að virða tæð kaupstaðarhús
og hús á verzlunarstöðunum og setja á þau fast verð í pening-
um, en það hefur þótt sanngjarnt, og er einnig samkvæmt fyr-
nefndri bænarsskrá alþingis 1849, að virðingargjörðirnar fari fram
án kostnaðar af hálfu eigandanna, og er jafnframt að öðru leyti
álítið réttast, að hinar nákvæmari reglur um þetta og um, að húsin
verði virt á ný eptir ákveðið tímabil, komi undir ákvörðun dóms-
málastjórnarinnar.

Um 5. gr.

Það, sem hér er fyrir mælt, og sem að því leyti, er snertir
jarðagóz, er samhljóða opnu bréfi 18. júlí 1848, 3. gr., virðist
einnig eiga að gilda um kaupstaðarhús.

Um 6. gr.

Með því það mundi óhagkvæmt, að eigi yrði farið eptir hinum
sömu reglum um endurgjald kostnaðar við sama alþingið á þeim 2
árum, sem endurgjaldinu er jafnað niður á, geta þessar ákvarðanir
ekki öðlazzt gildi fyr en kemur til þess kostnaðar, sem leiðir af
alþingi 1875.

III. Frumvarp

til

tilskipunar um stofnun sjómannaskóla á Íslandi, o. fl.

1. grein.

Í Reykjavík skal stofna sjómannaskóla, til þess að gefa mönnum kost á kennslu í siglingarfræði og til þess að búa lærisveina skólans undir íslenskt stýrimanns-próf. Við skóla þennan skal setja fastan kennara með 600 rd. launum á ári, og skal þar að auki veita honum annaðhvort íveruhús ókeypis, bæði fyrir sjálfan hann og skólann, auk eldiviðar og ljósa til skólahússins, eða í staðinn árlegt endurgjald 300 rd. alls.

Stiðtsýfirvöldin skulu hafa umsjón yfir kennslunni, og skipa fyrir það, sem með þarf, um tilhögun á kennslunni, niðurskipun kennslustunda, inntöku lærisveina í skólann o. fl. Kennsluna skal veita lærisveinum ókeypis.

2. grein.

Hjð íslenska stýrimanns-próf skal haldið tveim sinnum á ári, í apríl. og ágústm., ef nokkur gefur sig fram, til þess að ganga undir prófið, en engum verður leyft það nema þeim, sem hefur verið í förum að minnsta kosti 4 mánuði.

3. grein.

Til stýrimannsprófs þessa útheimlist:

1. kunnátta í fræðinni um almenn brot, tugabrot, hlutföll talna, notkun hlutfallstalna, í grundvallaratriðum mælingafræðinnar, og útreikningi hins rjetthyrnda þríhyrnings eptir þríhyrningafræðinni;
2. þekking á jarðarhnettinum, lögun hans og stærð, línum á yfirborði hans, breidd og lengd;
3. þekking á tilhöguninni á leiðarsteininum og notkun hans, á

misvísun og halla leiðarsteinsins, á óreglu á honum, og hvernig hún verður fundin, á tilhögun og notkun skiphraðamælisins og grunnsökkunar;

4. skyn á sjávaruppdráttum yfir höfuð;
5. þekking á því, hvernig halda eigi dagbók, að kunna að gjöra leiðarreikning eptir töflum þeim, sem til þess eru gjörðar, að kunna að marka afstöðu skips á uppdrættinum, bæði að breidd og lengd, og með því að taka fast mið á landi; þekking á straum, og á því, hvað skip hefur rekið, og að kunna að ákveða stefnu til og afstöðu frá tilteknum stað;
6. þekking á himintunglahnettinum og daglegri hreiðingu hans, á mælistigakerfinu á honum, á því að ákveða afstöðu himintungla, á sólinni og hreiðingu hennar sjálfrar;
7. þekking á áttungs- eða sjöttungsmæli, og að kunna að prófa og leiðrétta stöðu speglanna; að kunna að mæla hæð himintungls og horn milli hluta á jörðinni;
8. þekking á mælingu og skiptingu tímans;
9. þekking á leiðréttingum þeim, sem við eru hafðar við hina mældu hæð sólarinnar, til þess að finna hæð miðpunkts hennar;
10. að kunna að finna þá klukkustund, er sólin rennur upp eða gengur niður;
11. að kunna að finna misvísun með sólskoðun;
12. að kunna að finna breiddina með því að mæla hæð sólarinnar í hádegishring;
13. að kunna að finna þá klukkustund, er flóð verður og fjara.

4. grein.

Prófið er bæði skriflegt og munnlegt. Það skal haldið opinberlega af prófnefnd, og eru í henni kennarinn í siglingarfræði og tveir aðrir menn, sem landshöfðingi setur til þess í hvert skipti, annan eptir uppástungu stiptsyfirvaldanna og hinn eptir uppástungu bæjarstjórnarinnar í Reykjavík; skal fyrir prófinu standa sá af nefndarmönnum, sem landshöfðingi skipar sem oddvita. Kennarinn heldur hið munnlega próf, en verkefnin til skriflega prófsins skal sjómannakennslu-forstjórinn í Kaupmannhöfn búa til og senda landshöfðingja í umslagi, sem innsigli er sett fyrir.

5. grein.

Dómsmálastjórnin setur ákvarðanir þær, sem með þarf viðvikjandi tilhögun á prófinu.

Þeim, sem prófið hefur tekið, skal veitt skírteini um það, og skal þar telja kennslugreinir, sem hann hefur verið reyndur í og til greina í tölum einkunn þá, sem gefin er, og skulu allir nefndarmennirnir undir skrifa skírteinið.

Nöfn þeirra, sem undir próf ganga, skal rita í bók, sem til þess er löguð, og sem stiptsýfirvöldin geyma; skal í henni skýrt frá fullu nafni hvers eins, fæðingarstað, fæðingar-degi og -ári, svo og frá einkunn þeirri, sem gefin var við prófið.

6. grein.

Undir hið íslenska stýrimannspróf eptir reglum þeim, sem settar eru að framan, mega ekki að eins ganga lærisveinar sjómannaskólans heldur einnig hver og einn, sem 3 mánuðum áður, en prófið er haldið, sendir til stiptsýfirvaldanna beiðni um að ganga undir próf, og skal henni fylgja vottorð um kunnáttu hans frá þeim manni eða þeim mönnum, sem hafa kennt honum siglingarfræði.

7. grein.

Þeir, sem hafa tekið frammanfemt próf, fá með því heimild til að vera skipstjórnarmenn og stýrimenn á íslenskum og dönskum skipum, þó að eins á sjóferðum við Ísland, ef þeir fullnægja skilyrðum þeim, sem að öðru leyti kunna að verða sett fyrir því, að við hafa atvinnuveg þennan.

ÁTHUGASEMDIR við frumvarp þetta.

Frá alþingi 1871 kom þegnleg bænarskrá um, að veittur yrði styrkur úr landssjóði Íslands, til þess að menn, sem væru búsettir í landinu sjálfu, og til þess væru hæfir, gætu gefið kennslu í sjómannafræði, og að gjörðar yrðu ráðstafanir til, að þeir, sem notið hefðu slíkrar kennslu, gætu á Íslandi gengið undir próf, og, ef þeir stæðust prófið, fengið stýrimannsskrá. Í bænarskjali þessu var gengið út frá því, að á Íslandi sjálfu sæu til menn, sem væru færir um að kenna fræði þessa, og var það tekið fram með berum orðum, að þar væri menn, sem tekið hefðu reglulegt stýrimannspróf við sjómannaskóla í Danmörku, og mættu þeir því á-

líttast færir um að kenna öðrum það, sem með þyrfti í sjómannafræði; þingið stakk því upp á, að kennslan í fræði þessari skyldi falin á hendur þessum mönnum undir umsjón amtmanna, en prófið í sjómannafræðinni var ætlað til að annaðhvort foringinn á hinu danska herskipi, sem kemur til Íslands á hverju ári, eða skipstjórnarmaðurinn á póstgufuskipinu heldi í sameiningu með kennaranum í reikningslist og mælingafræði við hinn lærða skóla í Reykjavík.

Þar sem eigi að eins alþingi, heldur einnig stjórnin áður hefur viðurkennt, að það væri æskilegt að koma á fót kennslu í sjómannafræði á Íslandi sjálfu, hefur hingað til að eins verið ágreiningur um það atriði, hvornig koma skuli kennslu þessari á stofn, svo hún að einu leytinu sé góð og óaðfínanleg og að hinu leytinu eigi kostnaðarsamari en svo, að landssjóðurinn geti borið kostnaðinn. Það liggur nú í augum uppi, að hið fyrsta skilyrði fyrir því, að koma á góðri og nægri sjómannafræði, er það, að fá til góða og nýta kennara, sem geta staðið fyrir henni. Þar sem alþingi samt sem áður hefur byggt á því, að þeir menn, sem sjálfir hafa tekið próf í sjómannafræði, sjálfsagt yrðu álitnir færir og nýttir kennarar í sjómannafræði, þá virðist þetta koma af mis- skilningi á því, sem heimtað verður af duglegum kennara, því maður getur verið góður stýrimaður og kann að hafa tekið stýrimannspróf með góðum vitnisburði, og er þó ekki þar fyrir að eins nokkurn veginn nýttur kennari í siglingafræði auk heldur meira, en til þess útheimtast auk nauðsynlegrar kunnáttu í sjálfri fræðinni einnig gáfur til og æfing í að kenna öðrum og láta þá verða aðnjótandi þeirrar þekkingar, sem hann sjálfur hefur. Eigi hið opinbera að styðja að því, að komið verði á fót kennslustofnun, eða koma henni upp á eigin kostnað, þá verður sjálfsagt að setja það skilyrði, að trygging sé fyrir því, að kennslan samsvari augnamiðinu, en þessi trygging fæst ekki, nema heimtað sé af þeim kennara, sem trúað er fyrir kennslunni, að hann sýni eða sanni með áreiðanlegum vitnisburði, að hann sé fær um að kenna. Fyrir þessar sakir hefur eigi orðið tekin til greina uppástunga alþingis um, að veittur verði styrkur til kennslu í sjómannafræði af hálfu kennara, sem eigi hafa sannað til hlítar, að þeir séu færir til þess, en til þess að ráða bætur á því, sem í þessu tilliti er ábótavant á Íslandi, hefur þótt betur eiga við, að fara eptir uppástungu þeirri, sem vikið er á í þegnlegri bænna-

skrá alþingis 1869 um þetta mál, og laut að því, að stofnaður yrði sjómannaskóli á Íslandi, og að settur yrði við skólann kennari, sem fengi laun af opinberu fæ.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, hefur inni að halda hinar nákvæmari ákvarðanir til þess að setja fyrirætlun þessa í verk, og skal um hinar einstöku greinir frumvarpsins geta þess, sem hér segir.

Um 1. gr.

Í þegnlegri bænarskrá alþingis 1869 var eigi til tekinn neinn viss staður, þar sem stofna skyldi sjómannaskólann, en við umræðurnar greindi menn á um það á þinginu, og var stungið upp á ýmsum stöðum á landinu, þar sem skólinn skyldi settur. Sökum þess, hvernig landslagið er á Íslandi, og af því, að langt er fyrir ströndum þar og samgöngur örðugar milli hinna einstöku parla landsins, er það nú reyndar svo, að skólinn, hvar sem hann verður stofnaður, mun verða mest sóttur frá þeim hluta landsins, þar sem hann er settur, og verða því mönnum mest að gagni þar, en þar eð jafnmikil þörf er á skólanum í öllum þörtum landsins, verður ekki haft tillit til neins viss staðar, heldur verður það að vera í fyrirrúmi, hvar skólinn að öðru leyti er bezt kominn, en það er hann eflaust í Reykjavík, sem er hinn stærsti kaupstaður í landinu, þar sem langtum hægra er en annarstaðar að útvega það, sem með þarf til kennslunnar, og fá hina beztu tilsjón með henni, eins og Reykjavík líka fremur nokkrum öðrum stað í landinu er fallin til þess, að þar sé haldið stýrimannspróf það, sem kennslan miðar á. Þegar það tekst að búa þá, er á skólano ganga, svo undir, að þeir geti tekizt á hendur kennslu í siglingarfræði, getur það að líkindum komið til yfirvegunar, að svo miklu leyti, sem það verður gjört án of mikils kostnaðar, að stofna líkan skóla annaðhvort á Akureyri eða Ísafirði, og má þá velja um, hvorn af kaupstöðum þessum kjósa skuli, en nú sem stendur er að eins spursmál um, að stofna einn sjómannaskóla.

Hin árlegu laun skólakennarans er stungið upp á að skuli vera 600 rd., og skal þar að auki veita houum annaðhvort íveruhús ókeypis, bæði fyrir sjálfan hann og skólann, auk eldiviðar og ljósa til skólahússins, eða í staðinn fyrir allt þetta árlegt endurgjald, 300 rd. alls; en hvor kosturinn verður veittur honum, fer eptir því, sem ódýrast er fyrir hið opinbera. Eins og tilsjón með öllum

Öðrum skólum á Íslandi er falin á hendur stíptysfrvöldunum, þann íg er stungið upp á því, að skóli sá, sem hér er verið að ræða um, sömuleiðis verði settur undir umsjón þeirra. Að kennslan sje veitt ókeypis, virðist vera samkvæmt hlutarins eðli; aptur á móti þykir eigi næg ástæða til, að veita þeim lærisveinum, sem sækja skólann, ölmusur eða þess háttar styrk, eins og gjört er bæði við hinn lærða skóla í Reykjavík, prestaskólann og lækna-kennsluna, með því eigi er ætlazt til þess með kennslu þeirri, sem hjer er átt við, eða prófi því, sem hún leiðir til, að komast til embætta, heldur að eins í atvinnuveg.

Til afnota við skólann skal á opinberan kostnað útvega þau verkfæri, er snerta siglingarfræði og veðráttufræði, sem þörf er á til kennslunnar, o. s. frv., og enn fremur sjávarupprætti, uppdráttastokka, og bækur og annað, sem með þarf, til þess lærisveinar geti fengið það til láns, þó að undantekinni hinni eiginlegu kennslubók í siglingarfræði, sem hver lærisveinn sjálfur skal eiga, með því hún hefur inni að halda töflur, sem hann eigi getur án verið, þá er hann síðar meir á að hafa gagn af því, sem hann hefur numið.

Um 2. gr.

Í samhljóðun við 4. gr. í lögum 6. marz 1869, um hið almenna danska stýrimannspróf, er í þessari grein gjört að skilyrði fyrir því, að nokkur geti gengið undir íslenskt stýrimannspróf, að hann hafi verið í förum nokkurn tíma, og hefur samt virzt að stytta mætti tíma þennan frá 6 mánuðum til 4 mánaða.

Þar sem svo er fyrirmælt, að prófið skuli haldið í aprílm. og ágústm., þá er það gjört af því, að þá er helzt von um, að prófnefnd sú, sem nefnd er í 4. gr., verði skipuð reyndum mönnum á þeim tíma árs, er hið danska herskip kemur til Íslands og póstgufuskípið er í förum.

Um 3. gr.

Í þessari grein eru taldar prófgreinir þær, sem nauðsyn virtist vera á að halda af kennslugreinum þeim, sem ákveðnar eru við hið danska stýrimannspróf, og hefur á undan verið skrifazt á um það við sjóliðsstjórnina.

Um 4. gr.

Dómsmálastjórnin hafði í fyrstu ætlazt til, að prófið yrði haldið af nefnd, sem foringinn á hinu danska herskipi við Ísland, einn af yfirmönnum þess, og maður, sem til þess væri settur af bæjarstjórninni í Reykjavík, skyldu vera í, þó svo að þegar sæstakar kringumstæður væru til, mætti nefnd manna, sem væri sett af landshöfðingja, halda prófið, og skyldi nefnd sú skipuð kennaranum í siglingarfræði og 2 öðrum reyndum mönnum, sem stiptsyfirvöldin og bæjarstjórnin í Reykjavík skyldu stinga upp á, en með því sjóliðsstjórnin fastlega hefur ráðið til, að þessari hinni síðar nefndu aðferð yrði fylgt, hvernig sem ástatt væri, hefur hinu verið sleppt; en jafnframt er samt byggt á því, að hlutaðeigandi herskipsforingjar og yfirmenn að svo miklu leyti, sem unnt er, verði hafðir til þess að sitja í nefndinni, og að herskipsforingjanum þá sjálfsagt verði falið á hendur, að vera oddviti nefndarinnar, ef hann er annar af þeim reyndu mönnum, sem skipaðir eru í nefndina.

Um 5. gr.

Þar sem það er falið dómsmálastjórninni á hendur, að setja hinar nákvæmari ákvarðanir um tilhögun á prófinu, þá er þetta að svo miklu leyti í samhljóðun við fyrnefnd lög 6. marz 1869, 7. gr., 2. lið, sem samsvarandi vald að því leyti, er snertir Danmörku, þar er fengið í hendur sjóliðsstjórninni.* Að öðru leyti er ekki ástæða til þess, að geta neins sérstaks um þessa grein.

Um 6. gr.

Þó að próf það, sem fyrir er mælt um, einkum sé miðað við sjómannaskólann í Reykjavík, er það samt álitid rétt og hagfellt, að meina eigi þeim, sem með öðru móti hafa aflað sér kunnáttu þeirrar, sem með þarf til tæðs prófs, að ganga undir það eptir reglum þeim, sem um það gilda.

Um 7. gr.

Það er vítaskuld, að eigi má ætlast til, að próf það, sem tekið er, geti í sjálfu sér verið einhlítt til þess að heimila þeim, sem hlut á að máli, rétt til, að vera skipstjórnarmaður eða stýrimaður, enda þótt þessi réttur sé takmarkaður við sjóferðir við Íslands strendur, en til þess verður krafizt að sá, sem í hlut á, að öðru leyti uppfylli þá skilmála, sem verður nauðsynlegt að setja

fyrir því, að hafa við *atvinnuveg* þennan. Svo er samt ráð fyrir gjört, að reglur þær, sem hér að lúta, t. a. m. um aldur hlutað-eiganda, hvað lengi hann hefur verið í sjóferðum, um það að hann verði að taka borgarabréf eða atvinnuskirteini (stýrimannsskrá) o. s. frv., skulu settar með sérstöku lagaboði í samhljóðun við lög 19. febr. 1861, sem um þetta gilda fyrir Danmörk, en það getur þá fyrst orðið umtalsmál, að semja slíkt lagaboð, þegar raun er orðin á því, hvort hinn íslenzki sjómanskóli kemst á stofn. Aftur á hinn bóginn hefur þótt hlýða til leiðbeiningar þeim, sem kynnu að vilja nota skólann, að ákveða þegar í þessu frumvarpi, hver réttindi verði fengin, með því að taka prófið, þegar nefndum skilyrðum er fullnægt, og hefur eigi í því tilliti þótt geta orðið spursmál um, að þeir, sem ganga undir prófið og að öðru leyti uppfylla aðra hina fyrnefndu skilmála, skuli fá frekari rétt, en til þess að vera skipstjórnarmenn og stýrimenn á skipum í sjóferðum eingöngu við Íslands strendur, með því það að öðrum kosti kæmist of mjög í bága við kröfur þær, sem í konungsríkinu eru gjörðar viðvíkjandi kunnáttu þeirra, sem eiga hlut að, sumsé að þeir hafi tekið fullkomið stýrimannspróf og farið ýmsar langferðir. Með þeim takmörkunum, sem getið er, er samt ætlazt til, að réttur þeirra, sem taka íslenzkt stýrimannspróf, skuli einnig ná til danskra skipa, og er þá sér í lagi litið til þess, að danskt skip á siglingum við Ísland missi skipstjórnarmann sinn eða stýrimann, svo það geti komið fyrir, að ráða mann til skipsins á Íslandi.

IV. Frumvarp

til

tilskipunar fyrir Ísland um friðun á laxi.

1. grein.

Frá 1. septemberm. til 20. maím. má ekki veiða eða deyða á nokkurn hátt lax í ám, árósum eða öðrum vötnum, sem ekki eru saltvötn, í fjörðum, eða fyrir sjávarströndum, nè heldur við hafa þar, leggja eða liggja láta veiðivèlar fyrir lax.

2. grein.

Á öðrum tíma árs skal það enn fremur bannað frá náttmálum á laugardegi til miðnættis sunnudagskveldið næsta eptir að við hafa eða leggja veiðarfæri eða veiðivèlar fyrir lax, eða láta vèlarnar liggja, nema þær séu þannig festar, að þær verði eigi teknar upp án stórskemmda. Þá mega þær kyrrar vera, ef auð op eru á þeim, er gangi frá botni, þar sem dýpst er, og upp úr vatninu, þannig að op, sem að minnsta kosti sè 2 áln. á breidd, verði fyrir hverjar 6 áln. af lengd vèlarinnar fram í vatnið.

3. grein.

Hvergi, þar sem lax gengur, má við hafa lóðir, eða önnur þess konar veiðarfæri, er náð verði með smálaxi. Sömuléiðis skal það bannað, að hafa til laxveiðar stingi, krókstjaka, slaghnalla, snörur, voð með járnfesti, til að halda henni niðri, eða neins konar blys.

4. grein.

Við laxveiði má ekki við hafa net eða önnur riðin veiðarfæri með minni möskvum en svo, að $2\frac{1}{4}$ þumlungur sè milli hnúta, og möskvinn allt í kring 9 þumlungar, og sè mælt, er möskvinn er votur, og heldur ekki leggja netin á þann hátt, að laxinn komist ekki gegn um möskvana. Á laxakistum og öðrum fóstum veiði-

vælum fyrir lax skulu grindurnar vera með spelum, sem standa beint upp og niður, og skal millibilið milli spelanna vera að minnsta kosti 2 þummlungar.

5. gr.

Í fjörðum eða fyrir framan árósa má ekki við hafa nokkra veiðivél, sem geti hindrað laxinn frá að ganga upp í árnar, eins og það hvervetna er bannað, á nokkurn hátt að fæla lax frá að ganga upp í ár eða önnur straumvötn, eða upp eptir þeim.

6. grein.

Í ám, árkvíslum, árósum eða vatna-ósum eða öðrum straumvötnum, sem lax gengur í, má ekki við hafa lagnet né aðra fasta veiðivél, né garða, sem ná lengra út frá bakkanum en yfir helm-ing vatnsfarvegarins, þegar vatn er sem minnst í honum. Ef settir verða garðar eða þess konar veiðivélar frá báðum hökkum, skulu vera opin göng milli garðendanna, þar sem dýpst er, er nemi $\frac{1}{3}$ hluta allrar vantsfarvegs-breiddarinnar; þó skulu göngin aldrei þurfa að vera víðari en 40 fet, en ekki mega þau vera mjórri en 3 fet. Botninn í göngunum skal vera jafnlángur vatnsfarveginum, eins og hann er ofan og neðan stíflu, og skulu hliðarnar á göngunum liggja jafnlínis með straumstefnunni í ánni, þar sem stíflan er.

7. grein.

Enginn má hafa á boðstólum, selja, kaupa eða taka á móti laxi, sem hann veit að veiddur er á friðunartíma þeim, sem ákveðinn er í 1. grein. Eigi heldur má nokkur, hvort sem það er á friðunartímanum eður ei, hafa á boðstólum, selja, kaupa eða taka á móti laxi, sem er styttri en 11 þumlungar.

8. grein.

Landshöfðingi skal hafa vald til, að færa niður mál þau, sem ákveðin eru í 4. og 7. gr., fyrir einstök samliggjandi fiskivötn (á eða vatn) og aðrennsli til þeirra, ef hlutaðeigandi amtmaður kann að stinga upp á því, eptir að hann hefur fengið álit sveitarsjórna þeirra, sem í hlut eiga, og eptir að lóðareigendum þar í kring hefur verið gefinn kostur á, að segja álit sitt.

9. grein.

Brot gegn þessari tilskipun skulu varða sektum frá 1—50 rd., og skal sá, sem sekur er, þar að auki hafa fyrirgjört veiðinni eða andvirði hennar. Ólögleg net og önnur veiðarfæri eða veiðivælar skulu upptæk, og ólöglegir garðar eða þess háttar vèlar óhelgar fyrir broti. Hafi hlutaðeigandi að auk spillt veiðinni fyrir þeim, er fyrir ofan búá, skal hann bæta þeim skaðann eptir óvilhallra manna mati.

Þriðjungur af sektunum og af andvirði hinnar ólöglegu veiði eða veiðarfæra og veiðivæla skal falla til uppljóstrarmannsins, en hitt, sem eptir er, rennur í landssjóð.

10. grein.

Með mál um afbrigði gegn tiskipun þessari skal farið sem opinber lögreglumál.

Sök skal niður falla, þegar sá seki við birtingu stefnunnar undirgengst að borga sekt þá, er dómariinn hefur stungið upp á í stefnunni innan takmarka þeirra, sem sett eru í 9. gr., og greiðir sekt þessa og málskostnað að auki áður 3 sólarhringar líði.

Gjörð þessa skal dómari bóka í dómabókinni svo fljótt sem verður, um leið og stefnan er lögð fram.

11. grein.

Um sakarfyrning skal farið eptir því, sem fyrir er mælt 67. grein í hinum almennu hegningarlögum.

ATHUGASEMDIR við frumvarp þetta.

Samkvæmt konungsúrskurði 22. maí 1871 var lagt fyrir alþingi s. á. frumvarp til tilskipunar handa Íslandi um friðun á laxi; var það byggt á frumvarpi um fyrirkomulag máls þessa, sem komið hafði til stjórnarinnar frá þinginu með þegnlegri bænarskrá 26. ágúst 1867, og var jafnframt tekið hæfilegt tillit til álita um það, sem fengizt höfðu bæði frá háyfirvöldunum á Íslandi og fiskifróðum mönnum bæði þar og í Danmörku.

Í þegnlegu álitsskjali sínu um málefni þetta stakk þingið samt sem áður upp á, að frumvarpi því, sem lagt hafði verið fyrir, yrði breytt í samhljóðun við frumvarp, sem fylgdi álitsskjalinu, og sem var samið eptir umræðum þeim, er fram höfðu farið á alþinginu;

laut frumvarp þetta að því, að lagaboð það, sem út kynni að koma, yrði í verulegum atriðum líka lagað samkvæmt frumvarpi því, sem kom frá þinginu 1867, en samhliða álitsskjali alþingis kom til stjórnarinnar bænarskrá, sem 17 alþingismenn höfðu skrifað undir, og var þar farið fram á, að eigi yrði tekin til greina ákvörðun nokkur í frumvarpi þingsins um það, að ekki mætti setja grindur nè leggja net frá garðendum eptir straum, og að betra væri eptir þeirra álit, að fresta málinu að öllu leyti, en að láta frumvarpið verða lög, sem hefðu inni að halda tæða ákvörðun.

Stjórnin hefur þar á eptir íhugað málið á ný, og hefur aptur gefið þeim manni, sem hún hefur sèr til ráðaneytis í fiskiveiðamálum, kost á, að segja álit sitt. Við yfirvegun þessa hefur stjórnin nú komizt að þeirri niðurstöðu, að hún eigi gæti fallizt á ýmsar breytingar við frumvarpið, sem alþingi hafði stungið upp á. Á þinginu sjálfu var einnig mikill ágreiningur um, hvernig málinu skyldi koma fyrir í ýmsu tilliti, og mótbáru þær, sem drepið var á, frá hálfu 17 alþingismanna gegn mikilvægri ákvörðun, sem alþingi hafði fallizt á, virðast að benda til þess, að frumvarpið hafi eigi í öllum atriðum verið svo gaumgæfilega íhugað, sem æskilegt var, og enda þótt stjórnin hafi haldið, að fara mætti að mestu leyti eptir ósk alþingis að því, er snertir málin á veiðarfærum þeim, sem við má hafa, og stærð á lóxum þeim, sem selja má eða kaupa, var þó álitid nauðsynlegt, að gefinn yrði jafnframt kostur á, í stöku tilfellum að breyta út af hinum almennu reglum, þegar það þykir eiga við eptir því, hvernig til hagar á hverjum stað fyrir sig. Fyrir þessar sakir hefur stjórnin álitid réttast, að málið aptur yrði lagt fyrir alþingi til álita, áður en það yrði útkljáð, og hefur því látið semja hið endurskoðaða frumvarp, sem prentað er að framan.

Um hinar einstöku greinir frumvarpsins skal þess getið, sem hér segir.

Um 1. gr.

Samkvæmt ósk alþingis er haft «vötnum» í staðinn fyrir «straumvötnum», og til aðgreiningar frá því, sem á eptir kemur, er sett «sem eigi eru saltvötn».

Um 2. gr.

Sú uppástunga þingsins er tekin til greina, að hin auðu op á

veiðivélum, sem kyrrar mega vera frá laugardagskveldi til sunnudagskvelds; skuli vera tveggja áln. breið fyrir hverjar 6 álnir af lengd vélarinnar fram í vatnið, og er þar að auki bætt inn í eptir orðið «botni» «þar sem dýpst er», með því laxinn helst sækir þangað.

Um 3. og 5. gr.

Ósk alþingis um, að breyta upphafinu á 3. gr.: «Hvergi, þar sem lax gengur», og hinum samsvarandi orðum í greinunum á eptir, á þá leið, að kæmi í staðinn: «þar sem laxveiði er aðalveiði», hefur ekki orðið tekin til greina, þar það mundi mjög örðugt að skera úr því, hvort laxveiðin væri aðalveiðin í einhverju vatni eður ekki, og það gæti valdið miklum ágreiningi; þar á móti er eptir uppástungu alþingis seinni hluti 3. gr. í fyrra frumvarpinu gjörður að grein sér, eptir 4. gr., og verður því 5. gr. frumvarpsins.

Um 4., 7. og 8. gr.

Eins og drepið er á að framan í innganginum til athugasemda þessara, hefur stjórninni reyndar fundizt, að fara mætti eptir ósk alþingis að því leyti, er snertir mál á þeim veiðarfærum, sem við má hafa, og stærð þeirra laxa, sem selja má eða kaupa; þó varð stjórnin að því leyti, er snertir síðarnefnt atriði, samkvæmt uppástungu Fiedlers birkidómara framvegis að vera á þeirri skoðun, að betra sé, að fara eptir því lengdarmáli laxins, sem svarar til ummáls þess, sem alþingi hafði stungið upp á, með því hægra er að ráða lengdina en ummálið. Með því samt sem áður mikill munur er á stærð laxa í ýmsum ám, þar sem til dæmis lax úr Elliðaánum, eptir því sem sjá má af umræðunum á alþingi, að eins vegur upp og ofan 3½—4 pd., en úr Hvítá 8—10 pd., hefur þótt efasamt, hvort mál þau, sem sett eru, ættu við öll fiskivötn, og því hefur þótt nauðsynlegt, til þess að ráða bót á vandkvæðum þeim, sem af þessu gætu blotizt, að bæta við nýrri ákvörðun (8. gr.), er veití landshöfðingja vald til, að færa niður teð mál fyrir einstök samliggjandi fiskivötn, eptir að hann hefur fengið álit hlutaðeigandi amtmanns, sveitastjórna og lóðareiganda þar í kring. Að endingu skal þess getið, að bætt er inn í samkvæmt tillögum þingsins orðinu: «selja» í upphafi 7. gr. fyrir aptan: «boðstólum».

Um 6. gr.

Með því menn virðast hafa verið samdóma um það á alþingi, að ákvörðunin í 2. málsgrein 5. greinar í fyrra frumvarpinu um göng milli garða eða þess konar veiðivæla, sem settar verða gagnvart frá tveimur bökkum, sè óhagkvæm, hefur stjórninni virzt, að breyta ætti með þessari grein ákvörðuninni í hinu frumvarpinu á þá leið, að hin opnu göng samkvæmt uppástungu, sem gjörð var á alþingi, skyldu vera, $\frac{1}{3}$ af allri breidd vatnsfarvegarins. Aftur á móti hefur eigi orðið fallizt á ýmsar aðrar breytingar, sem þingið hefur stungið upp á við tæða grein. Þar sem þannig er stungið upp á, að setja í 1. málsgrein «þriðjung vatnsfarvegarins» fyrir «helming vatnsfarvegarins», þá yrði með þessari breytingu eigi að eins brugðið út af hingað til gildandi reglum um, að hver og einn hafi rétt til að stunda veiði út að miðlínu vatnsfarvegarins, heldur mundi það einnig verða laxveiði í litlum ám til mikils tjóns, en þar sem um stórar ár væri að ræða, yrði breytingin þýðingarlaus, þar eð naumast gæti orðið umtalsmál, að girða svo langt út í vatnið. Þar sem þingið enn fremur hefur stungið upp á því, að breyta skyldi greininni á þá leið, að ef girt væri frá báðum bökkum, þá mættu garðarnir eigi vera beint hvor á móti öðrum, heldur skyldi annar garðurinn ávallt vera 60 fótum ofar en hinn, þá virðist ákvörðun þessi bæði gjörð öldungis af handa-hófi með tilliti til milibilsins, og heldur ekki réttlát, með því svo sýnist, sem búendur beggja megin við ána hljóti að hafa sama rétt til að girða þar, sem þeim þykir henta. Og að því leyti, er snertir þá uppástungu þingsins, að megi ekki leggja net niður frá garðendum eptir straum, þá má ef til vill svo vera, að ákvörðun þessi eigi vel við, þar sem um litlar ár er að ræða, en laxveiðinni í hinum stærri ám mundi það verða til mikils hnekkis, með því þessi aðferð, eptir því, sem frá er skýrt í bænarskrá fyrnefndra 17 alþingismanna, er hin eina, er hófið er við og komið verður við í þessum ám.

Að því leyti, sem þingið að endingu hefur stungið upp á, að bætt yrði inn í eptir grein þessa nýrri grein, þar sem svo yrði ákveðið, að veiðivælar, sem eigi eru bannaðar í tilskipuninni, skuli vera upptækar, ef 6 kunnugir og óvilhallir menn, sem rétturinn löglega kveður, álitu, að þær, eptir því sem til hagar, verulega tálmi laxförlinni upp eptir eða niður eptir ánni, þá getur stjórnarráðinu eigi fundizt slík ákvörðun tiltækileg eða hagfeld.

Um 9. Og 11. gr.

Þessar greinir eru samhljóða greinunum 7—9 í fyrra frumvarpinu, að því undanteknu, að í 9. gr., sem nú er, er samkvæmt uppástungu alþingis nokkuð ýtarlegar skýrt frá veiðarfærum þeim, sem þar eru nefnd.

Að endingu skal þess getið, að þar sem þingið hefur óskað, að bætt yrði nýrri grein við um, að lög þau, sem út kynnu að koma, eigi skyldu ná til þeirra áa eða vatna, þar sem sjósilungur gengi, og eigi lax, þá hefur það ekki getað orðið umtalsmál, að taka upp í lagabóðið slíka ákvörðun, þar eð það virðist hljóta að vera eins áriðandi, að friða sjósilungsveiði (sjóurriðaveiði) og laxveiði í þrengri merkingu, en um þetta skal vísað til athugasemdanna við frumvarp það, sem lagt var fyrir alþingi 1871.

V. Frumvarp

til

tilskipunar um ábyrgð fyrir eldsvoða á Reykjavík-kaupstað og fl.

1. grein.

Frá 1. október 1874 skal öllum húsum í Reykjavík, hvort sem þau eru eign hins opinbera eða einstakra manna — hinum svo nefndu bæjum (húsum úr grjóti og torfi) þó því að eins, að eigendurnir æski þess —, haldið í ábyrgð, með fullu verði þeirra eptir virðingargjörðum þeim, sem haldnar verða samkvæmt því, sem fyrir er mælt hér á eptir, þannig að húsin, að því leyti, er snertir $\frac{2}{3}$ af ábyrgðarverði þeirra, verði tekin í hið almenna brunabótafélag kaupstaðarhúsa í Danmörku, en Reykjavík-kaupstaður sjálfur taki að sér ábyrgðina fyrir $\frac{1}{3}$ af ábyrgðarverðinu, bæði þegar skaðinn er gjórsamlegur og þegar hann að eins snertir nokkurn hluta eignarinnar.

2. grein.

Frá sama tíma skulu eigendur húsa þeirra, sem tekin eru í ábyrgð, jafnt og aðrir hluttakendur í tæðu brunabótafélagi, einn fyrir alla og allir fyrir einn, takast á hendur skuldbindingar þær, sem hvíla á félaginu, að tiltölu við upphæðir þær, sem ábyrgð er fengin fyrir hjá því.

3. grein.

Að svo miklu leyti, sem húsin í Reykjavík samkvæmt því, sem ákveðið er að framan, verða tekin upp í hið almenna brunabótafélag kaupstaðarhúsa, skulu allar ákvarðanir um ábyrgð fyrir eldsvoða, sem nú eru í gildi eða síðar kunna að verða settar viðvíkjandi hinum dönsku kaupstöðum, einnig gilda um Reykjavík, þó þannig:

- a. að skylda sú, er samkvæmt því, sem sagt er að framan, og ákvörðunum þeim, er nú gilda um hina dönsku kaupstaði,

hvilir á húseigendum, að halda húsum sínum í ábyrgð með fullu verði, haldist við, á meðan bærinn stendur í sambandi við brunabótafélagið;

- b. að greiddir verði auk hins venjulega brunabótagjalds, sem nú er eða síðar kann að verða sett, í viðbót 14 sk. af hverjum 100 rd. fyrir hús með þaki úr trè, eða öðru efni *jafneldfimu*, og 8 sk. af hverjum 100 rd. fyrir önnur hús;
- c. að greiða skuli tillag það til umboðssjóðsins, sem fyrir er mælt um í auglýsing 9. apríl 1872, IV., 4. gr., með 6 sk. af hverjum 100 rd. af ábyrgðarverðinu;
- d. að stjórn brunabótafélagsins hafi heimild til, að láta halda 5. hvert ár á kostnað húseigandanna almenna skoðunargjörð yfir öllum þeim húsum, sem eru í ábyrgð félagsins, eptir hinum almennu reglum um virðingargjörðir, og láta virða upp aptur þau hús, sem menn álíta að hafi lækkað í verði, til þess fært verði niður brunabótaverð þeirra. Fyrir að halda skoðunargjörðina og virða húsin að nýju skal borga brunamála-forstjóranum 1 rd. 64 sk. á dag og virðingarmönnum, hverjum fyrir sig, 1 rd. á dag, en aukaábyrgðargjald það, sem fyrir er mælt um í auglýsing 9. apríl 1872, IV., 8. gr., fellur burt;
- e. að bærinn eigi taki þátt í kosningu fulltrúa nè hafi fulltrúa sèr í félaginu, en bæjarstjórnin skuli hafa á hendi störf þau, er bæinn snerta, sem fulltrúarnir í hinum dönsku kaupstöðum gæta.

Reglur þær, sem settar eru viðvíkjandi hinum dönsku kaupstöðum um það, að gjöra upp skaðabætur, og um það hvernig þeim skuli verja, skulu gilda fyrir Reykjavík fyrir allt ábyrgðarverð þeirra húsa, sem í hlut eiga.

4. grein.

Áður en húsin eru tekin í brunabótafélagið samkvæmt 1. gr., skal dómsmálastjórnin sjá um, að haldin verði eptir hinum almennu reglum (sbr. 3. gr.) virðingargjörð á öllum þeim húsum, sem í hlut eiga. Kostnaðinn við gjörðir þessar, — en fyrir þær skal borga brunamála-forstjóranum 3 rd. á dag, en virðingamönnum, hverjum fyrir sig, 2 rd. á dag —, skulu húseigendurnir greiða að tiltölu við ábyrgðarverðið, en aptur á móti skal eigi greiða neitt aukaábyrgðargjald samkvæmt auglýsing 9. apríl 1872, IV., 8. gr.

5. grein.

Bæjarstjórnin skal hafa eptirlit með virðingargjörðum þeim, sem haldnar verða, til þess að taka hús í ábyrgð; sèr í lagi skal bæjarstjórnin, þegar húsinn eru virt í fyrsta skipti samkvæmt 4. gr., láta uppi álit sitt um verð það, sem sett er á hverja einstaka eign, og verður eigi nokkurt hús tekið í ábyrgð fyrir meira, en bæjarstjórnin álitur hæfilegt.

6. grein.

Brunabótagjaldið bæði til hins almenna brunabótafélags kaupstaðarhúsa í Danmörka og til Reykjavíkur-kaupstaðar fyrir þann hluta ábyrgðarinnar, sem hann tekst á hendur, — að með töldu aukagjaldi því, sem greiða ber, þegar ábyrgð er fengin annarstaðar fyrir þeirri ábyrgð, sem bærinn tekur að sèr —, hvílir á eignum þeim, sem undir ábyrgðinni eru, og gengur fyrir öllum öðrum skuldbindingum, sem hvíla á húsunum, hvort sem þeim er þinglýst eða ekki, og má heimta gjaldið, ef það eigi er greitt á réttum tíma, eptir reglum þeim, sem gilda um lögtak á konunglegum sköttum.

7. grein.

Á meðan sambandið við hið almenna brunabótafélag kaupstaðarhúsa helzt, má eigi gjöra neina breytingu á ákvörðunum þeim, sem gilda um húsabyggingar í Reykjavíkur-kaupstað samkvæmt opnu bréfi 29. maí 1839, sèr í lagi að því, er snertir milliþilið milli húsanna, nema samið sè um það við fulltrúa brunabótafélagsins.

8. grein.

Á öll hús í kaupstaðnum, sem eiga að vera í ábyrgð, og sem verða byggð af nýju eða byggð upp aptur, eptir að þau hafa verið rifin eða hafa brunnið, skal leggja eldtraust þak; samt skal landshöfðingi hafa vald til í stöku tilfellum, að leyfa undanþágu frá boði þessu, að því leyti, er snertir útihús og önnur þess háttar hús, ef lagt er pappþak á húsið, og að því leyti, er snertir önnur hús, fyrir ákveðinn árafjölda, samt ekki fram yfir 2 ár, eða 5 ár, ef eigandinn er efnalaus; í háðum tilfellum skal setja tilhlýðilegt veð til tryggingar því, að það verði gjört, sem undir er gengið.

9. grein.

Það er skylda kaupstaðarins að hafa til allt, sem með þarf til að slökkva húsbruna, og við halda því í góðu lagi. Allir bæjarbúar, sem til þess verða álitnir hæfir, skulu vera skyldir til að mæta tvisvar á ári eptir boði bæjarfógetans, til þess að æfa sig í að fara með sprauturnar og önnur slökkvitól. Þegar eldsvoði kemur upp, skulu allir verkfærir karlmenn í bænum vera skyldir til að koma til brunans, og gjöra allt það, sem þeim verður skipað af þeim, er ræður fyrir því, hvað gjöra skuli til þess að slökkva eldinn, eða aðstoðarmanni hans. Bæjarstjórnin skal semja og leggja undir samþykki landshöfðingja reglugjörð um það, er snertir húsbruna í Reykjavík.

10. grein.

Fulltrúum brunabótafélagsins skal áskilinn réttur til, að breyta með samþykki dómsmálastjórnarinnar því, sem fyrir er mælt í 3. gr. b., c. og e., þegar 10 ár eru liðin.

11. grein.

Dómsmálastjórnin gjörir hinar nákvæmari ákvarðanir, til þess að setja skipun þessa í verk.

12. grein.

Ef Reykjavíkur-kaupstaður gengur úr brunabótafélaginu, — en það verður, þegar það, sem fyrir er mælt að framan, annaðhvort að öllu eða nokkru leyti verður úr gildi numið —, hafa húseigendurnir ekkert tilkall til viðlagasjóðs eða umboðssjóðs brunabótafélagsins.

13. grein.

Hinar nákvæmari reglur bæði um það, hvað mikið brunabótagjald það skuli vera, sem greiða á fyrir þann hluta ábyrgðarinnar, sem Reykjavíkur kaupstaður tekst á hendur, — hér með talið auka-gjald, þegar ábyrgð er fengin annarstaðar fyrir þeirri ábyrgð, sem bærinn tekur að sér —, og um fyrirkomulagið á viðskiptum húseigandanna og kaupstaðarins að því leyti, er snertir skuldbinding þá, sem hann hefur tekizt á hendur, skulu settar með reglugjörð, sem bæjarstjórnin býr til og landshöfðingi staðfestir.

ATHUGASEMDIR við frumvarp þetta.

Eptir að því máli optar hafði verið hreift, að taka Reykjavík í eitthvert hinna dönsku brunabótafélaga, lagði stjórnin eins og kunnugt er, fyrir alþingi 1863 frumvarp um, að hús í tæðum kaupstað skyldu tekin í brunabótafélag hinna dönsku kaupstaða með fullu virðingarverði fyrir árlegt brunabótagjald, er skyldi vera 16 — 32 sk. af hverjum 100 rd., sem ábyrgð væri fengin fyrir, og er alþingi með einstökum breytingum, sem minna kvað að, hafði fallið á frumvarp þetta, var þess farið á leit hjá lögjafarvaldi Danmerkur, að fá heimild handa brunabótafélagi kaupstaðanna til þess, að taka Reykjavík-kaupstað í félagið. Það mun einnig kunnugt, að málið var torsótt á ríkisþinginu, þar sem það þótti ísjárvert, að leggja brunabótafélagi kaupstaðanna, sem yrði að skoða sem einstakra manna félag, frekari ábyrgð á herðar, á meðan svo stæði á, að þeir, sem hlut ættu í því, eigi með einhverju móli hefðu fulltrúa í stjórn félagsins, og fulltrúum eigi hefði verið gefinn kostur á, að láta álit sitt í ljósi, og sökum þessa varð það þá ofan á, að fresta málinu, þangað til útkljáð væri um, hvort félagið skyldi hafa fulltrúa í stjórninni.

Þegar húið var að gjöra út um þetta með lögum 14. maí 1870, og eptir að fulltrúar brunabótafélags hinna dönsku kaupstaða, sem skipaðir voru með tæðu lagaboði, voru seztir að stjórn, kom frá bæjarstjórninni í Reykjavík bænarskrá, sem stiptamtmaðurinn yfir Íslandi, er þá var, mælti með, um, að málið yrði tekið fyrir aftur, og stjórnarráðinu fannst því, að leita skyldi samþykkis fulltrúanna til, að kaupstaðurinn yrði tekinn í tæð brunabótafélag. Bæði sökum þess, að lög 14. maí 1870 hafa gjört breytingu á sambandi félagsins við ríkisstjórnina, og af því, að tilhögun félagsins nú samkvæmt lögum þessum er öll önnur en áður, — en í því tilliti skal þess getið, að orðið hefur að hverfa frá því, að hafa eitt og hið sama ábyrgðargjald, en heldur láta gjaldið vera komið undir ásigkomulagi og notkun húsanna —, varð samt sem áður að álíta bezt við eiga, að Reykjavík yrði látin fá hina sömu stöðu í félaginu og hver annar danskur kaupstaður, og hin sömu réttindi og skyldur, og skyldi að eins út af þessu brugðið, sèr í lagi í því, er snertir ábyrgðargjöldin, að svo miklu leyti, sem þess yrði þörf eptir því, hvernig til hagaði þar á staðnum.

Fulltrúarnir tóku reyndar vel frumvarpi því, sem upp fyrir þeim var borið, og sem að eins var frábrugðið frumvarpi því, sem

alþingi áður hafði fallizt á, í því, sem leiddi af, að sambandið milli Reykjavíkur og félagsins nú yrði að vera öðruvísi, en þeim fannst samt isjárvert, að leggja á brunabótafélag kaupstaðanna ábyrgð, sem eigi væri hægt að dæma rétt um, sökum þess að menn þekktu ekki nógu vel til, hvernig til hagaði þar á staðnum. Á hinn bóginn var það viðurkennt, að ástæða væri til þess, að hinir dönsku kaupstaðir styrktu Reykjavík, þar sem torvelt væri fyrir bæinn að efla lánstraust sitt, á meðan húsin þar eigi yrðu tekin í fast brunabótafélag, og væri enn meiri hvöt til þess, að fara eptir ósk bæjarstjórnarinnar, af þeirri sök, að bænum hafði áður verið gefin von um, að komast í brunabótafélag kaupstaðanna. Vegna þessa gengu fulltrúarnir að því, að Reykjavík yrði tekin í félagið, en þó með þeirri aðalbreyting á frumvarpi stjórnarráðsins, að Reykjavíkur-kaupstaður skyldi taka að sér $\frac{1}{3}$ af ábyrgðinni, þannig að að eins fengist ábyrgð fyrir húsunum hjá brunabótafélagi kaupstaðanna fyrir $\frac{2}{3}$ af virðingarupphæðinni, og skyldi hitt greiðast af sjóði kaupstaðarins, ef eldsvoði kæmi upp.

Þar á eptir var málið borið undir bæjarstjórnina, og lét hún þá í ljósi, að þó æskilegt væri, að því yrði komið fyrir öðruvísi, einkum á þann hátt, að brunabótafélagið tæki að sér alla ábyrgðina, eða þó að minnsta kosti, að Reykjavík yrði að öllu leyti laus við ábyrgðina, yrði hún samt að taka boði brunabótafélags kaupstaðanna sökum þeirra miklu hagsmuna, sem Reykjavíkur-kaupstaður mundi hafa af því, en þó að eins með því skilyrði, að kaupstaðurinn hefði rétt til, að fá ábyrgð annarstaðar fyrir þeim hluta ábyrgðarinnar, sem hann skyldi taka að sér samkvæmt frumvarpinu. Þar er ekkert getur verið því til fyrirstöðu frá hálfu brunabótafélagsins, að fengin verði ábyrgð annarstaðar fyrir þeim hluta ábyrgðarinnar, sem kaupstaðurinn sjálfur á að takast á hendur, — en það mundi að líkindum verða árangurslaust, að semja við brunabótafélag kaupstaðanna um breytingar þær, sem bæjarstjórnin vildi að gjörðar yrðu á skilyrðunum fyrir því, að Reykjavík sé tekin í félagið, og, hvernig sem færi, valda drætti málsins, með því fulltrúarnir fyrst eiga fund með sér í júlím. næstkomanda, — hefur það þótt réttast, að sleppa þessum samningum, og nú þegar leita álitu alþingis um málið; hefur því stjórnarráðið látið semja frumvarp það, sem prentað er að framan, og er í því ætlazt til, að ábyrgð gegn eldsvoða fái fyrir húsum í Reykjavík frá 1. oktbr.m. 1874, það er að segja með því skilyrði, að ríkisþingið

sambykki, að brunabótafélag hinna dönsku kaupstaða taki að sér skuldbindingar þær, sem ætlazt er til í frumvarpinu.

Janframt og þess skal getið, að frumvarp þetta er byggt á fyrnefndum skilmálum frá hálfu brunabótafélagsins, og að öðru leyti vísað til frumvarps þess, sem lagt var fyrir alþingi 1863, með tilheyrandi ástæðum, skal um hinar einstöku greinir gjöra þær at-
hugasemdir, sem hér koma.

Um 1. gr.

Það, sem hér er fyrir mælt, er frábrugðið 1 gr. í frumvarpi því, sem lagt hefur verið fyrir alþingi áður, sér í lagi með tilliti til þess, að brunabótafélagið hefur heimtað, að Reykjavíkur-kaupstaður skyldi taka að sér $\frac{1}{3}$ part af ábyrgðinni. Samt mun eigi neitt vera því til fyrirstöðu, að kaupstaðurinn fái ábyrgð hjá öðru brunabótafélagi fyrir sínum hluta af ábyrgðinni, og þar eð álíta má, að kaupstaðurinn muni eiga hægt með, að gjöra samninga þá, sem með þarf um þetta, við eitthvert félag, sem hefur fulltrúa í Kaupmannahöfn, fyrir ábyrgðargjald, sem að visu eigi má búast við verði svo lítið, sem goldið yrði til brunabótafélags kaupstaðanna, en sem þó varla mun verða eins mikið og nú er goldið í þeim einstöku tilfellum, þegar ábyrgð hefur verið fengin fyrir húsbruna í Reykjavík, má ganga að því visu, að kaupstaðurinn þurfi ekki að hika sér við, að taka að sér tæða ábyrgð. En að því leyti, sem hæjarstjórnin, eins og vikið var á, hefur látið þá ósk í ljósi, að málinu yrði öðruvísi komið fyrir, annaðhvort á þann hátt, að brunabótafélagið tæki að sér, að fá ábyrgð annarstaðar fyrir þriðjungnum af brunabóta-upphæðinni, eða á þann hátt að það væri látið vera ábyrgðarhluti húseigandanna, skal þess fyrst getið, að ef brunabótafélagið ætti að takast á hendur alla ábyrgðina með heimild til að fá ábyrgð annarstaðar fyrir $\frac{1}{3}$ parti, þá væri þetta í rauninni hið sama, sem stjórnarráðið hafði stungið upp á við fulltrúana, og væri munurinn að eins sá, að ábyrgðargjaldið yrði hærra fyrir ábyrgð þá, sem fengin yrði annarstaðar, og það liggur því í augum uppi, að eigi verður búist við, að fulltrúarnir gangi að þessu; en um hitt, að þriðjungurinn skyldi vera á ábyrgð húseigandanna sjálfra, skal þess getið, að sömuleiðis hefur verið vakið máls á því meðal fulltrúanna, að brunabótafélagið að eins tæki að sér nokkurn hluta af ábyrgðinni, án þess að eigendurnir væru skyldir til, að útvega ábyrgð fyrir hinu, en vandkvæði þau, sem af þessu mundi leiða,

bæði hvað örðugt yrði að ákveða, að hve miklu leyti skyldi byggja upp aptur, ef hús brynni, og sér í lagi, að þeir, sem veð ættu í húsi, hefðu þá ekki næga trygging, voru svo mikil, að þetta fyrirkomulag þótti eigi aðgengilegt.

Í 1. gr. fyrra frumvarpsins, voru settar reglur um það, fyrir hverjum hlutum mætti fá ábyrgð með húsunum, og svo lagt bann á, að fá ábyrgð hjá nokkru öðru brunabótafélagi; en það hefur eigi þótt þurfa, að setja viðlíka ákvarðanir hér, með því þær eru fólgnar í hinum almennu reglum um ábyrgð móti eldsvoða, sem samkvæmt 3. gr. skulu gilda fyrir Reykjavík-kaupstað.

Um 2. gr.

Í tilskipun um ábyrgð móti eldsvoða 29. febr. 1792, 1. gr., er svo fyrir mælt, að «öll kaupstaðarhús (að Kaupmannahöfn undan tekinni), hvort sem það eru hús einstakra manna eða hins opinbera, prestsstéttarmanna eða leikmanna, garðar eða hús, stór eða lítil, ný eða gömul, hverju nafni sem nefnd verða, skuli innbyrðis endurgjalda hvert öðru brunabætur», og verður þessi ákvörðun að gilda fyrir Reykjavík, sem gengur í félagið með sömu réttindum og skuldbindingum, sem hver annar kaupstaður í Danmörku.

Með tilliti til, að bæjarstjórnin í álitinu um málið hefur látið í ljósi, að henni fyndist þessi ákvörðun nokkuð ísjárverð, skal enn fremur þess getið, að skuldbinding sú, sem húseigendur í Reykjavík hér eptir, einn fyrir alla og allir fyrir einn, verða að gangast undir, er að eins í því fólgin, að þeir jafnt og húseigendur í dönsku kaupstöðunum að tiltölu við brunabótaupphæðina verða skyldir að greiða ábyrgðargjald það, sem nauðsyn verður á að heimta saman fram yfir hið venjulega gjald eptir taxtanum, til þess að greiða bætur fyrir húsbruna, sem orðið hafa, ef undirstöðusjóðurinn við það er orðinn minni, en hann á að vera. Auglýsing dómsmálastjórnarinnar 9. Apríl 1872, 1. gr., hefur inni að halda þær reglur, sem nú gilda um þetta.

Um 3. gr.

Það er beinlínis afleiðing af eðli málsins, að reglur þær, sem á sérhverjum tíma eru í gildi um dönsku kaupstaðina, verða einnig að gilda fyrir Reykjavík, að eins með þeim breytingum, sem leiðir af samkomulagi því milli brunabótafélagsins og Reykjavík-kaup-

staðar, sem verður staðfest með tilskipun þeirri, sem frumvarpið lýtur að.

Lög þau, sem nú eru í gildi um mál þetta, eru helzt tilskipun 29. febr. 1772, opið bréf 22. febr. 1800 og auglýsing dómsmálastjórnarinnar 9. apríl 1872. Um borgun skaðabóta og hvernig þeim skuli varið, eru reglurnar hinar sömu og í 2., 3., 5. og 6. gr. fyrra frumvarpsins, en þess skal samt getið, að svo er ákveðið í fyrnefndu opnu bréfi 22. febr. 1800, «að ef nýtt hús, viðbygging við hús, eða hús, sem hefur verið mjög mikið endurbætt, og á að vera í ábyrgð einhvers þeirra félaga, sem nefnd eru, brennur án þess að virðingargjörð hafi farið fram á undan til ábyrgðar, þá skuli brunabótafélagið samt greiða bætur fyrir eptir eiðfestri skoðunargjörð þeirra iðnaðarmeistara, sem starfað hafa að húsinu; þó er þetta bundið við þann almenna skilmála, að hið nýja hús, tilbyggingin eða aðgjörðin á húsinu hafi eigi verið undir þaki, og húsið verið í því eða það notað lengur en 4 vikna tíma áður en bruninu varð». Að öðru leyti skal því við bætt, að svo er ákveðið í lögum 14. maí 1870, að brunabótafélagið skuli í síðasta lagi á árinu 1875 skilið undan stjórn dómsmálaráðgjafans, og sett undir tilsjón hans á þann hátt, sem nákvæmar verður ákveðið í samþykkt um fyrirkomulag og stjórn félagsins eptirleiðis, eptir að ráðgjafinn og fulltrúar félagsins hafa samið um það sín á milli. Það stendur því til, að gjörsamleg breyting verði gjörð á fyrirkomulagi félagsins, og með því eigi enn er byrjað á nefndum samningum við fulltrúana, er ekki hægt, að láta í té neina upplýsing um innihald samþykktarinnar, sem von er á, en að aðalatriðunum til, borgun skaðabóta og hvernig þeim skuli varið, verða eigi eptir því, sem þegar segir í lögnum, gjörðar verulegar breytingar, og í því, að brunabótafélagið einnig framveigis verður látið vera undir tilsjón dómsmálaráðgjafans, má álíta að næg trygging sé fyrir, að því verði stjórnað eptir sanngjörnum grundvallarreglum.

Um hinar sérstöku ákvarðanir greinarinnar um Reykjavík, sem eins og sjálfsgagt er að öllu leyti eru samhljóða skilyrðum þeim, sem settar voru fyrir því, að bærinn yrði tekinn í brunabótafélag kaupstaðanna, skal geta þess, sem hér segir:

Um a. Þar sem skyldan til þess að fá ábyrgð fyrir húsum í hinum dönsku kaupstöðum fellur burt á árinu 1875, eptir lögum 14. maí 1870, helzt hún við að því leyti, er snertir byggingarnar í Reykjavík, sökum þess að hætt yrði við að öðrum kosti, að

margar byggingar og, ef til vill, þær, sem bezt væri að hafa í ábyrgð, innan skamms yrðu sagðar úr brunabótafélaginu, svo fara kynni á þá leið, að félagið hefði varla nóg í ábyrgðargjöldunum fyrir hús þau, sem eptir yrðu, til þess að greiða umboðsútgjöldin, og því síður nokkurt endurgjald fyrir skaðabætur, sem það yrði að greiða, ef húsbrunar kæmu fyrir.

Um b. Samkvæmt auglýsing 9. apríl 1872, IV., er hið árlega brunabóttagjald fyrir hús, sem höfð eru til íveru eða almennrar atvinnu :

fyrir hús úr tígulsteini eða úr trè og tígulsteini með eldtraustu þaki 6 sk. af 100 rd.
fyrir hús, þegar byggingin er lakari 12 — - 100 —

Eptir ákvörðun þeirri, sem hér er sett, verður brunabóttagjaldið fyrir Reykjavík 14, 20 eða 26 sk. af hverjum 100 rd. á ári, eða að við bættu því tillagi til umboðssjóðsins, sem getið verður í stafflið c., hér um bil hið sama, sem ákveðið var í fyrra frumvarpinu, sumsé 16, 24 eða 32 sk af hverjum 100 rd. á ári. Bæði eptir umræðum þeim, sem fram hafa farið um þetta, og þegar litið er til þess brunabóttagjalds, sem nú á að greiða, má nú að vísu álíta, að þetta atriði sé síður merkilegt, en þó skal tekið fram, að tæð auglýsing hefur inni að halda almennar reglur um ábyrgðargjalds-taxta, sem sjálfsgætt að öllu leyti verða gildandi fyrir Reykjavík, og leiðir af þeim meðal annars, að þurrabúðir og þess háttar hús, ef bygging þeirra eigi er sérstaklega brunahætt, verða talin í fyrsta ábyrgðar-flokki.

Um c. Þar sem ákveðið er, að greiða skuli 6 sk. árlega af hverjum 100 rd. af ábyrgðarupphæðinni í tillag til umboðssjóðsins, í stað þess að gjald þetta í dönsku kaupstöðunum er látið vera 2 sk. af hverjum 100 rd., þá kemur þetta til af því, að umboðsútgjöldin hljóta að verða meiri fyrir Reykjavík, en fyrir kaupstaði í Danmörku. Það er þannig ógjörandi, að launa fulltrúa félagsins (brunamálaforstjóranum) á sama hátt eins og í dönsku kaupstöðunum, eða með öðrum orðum að veita honum að eins 50 rd. og 8 rd. af hverjum 100,000 rd. af ábyrgðarupphæðinni, eða alls hér um bil 74 rd.; því hvort sem litið er til þess, að það var í ráði við hinar fyrri umræður um ábyrgð móti húsbruna fyrir Reykjavík, að láta laun brunamálaforstjórans vera 100 rd., auk þeirra aukatekja, sem þá voru ákveðnar, — en nú eru honum eigi ætlaðar aukatekjur fyrir önnur störf en þau, sem koma fyrir, þegar húsinn

eru tekin í brunabótafélagið og þau eru virt upp aptur 5. hvert ár —, eða til þeirrar þýðingar og þeirrar ábyrgðar, sem verður samfara embættinu, er það auðsætt, að eigi verður búizt við, að því verði stjórnað vel, nema hærri laun séu veitt. Ef þau verða látin vera 120 rd., — en það hlýtur sjálfsagt að vera komið undir ákvörðun fulltrúanna eins um Reykjavík og um dönsku kaupstaðina —, og þegar að því er gætt, að brunabótafélagið greiðir allan kostnað við fyrirfallandi virðingargjörðir, burðargjald undir peningasendingar og önnur þess konar útgjöld, og að ætla megi handa aðalstjórn félagsins 1 sk. af hverjum 100 rd. á ári, þá liggur það í augum uppi, að tillagið til umboðssjóðsins verði ekki sett lægra, en gjört er, eigi sjóðurinn að geta greitt umboðsútgjöldin til fulls, en það hefur félagið heimting á.

Um d. Ákvörðunin hér er samhljóða 4. gr. í fyrra frumvarpinu. Að öðru leyti verður það að koma undir stjórn brunabótafélagsins, að gjöra hinar nákvæmari ákvarðanir um þetta atriði, og má ganga að því vísu, að endurvirðingargjörðirnar verði haldnar á þann hátt, að húseigendurnir hafa sem minnstan бага af því.

Um e. Með því brunabótaverð Reykjavíkur eigi verður svo mikið, að bærinn geti fengið fulltrúa fyrir sig eins og dönsku kaupstaðirnir, verður að sjá um, að störf þau, sem fulltrúarnir hafa á hendi á hverjum einstökum stað, og sem nú sem stendur mest eru í því fölgín, að velja virðingarmenn og segja álit sitt um skipun brunamálaforstjóra, verði framkvæmd á annan hátt, og hefur það þótt bezt við eiga, að bæjarstjórnin, sem þar að auki af öðrum ástæðum varðar um, að málefni þessu verði vel komið fyrir, takist þetta starf á hendur.

Um niðurlag greinarinnar skal þess að eins getið, að þessi ákvörðun er eðlileg afleiðing af því, að tilgangurinn með því, að brunabótafélagið setti þann aðalskilmála, að Reykjavíkur-kaupstaður tæki að sér $\frac{1}{3}$ part af ábyrgðinni, er eins og drepið er á að framan að miklu leyti sá, að útvega þeim, sem veð hafa, og öðrum hlutaðeigendum trygging fyrir því, að hús, sem brennur, verði byggt upp aptur fyrir allt það ábyrgðarverð, er það fyr hafði. Verði því hús, sem brunnið er og svo er byggt upp aptur, eigi virt til ábyrgðar eins hátt og áður, greiðir brunabótafélagið að eins $\frac{2}{3}$ af virðingarverði því, sem nú er á það sett, og Reykjavíkur-kaupstaður er heldur eigi skyldur til að borga meira en $\frac{1}{3}$ part

af því, þangað til húsið er að byggja nýtt hús fyrir allt brunabóta-
verðið, sem áður var.

Um 4. og 5. gr.

Um greinir þessar er að eins fundin ástæða til að geta þess, að þar sem ákveðið er í 5. gr., að bæjarstjórnin skuli hafa eptirlit með virðingargjörðum, þá er þetta byggt á því, að stjórn brunabótafélagsins bæði sökum þess, að hún þekkir eigi til, hvernig til hagar þar á staðnum, og vegna fjarlægðar Íslands ekki er fær um, að koma við nokkurri þess háttar tilsjón, en undir því er ekki lítið komið fyrir félagið. Það virðist og þar að auki með öllu eðlilegt eptir því, hvernig kaupstaðurinn er riðinn við málið, að veita bæjarstjórninni vald til að sjá um þarfir kaupstaðarins í þessu tilliti.

6. gr.

er í öllum verulegum atriðum samhljóða 7. gr. í fyrra frumvarpinu.

Um 7. gr.

Með því brunabótafélagið að eins hefur getað gengið að því, að taka Reykjavík-kaupstað í félagið með því skilyrði, að þau lög, sem gilda um húsabyggingar, verði haldin, er það eðlilegt, að heimitað sé, að eigi verði nokkur breyting gjörð á tæðum lögum, nema samið sé um það á undan við fulltrúana.

Um 8. gr.

Fimmta skilmálanum, sem brunabótafélagið hafði sett fyrir því, að Reykjavík yrði tekin í félagið, þóttist stjórnarráðið upp á væntanlegt samþykki fulltrúanna geta breytt nokkuð eptir óskum bæjarstjórnarinnar; hér skal að eins þess getið, að samkvæmt þessu virðist eigi geta orðið umtalsmál um neina skyldu til að leggja þak úr steini eða málmí á þurrabúðir eða þess konar minni háttar hús.

Um 9. gr.

Með þessari ákvörðun virðist eigi lagður neinn byrðarauki á kaupstaðinn.

Um 10. gr.

þar sem brunabótafélaginu er áskilinn réttur til, að gjöra

breytingar eptir 10 ár, sèr í lagi að því leyti, er snertir taxtann á ábyrgðargjaldinu, þá er þetta að miklu leyti byggt á því, að eigi er hægt nú sem stendur að dæma rétt um, hvað álitid verði hæfilegt ábyrgðargjald, sökum þess að mönnum er mjög ókunnugt um, hvernig á stendur í Reykjavík í þeim efnum, er að ábyrgðinni lúta, en það er hvorttveggja, að þetta atriði yfir höfuð hvorki stendur brunabótafélaginu eða húseigendunum á mjög miklu, enda má ganga að því vísu, að fulltrúarnir, sem að öðru leyti í þessu tilliti þurfa að fá samþykki dómsmálaráðgjafans, eigi munu fara fram á neina ósanngirni við kaupstaðinn, og eru jafnvel, ef framvegis gengur vel, líkindi líl, að færa megi niður nokkuð auka-ábyrgðargjald það, sem nefnt er í 3. grein.

Í álitu sínu hefur bæjarstjórninni virzt svo sem í þessari ákvörðun væri bent til þess, að kaupstaðurinn yrði þá fyrst, er 10 ár væru liðin, fyrir fullt og allt tekinn í brunabótafélagid, og væri það þá á valdi félagsins að útiloka kaupstaðinn aptur úr því. Þetta er samt sem áður misskilningur, því Reykjavík verður tekin í brunabótafélag hinna dönsku kaupstaða með fullum réttindum og skyldum húseigandanna, jafnskjótt og tilskipunin, sem út á að koma, öðlast gildi, og frá þeim tíma og á meðan tilskipunin að öllu leyti er í gildi getur brunabótafélagid eigi frá sinni hlið gjört nokkra breyting á sambandinu milli þess og kaupstaðarins innbyrðis, og getur ekki losað sig við skuldbinding þá, sem það hefur gengizt undir, með því að taka kaupstaðinn í félagid, gagnvart þeim, er veð hafa í húsum, sem ábyrgð er fengin fyrir. Aptur á móti getur Reykjavíkur-kaupstaður á hverjum tíma, sem vera skal, fyrir tilstilli löggjafarvalds Íslands gengid úr sambandinu við brunabótafélagid, með því að koma til leiðar, að tilskipunin verði numin úr gildi, og má ganga að því vísu, að fulltrúar brunabótafélagins aldrei verði því mótfallnir, að farið verði eptir ósk kaupstaðarins í þessu tilliti.

Fyrir 11. gr.

mun varla þurfa að tilfæra ástæður.

Um 12. gr.

Með því kaupstaðurinn eigi hefur goldid neitt tillag til viðlagasjóðs þess, sem stofnaður er fyrir brunabótafélagid, og þar eð heldur ekki, eins og var í ráði áður (sbr. 8. gr. í fyrra frumvarp-

inu), er heimtað af honum nokkurt tillag til sjóðsins, er það eðli-
legt, að kaupstaðurinn eigi hafi nokkurt tilkall til eigna félagsins,
ef hann kann að ganga úr því. Hið sama er að öðru leyti þegar
ákveðið eða verður í öllu falli ákveðið um kaupstaðina í Danmörku,
með því það er grundvallarregla, sem fylgt er í lögum 14. maí
1870, 7. gr., að viðlagasjóðurinn sé eign félagsins sjálfs, án þess
að nokkur einstakur kaupstaður eður hluttakandi geti krafzt hluta
í honum.

Um 13. gr.

Ef þess verður æskt, að brunamálaforstjórinn auk ábyrgðar-
gjaldsins til brunabótafélags kaupstaðanna heimti einnig saman-
gjöldin til kaupstaðarins, þá má sjálfsgang ganga að því vísu, að
brunabótafélagið sýni alla þá greiðvikni, sem orðið getur, í því sem
öðru, en þó er haldið, að það sé hægast og eigi bezt við, að sá,
sem tekur við öðrum gjöldum kaupstaðarins, einnig heimti saman-
ábyrgðargjaldið.

VI. Frumvarp

til

tílskipunar um hegningarvald það, sem stjórn hegningarhússins á Íslandi hefur.

1. grein.

Landshöfðinginn yfir Íslandi getur ákveðið hegningu fyrir minni háttar yfirsjónir, sem fangar þeir, er dæmdir eru í hegning-
arhúsið í Reykjavík, verða sekir í, ef hann álitur, að þær verði
afplánaðar með einhverri af refsingum þeim, sem hér skulu taldar :

- a, harðari hegningarvinnu um allt að 8 vikna tíma ;
- b, líkamlegri refsingu, allt að 27 höggum með hnúta-kaðli, kaðal-
enda, eða reyrpiki, þá er karlmenn eiga í hlut, sem eru eldri
en 18 ára ; allt að 18 höggum með reyrpiki, sè þeir frá 15 til
18 ára að aldri, en ef börn eiga í hlut, sem ekki eru eldri en
15 vetra, með allt að 18 vandarhöggum ;
- c, hegningu við vatn og brauð, allt að þrisvar sinnum 5 dögum,
sem skal út tekin í kompu sèr, en þess skal samt gætt, sem
fyrir er mælt í hinum almennu hegningarlögum fyrir Ísland 25.
júni 1869, 23. grein ;
- d, fangelsi sèr í kompu, allt að 6 mánnðum, eptir því, sem atvik
eru til, annaðhvort án þess að þeim seka leyfist, að hafa það,
sem hann hefur unnið sèr inn með aukavinnu, til þess að fá
sèr aðra eða meiri fæðu, en ákveðin er, eða án þess hann sè
látinn vinna, en samt má ekki beita síðarnefndri hegning leng-
ur í senn en í mesta lagi 4 vikur, og skal líða á milli minnst
1 vika.

2. grein.

Líkamlegri refsingu má eigi beita, fyr en búíð er að leita á-
lits læknisins um, hvort fanginn geti þolað hana, og skal hann ávallt
frankvæmd í viðurvist bæjarfógetans í Reykjavík, en ekki í augsyn
hinum föngunum, nema landshöfðingi hafi beinlínis ákveðið það.

Sérhver sá fangi, sem út tekur slíka refsingu, skal þegar á eptir settur í kompu einn sér til næsta dags. Það er að öðru leyti vitaskuld, að líkamlegum refsingum verði venjulega ekki beitt, nema það hafi sýnt sig, að vægari aðferð, t. a. m. ofanígjöf eða fangelsi í kompu sér um tíma, hafi verið árangurslaus.

3. grein.

Álit landshöfðinginn, að afbrotið sé svo saknæmt, að það eigi verði afplánað með nokkurri af þeim refsingum, sem nefndar eru í 1. gr., skal málið ganga til dóms og laga eptir þeim reglum, sem um sakamál gilda, og skal þeim einnig fylgt, ef dómum, sem falla í þessum málum, verður skotið til æðri réttar.

4. grein.

Bæjarfógetinn í Reykjavík hefur vald til, samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í 2. gr., að hegna fóngunum fyrir yfirsjónir, er lúta að óreglu, með allt að 9 höggum með reyrprika eða vendi, eða með fangelsi í kompu sér allt að 2 sólarhringum; samt má eigi beita hýðingu með reyrprika við kvenmenn, sem eru í fangelsi.

5. grein.

Sérhverja hegning, sem samkvæmt þessari tilskipun er beitt við einhvern fanga, skal færa inn í hegningarbók, sem landshöfðingi löggildir, og skal þar jafnframt skýrt frá afbrotinu.

ATHUGASEMDIR við frumvarp þetta.

Áður en farið verður að nota hegningarhús það, sem byggt var á Íslandi í fyrra, þarf meðal annars, að gjöra ákvörðun um hegningarvald það, sem veita skal stjórn hegningarhússins. Dómsmálastjórnin hefur í því tilliti álitit réttast, að það, sem fyrir mælt er í lögum þeim, sem gilda fyrir Danmörk um hegningarvald það, sem stjórnir hinna borgaralegu hegningarhúsa hafa, 3. desbr. 1850, verða að mestu leyti leitt í gildi á Íslandi, með þeim breytingum, sem leiðir af því, hvernig til hagar þar, og hefur hún til þess látið semja frumvarp það, sem prentað er að framan.

Jafnframt skal þess getið, að það hefur verið ihugað, hvort láta mætti lenda við frumvarpið eins og það er hér að framan, svo það að eins hefði inni að halda sérstakar hegningar fyrir minni-

háttar yfirsjónir — þó ekki einungis fyrir óhlýðni við yfirboðara, heldur einnig fyrir önnur brot gegn góðri röð og reglu í hegningarhúsinu, t. a. m. ofbeldi, svik og stuld á verkefni og áhöldum, sem hegning einnig liggur við eftir hinum almennu hegningarlögum fyrir Ísland 25. júní 1869 — þar eð svo er ráð fyrir gjört í 30., 66. og 112. gr. tæðra hegningarlaga, að til sæu sérstök hegningarlög eigi að eins fyrir minni háttar yfirsjónir, heldur einnig fyrir eiginlega misgjörninga, sem drýgðir eru í hegningarhúsinu, en slík sérstök hegningarlög eru ekki til á Íslandi, þar sem hin opnu bréf 31. ágúst 1813 og 16. júlí 1817 að eins gilda fyrir Danmörku. Eins og þeim þyngri hegningum, sem fyrir er mælt um í tæðum opnum bréfum, samt sem áður naumast hefur verið heitt fyrir afbrot, sem drýgð hafa verið í hegningarhúsum í Danmörku, eftir að hin almennu borgaralegu hegningarlög 10. febr. 1866 voru út komin, þótt vísað sæ þar til þeirra, þannig hefur eigi þótt næg ástæða til nú sem stendur, að láta lög koma út um sérstakar þyngri hegningar fyrir misgjörninga, sem drýgðir verða í hegningarhúsinu í Reykjavík; hefur stjórnarráðinu virzt, að koma megi hinum almennu hegningarlögum fyrir Ísland við fyrir misgjörninga, sem drýgðir verða í hegningarhúsinu, og sem eigi verða afplánaðir með hegningum þeim, sem getið er um í frumvarpinu að framan, og þegar að er gætt, að hegningunum er markað svo vítt svið í hinum almennu hegningarlögum, mun að öllum jafnaði mega koma við nægilega þyngri hegningu fyrir slík afbrot, ef það kann að þykja nauðsynlegt, að láta þau sæta harðari hegningu en venjulegt er.

Um hinar einstöku greinir frumvarps þess, sem prentað er að framan, skal að öðru leyti geta þess, sem hér segir.

Þar eð landshöfðinginn yfir Íslandi samkvæmt tilskipun um byggingu hegningarhúss og fangelsa á Íslandi, m. fl., 4. marz 1871, 7. gr., sbr. erindisbréf fyrir landshöfðingjann yfir Íslandi, 29. júní 1872, 14. gr., hefur á hendi yfirsjónina yfir hegningarhúsinu, en bæjarfógetinn í Reykjavík stjórnina, er hegningarvald það, sem getið er um í 1. gr. frumvarpsins — en eftir lögum 3. desbr. 1850 er það falið forstjóra hlutadeigandi hegningarhúss — fengið landshöfðingja í hendur, en hegningarvald það, sem fyrir er mælt í 4. gr., og sem með lögum 3. desember 1850 er veitt umsjónarmanni hegningarhússins, bæjarfógetanum í Reykjavík. Þær ákvarðanir frumvarpsins, sem segja fyrir um refsingar, eru samhljóða lögnum frá 1850, að því einu undan teknu, að sam-

kvæmt því, sem fyrir er mælt í 10. gr. í hinum almönnu hegn-
ingarlögum fyrir Ísland, að hýðingu með reypríki að eins verði
beitt við karlmenn, hefur eigi þótt hæfa, að þessi refsing yrði höfð
við kvenmenn, sem sitja í fangelsinu, en það er leyft í lögnum
frá 1850. Ákvarðanirnar í 3. gr. tæðra laga eru eigi teknar í frum-
varp þetta, með því menn eigi framar eru dæmdir til að sitja í
ströngu varðhaldi.

VII. Frumvarp

til

tílskipunar um móttvarnir gegn því, að bólusótt og hin austurlenzka kólerusótt flytjist til Íslands.

1. grein.

Þegar skip kemur til Íslands frá einhverjum þeim stað, sem samkvæmt auglýsing dómsmálaráðgjafans er álitinn sýktur annaðhvort af bólusótt eða hinni austurlenzku kólerusótt, þá má eigi setja neinn mann (hvorki farþega eða skipverja) í land af því skipi, fyr en hlutadeigandi héraðslæknir eða einhver annar löggildur læknir hefur rannsakað það eptir tilhlutun heilbrigðisstjórnarinnar. Öll skip, sem koma til Íslands frá slíkum stöðum, skulu, áður en hafðar eru samgöngur við land á öðrum stöðum, koma við á einhverri af þeim höfnum, sem hér skulu nefndar: Reykjavík, Vestmannaeyjum, Stykkishólmi, Ísafirði, Akureyri eða Eskifirði, til þess þau verði rannsökuð, eins og sagt er.

Hið sama er og um skip — þar með einnig talin fiskiskip —, sem koma frá öðrum stöðum, ef á þeim eru menn, sem eru veikir af bólusótt eða kóleru, eða hafa verið það einhvern tíma á leiðinni, eða lík manna, sem dánir eru af sóttum þessum.

2. grein.

Fái landshöfðinginn yfir Íslandi, áður en slík auglýsing dómsmálaráðgjafans, sem nefnd er í greininni á undan, er komin til hans, með öðru móti áreiðanlega vitneskju um, að einhver höfn í útlöndum sè sýkt annaðhvort af bólusótt eða hinni austurlenzku kóleru, skal hann hafa vald til, að gefa út fyrir hönd dómsmálaráðgjafans samsvarandi auglýsing, sem hafi sama gildi, og væri hún komin frá ráðgjafanum. Á sama hátt skal honum heimilt að gefa út auglýsing um, að landfarsóttin sè hætt, ef hann hefur áreiðanlega vitneskju um, að það sè álitid, að tæðar landfarsóttir gangi eigi lengur í höfnum þeim, sem sagðar voru áður sýktar.

Í hvert skipti, sem landshöfðinginn notar vald það, sem honum er veitt samkvæmt því, sem sagt er að framan, skal hann þegar í stað senda skýrslu um það til dómsmálaráðgjafans.

3. grein.

Á skipum þeim, sem nefnd eru í 1. grein, skal, áður en þau sigla inn á höfnina, draga grænt flagg upp í topp í stóru siglunni, eða hvítt, ef grænt flagg ekki er til á skipinu.

4. grein.

Verði sú raun á við lækni-rannsóknina, að á skipinu séu grunsöm veikindi (menn veikir eða dánir), eða að þau hafi gjört vart við sig á leiðinni, eða að heilbrigðisástand skipsins yfir höfuð sé svo, að hætt sé við, að sýkin flytjist í land, skal heilbrigðisstjórnin, áður en nokkrum verði leyft að fara í land af skipinu, gjöra þær ráðstafanir, sem með þarf, til umönnunar þeim sjúku og til þess að þeir dónu verði fluttir úr skipinu, og það verði hreinsað, og skal skipið látið vera aðskilið frá öðrum skipum þangað til þessar ráðstafanir eru gjörðar.

5. grein.

Í hvert skipti og um svo langan tíma, sem dómsmálaráðgjafinn eða fyrir hans hönd landshöfðinginn ákítur það nauðsynlegt, skal í fyrnefndum kaupstöðum og verzlunarstöðum vera til reiðu hæfilegt hús, þar sem tekið verður við mönnum, sem komnir eru að sjóleiðis og eru veikir af bólusótt eða kóleru, og hjúkrað að þeim á haganlegan hátt. Hlutadeigandi amtmaður skal sjá um, að hús þetta verði útvegað og svo húsgögn þau, sem með þarf, og skal hann á undan semja um það við sveitarstjórnir þær, sem í hlut eiga, og stjórn læknasjóðsins íslenzka, nema kringumstæðurnar heimti, að ráð verði tekin þegar í stað.

6. grein.

Fyrir rannsókn þá, sem nefnd er í 1. grein, skal greiða læknum í þóknun 2 rd. fyrir skip, sem að rúmmáli eru allt að 60 tons, 3 rd. fyrir skip allt að 100 tons, og 5 rd. fyrir skip yfir 100 tons. Þóknunin til lækni og borgunin fyrir flutning hans út á skipið og í land aftur, og kostnaðurinn við lækningar á þeim sjúklingum, sem fluttir voru í land, greptrunarkostnaður, ef svo

stendur á, og útgjöld við að hreinsa skipið skal allt greitt af skipinu, og skal skipið vera að veði fyrir borguninni, og áður en nokkur af þeim, sem á því eru, verður settur í land, setja trygging fyrir því, að gjöld þau, sem hvíla á skipinu, verði greidd. Að því leyti, er snertir herskip, skal greiða gjaldið til læknisins af landssjóðnum.

Öll önnur útgjöld, til þess að setja tilskipun þessa í verk, og sèr í lagi kostnaðinn við að útvega hús það, sem nefnt er í 5. grein, og þau húsgögn, sem til þess þarf, skal greiða á þann hátt, að $\frac{1}{3}$ borgist af læknasjóðnum íslenska, $\frac{1}{3}$ af hlutaðeigandi sýslufélagi eða kaupstað, og $\frac{1}{3}$ af jafnaðarsjóði þess amts, sem í hlut á.

7. grein.

Fyrir afbrot gegn 1. og 3. grein og ákvörðunum þeim, sem heilbrigðisstjórnin gjörir samkvæmt 4. grein, skulu koma sektir, sem sèu allt að 100 rd., að svo miklu leyti sem þyngri hegning ekki liggur við samkvæmt almennum lögum. Sektir þessar renna í landsjóð. Með mál, sem rísa af afbrotum gegn tilskipun þessari, skal farið sem opinber lögglumál.

8. grein.

Dómsmálaráðgjafinn getur ákveðið, að tilskipun þessi skuli gilda um aðrar hættulegar landfarsóttir, en þær, sem nefndar eru í 1. grein, og má hann leyfa að skip þau, sem getið er um í tæðri grein, sigli inn á aðrar hafnir, en þær, sem þar eru taldar.

Enn fremur getur dómsmálaráðgjafinn, þegar kringumstæður leyfa það, veitt tilslökun á því, sem fyrir er mælt í 1. grein, og ákveðið þóknun læknisins fyrir rannsóknir, sem fram fara á landi.

ATHUGASEMDIR við frumvarp þetta.

Eins og lög þau, sem út komu 1. maí 1868 fyrir hina parta konungsríkisins, um mótvarnir gegn því, að hin austurlenska kólerusótt flytjist til landsins sjóleiðis, eru leidd í gildi á Færeyjum með lögum 8. janúar 1872, með þeim breytingum, sem nauðsynlegar eða hagfelldar eru eptir því, hvernig til hagar þar, þannig hefur það verið íhugað, hvort eigi væri ástæða til að gjöra líkar ráðstafanir að því leyti, er snertir Ísland. Þar eð tilskipun um

sóttvarnarhald 8. febr. 1805 enn þá gildir fyrir Ísland, og löginn 10. marz 1852, sem að því leyti, er snertir Danmörk, taka af allt sóttvarnarhald gegn hinni austurlenzku kóleru, eigi er leidd í gildi á Íslandi, er að vísu minni nauðsyn á, að láta löginn 1. maí 1868 komast í gildi þar, en verið hefur á því, að setja lög fyrir konungsríkið um tilsjón með tæðri sótt; en með því álíta má, að það, sem fyrir mælt er í nefndum lögum, sè bæði betur samsvarandi tímanum og betur tryggjandi, en sóttvarnarákvarðanir þær, sem nú eru í gildi, og sem eigi heldur er svo hægt að framkvæma, virðist það samt æskilegt, að lög þessi verði leidd í gildi á Íslandi. Sér í lagi er það annmarki á skipulagi því, sem nú er, að eigi eru ákvarðanir til um, að gjört sè skipum, sem koma frá stað, sem sýktur er af kóleru, að skyldu, áður en hafðar verði samgöngur við land á öðrum stöðum, að sigla fyrst inn á höfn, þar sem lækni-rannsókn sú, sem með þarf, geti fram farið, og ráðstafanir verði gjörðar til aðhjúkrunar á sjúkum mönnum í landi, hreinsunar skipsins og fl., en í þessum ákvörðunum virðist, eptir því sem til hagar þar, að vera hin mesta trygging gegn því, að sýkin komist í landið. Með lögum 15. apríl 1854 um siglingar og verzlun er reyndar öllum útlendum verzlunarskipum gjört að skyldu, áður en þeim leyfist að sigla til annara löggilda verzlunarstaða, að hleypa inn á einhverja þeirra 6 hafna, sem nefndar eru í lögnum, þar sem settur er héraðslæknir, og góðri heilbrigðisstjórn því verður komið við; en þar eð ákvörðun þessi að eins nær til útlendra skipa og þó ekki nema til verzlunarskipa, nægir hún eigi, til þess að við verði hafðar nákvæmar gætur á því, að næmar landfarsóttir flytjist eigi til Íslands, en á hinn bóginn bendir hún mönnum á þá stefnu, sem fara skal í þessu tilliti.

Þar sem löginn 1. maí 1868 og löginn fyrir Færeyjar 8. janúar 1872 að eins ræða um hina austurlenzku kóleru, og dómsmálaráðgjafanum jafnframt í 7. gr. er veitt vald til að gefa út tilskipun um, að löginn skulu ná til annara hættulegra landfarsóttá, hefur það þótt hagsfellt, að láta frumvarp það, sem prentað er að framan, þegar gilda um bólusótt jafnt og um hina austurlenzku kóleru. Hættan við, að bólusótt flytjist til Íslands er hin sama, og þótt það, sem fyrir er mælt um bólusóttina í opnu bréfi 20. júní 1838, í verulegum atriðum sè samhljóða því, sem ákveðið er í lögum 1. maí 1868 til móttvarnar gegn kóleru um, að tekið verði við veikum mönnum í landi, um að hreinsa skuli skipið og halda

því sér, þangað til því er lokið af, vantar hér samt aptur hina á-
ríðandi ákvörðun, sem getið er að framan, að skip, sem komi frá
einhverjum stað, sem álitinn er sýktur af nefndum sjúkdómi, skuli
sigla inn á einhverja af höfnum þeim, þar sem hægt er að hafa
heilbrigðisstjórn, áður en þeim leyfist að koma við annarstaðar,
enda vantar og ákvörðun um, að útvega skuli hæfilegt hús, til þess
þar verði tekið við sjúklingum, sem er harðla áriðandi, og um
borgun kostnaðarins við þetta og lækningarnar. Með tilliti til ann-
ara sótta, sem eigi eru svo næmar sem bólusótt og kóléra, virð-
ist nægja, að dómsmálaráðgjafanum veitist vald til, að gefa út til-
skipun um, að lagaboð það, sem út kann að koma, skuli gilda
um þær.

Samkvæmt þessu er í dómsmálastjórninni samið frumvarp það,
sem prentað er að framan, og er það byggt á frumvarpi frá stípt-
amtmaninum yfir Íslandi, sem var; um hinar einstöku greinir
frumvarpsins skal að öðru leyti þess getið, sem hér segir.

Um 1. gr.

Þótt það sé beinlínis tekið fram, að öll skip, er svo stendur
á fyrir, sem sagt er í greininni, skuli, áður en samgöngur eru
hafðar við land á öðrum stöðum, hleypa inn á einhverja af höfn-
um þeim, sem nefndar eru í lögum 15. apríl 1854, þar sem bæði
lögreglustjórnin og héraðslæknirinn hafa aðsetur, til þess heilbrigð-
isstjórnin rannsaki þau þar, hefur samt þótt hæfa, að nefna sér-
staklega í 2. lið greinarinnar fiskiskip, til þess að koma í veg
fyrir misskilning um, að tilskipunin eigi ná til annara skipa, en
þeirra, sem koma beina leið frá einhverjum af þeim stöðum, sem
álitnir eru sýktir.

Um 2. gr.

Þar eð það getur viljað til sökum fjarlægðar Íslands og þess,
að pósthæðirnar milli Kaupmannahafnar og landsins eru fáar, að
áreiðanlegar fregnir um, að kóléra eða bólusótt hafi gjört vart við
sig, eða sé hælt á einhverjum stað í útlöndum, sem skip koma
frá til Íslands, berist fyr þangað beina leið en með auglýsing
þeirri frá dómsmálaráðgjafanum, sem útheimtist til þess tilskipun-
inni verði heitt, er svo fyrir mælt í 2. grein, að landshöfðingjan-
um veitist vald til, að gefa út, þegar svo stendur á, fyrir hönd ráð-
gjafans, auglýsing þá, sem með þarf.

3. og 4. gr.

eru samhljóða 2. og 3. grein í lögum 1. maí 1868 og 8. janúar 1872.

Um 5. gr.

Þar sem það hefur þótt ráðlegt, að landshöfðinginn fái vald til, þegar þörf er á því, að ákveða fyrir hönd dómsmálaráðgjafans, hve nær og fyrir hvað langan tíma sjúkrahúsið skuli vera til reiðu, hefur virzt réttast, að gjöra hlutaðeiganda amtmanni að skyldu, að sjá um, að tæð húsi verði útvegað, og láta hann á undan semja um það við hlutaðeigandi sveitastjórnir og stjórn hins íslenska læknasjóðs, nema kringumstæðurnar heimti, að ákvörðun sé tekin þegar í stað.

Um 6. gr.

Í þessari grein er þeim kostnaði, sem eigi verður greiddur af skipinu — en viðvikjandi honum er farið eptir lögnum 1. maí 1868, að því viðbættu, að greptrunarkostnað skuli greiða á sama hátt, — skipt í 3 jafna parta eptir uppástungu stiptamanns, þannig að læknasjóðurinn íslenski, hlutaðeigandi sýslufélag eða kaupstaður og jafnaðarsjóður þess amts, sem í hlut á, greiði sinn þriðjunginn hver, af því það virðist sanngjarnt, að eigi að eins það sveitarfélag, þangað sem sóttin flyzt að, heldur einnig hlutaðeigandi amt, sem á mjög mikið í hættunni, ef sóttin breiðist út frá þeim stað, þar sem hún er komin, og að endingu allt landið, (sem geldur til læknasjóðsins) taki þátt í, að stemma stigu fyrir því, að fárið út breiðist. Að því leyti, sem ákveðið er í niðurlaginu á 1. lið þessarar greinar, að gjaldið til læknisins skuli greitt af landsjóðnum, skal þess getið, að þar sem herskip að vísu hvervetna eru álitin skyld til að haga sér eptir gildandi sóttvarnarboðum, er það aptur á móti regla eptir hernaðarsíð og því, sem við gengst þjóða á milli, að eigi verði lagt á þau nokkurt gjald í því skygni.

Um 7. gr.

Samhljóða því, sem ákveðið er í lögum 1. maí 1868, 6 gr., og í lögum fyrir Færeyjar 8. janúar 1872, 6. gr., er svo fyrir mælt í greininni hér, að sektir fyrir afbrot gegn tilskipuninni og ákvörðunum þeim, sem heilbrigðisstjórnin gjörir samkvæmt 4. grein,

skuli renna í sjóð þann, sem sektir venjulega falla til samkvæmt hinum almennu hegningarlögum 25. júní 1869.

Um 8. gr.

Þar sem svo er fyrir mælt í 1. lið þessarar greinar, að dómsmálaráðgjafiinn geti leyft, að skip þau, sem nefnd eru í 1. grein, hleypi inn á aðrar hafnir, en þær, sem þar eru nefndar, er það byggt á því, að stofnuð kunní að verða með tímanum fleiri læknisembætti á Íslandi, og að ástæða geti verið til, þegar bæði héraðslæknirinn og lögreglustjórinn hafa aðsetur á sama verzlunarstað, að telja hann þá með höfnum þeim, sem skip eigi að hleypa inn á samkvæmt 1. grein, áður en samgöngur verði hafðar við land á öðrum stöðum.

Annar liður greinarinnar er samhljóða því, sem í þessu tilliti er fyrir mælt í fyrnefndum lögum frá 1868 og 1872.

VIII. Frumvarp

til

tilskipunar um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi.

Landshöfðinginn yfir Íslandi skal hafa vald til fyrir nákvæmar ákveðið tímabil og með þeim skilyrðum viðvikjandi reikningsskilum o. fl., sem þörf kann á að þykja, að veita sparisjóðum, sem eru eða kunna að verða stofnaðir þar, og sem svo er komið fyrir, að álíta megi, að næg trygging sé fyrir því, að þeir séu fullveðja, hlunnindi þau, sem hér skulu talin, annaðhvort öll eða nokkur af þeim:

- 1) að stjórn sjóðsins geti, ef viðskiptabók, sem látin er af hendi fyrir fé, sem sett er í sjóðinn, glatast, með auglýsingu, sem prentuð sé þrisvar sinnum samfleytt í þeim tíðindum, sem birta skal í opinberar auglýsingar á Íslandi, innkallað með 6 mánaða fresti hvern þann, sem í höndum kann að hafa viðskiptabókina, og ef enginn hefur sagt til sín, áður tæður frestur er liðinn, borgað þeim hlutareiganda, sem viðskiptabókina hefur fengið, upphæðina, án þess að nokkur annar, sem viðskiptabókin kann að vera afsöluð, þar fyrir geti búið kröfu nokkra á hendur tæðum sjóð.
- 2) að láta megi um stundar saki r fé ómyndugra og opinberra stofnana í sparisjóðinn, til þess það verði ávaxtað þar, þangað til því verður komið á leigu gegn veði í fasteignum eða á annan lögmætan hátt, og
- 3) að sparisjóðurinn geti áskilið sér hærri leigu en 4 af 100 fyrir lán gegn veði í fasteignum.

Í hvert skipti, sem landshöfðinginn samkvæmt þessu veitir íslenskum sparisjóðum tæð hlunnindi, skal hann senda dómsmála-stjórninni skýrslu um það.

ATHUGASEMDIR við frumvarp þetta.

Út af bænarskrá nokkurri, sem stiptamtmaðurinn yfir Íslandi,

sem þá var, sendi með meðmæling sinni frá stjórn sparisjóðs nokkurs, sem stofnaður er í Reykjavík, um, að sjóðnum verði veitt ýms hlunnindi, hefur verið ihugað, hvað gjöra mætti yfir höfuð frá hálfu stjórnarinnar, til þess að styðja eigi að eins sparisjóð þennan, heldur hvern annan sparisjóð, sem stofnaður kynni að verða á Íslandi, með því að álfra má, að slíkar stofnanir séu mjög áriðandi fyrir framfarir landsins. Stjórnarráðið getur nú samkvæmt konungsráðgjafi 23. desbr. 1864, I, 3. gr. með veitingabréfum í nafni konungs leyft nær sem vera skal, bæði að upphæðir þær, sem lagðar eru í sjóðinn, eigi verði kyrrsettar eða hald á þær lagt, og að sjóðurinn megi án dóms og laga láta selja við uppboð veð í lausafé, en aptur á móti þarf að fá sérstaka lagaheimild til þess, að íslenskir sparisjóðir geti fengið ýms önnur hlunnindi, sem haldið er að mætti veita þeim, þegar sannað verður sem nægir eptir því, hvernig á stendur, að þeir séu fullveðja, og hefur stjórnarráðið því látið semja frumvarp það, sem prentað er að framan, til þess það verði lagt fyrir alþingi. Um hin einstöku atriði frumvarpsins, skal því næst geta þess, sem hér segir.

Þar sem það er í ráði, að veita stjórnendum íslenskra sparisjóða það vald, að þeir sjálfir geti gjört viðskiptabækur, sem hafa glatazt, ómerkar á þann hátt, sem sagt er frá, þá er þetta í samhjúðun við það, sem leyft er sparisjóðs-stjórnendum í Danmörku með opnum bréfum 24. apríl 1827 og 16. septr. 1828, sem hvorugt hingað til er leitt í gildi á Íslandi, og er að eins gjörð breyting á því, hvað langur fresturinn skuli vera, eptir því hvernig hagar til á Íslandi. Að því leyti, er þar næst snertir það atriði, hvort leyfa megi að koma fê ómyndugra og opinberra stofnana á leigu hjá sparisjóðum, þá kæmi það reyndar í bága við þá umhyggju, sem við á að hafa, til tryggingar því, að fê þessu sé svo vel komið fyrir sem verður, ef almennt leyfi væri til þess gefið; en með hliðsjón til þess, að heimild er til þess í íslenskum lögum (sbr. opið bréf um breyting á tilskipun 18. febr. 1847 um fjárforráð ómyndugra á Íslandi, 4. júní 1864), að lána út fê ómyndugra móti veði í lausafé, reyndar að eins með vissum skilyrðum og innan vissra takmarka, hefur það eigi þótt svo ísjárvert, að veita leyfi til, að láta fê ómyndugra og opinberra stofnana *um stundarsakir* í sparisjóð, til þess það verði ávaxtað, ef engin tvímæli eru á því, að sjóðurinn sé fullveðja, þangað til því verður komið á leigu á lögboðinn hátt. Þar sem að endingu í frum-

varpinu er svo fyrir mælt, að íslenzkir sparisjóðir mega undan takast frá því, sem ákveðið er í tilskipun 27. maí 1859 um bundinn leiguburð á lánum gegn veði í fasteignum, er þetta gjört vegna þess að íslenzkir sparisjóðir mundu eiga bágð með að útvega þeim, sem í sjóðinn leggja, nægan ábata, nema þeir mættu ávaxta hið innlagða fé með því að lána það út gegn veði í fasteignum fyrir hærri leigu, en leyfilegt er samkvæmt gildandi lögum um lán gegn þess konar veði, og hefur sér í lagi eigi þótt ástæða til, að láta leyfið til þess í stöku tilfelli, að taka hærri rentu en 4 af 100 fyrir lán gegn veði í fasteign, vera bundið við sérstakt leysisbréf í hvert skipti, eins og fyrir mælt er í lögum þeim, sem um þetta gilda fyrir Danmörk, 6. apríl 1855, 2. gr.

Að lyktum skal þess getið, að það hefur þótt við eiga, að fela landshöfðingja á hendur, að veita íslenskum sparisjóðum tæð hlunnindi, og láta hann dæma um, hvort þeir séu svo áreiðanlegir, að þeim verði veitt þau; samt er það álitíð réttast, að hann sendi dómsmálastjórninni skýrslu um það í hvert skipti, sem hann hefur notað vald það, sem honum þannig er á hendur falið.

IX. frumvarp

til

tilskipunar um ljósmæðraskipun á Íslandi.

1. grein.

Sérhverri sýslu landsins skal skipta í ljósmæðrahèruð; hversu mörg þau skuli vera í hverri sýslu og hvað stór ummáls, ákveður amtsráðið eftir uppástungu hlutaðeigandi sýslunefndar.

Sérhver hinna íslensku kaupstaða skal vera ljósmæðra-umdæmi út af fyrir sig, og ákveður hlutaðeigandi bæjarstjórn eða bæjarráð, hvað margar ljósmæður skuli vera í kaupstaðnum.

2. grein.

Svo fljótt sem verða má, skal í hvert ljósmæðra-umdæmi setja eina ljósmóður, eða, ef svo kann að verða ákveðið um kaupstaðina, fleiri ljósmæður, og skulu þær hafa tekið próf í yfirsetufræði. Ljósmæðurnar skulu hafa bústað í umdæminu, og í sveitahèruðunum þar, sem sýslunefndinni þykir henta.

Amtmaður skipar ljósmæðurnar.

3. grein.

Í Reykjavík-umdæmi skulu ljósmæðurnar, hver um sig, hafa 50 rd. í laun á ári; í hinum kaupstöðunum og sömuleiðis á Vestmannaeyjum 30 rd., og í sveitahèruðunum 20 rd. Eftir 10 ára góða þjónustu í sveitarhèraði skal þar að auki veita 10 rd. í viðbót, og skal þessi ákvörðun einnig ná til þeirra ljósmæðra, sem nú eru. Álit sýslunefndin, að eigi sé næg ástæða til að veita launaviðbót eftir aldri, skal bera málið upp fyrir amtsráðinu og leggur það þá málið undir úrskurð landshöfðingja. Þegar ljósmæður fá lausn sökum aldurs eða heilsubrests, má veita þeim eptirlaun, sem séu miðuð við þann tíma, er þær hafa verið við, og dugnað þeirra, en samt mega eptirlaunin ekki fara fram yfir það,

sem ljósmæðurnar hafa haft í laun á ári að aldurs-tillaginu með töldu.

4. grein.

Kostnað þann, sem gengur til launa og eptirlauna ljósmæðranna, svo og til að útvega þeim verkfæri þau, sem þörf er á, skal hlutaðeigandi kaupstaður eða sýslufélag greiða. Samt skal fyrst um sinn, eins og gjört hefur verið hingað til, borga laun tveggja ljósmæðra í Reykjavík úr landssjóðnum, og laun ljósmóðurinnar á Vestmannaeyjum úr lækna sjóðnum íslenska. Kostnaðinn við kennslu ljósmæðra skal greiða úr hlutaðeigandi amtsjafnaðarsjóði; samt skal Reykjavík-kaupstaður fyrir sitt leyti sjálfur greiða þessi útgjöld.

5. grein.

Engin getur orðið ljósmóðir, nema hún hafi notið kennslu og gengið undir próf annaðhvort á hinn konunglegu fæðingarstofnun í Kaupmannahöfn eða hjá landlækninum á Íslandi, og fengið skirteini um, að hún hafi tekið prófið. Ljósmæðurnar í Reykjavík skulu hafa notið kennslu á hinn konunglegu fæðingarstofnun.

6. grein.

Ljósmæðurnar eru skyldar til, tafarlaust að láta í tæ sérhverri sængurkonu í umdæmi þeirra, sem æskir þess, aðstoð sína. Ljósmóðirin hefur rétt til, auk fararbeina ókeypis fram og aftur, að fá sanngjarna þóknun fyrir yfirsetu og aðhjúkrun hjá sérhverjum þeim, sem notar aðstoð hennar. Þiggi sængurkonan styrk úr sveitar-sjóð, skal sveitin skyld til að greiða þeirri ljósmóður, sem situr yfir konunni, auk fararbeina ókeypis, í þóknun 8 áln. eptir meðalverði verðlagsskrárinnar. Í forföllum héraðsljósmóðurinnar er ljósmóðirin í því umdæmi, sem næst er, skyld til, ef hún getur komið því við án þess að vanrækja sitt eigið umdæmi, að sitja yfir konum þeim, sem leita aðstoðar hennar.

7. grein.

Að því leyti, er snertir framkvæmdir á skylduverkum þeirra, eru ljósmæðurnar undir umsjón landlæknis og héraðslækna, og skulu þær samvirkusamlega breyta eptir hinn almennu reglugjörð fyrir ljósmæður, sem landlæknirinn býr til og dómsmálastjórnin samþykkir.

8. grein.

Brjóti nokkur ljósmóðir gegn því, sem henni er gjört að skyldu með tilskipun þessari og reglugjörðinni fyrir ljósmæður, skal hún, að því leyti þyngri hegning ekki liggur við afbroti hennar eptir gildandi lögum, sæta sektum, sem renna í landssjóð, og verði hún sek á ný og séu mjög miklar sakir til, og sér í lagi ef hún optar en einu sinni hefur skorast undan að vitja sængurkonu tafarlaust, skal henni vikið frá. Ef nokkur ljósmóðir ljóstrar því upp, sem kona, er orðin er barnshafandi í lausaleik, hefur trúað henni fyrir, skal henni þegar vikið frá sýslu sinni.

ATHUGASEMDIR við frumvarp þetta.

Það hefur lengi verið viðurkennt, að brýn nauðsyn sé til, að gjöra verulega breyting á ljósmæðraskipun á Íslandi. Auk tveggja ljósmæðra í Reykjavík, sem fá laun úr landssjóðnum, og ljósmóður á Vestmannaeyjum, sem hefur laun af læknasjóðnum íslenska, eru nú á Íslandi að eins skipaðar 65 ljósmæður, og til launa handa þeim eru samkvæmt konungsbræfi 20. júní 1766 að eins veittir 100 rd. alls, sem skipt er milli þeirra á ári hverju. En auk þess, að ljósmæðrum þessum er mjög ójafnt skipt niður á landið, þar sem nú sem stendur eru alls 37 í suðurumdæminu eða hér um bil 1 ljósmóðir fyrir hverja 650 manns og hverjar 12 fæðingar, en í vesturumdæminu 8 ljósmæður eða að tiltölu 1 fyrir hverja 2,125 manns og hverjar 69 fæðingar, og í norður- og austurumdæminu 23 ljósmæður eða að tiltölu 1 fyrir hverja 1,200 manns og fyrir hverjar 39 fæðingar, þá er það hvorttveggja, að ljósmæðurnar eru ekki svo margar, sem vera skyldi sökum víðáttu landsins, til þess að verða mönnum að nægu liði, enda verður eigi við því búizt, að svo margar hæfar konur, sem nægir, sækist eptir því, að verða ljósmæður, þegar þeim eigi verður boðin nokkurn veginn hæfileg borgun fyrir starfa þeirra, sem optsinnis er miklum örðugleik bundinn. Sökum þessa hafa og af og til komið til stjórnarinnar uppástungur um endurbætur á ljósmæðraskipun á Íslandi, bæði frá hinum fyrra landlækni J. Thorstensen og Schleisner jústizráði og frá landlækninum, sem nú er, jústizráði J. Hjaltalín; stjórnarráðið hefur síðan leitað álita um málið bæði hjá héraðslæknum á Íslandi og yfirvöldunum þar, en með því embættismenn þessa greindi svo mjög á um, hvernig þessu málefni yrði sem bezt fyrir komið, og

vegna þess, að það fè, sem með þurfti, eigi var fyrir höndum, hefur orðið að fresta, að koma málinu lengra áleiðis, þangað til bæið var að koma þeirri lögum á sveitastjórnarmálefni Íslands, sem um svo langan tíma hafði verið í vændum. Eftir að komin var út tilskipun um sveitastjórn á Íslandi 4. maí 1872, hefur stjórnarráðið nú íhugað málið á ný, og látið semja frumvarp það, sem hér er prentað að framan, til tilskipunar um ljósmæðraskipun á Íslandi, og er það byggt á álitsskjölum þeim, sem fengizt hafa frá stjórnarvöldum á Íslandi, og sér í lagi á uppástungu frá stiptamtmannum yfir Íslandi, sem þá var.

Um hinar einstöku greinir frumvarpsins skal þess getið, sem hér segir.

Um 1. og 2. gr.

Með því það kostnaðarins vegna mundi ógjörandi að setja ljósmóður í hvern hrepp, verður að skipta sýslunum í svo mörg ljósmæðrahèruð, sem henta þykir eftir því, hvernig til hagar á hverjum stað, og þar eð eigi verður álitnið hagsfellt, að ákveða í tilskipuninni tölu og stærð hèraðanna, með því það kann að þykja æskilegt sökum þess að fólksfjöldinn eykst eigi jafnt alstaðar og vegna annara kringumstæða, að gjöra við og við breytingu á hèruðunum, er það eftir tillögum stiptamtmanns samkvæmt tilskipun 4. maí 1872, 39. gr., 4., sbr. 52. gr., 1., falið amtsráðunum á hendur, að ákveða tölu og stærð hèraðanna, eftir uppástungum sýslunefndanna.

Eins og Reykjavík hingað til hefur verið ljósmæðra-umdæmi sér, hefur þótt réttast, að einnig hinir kaupstaðirnir eptirleiðis skyldu vera ljósmæðra-umdæmi út af fyrir sig.

Um 7. gr.

Í einu af fyrnefndum álitsskjölum, sem komið hafa frá stjórnarvöldunum á Íslandi, var stungið upp á, að laun ljósmæðranna skyldu vera 20—30 rd. eftir stærð umdæmisins, fólksfjölda og efnahag o. s. frv., og mun það vera svo að skilja, að ljósmæðurnar í hinum stærri og fjölmennari hèruðum skyldu hafa meiri laun, og ljósmæðurnar í hinum minni hèruðum minni laun. En bæði gæti þetta hæglega leitt til, að launin kæmu ójafnt niður, enda verður að geta þess, að ljósmæðurnar í minni hèruðunum að öllum jafnaði þurfa að fá hærri fóst laun, en ljósmæðurnar í hinum stærri umdæmum, af því þær hér geta unnið sér langtum meira inn en.

hinar. Það hefur því þótt réttast, að veita öllum héraðsljósmeðrum í sveitunum sömu laun og láta þau vera 20 rd., og að veita þeim í viðbót 10 rd. eptir 10 ára góða þjónustu; skyldi viðbót þessi einnig veitt þeim ljósmeðrum, sem eru við, þegar tilskipunin öðlast gildi, ef þær verða skipaðar héraðsljósmeður samkvæmt henni, þannig að þau ár verði talin með, sem þær eru búnar að vera ljósmeður.

Með því samt sem áður sérstök atvik geta verið til þess, að veita ekki launaviðbót eptir aldri í stöku tilfellum, er ákvörðun þeirri bætt við, að sýslunefndin geti borið málið upp fyrir amtsráðinu til þess það verði lagt undir úrskurð landshöfðingja.

Það þykir hæfilegt, að ljósmeðurnar í Reykjavík fái 50 rd. laun, og ljósmeðurnar í kaupstöðunum og á Vestmannaeyjum 30 rd., en eigi er það álitid nauðsynlegt, að veita þeim launaviðbót eptir aldri, og má geta þess um ljósmeðurnar í Reykjavík, að svo er ráð fyrir gjört, að þeim verði gjört að skyldu að taka við kvennmönnum til kennslu undir umsjón og tilsögn landlæknis.

Að endingu hefur þótt sanngjarnt, að gefa öllum ljósmeðrum vonir um hæfileg eptirlaun, þegar þær fá lausn sökum aldur, eða heislubrests, eins og til þessa hefur átt sér stað um ljósmeðurnar í Reykjavík, er þær hafa farið frá.

Um 4. gr.

Með því að álíta verður, að ljósmeðraskipunin sé sveitamát-efni, getur það eigi orðið umtalsmál, að veita tillag til þessa, sem meira nemi, úr landsjóðnum eða læknasjóðnum, og það því síður, sem að líkindum eigi verður hjá því komið, að verja innan skamms talsverðu meira fé en áður af sjóðum þessum, til þess að bæta læknaskipun á Íslandi; og þó nokkur ástæða kunni að hafa verið til þess fyr meir, þá er ekkert reglulegt skipulag var á sveitastjórnar-málefnum á Íslandi, að veita tillag úr ríkissjóðnum til ljósmeðraskipunar, er þessu nú allt öðruvísi varið, eptir að húið er að leggja málefni þetta undir sveitastjórnirnar með tilskipun 4. maí 1872. Sökum þessa er álitid hæfa, að útgjöldin til launa og eptirlauna ljósmeðranna verði greidd af hlutaðeigandi sýslufélagi eða kaupstað, og hið sama er um kostnaðinn við að útvega verkfæri þau, sem þörf er á.

Vegna þess, að það er í ráði, eins og getið var um að fram-
an, að gjöra ljósmeðrunum í Reykjavík að skyldu, að taka kvenn-

menn til kennslu, hefur þótt vera ástæða til, að láta laun þeirra fyrst um sinn, eins og hingað til hefur verið gjört, verða borguð úr landssjóðnum, og sömuleiðis er álitid rétt, að laun þau upp á 30 rd., sem veitt eru ljósmóðurinni á Vestmannaeyjum með opnu bréfi 24. marz 1863, framvegis skulu greidd úr lækna sjóðnum íslenzka.

En að því leyti, er snertir kostnaðinn við kennslu ljósmæðranna, sem kann að verða býsna-mikill, þegar þær, eins og fyrir er mælt í 5. gr., eptirleiðis eiga að fá kennslu annaðhvort á fæðingarstofnuninni í Kaupmannahöfn eða hjá landlækni, þá hefur svo virzt, að það gæti orðið of þungbært fyrir sýslufélögin og kaupstaðina, að greiða einnig þennan kostnað auk þeirra útgjalda, sem nefnd eru að framan. Það hefur því verið álitid réttast, að láta greiða kostnað þennan á sama hátt og hingað til, af jafnaðarsjóði amts þess, sem í hlut á, þó með því móti, að Reykjavík, sem eigi hefur nokkurn þátt í jafnaðarsjóði suðuramtsins, sbr. tilskipun 4. maí 1872, 50. gr., sjálf greiði kostnaðinn við kennslu ljósmæðra þaðan.

Um 5. gr.

Þar sem það hingað til hefur verið venjulegt, að íslenzkar ljósmæður hafa notið kennslu hjá hlutaðeigandi héraðslækni, — en kennsla þessi hefur að líkindum eptir því, hvernig til hagar, opt verið miður fullkomin en skyldi, sökum þess að þær sjaldan hafa haft tækifæri til að vera við fæðingar, — er hér svo fyrir mælt, samkvæmt uppástungu landlæknis, að allar ljósmæður eptirleiðis skuli njóta kennslu annaðhvort á hinni konunglegu fæðingarstofnun í Kaupmannahöfn eða hjá landlækninum. Sér í lagi fyrir þá sök, að það er í ráði, eins og getið er að framan, að ljósmæðurnar í Reykjavík skuli taka kvennmenn til kennslu, skulu þær ávallt sjálfar hafa notið kennslu á hinni konunglegu fæðingarstofnun.

Um 6.—8. gr

Ákvarðanirnar í 6. gr. eru að mestu leyti hafðar eptir uppástungu stiptamtmanns, og er jafnframt bætt við ákvörðun samsvarandi því, sem fyrir er mælt í reglugjörð um ljósmæðraskipun og fl. 21. nóvbr. 1810, 35. gr., að ljósmóðirin í næsta héraði sé skyld til í forföllum héraðsljósmóðurinnar, að svo miklu leyti, sem hún getur komið því við án þess að vanrækja sitt eigið umdæmi, að láta í tæ aðstoð sína, þegar þess verður krafizt.

Reglugjörð sú fyrir ljósmæður, sem nefnd er í 7. gr., skal hafa inni að halda nákvæmari reglur um skyldur þeirra, en það hefur eigi þótt við eiga, að segja fyrir um þetta efni í tilskipun þessari.

Niðurlagið á 8. gr. er tekið eptir reglugjörð 21. nóvbr. 1810, 42. gr.

X. Frumvarp

til

tilskipunar um það, að skip, sem flytja hvalkjöt til Íslands, skuli vera undanþegin lestagjaldi því, sem ákveðið er í lögum 15. apríl 1854.

1. grein.

Skip, sem flytja hvalkjöt til Íslands til sölu, skulu vera undanþegin því, að greiða lestagjald það, sem ákveðið er í lögum um siglingar og verzlun á Íslandi 15. apríl 1854, að svo miklu leyti, sem hvorki flytjast að með skipinu aðrar verzlunarvörur, nè fluttar verða út aðrar íslenskar vörur, en þær, sem eingöngu kunna að vera teknar sem borgun fyrir hvalkjöt það, sem er selt.

2. grein.

Lögreglustjóri skal hafa gætur á, að eigi verði farið í kring um það, sem fyrir er mælt í greininni á undan, og skal hann sèr í lagi, þegar sjá má, að vörur þær, sem sagt er að teknar sèu sem borgun fyrir hvalkjötið, eigi samsvari hæfilegu verði kjötsins, heimta gjaldið í bráð hjá þeim, sem í hlut eiga, unz málið er rannsakað nákvæmár. Verði þá sú raun á, að nokkur hafi orðið sekur í lagabroti, skal honum þar að auki hegnt samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 9. grein fyrnefndra laga.

ATHUGASEMDIR við frumvarp þetta.

Með tilliti til hvalveiða þeirra, sem stundaðar eru við austurströnd Íslands, hefur amtmaðurinn yfir norður- og austurumdæminu leitt athygli dómsmálastjórnarinnar að því, að æskilegt væri, að slakað yrði svo til um lestagjald það, sem ákveðið er með lögum um siglingar og verzlun á Íslandi 15. apríl 1854, að hvalveiðamenn geti sèð sèr hag við að sigla til Íslands og selja þar kjötið af hvölum þeim, sem spikið er skorið af.

Með því ástæða er til að halda, að hvalveiðamenn eigi sjái sér fært að flytja hvalskrokka í land og selja kjötið, ef þeir eiga að greiða lestagjald af skipunum, en það mundi á hinn bóginn vera til mikils gagns sér í lagi fyrir efnalítla menn á Íslandi, að þeir fyrir lítið verð gætu fengið hvalkjöt, sem er holl og saðsöm fæða, hefur stjórninni virzt vera tilefni til, að veita undanþágu frá borgun lestagjalds af skipum, sem flytja að landi hvalkjöt, og virðist þessi tilslökun eptir því, sem vikið er á, eigi í raun og veru verða nokkur fjármissir fyrir landssjóðinn.

Reyndar hefur það verið til greina tekið, að leyfi til þess að flytja að gjaldlaust hvalkjöt, kynni að verða haft til þess, að reka ólöglega verzlun, með því leyfi þetta, eptir því sem á stendur, hefur í för með sér, að leyfa verður einnig að flytja út þær vörur, sem hvalkjötið er borgað með. Samt sem áður virtist atriði það, að menn með þessu fengju tækifæri til að fara í kring um verzlunarlögin, því síður eigi að ráða málalyktum, sem hvalveiðamenn venjulega eigi munu vera fúsir á að selja hvalkjöt, nema fyrir borgun í peningum út í hönd, og engin líkindi eru til, að þeir kaupi íslenzkar vörur sem nokkru nemi fyrir peninga, þegar þeir ekki flytja aðrar vörur að, en hvalkjöt. Það hefur samt verið álitnið réttast, að taka það fram með þerum orðum í frumvarpinu ekki að eins, að þegar veitt er undanþága frá lestagjaldi, þá megi hvorki flytja að nokkuð annað til verzlunar, en hvalkjöt, eða flytja út aðrar íslenzkar vörur, en þær, sem eru teknar sem borgun fyrir það hvalkjöt, sem selt er, heldur einnig að lögreglustjóri skuli hafa gætur á, að eigi sé farið í kring um bann þetta, og áminni um, að því verði hegnt eptir lögum 15. apríl 1854, 9. gr., ef brotið er gegn banninu.

Samkvæmt því, sem nú hefur sagt verið, er frumvarp það, sem prentað er að framan, samið, til þess það verði lagt fyrir alþingi.

BRÉF

stiðtsyfirvaldanna um prentun alþingistíðindanna, dagsett 3. dag
júlmánaðar 1873.

Í heiðruðu bréfi, dagsettu í gær, hefur herra alþingisforsetinn gjört til vor, sem yfirstjórnanda landsprentsmiðjunnar, þá fyrirspurn, með hverjum kjörum þingið geti fengið pappír og prentun í nefndri prentsmiðju bæði á þingtíðindunum og öðru því, sem þurfa kynni, og hafið þér jafnframt getið þess, að upplag tíðindanna muni eins og að undanförunu verða 600 exemplör.

Um þetta efni látum vör ekki hjá líða þenustusamlega að gefa yður til vitundar, að jafnvel þó verkalaun við prentsmiðjuna hafi hækkað síðan 1871, viljum vör eigi að síður gefa kost á því, að *prentunarkostnaðurinn* sé hinn sami og hann þá var ákveðinn, eður 12 rd. fyrir hverja örk; en með því pappír hefur hækkað *svo mjög* í verði, að hver balli af þeim pappír, sem 1871 var seldur þinginu fyrir 38 rd. 38 sk., án þess prentsmiðjan hefði nokkurn ávinning á sölunni, nú kostar prentsmiðjuna 5 rd. meira, getum vör eigi gefið kost á að pappírinn nú verði seldur fyrir minna en 43 rd. 48 sk. hver balli.

Bergur Thorberg. Pétur Pétursson.

Til

Forseta á alþingi.

BÆNARSKRÁ

úr Vestmannaeyjum um *landskuldargjald* þar á eyjunum, dagsett
í júní 1873.

Þar eð vör leiguliðar á hinu konunglega jarðagózi á Vestmannaeyjum ekki höfum fengið neina áheyrn upp á bænarskrá þá, er vör árið 1867 sendum til hins háttvirta alþingis, þess efnis, að breytt yrði gjaldmáta þeim, sem um langan aldur hefur hær tíðkazi, að því er snertir landskuldargjald af hinu konunglega jarðagózi hær á eyju, þannig að það fengist greitt eptir saltfiskverði, en ekki eptir harðfiskverði því, er á hverjum gjalddaga ræður í verðlagsskránni, leyfum vör oss enn á ný, að snúa oss til

vors háttvirta alþingis, og tjá því hina miklu nauðsyn á því, að einhver haganleg breyting mætti fást á landskuldargjaldmáta þeim, sem um langan aldur allt til þessa hefur hér verið tíðkanlegur.

Skulum vèr þá í fáum orðum leyfa oss, að skýra þinginu frá því, að það um mjög langan aldur hefur hér verið venja: fyrst framan af, meðan hér sem annarstaðar á landi var tíðkað að verka mestallan þorskafna til harðfisks, að landskuldir eptir hið konunglega jarðagóz hér væru greiddar í hörðum fiski (in natura), samkvæmt vætta- og fiskatölu þeirri, er til tekin var í hvers eins byggingarbræfi; síðar meir þá er fiskverkunin tók að breytast, svo að að eins nokkuð var verkað til harðfisks, en nokkuð til saltfisks, var þeim, er ekki höfðu harðfisk, gefið í sjálfsvald, hvort þeir borguðu landskuldir sínar í hörðum fiski eða með jafngildi hans í peningum.

En þó að nú harðfiskverkunin smátt og smátt hafi af lagzt, og sè nú hér á eyju með öllu aflögð, hefur þó engin breyting verið gjörð á hinni fornu venju með það, að heimta landskuldirnar greiddar með hörðum fiski eða hans ígildi í peningum. Vèr getum ekki látið vera að leiða athygli þingsins að því, hversu oss þykir það fjarstætt öllum sanni, að landskuldargjaldið, þrátt fyrir hina algjörðu breytingu á allri fiskverkun hér, skuli þó eptir sem áður vera miðað við verð þess varnings, sem ekki einu sinni á sèr lengur stað hér á eyju; því þó uppteiknanir til verðlagsskráar hëðan hafi einnig til fært harðfisk svo sem eina af þeim varnings- tegundum, er hér hafi seldar verið, þá hefur það litla, sem af þessari tegund hefur komið í verzlunarstaði hér, eingöngu verið frá meginlandinu, en ekki einn einasti fiskur frá eyjabúum. Og, eins og kunnugt er, hefur harðfiskur á seinni árum, því minna sem stóð til boða af honum, jafnan verið því herra borgaður af kaupmönnum. Þetta háa verð, sem vèr eyjabúar ekki höfum haft neitt gott af, þar vèr ekki höfum haft neinn harðfisk á boðstólum — (með því verkun hans, þó nú einhver vildi taka hana upp, er hinum mesta vankvæðum bundin, og mætti svo líklega, sem ólík- lega til takast, að allt færi til skemmda —) hefur verið látið koma niður á oss í landskuldargjaldinu. Og þó vèr, eins og að framan er á vikið, höfum óskað gjaldi þessu breytt á þann veg, að það yrði miðað við saltfiskverð í stað harðfiskverð, stendur allt enn við hið sama, og getum vèr ekki neitað því, að oss, einkum á hin- um síðustu fiskileysis- og neyðarárum, er einnig hafa stórlega

brugðizt að því, er snertir lundaveiði, svo að jarðir yfir höfuð að tala hafa ekki gefið af sér helmings-arrð við það, er áður hefur verið, — og sem hafa lagzt á eitt með hinum sívaxandi sveitarþyngslum í því að eyða vorum litlu efnum, hefur fallið það næsta þungbært, að svara svo háum landskuldum.

Reynslan er og til vitnis um það, að margir búendur hér hafa ekki getað staðið í skilum með landskuldargjaldið, jafnvel svo árum hefur skipt og hefur þá að amtsins fyrirlagi verið gripið til fjárnáms, þó að umboðssjóðurinn hafi þar við orðið litlu nær, en hlutaðeigandi gjaldþegnar, sem annars höfðu nokkuð af hendi að láta, eptir á því verr farnir; og má það víst telja, að þetta ástand eigi ekki alllitinn þátt í því, að fjöldi búanda hér hafa fastráðið, að flytja sig hédan með fjölskyldu sinni til Brasilíu, þar sem þeim hefur verið gefin vonin, og nú vissa um, að fá þangað far og flutning ókeypis, og fara nú í sumar hédan rúmir 60 manns, og sjálfsagt eins margir að ári, sem þegar hafa vissu fyrir ókeypis-flutningi. Skulum vèr geta þess, að við þetta tækifæri eru þegar losnaðar nokkrar jarðir, og munu fleiri losna, er vèr teljum eins víst sem óvíst að ekki muni byggjast fyrst um sinn, allra-sízt með þeim byggingarskilmálum, sem menn hingað til hafa orðið við að búa, og liggur það í augum uppi, að umboðssjóðurinn og þar með landssjóðurinn verði fyrir ekki alllitlum hnekki, og víst ekki minni, en þó að hið almenna landskuldargjald yrði miðað við einhvern vægari mælikvarða, en þann, sem hingað til hefur verið miðað við.

Oss, sem hér ritum nöfn vor undir og mundum hafa í hyggju, að staðnæmast hér, svo framt vèr gætum gjört oss von um bærilæg kjör hér, hefur litizt svo, sem vèr ekki lengur gætum búið við hið afarháa landskuldargjald, sem miðað hefur verið við harðfiskverð, sem við má búast að fari síhækkandi, svo að ekki verði neitt eðlilegt hlutfall milli verðlags á harðfiski og öðrum fiskitegundum, en aptur þykir oss ekki ósanngjarnt, úr því fiskveiðar á annað borð eru vort aðalþjargræði, að landskuldargjaldið sé miðað við meðalverð allra fiskitegunda, og vèr getum ekki betur séð — eins og vèr líka ætlum, að þingið muni verða oss samdóma í — en að þetta sé, eins og hér á stendur, hinn eini rétti mælikvarði; því þar við fæst sá jöfnuður, er oss virðist ætti að vera á landskuldargjaldinu, og vèr getum verið nokkurn veginn vissir um, að það ekki stigi til þeirrar óþolandi upphæðar, sem opt og tíðum

hefur, jafnvel í hinum bágustu árum, skapazt af hinu afarháa fiskverði; en sé ei kostur á þessu, mundum vèr, heldur en að vera bundnir við harðfiskverð hvers einstaks árs, kjósa að landskuldargjaldið væri fastákveðið eptir 20 síðustu ára meðalupphæð.

Án þess að fara fleirum orðum hér um, leyfum vèr oss því, að skora á vort heiðraða alþingi, að það taki mál þetta til ítarlegrar meðferðar, og framfylgi kröptuglega þeirri ósk vorri:

Að landskuldargjald af hinu konunglega umboðsgózi hér á eyju framvegis verði miðað við meðalverð á öllum fiskitegundum, sem verðlagðar eru í verðlagsskrá hvers árs, eða til vara:

Að áðurnefnt gjald verði fast ákveðið eptir meðalupphæð þess um hin síðustu 20 ár.

(28 nöfn).

(Fellð frá nefnd).

BÆNARSKRÁ

frá sýslufundi í Hafnarfirði um breytingu á *mannaltalsbókargjöldum* í Gullbringusýslu, dagsett 21. dag júnímán. 1873.

Eins og hinu heiðraða alþingi er kunnugt, eru manntalsbókargjöld í Gullbringusýslu, svo sem skattur, tíund, gjaftollur og manntalsfiskur goldinn eptir verði á hörðum fiski í hvers árs verðlagsskrá. Þegar þessi sérstaki gjaldmáti var ákveðinn, var það í líknarskyni, þar eð vara þessi var þá aðalvara gjaldanda, og sú vara, er þeir áttu hægast með að greiða af hendi. Síðan hafa kringumstæðurnar breytt svo, að flestir verka engan harðan fisk, heldur salta fiskinn, þar eð það er miklu ábatameira, en af því leiðir aptur, að það litla, sem til er af hörðum fiski, verður í afarverði. Af þessu leiðir, að gjöld þessi verða almenningi ærið tilfinnanleg, þar eð hvert álnarvirði er á ári hverju því nær $\frac{1}{3}$ hærra, en ef greitt væri eptir meðalverði allra meðalverða, eins og víðast er í öðrum sýslum.

Á sýslufundi þeim, sem haldinn var í Hafnarfirði 21. þ. m., var almenn umkvörtun um þennan gjaldmáta borin upp, og var það samþykkt í einu hljóði með samhljóða 56 atkvæðum, að biðja alþingi, að senda hans hátígn konunginum eindregna bænarskrá um það:

að greiðslu á skatti, tíund, gjaftolli og manntalsfiski verði

sem fyrst breytt þannig, að skattar þessir verði greiddir eptir meðalverði allra meðalverða.

Í umboði fundarins:

Þórarinn Böðvarsson, Matth. Jochumsson, St.. Thorarensen,
(fundarstjóri). (skrifari). (skrifari).

(Vísað forsetavegin til landshöfðingjans).

BÆNARSKRÁ

frá ljósmóðurinni í Vestmannaeyjum um *launaviðbót* úr lækna-
sjóðnum íslenska, dagsett í júním. 1873.

Eg, sem með þessari minni bænarskrá leita ásjár hins heiðraða alþingis, hef nú í undanfarin 6 ár verið ein yfirsetukona hér á Vestmannaeyjum, og notið fyrir það þrjátíu ríkisdala þóknunar árlega úr lækna sjóðnum, en áður var eg búin að vera 7 ár yfirsetukona hér ásamt madömu Solveigu Markússon, sem nú er yfirsetukona í Reykjavík, með 10 rd. launum á ári. Síðan eg varð hér yfirsetukona, get eg með fullum sanni staðhæft, að fullkominn helmingur þeirra manna, er mín hafa leitað, eigi hafa borgað mér ein-skildingsvirði fyrir fyrirhöfn mína, og kemur það fyrir flestum til af efnaleysi. Og þótt einstaka maður borgi mér vel, er það þó æði-lítið hjá flestum hinna, er eitthvað láta það heita; samkvæmt stöðu minni hlít eg þó að mæta miklum andvökum og erfðleika, er veikt hefur heilsu mína, verð opt að forsóma heimili mitt mér til stórskada o. s. frv. Undir slíkum kringumstæðum finn eg mér eigi líft eður búandi við sömu kjör, sem eg nú hef, og leyfi eg mér því hér með að snúa mér til hins heiðraða alþingis með þá beiðni, að því mætti þóknast að styðja að því: að mér svo sem yfirsetukonu á Vestmannaeyjum yrði veitt hér eptir árlega 20 rd. — tuttugu ríkisdala — launaviðbót úr lækna sjóðnum íslenska.

Virðingarfyllst

Anna Valgerður Austmann,
yfirsetukona.

Á bænarskrá þessa var ritað svo látandi vottorð:

«Við undirskrifaðir leyfum okkur hér með að votta, að yfirsetukona Anna V. Austmann, sem, eins og á er minnst í framan-skrifaðri bænarskrá, hefur haft yfirsetukonustörf á hendi hér á eyju í alls 13 ár, hafi með mestu árvekni og samvirkusemi stundað

köllun sína, og ekki látið það letja sig í skyldurækt sinni, þó fyrirhöfn hennar og ómak hafi af mörgum hverjum verið litlu eður engu endurgoldið, sem eðlilega hefur haft rót sína í hinni hær mjög almennu fátækt.

Því viljum við hér með mikillega mæla með því við hið heiðraða alþingi, að það gjöri það, er í þess valdi stendur, til þess að styðja að því, að hærnefndri yfirsetukonu, er vissulega biður ei um skör fram, og ekki fer fram á annað, en það, er í sjálfu sér má heita lítilræði, og sem ei virðist, að lækna sjóðinn geti neitt munað um að veita, yrði veitt það, er hún um biður.

Vestmannaeyjum í júní 1873.

Br. Jónsson, Þorsteinn Jónsson,
sóknarprestur. héraðslæknir.

(Vísað til nefndar þeirrar, er skipuð var til að íhuga konunglegt frumvarp um skipun ljósmæðra á Íslandi).

BÆNARSKRÁ

úr Múlasýslum um löggildingu Vestdalseyrrar í Norður-Múlasýslu til kaupstaðar, dagsett að Þórsnesi á Völlum 12. maí 1873.

Fyrir 23 árum var leyft með opnu bréfi 14. desbr. 1842, að setja mætti verzlunarstað við Seyðisfjörð í Norður-Múlasýslu, en konungurinn mundi ákveða seinna takmörk þess staðar, sem og var gjört með konungsúrskurði 6. janúar 1855.

Á árunum 1843 til 1855 hafði verið reist föst verzlun við Seyðisfjörð á tveim stöðum með nokkru millibili, önnur á Fjarðaröldu (eitt hús) við botn fjarðarins, hin nokkrum hundrað föðmum utar norðan megin á Vestdalseyri (fleiri hús). En konungsúrskurðurinn 6. janúar 1855 ákvað takmörk verzlunarstaðarins á Fjarðaröldu, svo hin álitlega og hagkvæma verzlun á Vestdalseyri varð að leggjast niður. (Síðan hafa þau verzlunarhús verið notuð af hvalveiðafélögum, sem hólfestu hafa haft við Seyðisfjörð). Undirstaða þessa úrskurðar var, eins og sjá má af ástæðunum fyrir honum, álitsgjörð amtmanns, er þá var yfir norður- og austuramtinu, er án efa virtist alvarlega fylgja að því af einhverjum sérstaklegum orsökum, að verzlun á Vestdalseyri yrði af máð, er þó, að voru álit, síður hefði átt að vera. Þessi álitsgjörð amtmanns-

ins var svo undir komin, að þá sýslumaðurinn í Norður-Múlasýslu, sem gagnkunnugur var öllu í Seyðisfirði, vildi eigi fallast á álit amtmannsins, en taldi Vestdalseyri hagkvæmari og betri verzlunarstað, þá setti amatmaðurinn sýslumanninn í Suður-Múlasýslu, mann ókunnugan í Seyðisfirði, til að stýra skoðunargjörð þar, og voru með honum kosnir 3 bændur, 2 úr Suður-Múlasýslu, ókunnugir, og einn ofan úr Fljótsdal, (7 mílur frá Seyðisfirði); fjórði maðurinn var eigandi og ábúandi í Vestdal (rètt hjá Vestdalseyri), sá eini af þessum 5 mönnum, sem vel var öllu kunnugur, en hafði bersýnilegan hag við að verzlun á Vestdalseyri af máðist, því að það fríaði hann frá miklum átrotningi manna og hesta, þar sem heimili hans og tún var rètt hjá eyrinni.

Árangurinn af þessari skoðunargjörð varð sá, sem vænta mátti, að þessir 5 menn féllust á álit amtmannsins, að á Fjarðaröldu ætti verzlunarstaðurinn að vera. Á þessu undirlagi var úrskurðurinn 6. janúar byggður.

En hver maður, sem kunnugur er hér á báðum stöðum, og sem engu fylgismáli vill beita, verður að játa, að Vestdalseyri er betur kjörin til kaupsins en Fjarðaralda, því fyrir alla sjófar- endur er leiðin dálítið skemmri á eyrina og lendingin þar miklu betri, en fyrir sveitamenn stendur hér um bil á sama; skipalegan er viðlíka á báðum stöðum, þegar á réttum stöðum er legið, en við Fjarðaröldu verður hvorki flútt af skipum né bátum lent eða þeir hlaðnir, nema með flóði vegna breiðra útgryninga. Á Vestdalseyri er ætíð gott að lenda, afferma og hlaða, hvernig sem á sjó stendur. Grundin, sem hús gætu staðið á á Vestdalseyri, er allavega hagkvæm, rúmgóð og þurrlandari en á Öldunni, þar sem kalla má, að mýrlendi sé að húsum heim, og mökin svo lág, þar sem húsin standa, að stórfloð með brimi ganga kring um þau og langt inn fyrir, nema þar sem hið nýja kaupún Liverpool er sett, út frá Öldunni norðan megin nær Vestdalseyri.

Af ástæðum úrskurðarins 6. jan. 1855 má og sjá, að sýslumaðurinn í Norður-Múlasýslu hefur tekið flest þetta fram, sem mælist með Vestdalseyri. En af því amatmaðurinn var móti þessu, tók hann eigi þennan mann, eins og næst stóð, til skoðunargjörðarinnar, heldur sýslumanninn í Suður-Múlasýslu, sem virtist hafa verið hægri í vöfum, og fékk með þessu lagi stjórnina, sem öllu þessu var ókunnug, til að fallast á sitt mál.

Einhver þessu lík fylgismál voru og orsök þess, þegar ákveðið

var, að Eskifjörður skyldi vera aðalkauptún Austurlands, en ekki Seyðisfjörður, sem hér liggur betur við mestu verzlun frá sjó og landi, og er hann aflasælasti fjörður mestallt árið, en þótt sjávarútvegur megi teljast þar enn í barndómi. Enda hefur og reynslan síðan gjört þessa ákvörðun um Eskifjörð að athlægi, með því þar hefur allt af síðan lafað við að eins ein litil verzlun, en á Seyðisfirði hafa þær óðum fjölgað eða effzt og lausakaupmenn sótt þangað fleiri og fleiri, og útlend fiskveiða- og hvalveiðafélög tekið sér þar bólfestu.

Mun þetta mál, að Seyðisfjörður sé miklu hæfari en Eskifjörður til aðalkauptúns, verða sýnt og sannað á sínum tíma, svo rétt mál vioni.

Að þessu sinni viljum vèr, fundarmenn að Þórsnesi, halda oss sér í lagi til hins fyrra málefni um kauptún á Vestdalseyri, því það stendur oss nær og gjörir sumum af oss verzlun þar hagkvæmari en inn frá; þykjumst vèr hafa sýnt með nægum rökum, að verzlun haf þar ófyrirsynju og óréttilega verið af máð.

Vegna þessa er það vor alvarleg bón til yðar, háttvirtu þingmenn á alþingi í sumar, að þèr fylgið því fram á þinginu, og sendið um það bænabréf til konungs vors: að verzlun megi aptur hefja á Vestdalseyri við Seyðisfjörð.

Í umboði fundarins

Sigurður Gunnarsson, Björn Pétursson,
fundarstjóri. fundarskrifari.

Með bænarskrá þessari fylgdi svo hljóðandi vottorð:

•Þèr hafið, herra varaþingmaður, beiðzt álits míns og umsagnar um, hvort Vestdalseyri ekki sé betur fallin til að vera kaupstaðarpláz, heldur en Fjarðaralda, og vil eg því hér með stuttlega skýra frá skoðun minni um málefni þetta.

Af ástæðunum fyrir kgl. resol. af 6. Janúar 1855 sèst, að dómsmálastjórnin hefur stungið upp á, að Seyðisfjarðaralda yrði löggilt til að vera kauptún af þeirri ástæðu, að skoðunargjörð, er hinn páverandi amtmaður hér lét halda, mælti með því, að Aldan yrði kauptún, heldur en Vestdalseyri, en mönnum hér er það fullkunnugt, hvèrnig skoðunargjörð þessari var hagað, og hefur hún í raun og veru ekkert að þýða.

Plázið á Eyrinni er langt um betur fallið til að vera kaupstaðarpláz heldur en á Öldunni, því bátar geta eins lent hér á Eyrinni fyrir það þó fjara sè, en af þremur kaupstöðum á Öld-

unni er einungis um fjöruna hægt að lenda við húð S. Jakob-
sens, og verða því sjófarendur að sæta sjávarföllum, til þess að
lenda við eða fara frá bryggjum hinna tveggja kaupmanna, því
þar eru svo miklar útgrynningar, að maður ekki einu sinni getur
affermt skip nema um flóð (hvað þó ekki er þægilegt), en fyrir þá,
sem fara landveg yfir Fjarðarheiði á Seyðisfjörð, er það reyndar
dálítið lengra, að fara út á Eyrina.

Einn ókostur er það þó við Vestdalseyri, nefnilega að áin
stundum í stórrigningum getur verið vond, en samt held eg að
hægt sé að fyrirbyggja, að hún gæti gjört skaða.

Aldan hefur alls ekki neinn kost fram yfir Vestdalseyrina til
þess að vera kaupstaðurinn fremur en Eyrin, heldur fleiri ókosti,
en annað mál er það, hvort það nú sé sanngjarnt gagnvart þeim
kaupmönnum, sem nú eiga verzlunarhús á Öldunni, að löggilda
Eyrina til að vera líka kaupstaðarpláz, því kæmi kaupstaður aptur á
Eyrina, mundi hann efalaust draga til sín meiri partinn af verzl-
uninni á Seyðisfirði.

Skrifstofu Norður-Múlasýslu 27. maí 1873.

P. Böving.

Til

varapingsmanns B. Péturssonar.

(Vísað forsetavegin til hlutaðeigandi amtmanns.)

BÆNARSKRÁR.

a) frá Dýrfirðingum og fleirum bændum í Vestur-Ísafjarðarsýslu,
dagsett að Mýrum í Dýrafirði 2. Apríl. 1873, um *löggilding*
kaupstaðar við Haukadalsbót í Dýrafirði.

Háttvirtu alþingismenn:

Þar eð vèr undirskrafaðir menn höfum margra ára reynslu
fyrir oss í því, og það að öðru leyti er auðskilið, hversu þungbært
og útdragsamt það er, að húa lengi við *einn* verzlunarstað, og eiga
það undir *einum* kaupmanni ár eptir ár, hverja þrísu honum þókn-
ast að gefa oss, og hversu öll verzlunarviðskipti verða einokunar-
leg, þurfum vèr ekki að útlista þetta fyrir hinu heiðraða alþingi,
eða öðrum skynsömum mönnum, en hitt erum vèr búnir að reyna,
að oss engra framfara von, sem nokkru nemi, með þessu fyrir-
komulagi.

Vèr höfum því komið oss saman um, að byggja oss hús í

félagi í Haukadál með því skilyrði, að vör fengjum þar verzlunar-
réttindi, svo vör gætum tekið þar á móti umbeðnum vörum, og
safnað oss vörum þar í eina heild, til að borga með aptur. Höfn-
in er einhver hin bezta og þægilegasta á Vesturlandi, sem mörg-
um mun kunnugt, svo nefnd Haukadalsbót, og töluvert betri og
hentugri, en á verzlunarstaðnum Þingeyri, og skyldum vör með
tíðinni verða þeir menn, að geta komið upp þilskipa-sjávarútveg,
sem vör álstum ómissandi, þá er þetta hinn hentugasti staður, sem
vör getum fengið til þess. Líka er sú önnur hvöt hjá oss til
þessa, að þarna er herskipa- og fiskimannalag Frakka og fleiri
útlendra og innlendra skipa, væri því mjög ákjósanlegt, að þar
væri áreiðanlegur maður, til að hafa eptirlit með fiskimönnum,
skrifa upp á þeirra skipspappíra, og útvega þeim það, sem þeir
nauðsynlega með þyrftu, því þar við mætti fyrirbyggja allt flakk og
ferðir þeirra á ýmsa bæi innan um fjörðinn. Haukadalur er tæpa
danska mílu fyrir utan Þingeyri, geta menn því séð, þó ókunnug-
ir séu, að það er töluverður bagi fyrir útnesja-bændur og alla sjó-
menn hér, að verða að sækja allar nauðsynjar sínar inn á Þing-
eyri.

Að endingu viljum vör geta þess að kaupmaðurinn, sem á
Þingeyrar-kaupstað, hefur nú fengið keypta alla Þingeyri, og
mundi honum því ekki vera um, að vör fengjum afmældan stað til
að byggja á af hans landi, og þó það fengist, væri oss það mjög
óhentugt í mörgu tilliti.

Af þessum ástæðum biðjum vör hið heiðraða alþingi vort, að
líta á þessa nauðsyn vora, og mæla kröftuglega fram með því við
vorn allramildasta konung, að vör Dýrfirðingar og fleiri menn í
vesturpartí sýslunnar fáum leyfi til að byggja hús í Haukadál, sem
allra-fyrst, með fullkomnum verzlunarréttindum.

(66 nöfn).

Til þess, að Öndarfirðingar og einkum Arnfirðingar, sem
nú sækja margir hverjir nauðsynjar sínar til Þingeyrar-verzlunar,
ættu hægra, væri kaupstaður í Haukadál æskilegur, og mundi hann
engan óhagnað eða erfiðleika gjöra Dýrfirðingum.

Stefán Bjarnarson

(sýslumaður).

b) Með þessari bænarskrá fylgdu þrjár samhljóða bænarskrár, dag-

settar að Breiðafirði og Vestfjörðum í aprílmán. 1873, svo hljóðandi:

Eftir áskorun frá Dýrfirðingum um að vèr undirskrifadir innbúar Barðastrandarsýslu verðum þeim samtaka um, að fá því fyrir milligöngu alþingis til leiðar komið, að löggilt kauptún geti fengizt við Haukadalsbót í Dýrafirði, og þeim Dýrfirðingum og öðrum, er kynnu að vilja eiga félagskáp við þá, leyft að reisa þar verzlunarhús með fullkomnum verzlunarréttindum, þá skulum vèr hèr með leyfa oss, að láta í ljósi í fáum orðum álit vort og atkvæði um þetta mál.

Vèr skulum þá fyrst og fremst leyfa oss að taka það fram, að þegar um það spursmál er yfir höfuð að ræða, hvort ástæða eða þörf sè til, að fá ný kauptún löggilt, verðum vèr að álíta það hina eðlilegustu, frjálsegustu og í öllu tilliti réttustu reglu, að leyfi til að fá slík kauptún löggilt og verzlunarstaði setta, verði gefið hverjum þeim stað á landinu, þar sem þau skilyrði frá náttúrunnar hendi, sem hèr til útheimtast, svo sem góð og trygg höfn, haganlegt verzlunarpláss o. s. frv., eru til staðar, og það þess utan lýsir sèr, að það er almennur og eindreginn áhugi og ósk innbúanna eða sérstaklega þeirra er slíkt mest varðar, að fá þess konar kauptún löggilt og verzlunarstaði setta á stofn; því það virðist liggja í augum uppi, að fyrst þegar fullkomið frelsi í þessu efni er fengið, og engin einokun til hagsmuna fyrir einstaka verzlunarstaði á sèr lengur stað, getur það fyrst algjörlega sýnt sig í reynslunni og framkvæmdinni, hverjir af slíkum stöðum umhverfis landið eru í raun og veru hæfilegastir til að vera fastir verzlunarstaðir, og það því fremur, sem það að mörgu leyti má með meiri eða minni rökum segja, að margir af hinum núverandi föstu verzlunarstöðum að eins eru orðnir það fremur af tilviljun eða af handahófi, en því að þeir í raun og veru sèu betur til þess fallnir eða haganlegar settir fyrir innbúana en aðrir staðir, sem enn þá ekki hafa öðlazzt verzlunarréttindi. Vèr verðum í stuttu máli að álíta, að fullkomið frelsi í þessu efni heyri til sannarlegs og notasæls verzlunarfrelsis, og það því fremur, sem almennur áhugi virðist að vera vaknaður á meðal landsbúa, til þess með samtökum og félagskáp að geta fært sèr verzlunina og verzlunarfrelsið sem bezt í nyt, en slíkan félagskáp virðist oss vera gild ástæða til fyrir hvern þann, sem ann framförum landsins og hag landsbúa, í hverju helzt sem verður, fremur að styðja en fella.

Hvað því næst sérstaklega snertir hið hérumrædda málefni, að fá löggilt kaптún við Haukadalsbót á Dýrafirði, þá er það að voru álitu ekkert efamál, að þessi staður hefur í öllu tiliti, og það fremur flestum öðrum stöðum hér á landi, þá hæfileika til að bera, sem útheimlast fyrir góðan fastan verzlunarstað. Það er þannig þjóðkunnugt, að þar er einhver hin haganlegasta, tryggasta og rúmbezta höfn og skipalægi, svo að t. a. m. fiskiskip Frakka liggja þar árs árlega hundruðum saman, en fara þar á móti sjaldan eða aldrei til hins nú eina löggilta verzlunarstaðar í Dýrafirði Þingeyrar. Hins vegar er byggingarstaði og fiskiverkunarpláss í Haukadalslandi umhverfis höfnina bæði rúmgott og í hverju tilliti haganlegt og velfallið. Til aðsóknar er þessi staður, að minnsta kosti fyrir allan utanverðan Dýrafjörð, en sérstaklega fyrir alla Arnfirðinga, sem flestir, en þó einkum þeir á norðurströndinni og hjerna megin Dalamenn, reka árlega verzlun bæði á sumrum og haustum til Dýrafjarðar, talsvert hægri og nálægari en Þingeyri, og takist verzlun á Haukadalsbót mætti búast við, að þangað yrði almennt sótt verzlun úr Arnfirði og að menn beggja megin fjarðarins mundu bindast verzlunarfélagskap við Dýrfirðinga.

Fyrir oss Vestfirðinga yfir höfuð mundi Haukadalsbót geta orðið sérlega hentugur og velvalinn staður til að leggja upp þilskipum og afla af þeim, og tekur það ekki hvað sízt til Breiðfirðinga, sem vegna hinnar löngu og torveldu innsiglingar til Flateyjar, eru, ef þeir ættu að geta haft fullkomin not af þilskipaútveg sínum, einkum með þorskafli á sumrum, neyddir til að leggja upp afla sinn, og það að vísu hvort heldur þorsk eða lifur á einhverjum góðum og hentugum stað á Vestfjörðum, og teljum vér víst, að nánara samband í þessu og öðru tilliti mundi komast milli verzlunarfélags þess, sem þegar er stofnsett á Flatey á Breiðafirði, og þess verzlunarfélags, sem Dýrfirðingar nú hafa í ráði að stofna, og að þilskipaeigendur í Breiðafirði almennt mundu nota Haukadalsbót til að leggja upp á þilskipaafli þeirra, svo framfarlega sem hið eptiræskta leyfi til að fá þar löggilt kaптún og setja þar fastan verzlunarstað gæti fengizt. Loksins skulum vér með Dýrfirðingum leyfa oss að taka það fram sem sérstaklega ástæðu, til að fá Haukadalsbót löggilta til verzlunarstaðar, að hún, eins og áður er getið, er einhver hin helzta stöð frakkneskra fiskiskipa hér við land, sem ekki er efamál að mundu hafa talsverð verzlunarviðskipti við fasta verzlun þar á staðnum, eins og að þar mundi í flestu tilliti hægra

aðstöðu og færri erfileikum bundið, en hvar annarstaðar frá, að hafa alla nauðsynlega og lögbodna tilsjón með fiskiskipum þessum.

Af öllum framantöldum ástæðum, leyfum vèr undirskrifaðir oss hèr með, að snúa oss til hins heiðraða alþingis vors með þeirri eindreginni bón vorri, að hið heiðraða þing vildi með kröptugum meðmælum sínum bera upp bænarskrá fyrir konung vorn um: að sem fyrst að orðið getur verði kaupún löggilt við Haka-dalsbót á Dýrafirði með leyfi til að byggja þar fastan verzlunarstað með fullkomnum verzlunarréttindum.

(alls 64 nöfn).

(Feildar frá nefnd)

BÆNARSKRÁ

úr nyrzta hluta Norður- Múlasýslu, um *löggildingu Bakkafjarðar* í Norður- Múlasýslu, dagsett 26. d. aprilm. 1873.

Því verður engan veginn neitað, að greið og hagfelld verzlun er eitt af undirstöðu-atriðum velmegunar sérhvers lands, og að eptir því, sem hún er fjörmeiri og fjölbreyttari, eptir því verða æ betri og betri líkindi til, að hún geti náð tilgangi sínum, sem er hagsmunir bæði kaupanda og seljanda. En þetta getur þó því að eins átt sér stað, að torfærum þeim, er slíku eru í vegi, geti orðið burt rýmt eptir því, sem söng eru á; en hèr á landi er það margt, er slíku getur verið til fyrirstöðu, fyrir utan verzlunarkúgun og einokun þá, er á ýmsum stöðum lands þessa hafa átt sér stað um undanfarin ár. Það er nú alls eigi ætlun vor, að gjöra hèr sérstaklega umkvörtun um hana eður afleiðingar hennar, einkum þar sem verzlun nú á seinni tímum hefur fengið frjálsara horf, og tilraunir þær, sem gjörðar hafa verið til innlendrar verzlunar hafa í mörgu verulegu bætt úr þeim annmarka. Það sem hèr á landi mun sér í lagi tálma verulegum verzlunarframförum, er ásigkomulag landsins sjálfs, og þar af leiðandi ýmislegar torfæur, og virðast þessar hvað helst að eiga sér stað hèr á þessum landskjálka, og menn hèr standa á baki annara landshluta í verzlunarefnum, einmitt fyrir þessar sakir. Aðflutningar frá þeim eina verzlunarstað hèr um sveitir, nefnilega Vopnafjarðar-höndlunarstað, eru næsta ógreiðir og torsóttir, og mega heita ókljúfandi fyrir flesta hèr, þar sem fjallvegur og ár liggja á milli, og verður hvortveggja

á vissum árstímum ófært yfirferðar, og vegalengdin er auk þessa allmikil. Nú á seinni tímum, síðan hrossasala til Englendinga hefur fækkað þessum hér á landi ómissanlegu gripum, eru þeir alls ekki orðnir fánlegir, en ómögulegt hér að ala þá upp sökum vetrarharðinda og þess óbærilega kostnaðar, er til þess þyrfti. Svo hefur verið ástatt hér um seinast-liðin ár, að sökum þessara vandræða hafa fastir búendur hér, jafnvel ekki þeir efnadri, getað flutt að sér hey á sumrum, heldur orðið að setja það hér og hvar út um land, og láta síðan með ærinni fyrirhöfn opt í vondum veðrum aka því á sleðum heim á veturna. Þetta sama hefur og hingað til átt sér stað með aðflutninga úr kaupstað, og geta allir séð, hversu greiðlega það muni ganga, þar sem langan og hættulegan veg er að sækja. Verzlunin á Vopnafirði hefur hér að auki ekki reynzt einhlít til að byrgja menn að nauðsynjavörum, og hafa þess enda einu sinni gefizt dæmi, að svo hefur kreppt að mönnum hér skortur á þeim, að þeir máttu kjósa um tvennt: annaðhvort, að deyja af hjargarskortí, eða sækja korn austur á Seyðisfjörð, sem allir vita, að er ókljúfandi verk.

Af þessum ástæðum, sem hér eru taldar, virðist oss það óumflýjanlegt, að fengist gæti frjáls sumaruppsigling á einhvern þann stað hér um pláss, er menn ættu hægra með að ná að sér vörum að sumarlagi, einkum þar eð verzlun þessi á sér stað á þeim tíma árs, er menn mega sem minnstar frátafir hafa frá heimilum sínum. Virðist, sökum afstöðu og jafnrar fjarlægðar frá plássum þeim, er að gætu sótt, sem Bakkafjörður hér við Langanesstrandir væri sér í lagi vel fallinn til þessa, bæði sökum þess, að fjörður þessi er einkar-vel lagaður fyrir skipalægi á sumrum, þar sem botninn er nær því hvervetna sandur vel þéttur, og í honum eru hvergi nein sker eður grynningar, svo vart þarf að gjöra ráð fyrir því, að skip slíti þar upp, séu fastar nógu traustar, og sjaldgæft eru hér um þann ársins tíma nein skaðleg veður, er það geti orsakað. Fjörðurinn er vel breiður út og inn, og í honum nægilegt dýpi fyrir skip. Aðsókn til verzlunar að skipum þeim, er þar liggja getur orðið æði-mikil, þar sem Langanesströnd og nokkur hluti af Langanesi eiga hlut að máli, og mundu lausakaupmenn, er þangað kæmu á sumrin, hafa þar næga verzlun.

Það virðist því fullkomin þörf á, að löggilding fengist á nefndum firði til frjálsrar uppsiglingar fyrir lausakaupmenn og aðra, er þangað kynnu að vilja sækja til verzlunar á sumrin, og finnast

munu nú löggiltar hafnir hér á landi, hvar eigi hafi verið öllu meiri þörf á en hér. Mætti þar til nefna Straumfjörð í Mýrasýslu og Brákarpoll í Borgarfjarðarsýslu, er báðir hafa fengið löggildingingu, en eru þó eigi lengra hver frá öðrum, en Bakkafjörður er frá Vopnafirði, og sveitir þar hesta-auðugri eða hafa verið allt til þessa tíma.

Vér, sem hér undir ritum nöfn vor, leyfum oss því hér með að skora fastlega á hið heiðraða alþingi, að það vilji nú í sumar taka mál þetta til meðferðar, og rita hans hátign konunginum svo látandi allraþegnsamlegasta bæn:

Að hans hátign allramildilegast vildi þóknast, að veita Bakkafirði við Langanesstrandir innan Norðr-Múlasýslu löggildingu til að vera á sumrum frjáls uppsiglingarstaður fyrir öll þau verzlunarskip, sem nú mega sigla upp og verzla á öðrum löggiltum höfnum landsins.

(18 nöfn).

(Fellð frá nefnd).

BEENARSKRÁ

um lækniembætti í eystri Skaptafellsýslu, dagsett að Holtum
6. dag júnímán. 1873.

Eins og alþingi er kunnugt, sendum vér innbúar Austur-Skaptafellssýslu bænarskrá til alþingis 1865, þess efnis, að sýslupartur þessi væri gjörður að sérstöku læknisumdæmi, með hliðsjón af því, að undir það læknisumdæmi gæti heyrt Geithellna-, Beruness- og Breiðdalshreppur. Alþingi tók vel undir þessa ósk vora og stjórnin í sama máta, svo vér fengum heitryði fyrir því, að Austur-Skaptafellssýsla yrði sérstakt læknisumdæmi, hvenær sem læknir fengist til að setjast hér að; en þar nú eru liðin 7 ár, síðan vér óskuðum þess, og engin sýnileg tilraun hefur verið gjörð síðan af valdaþjórninni, til þess að hér hjá oss væri skipaður læknir, þá óskum vér, að alþingi taki mál þetta fyrir enn að nýju, því það er sannarlega sorglegt, að geta í engu sjúkdóms-tilfalli leitað læknishjálpar. Vér teljum það sama sem að vera alveg lækni-hjálparlausir, þó vér innbúar Austur-Skaptafellssýslu eigum að vitja lækni á Eskifjörð yfir 5—6 þingmannaleiða fjarlægð; en væri læknir skipaður hér, sem ætti að hafa á hendi lækni-störf í suðurhluta Suður-Múlasýslu, mundum vér geta haft þess allgöð not,

en umdæmi þess læknis mætti þó ekki ná lengra austur en í Breiðdalshrepp í Suður-Múlasýslu, og þá ætti læknirinn að vera búsettur fyrir sunnan Lónsheiði. Fáist nú ekki bót ráðin á þessu hágborna ástandi hér hjá oss, virðist vera full ástæða til að homopatha-læknum væri af stjórninni leyft, að við hafa lækningar; því oss er óhætt að fullyrða, að homopathalæknar hafi hér í þessu strjálbyggða og víðlenda landi voru gjört eins mikið gagn og allopathar, að undanskildu því, að fátæklingar hafa komizt út af læknishjálpi þeirra án þess að verða félausir; en á meðan þessi strjálbyggða allopatha-lækna-hjálpi er við höfð, er ómögulegt, og það jafnvel fyrir hinar efnadri, að geta leitað sér læknishjálpar hjá allopoðthum; og hefur þó homopathían ekki haft því láni að fagna hingað til, að hún hafi verið styrkt af opinberum sjóðum, þó vèr álitum, að þess hefði verið full þörf; því hvaða álit sem svo er um það hjá allopoðthum, þá er þó orðin full reynsla fyrir því, að homopathiskar lækningar duga, og í ýmsum sjúkdómum jafnvel betur bæði hér á landi og í öðrum löndum, og þegar nú reynslan er fyrir því, að homopathiskar lækningar duga, virðist það vera fásinna, að meina mönnum, að við hafa slíkar lækningar, og því ætti alþingi að fylgja því fram, að homopatha-lækningar mættu að ósekju við hafa hér á landi.

Af framantöldum ástæðum skorum vèr á yður, heiðruðu alþingismenn, að þér fylgið því fram:

1. Að Austur-Skaptafellssýsla verði gjörð sem allra-fyrst að sérstöku læknisumdæmi, og við það læknisumdæmi væru sameinaðir Geithellna-, Berunes- og Breiðdalshreppar í Suður-Múlasýslu, og að lækninum væri gjört að skyldu, að vera búsettur fyrir sunnan Lónsheiði.
2. Að alþingi fari þess á leit við stjórnina, að hverjum heiðvirðum manni, sem væri reyndur að góðri þekkingu í homopathíu, eður vildi framvegis gefa sig til þess, verði leyft, að við hafa slíka lækninga-aðferð án hindrunar eður mótspyrnu um það frá yfirstjórn allopathíunnar.

(43 nöfn.)

2. 2 Bænarsskrár

samhljóða um læknisembætti á Djúpavogi, dagsettar 1. janúar 1873 í Berunes-, Geithellna og Breiðdalshreppum. Niðurlagsagsatriði: Samkvæmt framanskriðuðum ástæðum leyfum vèr oss, að skora

á hið heiðraða alþingi, að það allraþegnsamlegast vildi biðja hans hátiga konunginn um :

Að stofnað yrði lækniembætti á Djúpavog með þeim kjörum, sem ákveðin eru fyrir þess konar lækna á seinni tímum, eða sem alþingi kynni að þóknast að stinga uppá,

og til vara:

Að stofnað yrði lækniembætti í vesturhluta Suður-Múlasýslu, og læknum uppálagt, að taka sér bústað einhverstaðar, helst austarlega, í Álptafirðinum, með sömu kjörum og að ofan er greint.

(64 nöfn alls).

(Þessum 3 bænarskrám var vísað forsetavegin til hlutaðeigandi yfirvalda).

4. BÆNARSKRÁR

samhljóða úr Norður-Múlasýslu, dagsettar í marzm. 1873, um lækni þar.

Þegar aðgætt er, hve óvenjulega stórt það svæði er, sem lækni-umdæmi Austfirðinga nær yfir, nefnilega frá Langanesi og suður fyrir Öreifi, er hverjum skynsómum manni hægt að sjá, að þeir, sem fjærst hafa búð læknum, hafa verið svo gott sem læknilausir. Þegar lækningin bjó á Brekku í Fljótsdal eða á Höfða á Völlum, máttu auðsjáanlega innbúar Norður-Múlasýslu allir, sem búa norðan Smjörvatnsheiðar, og þó einkum þeir, sem búa á Langanesströndum, með fullum rétti heita útilokaðir frá allri læknishjálp; og þó enn heldur þegar sú breyting gjörðist, að lækningin skyldi búa á Eskifirði. Umkvörtun um þetta hefur og verið borin fram á alþingi, og þess verið óskað, að aukalæknir yrði settur í Vopnafirði.

Nú vitum vér til, að úr vesturhluta Suður-Múlasýslu muni bænarskrár verða sendar til alþingis í sumar þess efnis, að fá lækniembætti stofnað á Berufirði eða þar í kring. En þó þetta fái ist, geta innbúar Norður-Múlasýslu síður en ekki haft nokkurt gagn af því, nema því að eins, að hinu forna lækni-umdæmi verði skipt í 2, þannig, að annað sé fyrir Suður-Múla-, en hitt fyrir Norður-Múlasýslu, og læknum hér (í Norður-Múlasýslu) verði gjört að skyldu, að búa þar í sýslunni, sem sýslubúum yfir höfuð verði álitid hægst að leita hans, sem að voru álit er á Fossvöllum eða þar í grennd.

Vér innbúar Norður-Múlasýslu, sem hér undir ritum nöfn vor, leyfum oss því, að skora á yður, háttvirtu alþingismenn, að þér gefið sem vandlegast gaum þeim hér áviknu þörfum vorum, og sendið konungi vorum allraþegnsamlegasta bænarskrá um:

að stofnað verði læknisembætti fyrir Norður-Múlasýslu, og lækninum gjört að skyldu, að búa á þeim stað í sýslunni, sem fyrir sýslubúa verður álitinn hentugastur.

Þess látum vér að endingu getið, að úr þeim hreppum sýslunnar, sem að undanfögnu helzt hafa leitað herra lækni Zeuthens, hafa verið sendar bænarskrár um það, að fá annan lækni í hans stað.

(samtals 233 nöfn).

(Vísað forsetaveginn til hlutaðeigandi yfirvalda).

BÆNARSKRÁ

um lagaskóla á Íslandi frá 13 námsmönnum í Kaupmannahöfn, dagsett 26. d. maimánaðar 1873.

Nú eru liðin 18 ár síðan íslenskir námsmenn í Kaupmannahöfn sendu í fyrsta skipti bænarskrá til alþingis um stofnun lagaskóla á Íslandi. Þetta ítrekuðu þeir síðan stöðuglega hvert þing eptir annað, og það tók jafnan undir málið með fullkomnu fylgi og áhuga. Auk þess hafa einstakir þingmenn þrásinnis komið fram með uppástungur um stofnun lagaskólans, og fengið jafnan beztu undirtektir. Sýnir það berlega, að þjóðin er samhuga um, að álíta lagaskólastofnunina eitthvert þýðingarmesta nauðsynjamál sitt, og hefur áhugi hennar farið að því skapi vaxandi, sem stjórnin hefur þrjóskazt lengur við, að verða við ósk hennar og það að ástæðulausu.

Vér gjörum ráð fyrir, að mál þetta hafi ekki fengið bytri byr hjá stjórninni í þetta skipti, en að undanfögnu. Og jafnvel þó vér sèum fullvissir um, að alþingi muni eigi láta letjast, að fylgja fram málinu og ánýja bæn sína, hversu þvert sem stjórnarneið verður í þetta skipti, þykir vel hlýða, að vér, sem ættum að geta mörgum fremur borið um nauðsyn íslenskrar lagakennslu, og hljótum að finna manna mest til þarfarinnar á henni, skorum á hið heiðraða þing, að gjöra allt, sem í þess valdi stendur, til að ráðin verði sem bráðasta bót á þessari þjóðarnauðsyn. — Málið er svo margrætt og skýrt út í æsar, bæði á alþingi og utanþings, og mótbár-

ur stjórnarinnar og annara mótstöðumanna lagaskólans svo marghraktar, að engum óhlutdrægum manni kemur til hugar, að kalla þær annað en einberan hægóma. Virðist oss því með öllu óþarft að fara mörgum orðum um það í bænarskrá þessari, en felum það einungis forsjá þingsins og beztu fyrirgreiðslu. Vær viljum að eins leyfa oss, að geta þess, að oss virðist fyrirkomulag það á skólanum, er gjört er ráð fyrir í ritgjörð um þetta efni í «Nýjum Félagsritum» í fyrra (1872), ákjósanlegast.

Það er því ósk vor, sem ritum hér undir nöfn vor, að hið heiðraða þing sendi konungi allra-þegnsamlegasta bænarskrá þess efnis:

- 1., að stofnaður verði hið bráðasta á landsins kostnað kennsluskóli handa íslenskum lögfræðingaeftum, og
- 2., að engum, sem leyst hefur af hendi embættispróf í lögum við háskólann í Kaupmannahöfn eptir að embættispróf er haldið í fyrsta skipti við hinn íslenska lagaskóla, skuli veitt embætti á Íslandi, nema hann gangi áður undir próf í íslenskum lögum við lagaskólann á Íslandi.

(Nefnd sett).

BÆNARSKRÁR

um stjórnarbótarmálið.

1. Frá Þingvallafundi, dagsett 28. dag júnímán. 1873.

Flestum yðar hinna þjóðkjörnu alþingismanna er að vísu kunnugt um þjóðfund þennan við Öxará að þessu sinni, að til hans voru nú 2 menn kosnir á héraðsfundum úr hverju kjördæmi landsins á almennan kostnað, þótt þeir tveir kosnu fulltrúar úr einu kjördæmi, en 3 úr þremur kjördæmum kæmst eigi á fundinn. Yður má og vera það allt að einu fullkunnugt, hvað það var, er svo sérstaklega knúði Íslendinga til, að færast stórræði þetta í fang í einum hug yfir land allt; en það eru *stjórnkjör* vor í einu sem öllu nú eptir full 24 ár, síðan Íslendingum var heitið stjórnarbót af einvaldskonunginum í Danmörku, en samþegnar vorir fengu sitt fulla stjórnfrælsi; það eru stjórnarmál vor og það aflagastig, er þau eru nú komin á og hafa smámsaman færzt á æ meir og meir, einkum um hin tvö síðustu þing 1869 og 1871, í sambandi með þeirri niðurlægingu, sem jafnframt hefur færzt yfir

Þjóðþing vort, sjálfsagt mestmegnis fyrir ýmsar aðfarir af hendi hinnar lögbundnu stjórnar samþegna vorra í Danmörku. Í stað þess að láta oss ná því sjálfsagða jafnrétti, sem oss ber einnig eptir skýlausum fyrirheitum þess sama einvaldskonungs, er veitti samþegnum vorum stjórnfrælsi, þá hefur, með því ýmist að þröngva, ýmist að niður brjóta, hin danska stjórn æ meir og meir hallað rétti lands vors og þjóðar og misboðið rétti alþingis þrátt fyrir það, þó að alþingistilsk. 8. marz 1843 standi enn óröskuð og í sínu fulla gildi; það eru þessar margs konar háskalegu tilraunir og aðfarir «Constitutionarinnar» í Danmörku, til þess að hún ein nái í öllum greinum *undir sig* factiskum æðstu stjórnaryfirráðum yfir landi voru og þjóð, og til þess að samþykkja og staðfesta þessar hennar ýmsu stjórnar-tiltektir, beitir hún ýmist lögbandi hinnar dönsku stjórnarbótar við sinn lögbundna konung, ýmist því einveldi, sem konungur hefur, einnig hvað Ísland snertir, í verunni afsalað sér, ýmist því yfirskyni, að þær séu samkvæmt alþingistilsk., ýmist með því að segja, að það eða hitt málið, er ráðherrastjórnin vill þröngva upp á oss til að skerða þjóðréttindi vor, liggi fyrir utan alþingistilsk. og réttindi alþingis; það eru einkum afdrif stjórnarbótarmála vorra á 2 hinum síðustu alþingum, þær þungu og ófugu undirtektir, er þau hafa fengið hjá konungi vorum í hvorttveggja skiptið fyrir milligöngu og aflagafærslu hinnar lögbundnu ráðgjafastjórnar í Danmörku, — þrátt fyrir og þvert ofan í þau skýlausu framboð konungsins sjálfs til vor Íslendinga í stjórnarlaga-frumvarpinu, er hans hátígn lét leggja fyrir alþingi 1867, og allrahæstu viðurkenningu um rétt vörn samkvæmt heityrðum Danakonungs 1848 til algjörðrar stjórnarbótarar, hvar samþykktaratkvæði Íslendinga og alþingis í stjórnarbótarmálinu var viðurkennt að sjálfsögðu, og hvar með oss skyldi veita jafnrættis-stjórnarkjör við þau, er samþegnum vorum í Danmörku áunnust 1849. Í notum þess, að konungur væri lögbundinn og ábyrgðarlaus, en ráðherrastjórnin hefði alla ábyrgð stjórnargjörðanna, ávann hún, að hann brá út af og aptur tók gjörsamlega þessi hin konunglegu heityrði sín og framboð, en viðtók í þess stað, að stöðulaga-frumvarp skyldi leggja fyrir hið nýkosna þing 1869, ásamt stjórnarskrár-frumvarpi um hin sérstöku mál lands vors, er var einbyggt á þessu stöðulaga-frumvarpi, en *ekki* á frumvarpinu 1867, — og framtekið, að alþingi hefði að eins ráðgefandi atkvæði í báðum þeim stjórnarmálum. Það eru enn, einkum

fyrst tilræði ráðherrastjórnarinnar með að útvega samþykki hins lögbundna Danakonungs á stöðulögunum 2. jan. 1871, er aldrei hafa verið lögð fyrir alþingi, því síður rædd þar eður samþykkt, þar sem þetta eru allt *önnur* lög, heldur en stöðulaga-frumvarpið 1869 stefndi að, — og hefur eigi að eins viljað gefa þeim *sjálfum* bindandi lagagildi hér á Íslandi, eins og þau liggja fyrir, sem eigi getur með neinu móti staðizt, heldur einnig byggi á þeim ýmsar mjög þýðingarmiklar og afleiðingamiklar ráðstafanir og fyrirskipanir í yfirstjórninni hér innanlands, t. d. stofnun landshöfðingjadæmisins yfir Íslandi með feykimiklum árslaunum af landssjóði og öðrum embættishlunnindum, án þess alþingi hafi þar um heyrt verið í neinni grein, og hefur hinn lögbundni *lögstjórnarráðgjafi* í Danmörku útvegað fárra lína konungs-úrskurð til þess einn að skrásetja, undirskrifa og út gefa landshöfðingja-erindisbréfið, og eru þetta mjög yfirgrips- og þýðingar-mikil lög fyrir allt land vort og þjóð, og til orðin án þess alþingi hafi verið gefinn kostur á, að ræða þau og samþykkja.

Allt þetta, eitt með öðru, hefur knúð Íslandslýð samhuga, til að kjósa til þessa allsherjarfundar við Öxará, eigi sízt þar sem nokkrir menn á síðasta alþingi 1871 lýstu því yfir í ávarpi til konungs, að sá hluti þingsins, sem hélt fram réttarkröfum hinnar íslenzku þjóðar, hefði alls ekki að styðjast við neinar almennar skoðanir né neinn eindreginn vilja frá þjóðinni, svo að það með þessum allsherjarfundi yrði augljóst, að þessir fáu menn á alþingi 1871 hafi dirfzt, að bera hræin ósannindi fram fyrir hátignina í Danmörku, til þess að setja blett á þjóðfulltrúa vora og ónýta tillögur þjóðþings vors og framgang stjórnarmála vorra; þar að auki var það sérstök hvöt fyrir þjóðina að kveðja til þessa fundar, að nú, þegar þeir fulltrúar þjóðarinnar, er mæta á alþingi í ár, eiga þar nú setu í síðasta sinni, áður en kosið verður til nýs alþingis, þá væri hið hentugasta tækifæri, til að senda konungi vorum óskir og vonir gjörvallrar þjóðarinnar um, að hið næsta alþingi fái fullt lög-gjafarvald og fjárforræði í íslenzkum málum, svo þannig yrði að lyktum bundinn endi á konunglegt heityrði um jafnrétti Íslendinga við samþegna vora í Danmörku, og fullnægt þeim rétti, sem Íslands þjóð á vafalausá heimtingu á.

Til fundar þessa voru sendar bænarskrár 19 að tölum, er allar fóru þess á leit, að fundurinn gjörði allt, sem honum væri fært til að koma stjórnarmáli voru sem fyrst í betra horf, en nú er.

Flestar af bænarskrám þessum skora á fundinn, að semja frumvarp til fullkominnar stjórnarskrár fyrir Ísland og senda hans hátign konunginum til staðfestingar, og taka nokkrar þeirra fram, að meðal annars væri það gjört að undirstöðuatriði, að Ísland stæði ekki í öðru sambandi við Danaveldi, en að því leyti, að það hefði sameiginlegan konung með því. Allar krefjast þær í fyllsta máta jafnrættis við samþegna vora í Danmörku, og hartnær allar fara því fram, að ef þetta eigi gæti fengizt, þá að biðja hans hátign konunginn, að saman kalla sem allra-fyrst þjóðfund í landinu sjálfu með fullu samþykktaratkvæði samkvæmt kosningarlögum 1849, og að konungur leggi fyrir þann fund frumvarp til fullkominnar stjórnarskrár fyrir Ísland. Mjög margar bænarskránnar taka það atriði fram með skýlausri áherzlu, að konungur kveðji til jarl af sinni hendi, er hafi það æzta vald í nafni konungs. Allar byggja þær kröfur sínar á þeim rökum, að sú stjórnaraðferð, sem nú á sér stað á Íslandi, sé að öllu leyti óeðlileg og gagnstæð réttindum og kröfum þjóðarinnar, og allar lýsa þær megnri óánægju yfir hinum óvinsælu lögum af 2. janúar 1871 um stöðu Íslands í ríkinu, sem og fleirum af hinum nýútkomnu lagaboðum, sem stríða gegn álit alþingis og óskum og vonum hinnar íslensku þjóðar. Mjög margar þeirra tala berlega fram þá óánægju og vantraust, sem hið nýstofnaða landshöfðingjadæmi yfir landinu hefur vakið hjá þjóðinni, og skora á fundinn og alþingi, að lýsa yfir því, hversu óheppilegt það embætti er undir því fyrirkomulagi, sem nú er á því, þar sem erindisbréf landshöfðingja sé undirskrifað og samið af erlendum mönnum, sem að þjóðarinnar álitu ekki hafa haft löglega heimild til þess, því þjóðin fær ekki betur séð, en að alþingi eigi fulla heimtingu á, að semja í sameiningu með konungi erindisbréf fyrir landstjóra yfir Íslandi, þar sem hann geti álitizt sem æðsti embættismaður Íslands, óháður öllu öðru valdi en konungs, og hafi ábyrgð stjórnarathafna sinna fyrir alþingi. Þær taka það fram, að hið umgetna erindisbréf gjöri landshöfðingjann háðan hinni dönsku stjórn, og þannig sé girt fyrir, að hann, þó hann vilji, geti komið fram velferðarmálum landsins, ef yfirboðara hans, sem er einhver hinna dönsku ráðherra, er honum ekki samþykktur í öllum greinum. Af bænarskrám þessum voru 11 stýlaðar beinlínis til alþingis; en þar eð fundarmenn höfðu umboð til þess af hálfu beiðandanna, voru þær afhentar þessum fundi til álita, en hinar voru stýlaðar beinlínis til Þingvallafundarins.

Fundurinn setti 9 manna nefnd í þetta mál, en þar eð hann fann sér hvorki fært, að semja fullkomið frumvarp til stjórnarskrár fyrir Ísland, nè heldur sá brýna nauðsyn bera til þess, komst hann í einu hljóði að þeirri niðurstöðu, að senda hans hátign konunginum allraþegnsamlegast ávarp, er lýsi yfir óskum og vonum þjóðarinnar, um að fá sem allra-fyrst það stjórnarfyrirkomulag, er fullnægi þörfum og réttindum Íslendinga, og að ávarp þetta skuli innihalda nokkur undirstöðuatriði til frumvarps til stjórnarskrár Íslands sem niðurlagsatriði, en ef hans hátign gæti ekki fallizt á þessar tillögur, þá að honum mætti þóknast, að kalla sem allra-fyrst saman þjóðfund hér á landi með fullu samþykktaratkvæði, samkvæmt kosningarlögunum 1849, og að leggja fyrir hann frumvarp til fullkominnar stjórnarskrár fyrir Ísland, og tóku nokkrir fundarmenn það fram, að það mundi vekja þeim mun meiri ánægju hjá hinni íslenzku þjóð, ef þetta gæti fengizt þegar næsta ár 1874, sem verður svo merkilegt í sögu landsins, þar sem það þá hefur verið byggt í 1000 ár, og landsbúar gætu þannig í sannleika fagnandi lifað þá þjóðhátíð, sem þá er í ráði að haldin verði í minningu Íslands byggingar.

Vegna þess að bænarskrárnar, eins og áður er getið, hafa svo skýrt og skorinort tekið fram óánægju sína á ýmsum þeim lagaboðum, sem á hinum síðustu árum hafa komið út fyrir Ísland, einkum lögin 2. jan. 1871, m. fl., og svo eindregið lýst yfir vantrausti þjóðarinnar á hinu nýstofnaða landshöfðingjadæmi, kemst fundurinn ekki hjá því, að skora á alþingi, að taka þessar yfirlýsingar svo vel og á þann hátt til greina, sem það sinnur sér fært; enda verður fundurinn að álíta, að þær sæu á fullum og augljós-um rökum byggðar. Jafnframt ályktaði fundurinn, að skora á alþingi, að það í ár taki ekkert annað málefni til meðferðar, en stjórnarbótarmálið, þar sem það er hið helzta allsherjar-áhugamál hinnar íslenzku þjóðar.

Af framantöldum ástæðum leyfir fundurinn sér að skora á yður, háttvirtu alþingismenn:

1. Að alþingi taki enn að nýju stjórnarbótarmál vort til ítarlegrar yfirvegunar, semji frumvarp til fullkominnar stjórnarskrár fyrir Ísland, og beri það fram fyrir hans hátign konunginn til allra-hæstu staðfestingar; enda vonar fundurinn það og treystir því, að alþingi taki allt það tillit, er það sér sér fært, til eptirfylg-

andi undirstöðuatriða, sem fundurinn hefur samþykkt og áður er á vikið.

1. atriði.

Að Íslendingar sé sérstakt þjóðfélag og standi í því einu sambandi við Danaveldi, að þeir lúta hinum sama konungi og það. Samþykkt með 24 atkv. gegn 7.

2. atriði.

Að konungur veiti alþingi fullt löggjafarvald og fjárforræði. Samþykkt í einu hljóði.

3. atriði.

Að allt dómsvald sé hér á landi. Samþykkt í einu hljóði.

4. atriði.

Að öll landsstjórnin sé í landinu sjálfu. Samþykkt í einu hljóði.

5. atriði.

Að ekkert verði það að lögum, er alþingi ekki samþykki. Samþykkt í einu hljóði.

6. atriði.

Að konungur skipi jarl á Íslandi, er beri ábyrgð fyrir konungi einum, en jarlinn skipi stjórnarherra með ábyrgð fyrir alþingi. Samþykkt með 32 atkv. gegn einu.

og til vara :

Að hans hátign konunginum mætti þóknast, að kalla sem allrafyrst saman þjóðfund hér í landi með fullu samþykktaratakvæði, samkvæmt kosningarlögum 1849, og að fyrir hann verði lagt frumvarp til fullkominnar stjórnarskrár fyrir Ísland. Samþykkt í einu hljóði.

2. Að alþingi í ár taki *ekkert* annað málefni til meðferðar, en stjórnarþótarmálið ; en sjái þingið sér ekki fært, að verða við þessari áskorun, að það þá að minnsta kosti varist, að gefa með tillögum sínum nokkurt tilefni til, að hin danska stjórn geti beitt þeirri óþolandi aðferð í lagasetningum fyrir Íslendinga, sem hefur verið höfð hin síðustu ár í ýmsum málum, svo sem sveitarstjórnarlögum, tollögum m. fl.

Til að framfylgja stjórnarmálum vorum samþykkti fundurinn að lyktum í einu hljóði:

Að kjósa þrjá af landsmönnum og gefa þeim umboð sitt til að bera framanskrifuð undirstöðuatriði til frumvarps til stjórnarskrár handa Íslandi ásamt með ávarpi fundarins,

sem innihaldi óskir og vonir þjóðarinnar í stjórnarbótarmáli voru, fram fyrir hans hátígn konunginn, og geta þessir menn jafnframt tekið við umboði frá þeim hluta alþingis í ár, er fer í sömu stefnu, og þess vegna skulu þeir ekki fara fyr en eftir þinglok í sumar.

Það er tilætlan fundarins með hinu síðasta atriði, að alþingi geti, ef það skyldi álíta það við eiga, borið sig saman við þessa sendinefnd í stjórnarbótarmálinu, og þeir einnig af þingsins hendi fengið umboð, til að bera ályktanir alþingis fram fyrir hans hátígn konunginn.

(34 nöfn).

2. Til alþingis og þjóðfundar, dagsett að Dal og Skinnastöðum, 19. dag og 23. dag máím. 1873.

Á seinastliðnum 20—30 árum hefur opt vaknað meðal vor Íslendinga gleðirík von um viðreisn vorrar kærú fósturjarðar fyrir það, að oss mundi veitast eðlilegt frelsi og jafnrætti við Dani samþegna vora. Vör fögnuðum í voninni, þegar Friðrik konungur 7. afsalaði sér einveldið í hendur þegna sinna með auglýsing sinni 4. apríl 1848, þegar hann með sínu konunglega heitorði 23. september s. á. boðaði oss, að hann vildi láta ást sína ná jafnt til allra þegna sinna, og Íslendinga hafa atkvæði um stjórnarmál landsins, og þegar þjóðfundur samkvæmt þessu heiti var kallaður saman á Íslandi 1851. Aptur glaðnaði vonin, þegar nefnd var skipuð í Kaupmannahöfn með erindisbréfi 20. september 1861, til að segja álit sitt og gjöra uppástungur um fyrirkomulag á fjárhagssambandinu milli Íslands og konungsríkisins fyrir fullt og allt, og enn fremur þegar vor núverandi konungur með opnu bréfi 23. dag febrúarm. 1864 lét auglýsa á Íslandi, að hann vildi sýna öllum þegnum sínum sama réttlæti og sömu velvild, og loksins þegar fulltrúi hans á alþingi 1867 lýsti því yfir af hendi konungs, að alþingi hefði samþykktaratkvæði í stjórnarmáli Íslands.

En því miður hafa þessir sólskinsblettir vonarinnar reynzt hverfulir. Þjóðfundinum 1851 var hleypt upp í miðju kafi; yfirlýsing konungsfulltrúa á alþingi 1867 tekin aptur, og allar seinni tilraunir að ná samkomulagi, og fá réttindi vor viðurkennd, hafa orðið árangurslausar. Alþingi er enn að eins ráðgjafarþing, og á hinum síðustu árum orðið harðla þýðingarlítið, þar sem það er nú

farið að tíðkast, að lög og tilskipanir koma út að alþingi fornspurðu eða beint ofan í tillögur þess eða þá með breytingum á þeim. Fjárviðskipti Danmerkur og Íslands eru enn að voru álitu óútkljáð, því þó Íslandi sè í hinum merkilegu lögum af 2. janúar 1871 ákveðið víst árgjald frá Danmörku, þá virðist það að eins viðurkenning þess, að vèr höfum nokkrar fjárkröfur til Dana, og getur enginn löglegur aðskilnaður verið. Og loksins er hin æðsta stjórn landsins háð dönskum ráðgjafa, sem einungis hefur ábyrgð fyrir hinu danska ríkisþingi.

Viðbára sú, að hinn lögbundni konungur Dana sè einvaldur á Íslandi, og ráðgjafarnir því, með tilliti til Íslands, hafi ábyrgð fyrir honum einum, getur ekki staðizt; því hún gjörir svo strangan aðskilnað milli Danmerkur og Íslands, eins og Ísland ekki væri óaðskiljanlegur partur Danmerkurrikis með sérstökum réttindum, og Friðrik konungur 7. hefði einungis afsalað sér einveldinu yfir Danmörku, en ekki yfir Íslandi. Umkvörtunarefni vor Íslendinga er í fæstum orðum það, að vèr enn ekki höfum fengið það stjórnarfyrikomulag, — löggjafarþing og fjárhagsráð — sem eðlilega hlaut að leiða af afsölu einveldisins; og því hljótum vèr að mótmæla gildi allra valdbodinna laga; mótmæla öllum skatta- eður tolla-álögum, meðan vèr ekki höfum löggjafarþing og fjárhagsráð, en krefjast stjórnarbótar sem fyrst. Og fyrst hinn seinasti einveldis-konungur ekki gat, eptir að hann afsalaði sér einveldinu, verið einvaldur yfir Íslandi, getur hinn núverandi konungur því síður verið það að lögum, þar sem hann ekki er konungur Danaveldis eptir fæðingarréttinum, og hin nýju ríkiserfðalög ekki hafa öðlazzt gildi eða verið viðtekin sem gildandi lög á Íslandi, og þannig ekkert vald gefið honum yfir Íslandi.

Þar eð rétti vorum í öllu þessu er mjög misboðið, svo að oss þykir eigi við vært, þá þykir oss nú hin brýnasta nauðsyn til bera, að þjóðin í einni heild mótmæli alvarlega núverandi fyrikomulagi landsstjórnar vorrar, svo sem ólögætu, óeðlilegu og skaðlegu, og beri sig upp undan því, hve reikular skoðanir stjórnarinnar á málum vorum hafa verið, og hve lítið tillit hún hafi til réttinda vorra, og sýni jafnframt fram á það enn að nýju, hve litla orsök Íslendingar hafi til að bera traust til hennar, eptir aðferð hennar við oss einkum á hinum síðari árum, og sömuleiðis til hins núverandi landshöfðingja, eptir því hvernig hann hefur komið fram sér í lagi á hinum seinustu þingum. Að svo stöddu

viljum vér alls ekki, að óþarfa-tíma eða kostnaði verði varið til þingmála, að eins skyldi stjórnarskipunarmálið sem bezt gjöra úr garði, og annars örfá mál til umræðu taka í sumar, þau er óumflýjanlegt virðist vera um að ræða.

Samkvæmt framanskriðuðu er það alvarleg áskorun og innileg bæn vor undirskrifaðra kjördæmisbúa í Norður-Þingeyjarsýslu, að hið háttvirta alþingi vort taki þessar tillögur vorar til greina:

1. að fundurinn og þingið sýni ljóslega fram á það, hversu réttindum lands vors er misboðið með stjórnaraðferð þeirri, sem við höfð hefur verið síðan 1848, og mótmæla alveg öllu því, sem stríðir gegn réttindum vorum, öllum valdboðnum lögum, sem oss hafa verið sett hin síðari árin, og öllum skatta- og tolla-álögum hér eptir, þangað til vér fáum stjórnarbót með löggjafarvaldi og fjárhagsráðum, samkvæmt réttindum vorum og óskum.
2. Að sérstaklega verði mælt í móti gildi hinna nýju ríkiserfðalaga að því, er snertir ríkiserfingja konungsins, með því þau hafi eigi hér löglega birt verið, því síður samþykkt.
3. Að sérlega sé lýst yfir þjóðarinnar megnu óánægju með núverandi landsstjórn og lögum frá 2. jan. 1871, og jafnframt krafist stjórnarbótar hið allra-fyrsta samkvæmt konunglegum heityrðum.
4. Að þess sé krafist, að nefnd verði sett til að rannsaka viðskipti Danmerkur og Íslands svo sem alveg óútkljáð, og að í nefndinni sitji jafnmargir Danir og þjóðkjörnir Íslendingar.
5. Að stjórnarskrá Íslands verði samin og send konungi til undirskriptar.
6. Að fáist ekki þegar í ár konunglegt samþykki stjórnarbótar þeirrar, er vér óskum eptir, nè heldur fullkomið konunglegt heitorð fyrir því, að hún skuli veitt verða næsta ár, þá sé þess krafist af konungi, að þjóðfundur með fullu samnings- og samþykktarvaldi verði kallaður saman á Þingvelli næsta sumar, samkvæmt kosningarlögum 1849, og frumvarp til stjórnarbótar byggt á sömu grundvallar-atriðum, sem stjórnarskráin frá þjóðfundinum og alþingi í ár, verði lagt fyrir þennan fund til endilegra úrslita.
7. Að fáist ekki heldur skýlaust loforð konungs nú þegar um slíkan þjóðfund að ári, þá verði ráðstöfun gjörð til að menn

verði hið bráðasta sendir til þess, að fyrirbúa þjóðinni stað,
þangað sem hún í sameiningu geti flúið á frjálsari stöðvar.

G. Gunnarsson, Kr. Árnason, E. Gottskálksson
(fundarstjóri). (skrifari). (skrifari).

3. Bænarsskrá úr Austur-Skaptafellssýslu, dagsett á sýslufundi að
Holtum 10. dag maím. 1873. (Niðurlagsatriði).

Af framantöldum ástæðum er það einlæg ósk vor, að þér,
háttvirtu alþingismenn, fylgið því fast fram:

1. Að vèr fáum fullkomið stjórnfrælsi í málum vorum, löggjafar-
vald í hendur alþingis með fullu fjárforræði, og landstjórn í
landinu sjálfu með fullri ábyrgð fyrir alþingi.
2. Að þingið taki það greinilega fram, hvernig réttindum lands-
ins er misboðið með stjórn þeirri, sem nú er fram fylgt hér
í landi, og að það því sendi hans hátign konunginum til
staðfestingar fullkomna stjórnarskrá fyrir Ísland; en geti það
ekki öðlæzt hans allrahæstu staðfestingu, þá fylgi þingið því
fram, að nýr þjóðfundur verði kallaður saman hér í landi,
samkvæmt kosningarlögunum 1849, og fyrir hann verði lagt
frumvarp til fullkominnar stjórnarskrár fyrir Ísland, samkvæmt
konunglegu heityrði í opnu bréfi 23. sept. 1848, sem eigi
hefur enn verið fullnægt.
3. Að þingið ráði frá öllum frumvörpum stjórnarinnar, sem lúta
að tolla- eða skattaálögum eða stríða móti réttindum lands
vors, svo lengi sem þjóðin fær eigi uppreisn stjórnarmála
sinna, sem og skorist undan öllum þeim gefnu lögum, sem
beinlínis standa í sambandi við stöðulögin.

(107 nöfn).

4. Bænarsskrá úr Vestur-Skaptafellssýslu, dagsett í júním. 1873.
(Niðurlagsatriði).

Af framantöldum ástæðum, er yður, háttvirtu alþingismenn,
eru kunnar til hlítar, og af því vèr erum þess fullvissir, að yður
sem oss þyki brýn nauðsyn til bera, að stjórnarfyrikomulag lands
vors komist hið allra-fyrsta í betra horf, en nú er, þá leyfum vèr
oss að skora á yður, að alþingi í ár:

1. taki skarpt og ljóslega fram, hversu réttindum hinnar íslenzku
þjóðar er misboðið með stjórn þeirri, sem nú er fylgt fram í

- landinu og sem er byggð á þeim skakka grundvelli, að konungur vor Kristján hinn 9. sè einvaldur á Íslandi;
2. mótmæli öllum þeim lagaboðum og setningum, er koma í bága við þjóðrættindi Íslendinga;
 3. semji fullkomna stjórnarskrá fyrir Ísland eptir því, sem réttur landsins stendur til, og sendi hana hans hátign konunginum til staðfestingar. En geti hún ekki óðlæzt konungsins allrahæstu staðfestingu, að alþingi þá :
 4. fylgi því fram, að nýr þjóðfundur með fullu samþykktaratkvæði verði saman kallaður hér á landi samkvæmt kosningarlögum 1849, og að fyrir hann verði lagt frumvarp til fullkominnar stjórnarskrár fyrir Ísland, samkvæmt konunglegu heitryði í opnu bréfi 23. dag sept. 1848, sem enn þá ekki hefur verið fullnægt;
 5. ráði frá öllum frumvörpum stjórnarinnar, er lúta að nýjum skatta- eður tolla-álögum, meðan alþingi fær eigi fullt fjárföræði í hendur, og
 6. verji eigi óþarflega löngum tíma og kostnaði til þingmálanna.
- (153 nöfn).

5. Bænarsskrá úr Rangárvallasýslu, dagsett á sýslufundi að Stórólshvoli, 16. dag maím. 1873. (Niðurlagsatriði).

Að svo mæltu skorum vèr á yður, háttvirtu alþingismenn, að þèr starfið nú samþuga og öruggt að því :

1. Að þingið taki einart og vel fram, hversu réttindum vorum er misboðið með stjórn þeirri, sem nú er fylgt fram í landinu, og mótmæli kröftuglega öllu því, sem kemur í bága við þau, og að það því sendi hans hátign konunginum til staðfestingar fullkomna stjórnarskrá fyrir Ísland, hvar í sè ljóslega tekið fram, 1. að fulltrúaping þjóðarinnar í öllum innlendum íslenskum málum hafi löggjafarvald og fjárhagsráð; 2, að öll framkvæmdarstjórn í innlendum málum fari fram í landinu sjálfu, og að yfirstjórn landsins hafi fulla ábyrgð stjórnaraðgjörða sinna fyrir fulltrúapingi þjóðarinnar; og yfir höfuð allt það tekið fram, sem réttur landsins stendur til. En geti það ekki óðlæzt hans allrahæstu staðfestingu, þá að fylgja því fram, að nýr þjóðfundur verði saman kallaður hér á landi samkvæmt kosningarlögum 1849 og konunglegu fyrirheiti 23. d. septemberm. 1848, sem enn hefur eigi verið fullnægt.

2. Að þingið ráði frá öllu því, sem lýtur að nýjum skatta- eða tollalögum, meðan þjóðfélag vort fær eigi uppreisn stjórn mála sinna, og að öðru leyti verji ekki óþarfa-tíma til þingmála.
(24 nöfn).

6. Bænarsskrá úr Gullbringusýslu, dagsett á sýslufundi í Hafnarfirði 21. dag júním. 1873. (Niðurlagsatriði).

Vér biðjum þess vegna hið heiðraða þing, að senda hans hátign konunginum eindregna bænarsskrá um það:

að hann veiti þingi voru sem allra-fyrst löggjafarvald með fullu fjárforræði með þeim nákvæmari ákvörðunum, sem þingið tekur fram í meðferð þessa máls.

Í umboði fundarins (56 menn á þingi).

Þórarinn Böðvarsson, St. Thorarensen,
fundarstjóri. skrifari, með fylgjandi athsemd.

Ath. Orðrætt eptir fundar-samþykktinni var niðurlagsatriði þessarar bænarsskrár þannig:

að alþingi biði hans Hátign Konunginn, að hann veiti alþingi voru *sem allra-fyrst* löggjafarvald og fullt fjárforræði. Hinar aðrar ákvarðanir (stjórnarbótarmálsins) óskar fundurinn að verði enn nákvæmar ræddar á þinginu, og álit þar um sent konungi.

Matth. Jochumsson. St. Thorarensen.

7. Bænarsskrá úr Mýrasýslu, dagsett á sýslufundi að Galtarholti 29. dag maím. 1873. (Niðurlagsatriði).

1. Að þingið taki skarpt fram, hversu að réttindum vorum og landsins er misboðið með stjórn þeirri, sem nú er fylgt fram í landinu, og mótmæli öllu því, er kemur í bága við þau, þar á meðal sameiningu vesturamtsins við suðuramtíð og skiptingu Mýra- og Hnappadalssýslu og samsteypu Mýrasýslu við Borgarfjarðarsýslu; og að það því sendi hans hátign konunginum til staðfestingar fullkomna stjórnarskrá fyrir Ísland, sem yfirgrípi stjórnar- og fjárbagsmál landsins eptir því, sem réttur þess stendur til. En geti það ekki öðlæzt hans allra-hæstu staðfestingu, þá fylgi þingið því fram, að nýr þjóðfundur verði saman kallaður hér á landi, samkvæmt konunglegu heityrði í opnu bréfi 23. dag septemberm. 1848, sem enn eigi hefur verið fullnægt.

2. Að þingið ráði frá öllum frumvörpum stjórnarinnar, er lúta að nýjum skatta- eða tollaálögum, og að öðru leyti verji eigi óþarfatíma og kostnaði til þingmála.

Í umboði fundarins

Ásgeir Finnbogason. G. Þ. Stefánsson. H. Bjarnason.

8. Bænarskrá úr Ísafjarðarsýslu, dagsett að Langeyri 4. dag júní- mánaðar 1873.

Á sýslufundi, sem haldinn var á Langeyri í Ísafjarðarsýslu þann 4. dag júní 1873, og sem sóttur var af kjörnum mönnum úr flestum hreppum sýslunnar, var meðal annars tilrætt um, hver úrræði virtust tiltækilegust fyrir landsbúa undir þeim iskyggilegu kringumstæðum, sem nú eru fyrir hendi og sem orsakaðar eru af hinni megnu óánægju yfir athöfuum stjórnarinnar á hinum síðari árum, þar sem tillögur alþingis eru hvað eptir annað virtar að vettugi, embættum steypt saman, án þess slíkt sé borið undir þingið, og stöðulögin frá 2. degi janúarm. 1871 þegjandi leidd hér inn, auk margs fleira, sem til mætti greina. Eins og kunnugt er, hefur því verið hreift æði-víða um land þetta að hrökkva á burtu hêðan, úr því engin breyting fáist á stjórnarfyriirkomulagi landsins; en sökum þess að vér unnum hugástum þessum kalda hólma feðra vorra, og óskum helzt af öllu, að móðurmoldin á sínum tíma verði til að geyma bein sjálfra vor, þá vildi fundurinn eigi ráða til þess, að svo komnu, að gripið yrði til þessa neyðar-úrræðis, heldur reyna enn á ný, að fá stjórnarfyriirkomulaginu breytt, og var því í einu hljóði samþykkt, að snúa sér til hins heiðraða alþingis, og óska, að það enn á ný taki til meðferðar stjórnarbotarmál vort Íslendinga, og taki í því til greina sérstaklega eptirfylgjandi atriði:

1. Að það taki fram, hversu réttindum landsins sé misboðið með stjórn þeirri, sem nú á sér stað, og mótmæli öllu því, er komi í bága við þau, og að það sendi hans hátign konunginum frumvarp til fullkominnar stjórnarskrár fyrir Ísland, og biðji um hans allrahæsta samþykki á henni. En fáist eigi samþykki hans hátignar, þá fari þingið fram á, að nýr þjóðfundur verði saman kallaður samkvæmt kosningarlögum 1849, og að fyrir hann verði lagt frumvarp til fullkominnar stjórnarskrár fyrir Ísland, samkvæmt hinu konunglega heityrði í opnu bréfi 23. dag septemberm. 1848, sem enn eigi hefur verið fullnægt.

2. Að þingið ráði frá öllum frumvörpum stjórnarinnar, er lúta að nýjum skatti eða tollaálögum, meðan landið fær eigi uppreisn stjórn mála sinna, og að öðru leyti verji eigi óþarfátíma eða kostnaði til þingmála.

Á. Ásgeirsson, Þ. Jónsson,
fundarstjóri. skrifari.

9. Bænarsskrá úr Strandasýslu, dagsett á sýslufundi að Kleifum á Selströnd 30. dag maimánaðar 1873. (Niðurlagsatriði).

Þess vegna heitum vér af framanskriðuðum ástæðum á vora heiðruðu alþingismenn, bæði þjóðkjörna og konungkjörna, er vér hljótum að setja transt vort til sem líklegastra og öflugastra máttarstólpa þjóðrættinda vorra, og biðjum alþingið, að semja og senda vorum allramildasta konungi til væntanlegrar staðfestingar stjórnarskrá fyrir Ísland, er byggist á þeim undirstöðu atriðum:

1. Að vér fáum fullt stjórnfrælsi í vorum málum, löggjafarvald í hendur alþingi og fullt fjárforræði; sömuleiðis að vér fáum landsstjórn í landinu sjálfu með fullri lagalegri ábyrgð fyrir alþingi.
2. Skorurum vér á hið heiðraða þing, að mótmæla kröftuglega öllum valdboðnum lögum og slíkum lagafrumvörpum, er þær sjáið að vera þýðingarlaus eða til skaða, meðan réttur alþingis er eigi frekar viðurkenndur, heldur er nú sem stendur.

30 bændur og embættismenn úr Strandasýslu.

Torfi Einarsson, Magnús Hákonarson,
fundarstjóri. fundarskrifari.

10. Bænarsskrá úr Húnavatnssýslu, dagsett á sýslufundi að Þingeyrum 16. dag júnim. 1873. (Niðurlagsatriði).

Þess vegna skorurum vér nú á yður:

1. Að taka skarpt fram, hversu að réttindum landsins er misboðið með stjórn þeirri, sem nú er fylgt fram í landinu, og að mótmæla öllu því, sem kemur í bága við þau; og að þær sendið hans hátign konunginum til staðfestingar fullkomna stjórnarskrá fyrir Ísland, eptir því sem réttur landsins stendur til.

En geti hún ekki öðlzt hans allrahæstu staðfestingu, þá fylgi þær því fram, að nýr þjóðfundur verði saman kallaður hér á landi samkvæmt kosningarlögum 1849, og að fyrir hann

verði lagt frumvarp til fullkominnar stjórnarskrár fyrir Ísland samkvæmt hinu konunglega heitorði í opnu bréfi 23. sept. 1848, sem eigi hefur verið enn fullnægt.

2. Að þingið ráði frá öllum frumvörpum, er lúta að nýjum skatta- eða tolla-álögum, meðan landið fær eigi uppreisn mála sinna, og að öðru leyti verji eigi óþarfatíma og kostnaði til þing- mála.

Í umboði fundarins.

D. Jónsson. A. Einarsson. J. Guðmundarson. Jón Kristjánsson.

11. Ávarp til alþingis úr Skagafjarðarsýslu, dagsett að Ási í Hegra- nesi, 9. dag júní. 1873.

Vér finnum oss skylt, að láta uppi skýlaust og eindregið álit vort um stjórnarbótarmál vort, eins og það stendur nú, fulltrúum vorum til leiðbeiningar, svo að þeir sjái það svart á hvítu, hvaða málstaður hefur í því efni eindregið og ótrautt fylgi heima í héraði.

Vér snúum oss fyrst og mestmegnis að stjórnarbótarmáli voru, með því að það er að voru álit undirstöðusteinn allra annara málefna. er viðkoma stjórnarhögum fósturjarðar vorrar; þykir oss lífið liggja á, að undirstaðan sé vel vönduð, áður en farið er að byggja ofan á hana frekar.

Vér sjáum það berlega, að einkum síðan 1867 hafa ráðgjafar konungs verið samtaka í því, að niðra réttindum vorum í stjórn- arlegum eignum og varna oss jafnréttis við samþegna vora Dani, er aptur og aptur var viðurkennt af einvaldskonungum Dana, og síð- ast með því að endurreisa alþingi; síðan eru skýlaus konungleg loforð rofin við oss og gildandi lög brotin á oss. Þessu til sönn- unar nefnum vér loforð hins hásvæla konungs Friðriks hins 7. í auglýsingu 16. d. apríl. 1848, er boðuð var á Íslandi, að hann vildi láta ást sína ná jafnt til allra þegna sinna og koma fullri skipun á ríkisstjórnina, til þess að treysta sameiginleg réttindi ríkisbúanna. Ætlun konungsins með tilliti til Íslands sér í lagi skýrist til fulls af bréfi hans 23. dag september. 1848 og kosningarlögnum 1849, þar sem hann hét því, að ekkert skyldi verða af ráðið um stöðu Íslands í ríkinu né um stjórnarfyrirkomulag þess eptir þess, frábrugðna ásigkomulagi, fyr en hann hefði samið um það við fund, í landinu sjálfu. Eins og þessi skilningur á heitryðum konungs liggur öldungis beint við, eins er hann opinberlega viðurkenndur.

af ráðgjöfum konungs optar en einu sinni, svo sem þegar einum fórust þannig orð á ríkisþingi Dana: Það er sjálfsagt og eðlilegt, og er enda lofað Íslendingum áður fyrir meir, að ekki getur komið í mál, að gefa nein lög, sem ákveði nákvæmlega um stöðu Íslands í ríkinu, án þess að Íslendingar hafi rætt um þau á sérstöku þingi í landinu sjálfu, og að það hið sama þing hafi sagt um það álit sitt. Þetta var sem allir vita efnið í konungsbréfinu 23. d. septemberm. 1848, og þar vill hin núverandi stjórn ekki hopta frá í nokkurn máta»; sbr. orð dómsmálaráðgjafans, er einu sinni var, Dr. Kasse, í bréfi til fjármálaráðgjafans, 27. d. apríl. 1863, þar sem hann segir, að það mál (fjárhagsmálið) einungis geti komið til umræðu á ríkisþinginu.

Í samhljóðun hér við er loforð konungs vors Kristjáns hins 9., þá er hann kom til ríkis og segir í opnu bréfi 23. d. febr. 1864: «Það er fastur ásetningur vor, að sýna öllum þegnum vorum sama réttlæti og sömu velvild». Þessi og önnur eins heityrði og ummæli játa oss Íslendingum þau réttindi, sem eðlileg eru og sjálfsögð, að vör eigum og megum semja við konung vörn einn saman um fyrirkomulag stjórnar vorrar eptir sérstaklegum eðlis-háttum og þörfum sjálfra vor, eigum og megum gjöra það þannig, að *fullt tillit* sé tekið til þess, er vör leggjum til í þeim efnunum, svo að ekkert það sé leitt í lög, er samþykki þeirra manna fæst ei til, er halda uppi málstað hinnar islenzku þjóðar á alþingi. En síðan 1867 hefur þessu enginn gaumur gefinn verið, og Danastjórn, ríkisþing og ráðgjafar hafa sölsað undir sig rétt þann, er oss ber sjálfum að guðs og manna lögum, og viljað sitja yfir hlut vorum, og leyfa sér að ráða til lykta einir — eða hvað sem vör segjum — öllum meginatriðum mála þeirra, er réttindi vor og þjóðþrif hljóta að byggjast á. Að því leyti, sem réttinda Íslands gætir í nokkru, telur Danastjórn það allt náðargjöf, er hún veiti oss af einberri góðvild og göfuglyndi, en þar sem mætast réttindi Íslendinga og Dana, er réttindum Íslendinga orðalaust traðkað, svo sem er með skil á skuldakröfum vorum á hendur Dönum.

Nýjar ráðstafanir eru gjörðar til þess, að óstjórn þessari vaxi aft, embættum allavega breytt og nýsett, fæ vort tekið til allra þessara ráðstafana og annara fleiri í sömu stefnu að oss fornsþurðum, og oss er varnað alls atkvæðis um þetta. Auk þess sem alþingistilskipuninni er misboðið með þessu og þvílíku atferli, eru brotin á oss lög, þar sem farið er að birta ný lög á Íslandi, til þess að

vér lökum þau góð og gild, er ekki einu sinni hafa verið sýnd alþingi, hvað þá heldur samþykkt af því, svo sem lögin 11. dag febrúarm. 1872, þvert ofan í forn landsrættindi vor og konungsúrskurð 10. dag nóvemberm. 1843, þar sem löggjafinn, einveldiskonungurinn Kristján 8. býður, að leggja fyrir alþingi þær almennar tilskipanir handa Danmörku, er ekki hefur verið skipað að leggja fyrir frumvarp um, en kynni þó að vera hagkvæmt að lögleiða á Íslandi, og skuli konungsfulltrúi skora á þingið að segja álit sitt bæði um það, hvort lagaboð þessi eigi einnig að ná til Íslands eða ekki, og um þær breytingar, sem kynnu að þykja henta, þá er þau væru leidd þar í lög. Þetta er ofríki og ranglæti og getur eigi verið neinn gæfuvegur fyrir Dani, þó að tjónið af því leggist þyngst á oss Íslendinga í bráðina. En því þyngra sem oss fellur þetta, og því meira tjón, sem oss stendur af því í öllum þjóðþrifum, því síður viljum vér nokkurn tíma láta um oss spyrjast, að vér gefum jáyrði vort því réttarástandi, er aldrei getur orðið nema til ógagns oss og niðjum vorum og til óvirðingar Dönum. Vér skorum því fastlega á yður, háttvirtu fulltrúar, að þér standið enn af alefli á móti öllum þeim ráðstöfunum hinnar dönsku stjórnar, er miða til að festa þetta óhappalega ástand, og traðka rétti vorum, en haldið aptur öfluglega fram landsrættindum vorum, eins og þau standa til að fornu og nýju.

Bæði á frumvörpum stjórnarinnar og ræðum konungsfulltrúa á þingunum 1869 og 1871 er það borið fram, að þetta öfuga og réttlause stjórnarástand Íslands sé á komið fyrir rás viðburðanna. En hvað er þessi rás viðburðanna annað, en að ríkisþing Dana og ráðgjafar Danakonungs hafa tekið sig saman um að ráða til lykta málefnum, er þeir höfðu engan rétt til að skipta sér af, því að ríkisþing Dana og ráðgjafarnir í konungs stað hafa á hendi löggjafarvaldið í konungsríkinu Danmörku, síðan konungurinn afsaladi sér einveldinu í hendur þeirra, en alls ekki á Íslandi, því að Ísland er land út af fyrir sig, er hefur sína sérstaklegu hagi og sína sérstaklegu löggjöf. Þetta er og margsinnis játað af konungum Dana, bæði áður en einveldið var hafið og eptir, svo sem með heityrðum í konungsbræfinu 23. d. septemberm. 1848 og kosningarlögunum 1849. Þetta konunglega heityrði er enn óefnt, og oss hefur til þessa verið varnað að semja við konung vorn um fyrirkomulag stjórnar vorrar, er Danir fengu kost á hjá sér þegar árið 1849, og þó afsalaði konungur sér einveldinu jafnsnemma á

Íslandi og í Danmörku, og jafnt í hendur Íslendinga á Íslandi og í hendur Dönum í Danmörku.

Það er að vísu borið fram af hendi Danastjórnar, að heitryðið af 23. d. septemberm. 1848 sé efnt með þjóðfundinum 1851, en þess konar biður varla svara, er fundinum var hleypt upp í miðju kafi og fundarmenn fengu ekki frið til að ljúka samningastörfum sínum. Eftir 1851 var málið látið liggja fyrir um tíma, en þá var farið að hreifa því aftur, og eptir ýmsa vafninga og reik stjórnarinnar — þar sem sínu sinni hvað var uppi á teningunum í stjórnarmáli voru, þar sem alþingi var rofið, en þó lagt allt annað og verra fyrir það, er það kom saman í næsta skipti, og því neitað um samþykktaratkvæði, er konungsfulltrúi hafði lýst yfir í nafni konungs að þingið hefði, þar sem kostir hafa eigi verið gjörðir aðgengilegri síðan, heldur farið æ vesnandi, — var málinu ráðið til lykta með valdbóði á þann hátt, er kunnugt er orðið af lögunum 2. dag janúarmán. 1871, og hinu nýsetta landshöfðingjadæmi. Þetta er rás viðburðanna, en vèr mótmælum því, að þetta sé hin rétta rás viðburðanna, og viljum að vorir háttvirtu fulltrúar gjöri hið sama, eins og þeir hafa þegar gjört. Nú er látið svo í veðri vaka, sem stjórnin fari fram undir nafni einvaldskonungs í Danmörku, þar sem þó enginn einvaldskonungur er þar til síðan 1848, að konungur afsalaði sér einveldinu. Þess vegna hefur konungurinn eigi heldur framkvæmd stjórnarinnar á Íslandi sjálfur, heldur felur hana einhverjum ráðgjafa sínum í Danmörku, er þá í Íslandsmálum á að hafa ábyrgð fyrir konunginum einum, er eigi getur átt sér stað, heldur en að konungurinn sé einvaldur, því að ráðgjafarnir hafa ábyrgð konungstjórnarinnar fyrir ríkisþinginu, og verða að fara frá, ef þeir ekki geta komið sér saman við það, þó að þeim semji vel við konunginn. En að því leyti, sem rás viðburðanna ætti að koma til greina, þá er um hagi Íslands er að ræða, þá erum vèr þeirrar skoðunar, að einmitt fyrir rás viðburðanna sé samningur sá, er Íslendingar gjörðu við Friðrik konung 3. og niðja hans um einveldi þeirra, alveg hafinn, því enginn óvilhallur maður getur öðruvísi álitíð, en að Íslendingar hafi einasta fengið Friðrik konungi 3. og niðjum hans eptir frumgetningarrétti einveldið í hendur samkvæmt konungalögunum í Danmörku, en engum konungum öðrum. Nú er sá karleggur þrotinn, og því samdi ríkisstjórn Dana hin nýju ríkiserfðalög, en þau heimila Kristjáni konungi 9. ekkert einveldi, ekki einu sinni yfir Danmörku

og því síður yfir Íslandi. Allt það fyrirkomulag á stjórnarhögum Íslands, er stjórnin því byggir á rás viðburðanna, er því svo öfugt og einstakt, að engin heil brú er í því; viljum vér því, að fulltrúar vorir mótmæli því skörulega, og sanni með rökum, að samningur Íslendinga við Friðrik konung 3. og níðja hans sé alveg hafinn.

Þó að nú allt sambandið milli Íslands og Danmerkur, síðan konungur afsalaði sér einveldinu sé þannig orðið öfugt og réttláust eptir því, sem nú hefur sýnt verið, og vér getum ekki annað en hrundið ábyrgðinni fyrir það af oss Íslendingum á hina dönsku ráðgjafastjórn, þá þykjumst vér sannfærðir um, að ráðgjafarnir hafi í fyrstu leiðzt inn á þessa andstæðu stefnu Íslands réttlinda af misskilningi á stöðu Íslands andspænis Danmörku og Íslands sérstöku réttindum; viljum vér benda yður til þessa, háttvirtu fulltrúar, ef það mætti verða yður hvöt til þess að sýna fram á, hversu allar ráðstafanir um Íslands málefni hljóta að líkindum að verða andhælislegar, ef þær eiga að lúta undir seinustu úrslit danskra ráðgjafa, þar sem þeir gátu eigi forðað sér misskilningi á hinum lagalegu undirstöðu-atriðum Íslands réttlinda, og eru þó löglærðir og fræddir við háskóla þann, er sumir hæla svo mjög fyrir menntun þá, er þar veitist enda í íslenskum lögum og rétti, að íslensk lögfræðingaefni biðu þess aldrei bætur, ef þeir færu á mis við hana, því þegar lagavizka ráðgjafanna, er að öllum líkindum mátti búast við hjá öllum þeim, er svo vaxin, eins og sýnir sig á öllum ráðstöfunum þeirra um landsréttindi vor, þá virðist þeim sannarlega vorkunn, þó að þeim farist það óhöndulega, er ekki verður fengin þekking á, nema í landinu sjálfu, svo sem eru allar ráðstafanir Íslandi til þjóðþrifa og framfara. Vér efum eigi, að svo lærðir menn, sem ráðgjafarnir eru, sjái það nú orðið, að þeir hafi upphaflega litið rangt á réttarástand Íslands, og það hafa þeir enda játað, og því hafa þeir leitað liðsinnis ríkispingsins, til þess að greiða málið úr þeirri bendu, er þeir voru búnir að koma því í, og firra sig ábyrgð sjálfa; en vér ætlum að það reynist hér sem optar, að það er hægra að komast á glapstiginn en af honum, og að ekkert veitir erfiðara, en að játa, að menn hafi á röngu að standa, þá er menn eru komnir alveg afvega. Vera má og, að ráðgjafarnir treysti eigi öðrum betur en sér, til að stjórna Íslandi. En auk þess, sem stjórn þeirra á Íslandi er réttláus, með því að einveldið yfir Íslandi er eigi selt í hendur þeim, heldur Íslend-

ingum sjálfum, og Íslendingar hafa aldrei kosið nokkurn danskan ráðgjafa til yfirstjórnar hjá sér, og hlýtur því að kollvarpast fyrir eður síðar, af því að hana vantar grundvöll, þó að henni kunni að mega við halda með kúgunarvaldi um stundarsakir, þá er dönskum ráðgjöfum allsendis ómögulegt að stjórna Íslandi svo í lagi fari eða til jafns við menn í landinu sjálfu.

Ráðgjafarnir eru danskir embættismenn, áður en þeir verða ráðgjafar; hefur alls enginn þeirra til Íslands komið; allfestir þeirra enga kynningu haft af Íslands málum í embættisstöðu sinni, síðan gjörast þeir samverkamenn ríkispingsins, til þess að leiða stjórnarhagi Danmerkur í heillavænlegt horf. Nú ræður að líkindum, að þetta fái þeim nóg að starfa, svo að hversu annat sem þeir vildu láta sér um Ísland og Íslands-mál, gætu þeir aldrei haft þau nema í hjáverkum; þekking þeirra á Íslands sérstaklegu högum og sérstaklegu þörfum hlyti ávallt að verða ónóg, stjórnin hlyti því að fara í handaskolum, framfarirnar teppast, en fæð þó að eyðast, til þess að ala óánægjuna innanlands og óvildina milli Íslendinga og Dana. Þegar nú hér við hætist, að dönsku þjóðinni getur alls enginn hagur verið að því í neinu tilliti, að halda þannig fyrir oss réttindum vorum, en það hlýtur aptur að verða þeim til óvirðingar í allra óhlutdrægra manna augum, að halda þeim fyrir oss, af því að þeir eru meiri máttar en vèr, og til þess að óvildin fari æ vaxandi milli þjóðanna, Dönum til tjóns eigi síður en Íslendingum, t. d. að því er áhrærir verzlun Dana á Íslandi og alla þá atvinnu, er svo margir Danir hafa þar af, þá vildum vèr, að öllu þessu vel aðgættu og skörulega framteknu, að vorir háttvirtu fulltrúar tækju það skýrt og skörinort fram, að allir hlutir séu á móti því og ekkert því til meðmælis, að oss sé varnað að gjöra sjálfir út um stjórnarhagi vora, eins og að vèr getum eigi heldnr horið neitt traust til hinnar dönsku ráðgjafastjórnar, er þannig hefur komið fram í Íslandsmálum og þannig hlýtur að koma fram, af því að hún er háð löggjafarvaldi annars lands; ráðleggjum vèr því, að alþingi sendi enn að nýju hans hátign konunginum til staðfestingar fullkomna stjórnarskrá fyrir Ísland eptir því, sem réttur landsins stendur til. En geti hún ekki óðlæzt hans allrahæstu staðfestingu, þá fylgi þingið því fram, að nýr þjóðfundur verði kallaður saman hér á landi samkvæmt kosningarlögunum 1849, og að fyrir hann verði lagt frumvarp til fullkominnar stjórnarskrár

fyrir Ísland, svo að hinu konunglega heityrði hins hászæla konungs, Friðriks 7. í opnu bréfi 23. september 1848 verði loks fullnægt.

Þó að þetta sé það, er oss liggur þyngst á hjarta, þá viljum vér enn fremur vara vora háttvirtu fulltrúa við, að samþykkja nokkur þau frumvörp, er miða til þess að íþyngja framar en orðið er með útgjöld. Það er hvorttveggja, að á þeim gjaldstofnum, sem eru, eru þegar svo miklar álögur, að öllu er til skila haldið, að almennungur hafi til þess að lifa kvalræðisliði, þá er búið er að draga frá það, er lagt er til opinberra þarfa, enda mundi frekari íþynging í gjöldum, meðan svo stendur, eins og nú er, verða til þess, að vekja hina megnustu óánægju, er mundi knýja því fleiri til þess að leita í burtu af fósturjörðu sinni, og mundi missir vinnukraptanna, er heldur þyrftu að vaxa en minnka í þessu faliðaða landi, verða til enn meiri útörmunar. Þetta virðist oss að öllum gefi að skilja, er þekkja nokkuð til efnahags Íslendinga, og það treystum vér vorum háttvirtu fulltrúum til að þekkkja. Efnahagur Íslendinga er óneitanlega rýr, er engan þann getur furðað, er kunnugt er um, hverjum afarkostum vér höfum orðið fyrir í höndlunarefnum allt til þessara tíma, að hin útlenda vara hefur verið spennu upp í hæsta gildi, en íslensk vara aptur verðlögð eptir geðþótta og gróðafýsn þeirra, er einráðir voru með alla verzlunina. Þegar nú hér við bætist, að öðrum atvinnuvegum landsins er enginn sómi sýndur, enginn styrkur veiltur, á engan hátt eldir, nè hugur almennings glæddur til þess að ráðast í neinar framfarir, virðist öllum sannsýnum mönnum mega vera það ljóst, að um síðir má íþyngja svo þeim fáu atvinnuvegum, sem eru, að þeir fái eigi lengur undir risið, þá er ekkert er gjört til léttis á aðra hönd. Það eykur ekki heldur fúsleika vörn til þess að gangast undir nýjar álögur, þegar vér sjáum, hvernig fè voru er varið sumu, og það ekki svo litlu af fè voru er varið til þess að ala þessa nýju stjórn á Íslandi, sem oss er nauðungarstjórn, og eigi sýnir sig líklega til að verða til annars en ógagns og því óánægju og gremju, að minnsta kosti meðan sá er landshöfðingi, sem nú er; því sá maður virðist oss sannlega ekki hirða nú orðið að halda fram réttindum feðrajarðar sinnar, heldur þvert á móti rýra og að engu hafa rétt alþingis og einstrengja allt í danskt horf, eptir innblæstri hinnar dönsku stjórnar, eins og honum að einu leytinu er vorkunn eptir erindisbréfi sínu, er oss fellur eigi, hvorki að efni nè því, hvernig það er til orðið. Þar að auki hefur þessi maður komið svo fram,

áður en hann fékk erindisbréf sitt, eins og hann sè haldinn af skaðlegum hleypidómum Íslandi til handa, eins og berlega lýsir sèr í þeim ófagra og óþolandi vitnisburði, er hann hefur gefið íslenskum embættismönnum sèr í lagi og öllum Íslendingum yfir höfuð (sjá Rigsdagstiðindin 1870—71). Með því að vèr teljum alla þessa stjórn þvert á móti því, sem meiri hluti alþingis samkvæmt þjóðarviljanum álitur réttasta, viljum vèr að fulltrúar vorir taki það fram, að oss virðist réttast, að Danir, er sett hafa þessa stjórn upp á sitt eindæmi, standist einnig allan kostnað, er af henni stendur.

Sumu af fè voru er aptur varið til ýmissa þeirra hluta, er vèr vitum eigi hverjir eru, eða hverjum koma að notum, svo sem til vísindalegra starfa í þarfr landsins, hver þó engin eru. — Vèr lýsum hér með því yfir því, að vèr treystum alþingi bezt til þess, að þekkja þarfr landsins; og það, er miðar því til framfara, en ekki útlendri og ókunnugri stjórn, og erum því ófúsari að gangast undir frekari álögur, meðan alþingi fær ekki atkvæði um það, hvernig fè landsins er varið.

Þá er vèr höfum nú látið yður, háttvirtu fulltrúar, í ljósi skoðun vora á stjórnarhótarmáli voru og frumvörpum, er fyrir alþingi kynnu að verða lögð, eins og seinast, þá er það kom saman, um nýja skatta og tolla, höfum vèr eigi öðru við að bæta en því, að það er ósk vor, að alþingismenn láti sèr annast um þessi mál að sinni, og leggi sig eigi í líma með að afgreiða af sinni hendi sem flest mál, eins og vant er, því að oss er fullljóst af því, er fram er komið af stjórnarinnar hendi, svo sem árangri af tillögum alþingis bæði 1869 og 71, að það er ekki nema að nafninu einu árangur af tillögum alþingis; það er látið í veðri vaka að svo sè, en ef til efnisins kemur, þer allt þess vott, að það er öldungis af handahófl, hvort farið er að tillögum alþingis eða ekki, er atkvæði alþingis er einn að engu haft, án þess að nokkur sjáanleg ástæða sè til, og málunum á ýmsa vegu bylt og breytt til frá atkvæðum þingsins, ýmist af konungsfulltrúa eða hinum danska ráðgjafa. Þá kemur það og fram, að stjórnin leggur allt annað í atkvæði þingsins, en þingið lét skýlaust uppi að meining þess væri, svo að atkvæði þingsins er haft eins og yfirskyn til þess að smeygja inn óþjóðlegum og dansk-lunduðum skoðunum, er hinum meiri hluta þingsins er þvert um geð, svo sem er með allt það, er hin nýju sveitastjórnarlög draga undir landshöfðingja í stað landstjóra, er sjá má af hinu síðasta

frumvarpi frá þinginu til stjórnarskrár handa Íslandi að þingið skildi allt annað við en hinn svo nefnda landshöfðingja. Stundum er því þá barið við, að nauðsyn krefji, að fara svo að sökum þess, að þingið hafi öldungis misskilið málið eða hvernig það stæði af sér við dönsk mál. Vær erum harð-óánægðir með alla þessa ráðsmennsku konungsfulltrúa og ráðgjafans; er það skoðun vor, að misskilningurinn sé allur hjá þeim, en eigi þinginu, þannig að þeir vilji ekki hafa nema einn skilning á sumum málunum, en hann sé svo fjærri skilningi annara manna, að enginn geti aðhyllt hann. Löggjafarnar, sem út hafa komið síðan 1871, virðast oss talandi vottur um þetta, og finnum oss knúða til að láta það uppi, að vær erum mjög óánægðir með það, hversu þingið er mjög óvirt í stóru og smáu, og ekkert tillit tekið til atkvæða þess, nema rétt ef svo vill verkast, og það allt af minna og minna. Vær viljum því benda yður til þess, háttvirtu fulltrúar, hvort eigi mundi vera ástæða til, að hliðra sér hjá sem flestum þingmálum, meðan þessu fer fram, því oss virðist það vorkunnarmál fyrir yður, þó að þér með einhverju móti gæfuð það í skyn, að þér sjáið og yður þyki þegar nóg að gjört í þá stefnu, að gjöra sér eins og leik til þess, að óvirða yður og atkvæði yðar á þinginu.

Þetta ávarp felum vær undirskrifaðir þeim í hendur, er vær kjósum tii Þingvallafundar, til þess að þeir ræði það og taki ályktun eptir því, hvað úr skuli ráða, og sendi síðan ávarp þetta ásamt ályktun sinni til alþingis.

(14 nöfn).

12. Tvær samhljóða bænarskrár úr Norður-Múlasýslu, dagsettar í Múlaþingi vorið 1873. (Niðurlagsatriði).

Vær skorum því hér með á yður, vorir heiðruðu þjóðfulltrúar og alþingismenn:

1. Að þér ekki framar frestið þessum málum vorum, heldur semjið þegar, hvort heldur innan- eða utanþings í nafni allra Íslendinga *varnarskrá* til konungs, Kristjáns hins 9., og sýnið þar ljóslega og gagnort, hver réttur vor sé — hver sé þjóðréttur vor og stjórnarréttur bæði eptir fornum landslögum og líka eptir ótvíræðum fyrirheitum, einkum 2 síðustu konunga vorra, og því líka, hvern rétt vær eigum í stjórnarefnum til jafns við Danabjód, en sýnið það líka, hversu vær — oss til stórmikils tjóns og óþarflegrar mæðu í yfir 20 ár — höfum

verið sviptir þessum jafnaðarrétti, og oss gjörneitað um hann af vissum mönnum meðal Dana í seinustu tíð.

2. Að þér þessu jafnframt semjið *stjórnarskrá* fyrir land vort, líka þeirri, er meiri hluti alþingis hefur áður samið, og sè við skrá þessa það sèr í lagi athugað, að hin 1. grein hennar um stjórnstöðu Íslands og ríkissamband (samband við Danakonung) sè svo orðuð, sem rétt er og bezt á við, líka að alþingi sè sem óbrotnast og óskipt, og að til þess verði kosið helzt með tvöföldum kosningum, og frumvörp til nýrra laga frá fyrsta löggjafarþingi og framvegis verði auglýst þjóðinni allri, áður seinast send verða frá þinginu til konungs-löggildinga.
3. Að þér og semjið *fjárskrá* eða fjárhagsáætlun fyrir Ísland til 1 eða 2 fylgjandi ára, og leggið hana síðan fram til staðfestingar konungs.
4. Að þér beiðist þess, að embættisvald hins nýja landshöfðingja í erindisbréfi hans verði ákveðið samkvæmt ráðum og atkvæðum alþingis, svo og hið nýja því fylgjandi skrifaraembætti. Og — að þér enn fremur aptrið og mótmælið þeim valdboðum öllum, er með öðrum frágangi en þingsins, eður gegn ráðum þess og tillögum hafa verið send þingað af stjórninni í síðustu tíð.
5. Að þér sendið konunginum um það viðurkenningu þingsins og þjóðar, að þeir 50,000 rd., er Danir hafa lofað að borga til Íslands í 10 ár, en sem þeir segja að þaðan af skuli fara minnkandi um 1000 rd. á ári í næstu 20 ár, unz einir 30,000 rd. eptir sèu — verði að vísu þegnir af oss, en vèr viljum þó eiga oss geymdan rétt til þess, að landi voru og þjóð verði á sínum tíma skilað því fè, er tilkjörnir menn óvilhallir og óviðriðnir dæmdu oss eiga hjá Dönum, og vèr ekki gætum eptir gefið þeim.

Til þess að flytja öll þessi vor mál og fram leggja fyrir konung Kristján 9., og að mæla fyrir hans hátign skarplega og eindregið með þeim, og að leita um þau í þjóðarinnar nafni mildilegrar ásjár, áheyrslu og staðfestingar hans konunglegu hátignar, álitum vèr loks að sendast þarfi 3 af vorum beztu, hyggnustu og einörðustu mönnum og landsönnum, er málum þessum öllum væru gjörkunnugir, og sem þér, þingmenn vorir og þjóðfulltrúar, vilduð til þess kjósa; og ættuð þér þá einnig að álitu voru í því erindisbréfi, er þér þjóðarinnar vegna gæfuð þeim, að til skilja, að þeir

fengju fyrir þessa sendiför og erindagjörð sína full og fyrirfram ákveðin laun af landsins fê.

En þér ættuð og að hyggju vorri, að fela þessum sömu mönnum að auglýsa það í þjóðarinnar nafni hans konunglegu hátígn Kristjáni 9.:

Að það sè vort Íslendinga öruggt traust, að hans konungleg hátígn veiti oss (Íslendingum) þegar á þessu ári, hinu síðasta á undan áminnztri tilvonandi þjóðhátíð vorri, þráða, réttláta og landsföðurlega úrlausn aðalmála vorra, löggjafarar, landstjórnar og fjárráða, svo að vèr fengjum á næstkomandi ári 1874 að neyta með hans hátígnar konunglegu samþykki þjóðréttar vors í nefndum málum, og njóta jafnréttis við Dani.

(Samtals 135 nöfn).

13. Bænarsskrá úr Norður-Múlasýslu, dagsett í marzmánuði 1873.

Nokkuð opt hefur á hinum seinastliðnu 20—30 árum vaknað með oss Íslendingum gleðirik von um viðreisn vorrar kæru fósturjarðar fyrir það, að oss mundi veitast eðlilegt frelsi og jafnrætti við aðra þegna konunga vorra, t. d. þegar alþingi var endurreist, þegar Friðrik konungur 7. afsalaði sèr einveldið í hendur þegna sinna, og með auglýsing sinni 16. dag. aprílm. 1848, og sínu konunglega fyrirheiti 23. septemberm. s. á. boðaði oss, að hann vildi láta ást sína ná jafnt til allra þegna sinna, og Íslendinga hafa atkvæði um stjórnarmál landsins, og þegar þjóðfundur samkvæmt þessu fyrirheiti var settur á Íslandi 1851. Aptur glaðnaði vonin, þegar nefnd var skipuð í Kaupmannahöfn með erindisbræfi 20. dag septemberm. 1861, til að segja álit sitt og gjöra uppástungur um fyrirkomulag á fjárhagssambandinu milli Íslands og konungsríkisins fyrir fullt og allt, og enn fremur þegar vor núverandi konungur með opnu bræfi 23. dag febrm. 1864 lét auglýsa á Íslandi, að hann vildi sýna öllum þegnum sínum sama réttlæti og sömu velvild, og fulltrúi hans á alþingi 1867 lýsti því yfir af hendi konungs, að alþingi hefði samþykktaratkvæði í stjórnarmáli Íslands.

En því miður hafa þessir sólskinsblettir vonarinnar reynzt heldur hverfulir: þjóðfundinum 1851 var hleypt upp í miðju kafl, og allar seinni tilraunir, að ná samkomulagi og fá réttindi vor viðurkennd, hafa orðið árangurslausar. Alþingi er enn að eins ráðgjafarþing, og á hinum síðustu árum orðið harðla þýðingarlítið,

þar sem það nú er farið að tíðkast, að lög og tilskipanir komi út að alþingi fornspurðu eða beint ofan í tillögur þess, eða þó með breytingum á þeim. Fjárviðskipti Danmerkur og Íslands eru enn að voru álitu óútkljáð, því þó Íslandi sé í hinum merkilegu lögum af 2. degi janúarm. 1871 ákveðið vist árgjald frá Danmörku, þá virðist þetta að eins vera viðurkenning þess, að vör höfum nokkrar fjárkröfur til Danmerkur, en getur enginn löglegur fjárskilnaður verið; og löksins er hin æðsta stjórn landsins háð dönskum ráðgjöfum, sem einungis hafa ábyrgð fyrir hinu danska ríkisþingi.

Að vorum meintu réttindum sé í öllu þessu mjög misboðið, mun ekki einungis hver sannur Íslendingur, heldur einnig hver óvilhallur maður sjá; og því er það að vör, sem hér undir ritum nöfn vor, skorum alvarlega á yður, háttvirtu alþingismenn, að þér heitið með fylgi og áhuga öllum leyfilegum meðulum, til að hrinda af oss þessu óeðlilega og skaðlega ástandi, og útvega alþingi voru þá sömu þýðingu í vorum málum, sem ríkisþingið hefur fyrir Danmörku, og þar á meðal, að landshöfðinginn hafi fyrir því fulla ábyrgð stjórnarstarfa sinna, sem og að fjárhagsviðskipti Danmerkur og Íslands verði sem fyrst á löglegan hátt útkljáð.

(52 nöfn).

14. Bænarsskrá úr Suður-Múlasýslu, dagsett á Þórsnesfundi
12. dag maímán. 1873. (Niðurlag):

Þar eð réttindum vorum með öllu þessu er mjög misboðið, skorum vör á yður, háttvirtu alþingismenn, að þér mótmælið því fyrirkomulagi, sem nú er á stjórn mála vorra, sem ólögmetu, óeðlilegu og skaðsamlegu, — sýnið fram á, hve reikular skoðanir stjórnarinnar hafi verið á málum vorum og réttindum, og hvað litla orsök Íslendingar hafi, til að bera traust til hins núverandi landshöfðingja eptir því, hvernig hann hefur komið fram, sér í lagi á hinum síðustu þingum, og á hinn dönsku ráðgjafastjórn, — að þér semjið eptir tillögum og leiðbeining hins væntanlega Þingvallafundar, og sendið konungi stjórnarskrá fyrir Ísland til staðfestingar, og fram berið þá bæn, að fái stjórnarskráin eigi staðfestingu hans konunglegu hátignar, þá verði þjóðfundur sem allrafyrst samankallaður, til þess að hinu konunglega heitorði frá 23. sepbr. 1848 og öðrum konunglegum heitorðum um jafnrætti fyrir oss við samþegna vora í Danmörku verði fullnægt.

(28 nöfn).

Athugagr.: Eptir að allir búendur er sóttu Þórsnesfund í þetta sinn úr 17 hreppum í báðum Múla-sýslum, 89 að tölu, höfðu í einu hljóði samþykkt framanskriafaða bænarskrá, voru valdir af þeim til að undirskrifa bænarskrána þeir menn, er hér að framan hafa ritað nöfn sín.

Það vitnum við:

Sigurður Gunnarsson, Björn Pétursson,
fundarstjóri. fundarskrifari.

15. Ávarp til Þingvallafundarins úr Austur-Skaptafellssýslu, dagsett að Hofi 12. dag júním. 1873. (Niðurlag):

Vér álitum því af áðursögðu og af því lögin 2. janúarm. 1871 eru óréttilega tilorðin að forminu, ónýtt og óhafandi að efninu, yður hafa fullan rétt til, að heimta, að Íslendingar megi sjálfir búa sér til stjórnarskrá, hvar í greinilega sæu tiltekin þau réttindi, sem vér eigum og megum ekki án vera, og tilnefnum vér þessi helzt: stjórn í landinu sjálfu með fullri lagalegri ábyrgð fyrir alþingi, löggjafarvald handa alþingi og fullt fjárforræði.

Í sambandi við þetta viljum vér helzt óska, að þér heimtið, að allir þeir sjóðir og annað fé, sem vér eigum í Danmörku, verði útborgað í hendur alþingi, svo það hafi ráð á að reisa við landið.

Sé þjóð vorri neitað um þetta framantalda, álitum vér henni sé synjað að vera í rikisfélaginu sem frjálsir menn, en ábyrgðin er þá líka þeirra, sem neita.

(14 nöfn).

16. Bænarskrá úr Borgarfjarðarsýslu til Þingvallafundarins, dagsett á sýslufundi að Leirá 10. dag maím. 1873. (Niðurlagsatriði).

Af þessum framangreindu ástæðum samþykkti fundurinn eftirfylgjandi atriði:

1. að alþingi skýlaust og afdráttarlaust taki fram, hvernig að réttindum landsins hafi á umliðnum árum, en einkum á hinum síðustu, verið misbodið með óstjórn þeirri, sem framfylgt hefur verið í landi þessu, og rísi öndvert móti öllu því, er í minnsta hóti skerðir þau, og sendi því hans hátign konunginum fullkomna stjórnarskrá fyrir Ísland til staðfestingar eptir því, sem réttur þess stendur til; en geti sú stjórnarskrá

ekki óðlæzt hans allrahæstu staðfestingu, þá krefjist þingið, að nýr þjóðfundur verði árið 1874 samankallaður samkvæmt kosningarlögunum 1849, og að á honum verði framlagt frumvarp til fullkominnar stjórnarskrár fyrir Ísland, samkvæmt heitorði konungs 23. september 1848, sem enn er óefnt, og að frumvarp þetta verði byggt á réttindum landsins og kröfum þjóðarinnar.

2. Að alþingi harðlega ráði frá öllum frumvörpum stjórnarinnar, er lúta að stjórnarathöfn landsins og nýjum skatta- og tollaálögum, meðan landið fær eigi nýja skipun stjórnarmála sinna, byggða á samkomulagi hans hátignar konungsins eins og hinnar íslensku þjóðar, og að öðru leyti verji sem skemmstum tíma til þingmála.
3. Að alþingi harðlega mótmæli því nýstofnaða landshöfðingjaldæmi með því formi, sem það er í.

Í umboði fundarins,

Hallgr. Jónsson. Jón Benidiktsson. B. Sigvaldason. A. Fældsted.

16. Ávarp til Þingvallafundar úr Snæfellsnessýslu, dags. á Þórsnesfundi 17. dag. júním. 1873. Niðurlag:

Þess vegna skorum vèr á yður, heiðruðu fundarmenn að Þingvöllum við Óxará, að halda því fastlega fram:

1. Að Ísland öðlist stjórnarskrá, sem hafi inni að halda fullt löggjafarvald og fjárhagsráð í öllum íslenskum málum, og að þeir, er stjórn landsins hafa á hendi, beri ábyrgð fyrir alþingi.
2. Að konungur kveðji til jarl af sinni hendi, er hafi hið æðsta vald í nafni konungs; jarlinn ber enga ábyrgð fyrir alþingi, heldur að eins fyrir konungi einum; hann velji sér ráðaneyti íslenskra manna, 3 að tölu, er hafi alla stjórnina á hendi, og standi ábyrgð fyrir alþingi.

Í umboði fundarins

D. Thorlacius. Á. Thorlacius. St. Danielsson.

17. Bænarsskrá úr Dalasýslu, dags. að Ásgarði 21. dag júním. 1873.

Á fundi þeim, sem haldinn var að Ásgarði 21. dag. júním. 1873 og hvar mættir voru kosnir menn úr öllum hreppum Dalasýslu, var kosin nefnd manna, til þess að segja álit sitt um stjórnararbótarmál Íslands, og eptir það fundurinn hafði rætt nefndarálitíð ítarlega, komust fundarmenn í einu hljóði til þeirrar niðurstöðu,

að biðja yður, heiðruðu herrar: Sgr. Indriði Gíslason á Hvoli og Sgr. Eggert Jónsson á Kleifum, sem báðir eru kosnir með öllum atkvæðum, til að fara fyrir Dalasýslu á Þingvallafund við Öxará 26. þ. m., að fara því á flot við nefndan Þingvallafund, að hann semji frumvarp til stjórnarskrár fyrir Ísland, og þar séu tekin fram þessi aðalatriði:

1. Að alþingi fái í öllum innlendum málum fullkomið lögjafarvald og fjárhagsráð.
2. Að öll framkvæmdarstjórn sé í landinu sjálfu, og að yfirstjórn landsins hafi aðsetur í landinu og fulla ábyrgð fyrir alþingi.
3. Að konungur kveðji til jarl, er hafi æðsta vald í nafni konungs og ábyrgð fyrir honum einum.

Enn fremur biðjum vèr áðurnefnda menn, að fara því fram við Þingvallafundinn, að hann semji ávarp til alþingis um, að það taki ekki til meðferðar nein þau frumvörp frá stjórninni, er lúti að tolla- eða skatta-álögum, meðan að þjóðfélag vort fær ekki uppreisn stjórnarmála sinna.

Jens Jónsson, Eggert Jónsson,
forseti fundarins. fundarskrifari.

18. Bænarskrá úr Eyjafjarðarsýslu, dags. á almennum fundi á Akureyri 17. dag júním. 1873. (Niðurlagsatriði):

Að svo mæltu leyfum vèr oss, að skora á þá hina þjóðkjörnu menn, sem í vændum er að saman komi á fund við Öxará nú í sumar, að þeir taki þessi aðalmál vor til ítarlegrar yfirvegunar og meðferðar, undirbúi þau í hendur alþingi svo vel, sem kostur er á, og sèr í lagi taki það fram:

1. Að alþingi það, er haldið verður í sumar, taki skarpt fram, hversu að réttindum landsins er misbodið með stjórn þeirri, er nú er fylgt fram í landinu, og mótmæli öllu því, er kemur í bága við þau, og að það því sendi hans hátign konunginum til staðfestingar fullkomna stjórnarskrá fyrir Ísland, lagaða eptir því, sem réttur landsins stendur til. En geti hún ekki öðlazzt hans allrahæstu staðfestingu, þá fylgi þingið því fram, að nýr þjóðfundur verði saman kallaður hèr á landi eptir kosningarlögnum frá 1849, og að fyrir hann verði lagt frumvarp til fullkominnar stjórnarskrár fyrir Ísland, samkvæmt hinu konunglega heitorði í opnu bréfi 23. dag septbr. 1848, sem enn eigi hefur verið fullnægt.

2. Að þingið fari því fram, að hreinir reikningar verði gjörðir yfir fjárhagsleg viðskipti milli Íslands og Danmerkur, en ráði frá öllum frumvörpum stjórnarinnar, er lúta að nýjum skatta- eða tolla-álögum, meðan landið fær ekki uppreisn stjórnmála sinna, og að öðru leyti verji ekki óþarfa-tíma og kostnaði til þingmála.

(36 nöfn).

Með þessum skjölum fylgdi enn fremur :

Áskorun

frá þingmanni og varaþingmanni Suður-Múlasýslu til allra búanda í öllum 10 hreppum kjördæmis þeirra, og frá þingmanni og varaþingmanni Norður-Múlasýslu til allra búanda í 6 hreppum kjördæmis þeirra. Áskorunin til búanda í Suður-Múlasýslu hljóðar þannig :

«Eins og kunnugt er, hefur verið haldið fram á alþingi voru tveim ólíkum stefnum í stjórnaarskipunarmáli Íslands. Annar flokkur þingmanna hefur viljað, að einn af hinum dönsku ráðgjöfum hafi á hendi ædstu stjórn Íslands og ábyrgist hana fyrir hinu danska ríkisþingi, og að einn maður, sem nefnist landshöfðingi, hafi framkvæmd ædstu stjórnar hér á landi í umbodi ráðgjafans, og með ábyrgð fyrir honum.

Hinn flokkurinn þar á móti hefur haldið því fram, að landstjóri, búandi hér á landi, settur af konungi, hafi ædstu stjórn landsins á hendi í umbodi hans og fulla ábyrgð stjórnarstarfa sinna fyrir alþingi voru.

Viðvikjandi ágreiningi þessum var á síðasti þingi vitnað af báðum flokkum til *almennings-álitsins hér á landi*.

Okkur, sem taldir erum þingmenn Suður-Múlasýslu, þykir nú tilhlýðilegt og nauðsynlegt að leita atkvæða um ágreining þennan hjá kjósendum okkar, eins og vör höfum heyrt að ýmsir þingmenn annara kjördæma hafi gjört í sínum kjördæmum. Því leyfum vör okkur að skora á búendur alla í okkar kjördæmi, að þeir yfirlýsi á skjali þessu, eptir beztu samvizku, hverja af þessum aðalstefnum þeir állti oss hollari. Þá, sem aðhyllast hina fyrri stefnuna, biðjum við að setja aptur af nafni sínu, stétt og heimili töluna 1, í þann dálkinn, er við einkennum með No 1; en hina, er

vilja fylgja hinni síðargreindu stefnu, biðjum við að setja töluna 1 í hinn síðari dálkinn, er við einkennum með N^o 2.

Sigurður Gunnarsson. Björn Pétursson.

Á þessa áskorun höfðu skrifað alls 234 búendur sýslunnar nöfn sín, og allir undantekningarlaust lýst því, að þeir fylgdu þeirri stefnu alþingismanna, er síðar er talin í áskoruninni sjálfri.

Áskorunin frá þingmönnum Norður-Múlasýslu var orðrætt eins og hin, nema síðasta greinin lítið eitt frábrugðin að orðunum til. Á hana höfðu ritað nöfn sín 160 búendur Norður-Múlasýslu, er allir undantekningarlaust töldu sig til þess flokksins, er héldi því fram, að landstjóri væri búsettur hér á landi, með fullri ábyrgð stjórnarstarfa sinna fyrir alþingi.

(7 manna nefnd sett til að íhuga allar þessar bænarsskrár og ávörp um stjórnarbotarmálið).

UPPÁSTUNGA

tíu þingmanna um, að senda allraþegnsamlegast *ávarp* til konungs, dagsett 9. dag júlímánaðar.

Þó að það hafi reynzt hingað til ærið árangurslítið fyrir framgang þjóðmála vorra og til að bæta úr hinum brýnustu þjóðarþörfum vorum, að senda konungum vorum ávörp, þá liggur það samt í augum uppi, að þingið með ávörpum þeim, sem það þrá-sinnis hefur sent konungi, hefur gjört allt hvað í þess valdi stóð, til þess að stjórn landsins yrði hrundið í það horf, sem hún hlýtur bráðlega að komast í, svo framarlega sem velferð þjóðar vorrar og hinu eðlilega þegnlega sambandi Íslendinga við konunginn í Danmörku á að verða borgið með réttlátri, góðri og gagnlegri landstjórn. Það er einnig augljóst, að alþingi má eigi og getur eigi lagt árar í bát, þó daufheyrzt hafi verið við röddu þess að undanfögnu, heldur hlýtur það að álíta það helgustu skyldu sína, að brýna fyrir konunginum með nýjum áhuga, fylgi og fjöri rétt vörn, nauðsynjar og þarsir, að sama skapi sem meðvitund þjóðar vorrar um réttindi hennar og nauðsynjamál vaknar og verður glöggari og vilji hennar og áhugi á þjóðlegri viðurreisn og framförum eflist með ári hverju. Og þar sem nú tímion og reynslan þersýnilega leiðir í ljós, að stjórnarhættir þeir á Íslandi, sem nú eru, standa oss Íslendingum í vegi fyrir öllum þjóðlegum vexti og viðgangi,

og óánægja þjóðarinnar með þá fer dagvaxandi, þá álitum vèr það helga skyldu alþingis, að bera sig upp um þetta fyrir hans hátign konunginum.

Jafnvel þó að hin konunglega auglýsing, sem nú birtist þinginu, fremur en nokkur önnur auglýsing til þess um mörg undanfarin ár, eptir innihaldi sínu, stefnu og öllum blæ, að því, sem oss virðist, miði að því, að þeir eigi þurfi að gjöra sér von um, að það þjóðfrelsi og stjórnarskipun hér á landi, sem ein getur fullnægt landsrétti vorum og þörfum, verði viðurkennd, dettur oss sízt í hug, að hið heiðraða alþingi láti fyrir þá sök letjast, að halda því fastar fram stjórnarbotarmáli voru, eður að þingið muni nokkru sinni efast um, að réttlætið og sannleikurinn, sem jafnan hefur verið mælikvarðinn fyrir tillögum þess og óskum, muni eigi og hljóti eigi fyr eður seinna fullkomlega að sigrast á þeim misskilningi og stjórnarvanhyggju, hvað Ísland snertir, sem nú standa andvig gegn landsrétti vorum og nauðsynjamálum.

Og með því vèr nú einnig eigum setu á alþingi Íslendinga í seinasta sinn, en erum heyrnar- og sjónar-vottar að þeirri almennu og megnu óánægju meðal þjóðar vörrar, sem fer í vöxt dag frá degi út af stjórnarathöfnum þeim yfir höfuð, er gjörzt hafa nú á síðustu árum, þá finnum vèr, sem hér ritum nöfn vor undir skjal þetta, með sérstöku tilliti til hinnar konunglegu auglýsingar samkvæmt því, sem áður er ávikið, oss knúða til, að bera þá uppástungu fram fyrir hið heiðraða alþingi, að það sendi ávarp til konungs að þessu sinni, sem afdráttarlaust skýri hans hátign frá því, sem nú fer aflaga í hinni æðstu stjórn landsins, og hvað gjörast hlýtur bráðhendis, til að firra þjóðina þeim vandræðum, sem leitt getur af slíku ásigkomulagi, og að vèr getum sem fyrst fengið þá stjórnarskipun, sem firri oss Íslendinga þjóðlegri eynd og niðurlægingu og vekti oss til nýrrar atorku í andlegum og líkamlegum eignum.

B. Sveinsson, Jón Sigurðsson,
þingmaður Árnesinga. þingmaður Suður-Þingeyinga.

E. Gottskálksson, Egilsson,
þingmaður Norður-Þingeyjarsýslu. þingmaður Snæfellinga.

Stefán Jónsson, Davíð Guðmundsson,
þingmaður Eyfirðinga. þingmaður Skagfirðinga.

P. Vídalín, Hjálmur Pétursson,
þingmaður Húnavatniuga. þingmaður Mýramanna.

Torfi Einarson,
þingmaður Strandasýslu.

(Nefnd sett).

UPPÁSTUNGA

7 þingmanna um, að fjárhagsáætlun fyrir Ísland 1873 og reikningsyfirlit 1872 verði lögð fyrir alþingið.

Eins og hinu heiðraða þingi er kunnugt, sendi alþingið 1871 bænarskrá til hans hátignar konungs vors áhrærandi fjárhagsáætlun Íslands á reikningsárinu 1871—72, sem þá var lögð fram fyrir þingið eptir ósk þess, og það um, að nokkur atriði í áætluninni væru leiðrætt eða löguð. Nú hefur að vísu hin danska stjórn í hinni konunglegu auglýsingu til þessa alþingis lýst yfir því áliti sínu, að þau mál, er snerta fjárhagsáætlun eða fjárhag Íslands, liggi fyrir utan verksvið alþingis, og að hún þess vegna eigi hafi fundið ástæðu til, að leggja áætlunina fyrir þingið til álita, en aptur á móti sé ekkert því til fyrirstöðu, að hæfilegt tillit sé tekið til þess, ef alþingi kann að æskja nákvæmari skýrslu um einstakar greinir í hinni íslenzku fjárhagsáætlun, eða bera fram uppástungur um betra fyrirkomulag á reikningum eða því um líkt.

Þótt vör nú eigi fáum skilið, að fjárhagsáætlunin eða mál þau, er snerta fjárhag landsins, liggi fyrir utan verksvið alþingis, og það einmitt eptir alþingistilskip. 8. marzm. 1843, saman borinni við tilskip. 28. maím. 1831, og þótt oss sé það kunnugt, að standapingin í Danmörku fóru því fram hvað eptir annað, að fjárhagsáætlun konungsríkisins Danmerkur heyrði undir verksvið þeirra, þótt vald þeirra væri hið sama og alþingis (enda vitum vör eigi betur, en að fjárhagsáætlunin fyrir Danmörku væri lögð fyrir hin seinustu standaping þar), þá skulum vör þó ekki fara fleirum orðum um það að þessu sioni.

En þar sem það er auðsætt, að alþingi hlýtur að vera mjög áfríðandi að vita, hvernig fjárhagur landsins stendur, með því nú eru og munu verða lögð fyrir þetta þing ýms mál, er snerta fjárhagsmálefni landsins, og þar eð stjórnin sjálf hefur bent til í hinni konunglegu auglýsingu, að hún vildi taka til greina bendingar þingsins um fjárhagsáætlunina, en þetta aptur ekki getur skeð með öðru móti en því, að þingið fái að sjá hana og rannsaka, og geti fengið glöggt yfirlit yfir alla reikninga um tekjur og útgjöld landsins, — þá leyfum vör oss, að skora á hið heiðraða alþingi í ár, að það taki mál þetta til meðferðar, og kjósi nefnd til þess, að rannsaka fjárhagsáætlun Íslands fyrir yfirstandandi ár, svo og reikningsyfirlit yfir tekjur og útgjöld landsins fyrir næstliðið reikningsár, sem kunnngjört hefur verið almenningi samkvæmt konungsbréfi

4. maí þ. á., og safni öllum þeim skýrslum, sem fáanlegar eru viðvikjandi máli þessu, og gjöri þær athugasemdir og uppástungur við það, sem þurfa þykir, og treystum vör því, að hinn háttvirtí konungsfulltrúi veiti nefndinni og þinginu allar nauðsynlegar upplýsingar í þessu efni, og leggi fram fyrir þingið bæði fjárhagsáætlunina og reikningsyfirlitið, sem áður var getið.

Reykjavík 9. júlí 1873.

Jón Sigurðsson, þingmaður Suður-Þingeyinga.	P. Vídalín, þingmaður Húnavetninga.
E. Gottskálksson, þingmaður Norður-Þingeyinga.	Davíð Guðmundsson, þingmaður Skagfirðinga.
Hjálmur Pétursson, þingmaður Mýramanna.	Stefán Jónsson, þingmaður Eyfirðinga.

Björn Pétursson,
þingmaður Suður-Múlasýslu.

(Nefnd sett).

NEFNDARÁLIT

um konunglegt frumvarp til tilskipunar um niðurjöfnun alþingiskostnaðarins.

Hið heiðraða alþingi hefur kosið oss, sem hér ritum nöfn vor undir, í nefnd, til að ihuga og segja álit vort um konunglegt frumvarp til tilskipunar fyrir Ísland um niðurjöfnun alþingiskostnaðarins, sem konungsfulltrúi lagði fyrir þingið að þessu sinni.

Vör höfum rætt og vandlega ihugað frumvarp þetta, og skulum nú skýra hinu heiðraða þingi frá skoðun vorri um málið, og verður hún svo sem nú skal greina.

Oss er í fyrsta lagi eigi kunnugt um, að nokkur óánægja sé á meðal landsmanna út úr greiðslumáta þeim á alþingiskostnaðinum, svo sem hann er ákveðinn í opnu bræfi 18. júlím. 1848, enda vitum eigi til, að nein umkvörtun sé um það framkomin frá neinum gjaldendum tolls þessa, og því þykjumst vör hafa fulla ástæðu til að ætla, að landsbúar séu ánægðir með gjaldmátann, svo sem hann er, og virðist oss því mikið áhorfsmál, hvort rétt sé að breyta til um hann, einkum svona sérstaklega, meðan öll önnur opinber gjöld baldast óbreytt, sem flestir játa að sum hver þurfi breytingar við eða lagfæringar; því að það er fyrir löngu viðurkennt, að skattalög landsins yfir höfuð þurfi endurskoðunar og lagfæringar við, til þess að koma sem mestum jöfnuði á þau,

þannig að engum gjaldstofni sé ofþyngt í með gjöldum, og enginn sleppi með of vægt gjald í samanburði við aðra, og enginn að minnsta kosti verulegur gjaldstofn sé með öllu laus við álögur. En hingað til hefur ekkert verið gjört þessu til lagfæringar, því að þótt nefnd væri skipuð 1845 til að f huga skattalög landsins, og koma með uppástungur um, hversu opinber gjöld hér á landi mætti haganlegast á leggja, og með sem mestum jöfnuði, hefur enginn árangur kunnur orðið af störfum þeirrar nefndar. Meðan svona er ástatt, sjáum vèr eigi ástæðu til, að breyta gjaldmáta alþingiskostnaðarins eins, og það á þann hátt, sem mjög er tvísýnt um, hvort haganlegri sé, en sá, sem nú er hafður eptir opnu bréfi 18. júlím. 1848. Enda virðist oss uppástungan til þessarar breytingar einkum runnin af þeim ástæðum, að það yrði hægðar- auki fyrir heimtendur alþingiskostnaðarins og endurskoðendur þeirra reikninga, ef gjaldið væri heimt beint eptir tölu jarðar- hundradanna, en eigi eptir afgjaldi jarðanna. En þessa ástæðu getum vèr alls eigi talið næga til breytingarinnar; því að hægðin ein má eigi ráða í slíkum efnum, heldur verður stöðuglega að hafa hitt fyrir augum, að gjaldið komi sem jafnast og sanngjarnast nið- ur. Enda er óhægðin í þessu efni orðin minni nú, að vèr ætlum, en hún var að upphafi; því að mesta óhægðin ætti að vera fyrir hreppstjórana, að semja afgjaldaskýrslurnar; en, eins og gefur að skilja, var það óhægast fyrst, er þeir urðu að fá skýrslu um jarða- gjöldin öll í senn hjá hverjum ábúanda hver í sínum hrepp, hvað hann gyldi af ábúðarjörð sinni; en úr því þessar skýrslur voru upphaflega fengnar, virðist oss það vera mjög hægt fyrir hrepp- stjórana, að við halda þessum skýrslum, og sjá um, að þær séu ávallt sem réttastar, samkvæmt bréfum dómsmálastjórnarinnar til hreppstjóra og sýslumanna, 18. júlím. 1848. En þar sem sagt er í ástæðunum fyrir frumvarpi þessu, að aðferð sú, sem nú sé við höfð við niðurjöfnunina, valdi miklum ójöfnuði milli þeirra jarða, sem eigendurnir húi á, og þeirra, sem byggðar séu öðrum, þá er eigi sagt, í hverju þessi ójafnaður sé fólgin; en eptir því, sem oss er kunnugt, er ójafnaður sá, sem hér ræðir um, ef hann ann- ars er nokkur, eigi að kenna lögunum, heldur eptirgangsleysi þeirra, sem skýrslurnar eiga að semja og við þeim að taka.

Þegar vèr lítum á hinar einstöku greinir frumvarpsins, þá eru það svo sem að sjálfsögðu, eptir því sem áður er sagt, 1. og 4. grein- in, sem oss virðast óhagkvæmar og ísjárverðar.

Um 1. greinina er það að segja, að vèr sjáum eigi neina aðra ástæðu til þess, að Reykjavík skuli greiða $\frac{1}{21}$ hluta alþingisgjaldsins, en þann, að Reykjavík er kjördæmi sér, eða hefur sömu hluttekningu í þinginu sem hvert annað kjördæmi landsins, en því er þá eigi fylgt sömu reglu um öll kjördæmi landsins? Það dytti víst engum í hug, því að ójofnuðurinn yrði þá allt of ber, ef t. a. m. Strandasýsla, sem er 1554 hndr. að dýrleika, skyldi gjalda jafnmikinn hluta alþingistollsins sem t. a. m. Árnessýsla, sem er yfir 8600 hndr., enda virðist oss eigi rétt hugsun, að nokkurt kjördæmi skuli gjalda $\frac{1}{21}$ hluta alþingistollsins, einungis vegna þess, að það er kjördæmi sér; og hvers vegna skyldi kveða á um hlutöku Reykjavíkur einnar í alþingistollinum á þennan hátt? Vèr viljum alls eigi ætla, að það sé vegna hægðarinnar einnar, en ef það er ósanngjarnt, að hvert kjördæmi landsins greiði $\frac{1}{21}$ hluta alþingiskostnaðarins, án þess að til greina sé tekin stærð þess, þá er það eins ósanngjarnt um Reykjavík. Ef breyta skyldi frá því sem verið hefur, og leggja sérstaklega alþingistollinn á Reykjavík samkvæmt frumvarpinu, þá ætti það að vera eptir virðingarverði húseigna bæjarins í samanburði við jarðarhundruð í landinu; en þá væri það mjög ósanngjarnt, að leggja 100 rd. í húsverði á við hvert jarðarhundruð; því að taka yrði til greina, að á húseignunum í Reykjavík hvílir talsvert gjald til bæjarins, og að viðhald húsanna kostar allmikið bæði árlega, og líka, að húsin ganga mjög úr sér, sem jörðin eigi gjörir, og ónýttast með öllu að síðustu, svo að vèr ætlum, að eigi sé of talið, þótt hvert timburhús þurfi stórkostlegrar viðgjörðar við á hverjum 25—30 árum. Af þessu leiðir, að gjald það, sem ætlazt er til í frumvarpinu að lendi á Reykjavík, er allt of hátt, hvort sem litið er á verð húseignanna, eða fólks-töluna, sem er að eins nálægt $\frac{1}{35}$ hluti af landsbúum.

Um greiðslumátann á þeim hluta alþingistolls þess, sem frumvarpið ætlast til að lendi á Reykjavík, ætlum vèr eigi að tala í þetta skipti; enda virðist það sjálfsagt, að fyr en slík ákvörðun yrði lögtekin, ætti bæjarstjórninni að gefast kostur á, að segja um það álit sitt, og það því heldur, sem einn af oss, meðundirskrifaður Halldór Kr. Friðriksson, telur það mjög æskilegt, enda nauðsynlegt, að öll skattalöggjöf bæjarins til bæjarþarfa væri endurskoðuð og leiðrétt hið allra-bráðasta.

Þegar til 4. greinarinnar í frumvarpinu kemur, þá verður hið sama ofan á, að vèr þykjumst sannfærðir um, að ákvörðun hennar

mundi verða mjög óvinsæl, enda ætlum vèr, að hún hafi mikla annmarka. Það virðist að sjálfsögðu eðlilegast, að hvert gjald sem er lendi á þeirri eigninni, sem það er á lagt, eptir sönnu verði hennar, en eigi ímynduðu verði. En hið sanna verð eignanna fæst einmitt með því, að lítið sè á afgang hennar og arð. Nú er það víst, svo enginn getur á móti mælt, að afgang jarða hèr á landi er mjög misjafnt, þegar lítið er til hundraðatölnunnar, og það svo, að þess munu mörg dæmi, að afgangið af sumum jörðum er helmingi meira en á öðrum að jöfnu hundraðatali, og hvað meira er, að þess munu jafnvel dæmi, að það er meira en fjórfalt á einni jörðinni við það, sem það er á annari eptir hundraðatölu, og þá er auðsènn ójöfnuður sá, sem leiða mundi af ákvörðunum frumvarpsins; en svo er þó víst til ætlazt, að gjaldið komi sem jafnast niður, en eigi sem ójafnast á jarðeignirnar.

Auk þess viljum vèr geta þess, að hin nýju landbúnaðarlög hafa nú verið í smíðum í 8 ár, og er því vonandi, að þess sè eigi langt að bíða, að þau verði fullgjörð, og þá fyrst, er þau eru í lög tekin, virðist réttur tími til kominn, að breyta þeim opinberum gjöldum, sem á jörðum hvíla, því að eigi er að vita, nema einhverjar þær ákvarðanir verði í þeim, sem nauðsyn ber til að taka til greina, er gjöld eru lögð á jarðir.

Án þess að vèr orðlengjum frekar þetta mál, viljum vèr af þeim ástæðum, sem vèr þegar höfum talið, ráða hinu heiðraða þingi:

allraþegnsamlegast að ráða hans hátign konunginum frá, að frumvarp þetta verði gjört að lögum.

Alþingi Íslendinga, 10. júlím. 1873.

St. Jónsson. H. Kr. Friðriksson, E. Gottskálksson,
formaður og framsögumaður. skrifari.

NEFNDARÁLIT

um konunglegt frumvarp til tilskipunar um ljósmæðraskipun á Íslandi.

Alþingi hefur kosið oss undirskrifaða í nefnd, til að segja álit vort um konunglegt frumvarp til tilskipunar um ljósmæðraskipun á Íslandi, sem lagt var fyrir þingið. Sömuleiðis var nefndinni fengin í hendur til að segja álit sitt um bænarskrá frá ljós-

móðurinni í Vestmannaeyjum um launaviðbót handa henni. Eptir að nefndin á fundum sínum hefur athugað mál þetta, leyfir hún sér að láta uppi álit sitt á þessa leið.

Hvað nú viðvíkur hinu konunglega frumvarpi um ljósmæðraskipun hér á landi; þá er það að vísu satt, eins og tekið er fram í ástæðunum fyrir nefndu frumvarpi, að brýn nauðsyn ber til þess, að koma betri tilhögun á ljósmæðraskipunina hér á landi, en verið hefur hingað til; en að frumvarp þetta geti orðið að þeim tilætluðu notum í þessu tilliti, hyggur nefndin að naumast geti orðið, af þeim ástæðum, sem nú skal greina.

Í fyrstu grein frumvarpsins er talað um, að hverri sýslu landsins skuli skipta í ljósmæðrahæruð eptir uppástungu sýslunefndanna. Það getur þá ekki hjá því farið, að allmörg ljósmæðrahæruð verði í hverri sýslu, og þegar athugað er, að á öllu landinu eru 168 hreppar, og margir hreppar svo víðáttumiklir, að í mörgum þeirra mundi ekki veita af 2—3 ljósmæðrum, þá mundu ljósmæðra-umdæmin á öllu landinu verða allt að 200, að meðtöldum ljósmæðrum þeim, sem setjast eiga í kaupstaðina. Þegar nú er athugað samkvæmt 3. grein, að hver ljósmóðir sveitahæraðanna á að hafa í laun 20 rdl., sem í sjálfu sér ekki getur minna verið, þá má ætla, að tollálaga þessi, sem þannig er til ætlað að leggist á sýslufélögin, verði allt að 7000 rdl. með launaviðbót, eptirlaunum, verkfæra kaupum og kennslukostnaði. Ef nú einungis á að stofnsetja sjóð frá rótum í þessum tilgangi, virðist nefndinni ísjárvert, að leggja nú þegar toll þennan á sýslufélögin, því eptir þeim sveitarþyngslum, sem eru nú því nær um land allt, mundi þetta verða til þess, að sumir hreppar sýslanna kæmst í megn fjárprot, og gætu ei greitt gjald þetta, auk þess sem slík álaga mundi ölla hinn mestu óánægju. Þetta virðist líka hafa vakað fyrir nefnd þeirri, sem sett var 1871 á alþingi, til að yfirvega frumvarpið um sveitastjórn á Íslandi, þar sem hún útilokaði það úr frumvarpinu, að leggja kostnað þennan á sýslufélögin. Hefði stjórnarfrumvarpið komið fram með það, að borga öllum ljósmæðrum úr landssjóði og lækna sjóði, eins og gjört er um ljósmæður í Reykjavík og á Vestmannaeyjum, sjá 4. grein, og nægar skýrslur hefðu verið fyrir hendi um, að þeir sjóðir gætu borið slík útgjöld, sem hér ræðir um, þá hefði verið allt öðru máli að gegna, en þegar hér er vísað á sjóð, sem enn er ekki til, og sýslunefndir enn ekki komnar á, þá gæti þetta haft í för með sér megnustu vand-

ræði fyrir sýslufélögin; þess vegna virðist nefndinni að frumvarp þetta sé að þessu leyti of snemma upp borið. Enn fremur þegar þess er gætt, að á öllu landinu eru nú sem stendur fyrir utan Reykjavík og Vestmannaeyjar að eins 65 ljósmæður, þá virðist það eiga langt í land, að yfirheyrðar ljósmæður fái stórt land allt, t. a. m. ein í hvern hrepp, og þegar enn fremur er athugað, að hvert sýslufélag ætti að annast kostnað sinna ljósmæðra, þá gæti svo farið, að sumar sýslur landsins færu alveg á mis við ljósmóðurgjaldið, á meðan sumum sýslum yrði það mjög tilfinnanlegt, því að þótt nú ætti að fara að skipta þessum 65 ljósmæðrum niður á allar sýslur landsins, þá er óhugsandi, að slíku megi við koma, því að ei er til þess ætlandi, að allmargar þeirra fengjust til að rífa sig upp frá heimilum sínum til að flytjast víðs vegar um land allt, og þótt allt væri nú í góðu lagi með umrædda ljósmæðraskipun, þá mundi sú ákvörðun, sem kemur fram í 2. grein, þykja miður hagfelld, og enda skerða mannlegt frelsi, ef skipa ætti hverri ljósmóður þar og þar niðri móti vilja hennar, og mundi því reka að sama brunni með ljósmæðra-tilhögun þessa líkt og með hin fátækari prestaköll á landi voru, að engin ljósmóðir fengist til að setjast að í hinum fátækari ljósmæðra-héruðum, og mundu þau því standa auð svo árum skipti; og þótt nú kynni með árafjöldanum að fást yfirheyrðar ljósmæður t. a. m. ein í hvern hrepp, þá hefur þessi tilhögun þann kostnað í för með sér, sem að nefndarinnar áliti ekki er fært að leggja á sýslufélögin, eins og nefndin hefur leitt næg rök að, samanber 3., 4. og 6. grein. Sama virðist og að hafa vakað fyrir stjórninni, sjá ástæður 1. greinar, að kostnaðurinn við ljósmæðraskipun yrði fjarska-mikill, enda munu sýslufélögin hafa fullt í fangi að bera útgjöld af því, sem þegar er ætlazt til að þau beri.

Eins og tekið er fram hér að framan, þá veit alþingi ekkert um tekjur landssjóðsins, þar engin skýrsla er lögð fyrir alþingi um ástand hans, en eftir því sem nefndin hefur komið næst, mun landssjóðurinn ekki fær um að sinni, að bera kostnað þennan. Þar til er það tekið skýrt fram í allmörgum, ef ekki flestum, af bænarskrám þeim, sem komið hafa til þessa þings frá þjóðinni, að þingið ráði frá öllum nýjum álögum á landið, svo lengi alþingi ekki hefur fengið fjárhagsráð og löggjafarvald. Nefndin sér sér því ekki fært að meðhöndla mál þetta á annan veg, undir því stjórnarformi, sem nú er beitt við land vort, en að ráða þinginu til að fresta frumvarpi þessu að sinni.

Hvað nú viðvikur bænarskránni frá Vestmannaeyjum um launa-
viðbót þá, sem Anna Valgerður Austmann fer fram á, þá getur
nefndin ekki séð, að ljósmóðurumdæmi á Vestmannaeyjum sé
svo umfangsmikið, að það geti verið sérlegum örðugleikum bundið,
eptir mannfjölda á eyjunum, og því, að ferðir hennar í þeim
störfum hljóta að vera minni erfiðleikum bundnar, en annarstaðar
hér á landi, og þó að það væri satt, sem tekið er fram í bænars-
skránni, að fáir borgi ljósmóðurinni aukabókun fyrir ferðir sínar,
þá mun þó ekki geta hjá því farið, að kaupmenn og embættis-
menn á eyjum þessum, sem og hinir betri bændur, greiði ljós-
móðurinni allsómasamlega þóknun. Þegar til þess er litið, að
ljósmóðurumdæmið á Vestmannaeyjum hlýtur að vera svo miklum
mun óerfiðara en annarstaðar víðast hér á landi, og þó launað
með 30 rdl., mundi það varla þykja sanngjarnt nú þegar að hækka
ljósmóðurlaun þar, en ætla þeim, sem síðar kunna að verða sett-
ar í langtum erfiðari ljósmóðurhæruð, þriðjungi minni laun.
Nefndin getur því ekki betur séð, eptir þeim upplýsingum, sem
fyrir hendi eru, en að hin umrædda ljósmóðir hafi allsómasamleg
laun, þar sem hún ár hvert hefur 30 rdl., sem virðist vera all-
góður styrkur fyrir utan aukabókun; nefndin ræður því þinginu
til, að fresta þessari bön ljósmóðurinnar að þessu sinni, af þeim
ástæðum, að nú ár frá ári fjölga ef til vill útgjöld læknaþjófðsins
við stofnun nýrra læknaumdæma m. m.

Af framantöldum ástæðum leyfir nefndin sér að ráða hinu
heiðraða alþingi til:

1. Allraþegnsamlegast að beiðast þess, að hans hátign kon-
ungurinn fresti því að sinni, að gjöra frumvarp það, sem
hér ræðir um, að lögum.
2. Að ljósmóðirin á Vestmannaeyjum, Anna Valgerður Aust-
mann, verði látin sitja við sömu laun úr læknaþjófðnum,
sem hún nú hefur.

Alþingi Íslendinga 10. júlím. 1873.

E. Kúld, Hjálmur Pétursson. St. Eiríksson,
formaður og framsögumaður. skrifari.

NEFNDARÁLIT

í málinu um konunglegt frumvarp til tilskipunar um stofnun sjómannaskóla á Ísland og fl.

Hið heiðrað alþingi hefur kosið oss undirskrifaða í nefnd, til að segja álit vort um konunglegt frumvarp til tilskipunar um stofnun sjómannaskóla á Íslandi og fl., og fer frumvarp þetta fram á:

- Í 1. gr. Að fastur kennari verði settur við sjómannaáskennslu í Reykjavík með 600 rd. föstum launum og öðrum hlunnindum.
- 2. gr. Að stýrimannspróf skuli haldið tvisvar á ári með skilyrðum fyrir þá, sem undir próf þetta óska að ganga.
- 3. gr. Uppástungur um, hvað útheimtisi til hins íslenska stýrimannsprófs.
- 4. gr. Hvernig og af hverjum próf þetta skuli haldið.
- 5. gr. Að dómsmálastjórnin ákvarði, hvernig haga skuli prófinu, og að sá, sem prófið hefur staðizt, skuli fá skýrteini um það, hvernig hann hafi staðizt prófið, og svo er einnig í sömu grein og lítið eitt í 6. gr. tekið fram, að hverju leyti stiptsýfirvöldin eru viðriðin skóla þennan.
- 6. gr. Að þeir, sem sjómannafræði hafi lært hjá öðrum, en á skóla þessum, megi, þó með skilyrðum, ganga undir próf skóla þessa.
- 7. gr. Að þeir, er prófið hafa tekið, hafi að eins heimild til, að vera skipstjórar og stýrimenn á sjóferðum við Ísland, og það þó ekki nema með skilyrðum, sem seinna kunnir að verða sett.

Eptir að vör höfum ýtarlega yfirvegað frumvarp þetta og rætt það á fleiri fundum, leyfum vör oss að skýra hinu heiðraða þingi frá áliti voru um það.

Hvað fyrirkomulag á skóla þessum og tilganginn með kennslu og próf við hann snertir, þá gegnir það furðu, hversu stjórnin hefur lítilsvirt allar tillögur þingsins 1871 um tilhögun og auginnið þessarar, fyrir land vort svo mikilvægu stofnunar. Vör leyfum oss, að benda á það, að stjórnin þykist heldur vilja halla sér að uppástungu þeirri, sem kom til alþingis 1869 um þetta efni, en hvað er það þá, sem henni hefur þótt nýtandi í henni? einasta að setja fastan skóla, en ekki, eins og uppástungan 1871 fór fram á um sama efni, að veita þeim sjómannafræðingum hér á landi, sem kenndu þittum til hlítar mennt þessa, svo að

þeir gætu staðizt próf, styrk úr landssjóði, allt að 60 rd. fyrir hvern pilt. Vær getum engan veginn fallizt á, að þetta nýja fyrirkomulag stjórnarinnar sé heppilegra, því það er einasta til þess, að búa til fasta útgjaldagrein fyrir landið, hvort sem nokkur árangur verður af henni eður enginn, og auk þess er það auðséð af athugasemdum stjórnarinnar við frumvarp þetta, að í embætti þetta verður vafalaust settur danskur maður, um leið og prófnefndin heinlínis eptir sömu athugasemdum á að skipast dönskum mönnum; kennslan og prófið verður þess vegna alveg danskt og því alveg óhafandi fyrir Íslendinga, eins og þessi tilhögun líka bendir á, hversu stjórnin jafnan vill gjöra lítið úr því, sem innlent er, og reynir að koma dönsku sniði á sem flest hér í landinu, hvort sem það á við eða ekki. Vær viljum ekki orðlengja athugasemdir vorar svo mjög, að fara orðum um hverja grein frumvarpsins sérstaklega, en láta það nægja, að lýsa yfir þeim dómi vorum um þær allar, að þær eigi ekki við, eptir því sem hér til hagar, og svara ekki í neinu verulegu til ætlunarverks þess sjómannaskóla, sem Íslendingar á fyrri þingum hafa um beðið. Hin 7. og síðasta grein frumvarps þessa ríður þó því að fullu í dómi vorum um það, því að árangurinn af öllu frumvarpsins fyrirkomulagi og kostnaði við stofnun þessa er enginn, það er að segja ekki meiri, og varla jafnmikill þeim árangri, sem vær getum haft af því, að senda pilt á kennslu til hinna ágætu sjómannafræðinga vorra hér innanlands, sem eflaust geta kennt og menntað þá fullt svo vel sem skóli þessi í öllu því, sem útheimtist til, að þumlunga sig fram með þaragarði Íslands, en meiri árangur er ekki af öllu þessu fyrirkomulagi frumvarpsins, samkvæmt þess 7. grein, samanborið við athugasemdirnar.

Nefndin treystir sér heldur eigi til að gjöra breytingar við frumvarpið, því henni geðjast jafnt að hverri einstakri grein þess, eins og því í heild sinni, eins og það nú liggur fyrir, og slzt í samvinnu við þá stjórn, er sýnir það æ berlegar, að hún skeytir lítið tillögum alþingis, eins og vær fyr höfum bent á, og leitast við, að einstrengja allt í danskt og óþjóðlegt horf, svo sem til dæmis í þessu frumvarpi, að dómsmálastjórnin á að setja ákvarðanir um prófið, af því að sjóliðsstjórnin hefur samsvarandi vald í Danmörku. Ræður því nefndin hinu heiðra þingi af framskrifuðum ástæðum til,

hvalkjöt í land, þó að þeir væru lausir við lestagjald, ef ferð þeirra eða veiðiskapur hindraðist nokkuð við það; þó að þeir væru undanþegnir lestagjaldi, færu þeir eigi að flytja hvalkjöt í land, nema sér alveg að meinalausu, eða ef þeir þyrftu að afla sér einhverra nauðsynja, eða þyrftu einhverra orsaka vegna í land, hvort sem væri. Er það því skoðun vor, að ef svo á stæði, mundu þeir flytja og selja hvalkjöt eins fyrir það, þó að lestagjald væri á því.

Efnalitlum mönnum yrði varla gjört hægra fyrir, þó að þetta væri lögleitt; fæstir þeirra vita, þó að skip komi með hval til sölu, því að það vita eigi aðrir en þeir, er búa þar í grennd við, er skipið kemur. Nú liggur hvalveiðamönnum á, að fá borgun sína sem fljótast, svo að þeir geti sem fyrst haft sig til vegs aptur; á þetta lag ganga efnamennirnir, er þar eru í grennd, og flýta sér að ná hvalkjötinu með sem beztum kjörum, selja þeir svo aptur út frá sér, og geta þá sett verðið eptir vild sinni, ef það kemst að eins ekki í bága við hagsmuni sjálfra þeirra, svo að ívilnunin fyrir hina efnalitlu verður að voru álitni engin.

Þá þykir oss hætt við, eins og vikið er á í ástæðunum, að vegur opnaðist til þess, að fara kring um verzlunarlögin, ef frumvarp þetta væri lögleitt, sökum þess að lögreglustjóri gæti eigi opt og tíðum komið við því eptirliti, er þörf væri á, til þess, að fyrirgirða það, einkum ef hvalkjöt væri flutt í land og selt langt frá bústað hans, eða hann væri í embættisönnum fjarri bústað sínum, þó að hvalveiðamenn kæmu þar í grennd, er hann byggi. Eigi þykir oss heldur örgrant, að þessi undanþága frá verzlunarlögum yrði tilefni til þess, að fleiri átyllur yrðu fundnar til þess, að hafa sig undan lestagjaldi, því að koma má þeim blæ á ýms fyrirtæki, að þau séu Íslendingum í hag, og það enda efnalitlum Íslendingum, eigi síður en hvalkjötssala, og ef þá allir, er svo gætu komið fyrir fyrirtækjum sínum, ættu að vera undanþegnir lestagjaldi, er eigi að vita, hvar staðar mundi nema með undanþágur landssjóðnum í óhag.

Auk þess, er vér nú höfum talið í móti því, að lögleiða frumvarp þetta, virðist oss það eigi vert fyrir þingið, að vera að gjöra neitt við það í samvinnu við þá stjórn, er landsmönnum er þvert um geð, og virðist eigi taka tillit til þess, er þingið fer fram á, nema rétt eptir því, sem á henni liggur.

Af framanskriðuðum ástæðum viljum vér leggja það til við hið heiðraða þing,

Að það ráði frá því, að frumvarp þetta verði gjört að lögum.
Alþingi Íslendinga, 11. júlím. 1873.

Páll Ólafsson. Torfi Einarsson, Davíð Guðmundsson,
formaður og framsögumaður. skrifari.

ATKVÆÐASKRÁ

í málinu um konunglegt frumvarp til tilskipunar handa Íslandi um niðurjöfnun alþingiskostnaðarins.

1. *Nefndin*: að alþingi ráði konunginum frá, að frumvarp þetta verði gjört að lögum. (Samþykkt með 18 samhljóða atkv.).
2. Frumvarpið óbreytt var þannig fallið.

ATKVÆÐASKRÁ

í málinu um konunglegt frumvarp til tilskipunar um það, að skip, sem flytja hvalkjöt til Íslands, skuli vera undanþegin lestagjaldi því, sem ákveðið er í lögum 15. apríl 1854.

1. *Nefndin*, að alþingi ráði frá því, að frumvarp þetta verði gjört að lögum. (Samþykkt með samhljóða 18 atkvæðum).
2. Frumvarpið óbreytt þannig fallið.

NEFNDARÁLIT

um konunglegt frumvarp til tilskipunar um mótvarnir gegn því, að bólusótt og hin austurlenzka kólerusótt flytjist til Íslands.

Hið heiðraða þing hefur kosið oss, sem hér ritum nöfn vor undir, til að ihuga og segja álit vort um konunglegt frumvarp til tilsk. um mótvarnir gegn því, að bólusótt og hin austurlenzka kólerusótt flytjist til Íslands.

Vær höfum því nú vandlega athugað og rætt málefni þetta, og komizt að þeirri niðurstöðu, sem vèr nú skulum leyfa oss að skýra hinu heiðraða þingi frá.

Nefndin viðurkennir fullkomlega hina lofsverðu viðleitni stjórnarinnar til að reisa skorður við hinum hættulegu sjúkdómum, sem hér er um að ræða, en verður þó jafnframt að láta það álit sitt í

ljósi, að ákvarðanir þær, sem frumvarp þetta hefur inni að halda, séu ónógar til að sporna við því, að hinir umræddu sjúkdómar geti komizt hér að landi og breiðzt út. Akvarðanir þessar geta, að álitni nefndarinnar, ekki átt hér við í ýmsu tilliti, eptir því sem hér er ástátt, hvort sem tekið er tillit til þeirra ráðstafana í frumvarpinu, er snerta beinlínis sóttvörnina sjálfa, eður þeirra, er viðkoma kostnaði þeim, er hún hlýtur að hafa í för með sér; og væntir nefndin, að þingmenn sjái glögg, hvílkum vankvæðum það er bundið, að koma á sóttvörnum, svo að gagni sé, á þann hátt, sem frumvarpið ætlast til, eptir því sem hér á landi hagar til.

Að öðru leyti finnur nefndin eigi ástæðu til, að fjölyrða um frumvarpið í heild sinni, en skal að eins leyfa sér, að taka það fram, sem henni þykir athugavert við hverja grein frumvarpsins sér í lagi.

Viðvíkjandi 1. gr. Þar sem í þessari grein er ákveðið, að öll þau skip, er koma til Íslands frá einhverjum þeim stað, sem samkvæmt auglýsing dómsmálaráðgjafans sé álitinn sýktur af bólu- eða kólerusótt, skuli koma við á einhverri af þeim höfnum, sem nefndar eru í greininni, þá er aðgætanda, að öll skip, sem til Íslands koma, geta af ýmsum orsökum, t. a. m. sökum veðurs, eða ef eitthvað snögglega hilar á þeim, neyðzt til að hleypa fyr inn á og hafa samgöngur við landsmenn á einhverri annari höfn, en þeim 6, sem hér eru ákveðnar, auk þess, að skip, og sér í lagi fiskiskip stranda hér opt mjög mörg — og verður það eins, hvort sem þau hafa bólu, kóleru, eða aðra hættulega sýki meðferðis, — áður en þau hafa komið við, eða jafnvel getað komið við, á einhverjum þessara 6 staða.

Viðvíkj. 4. gr. Nefndin fær eigi betur séð, en að grein þessa megi skilja þannig, að skipverjum sé heimilt, að fara í land, þegar er heilbrigðisstjórnin sé búin að «gjöra þær ráðstafanir, sem með þarf til umönnunar þeim sjúku og til þess, að þeir dánu verði fluttir úr skipinu og það verði hreinsað»; en eptir þeim upplýsingum, sem nefndin hefur fengið frá landlækni, þarf að halda því skipi, sem bóluveika menn hefur innanborðs, í sóttvörnum í 14 daga, og í 10 daga, ef kólerusótt hefur gjört vart við sig á skipinu. Auk þessa er athugavert, að enn sem stendur er eigi um «heilbrigðisstjórn» að tala, og þá eigi heldur um «ráðstafanir» hennar, nema á þeim 6 stöðum, sem nefndir eru í 1. grein, og jafnvel þar munu hin- ar fyrirskipuðu ráðstafanir verða örðugar, ef ekki ómögulegar, af

þeim ástæðum, sem nákvæmar skulu teknar fram við næstu grein.

Viðvíkj. 5. gr. Þar sem í þessari grein er ákveðið, að hæfileg hús skuli vera til reiðu, til að taka á móti sjúkum sjófarendum á þessum 6 ákveðnu stöðum, þá er þess að gæta, að einungis í Reykjavík er til nokkurt sjúkrahús, og nefndin fær eigi sæð, hvernig hlutaðeigandi amtmaður gæti útvegað hæfilegt hús á hinum öðrum stöðum, þótt honum væri gjört það að lagaskyldu, því engir húseigendur eða íbúar húsa mundu verða fúsir til að taka við slíkum gestum í hús sín, og um önnur hæfileg hús fyrir þess konar sjúklinga mun naumast vera að tala á þessum stöðum. Af þessu leiðir þá, að ráðstafanir þær, sem nefndar eru í 4. gr., verða varla gjörðar, nema því að eins að byggð verði ný hús á hinum umgetnu stöðum, beinlínis í þessum tilgangi; en af því mundi aptur fljóta sá kostnaður, sem nefndin getur ekki ráðið til að lagður verði á landið, þar sem eigi er annað sýnna, en að sá kostnaður yrði næsta árangurslítill.

Viðvíkj. 6. gr. Að því er útgjöldin snertir, getur nefndin eigi betur sæð, en að lækna sjóðurinn hafi nóga byrði að bera, þar sem hann á að launa öllum hinum nýju læknum, sem þegar eru settir og settir verða, að minnsta kosti í þau 3 læknumdæmin, sem enn eru eptir óveitt af þeim 5, sem stofnuð voru með konungsráðgjöf 10. maí 1867. Það er því sannfæring nefndarinnar, að lækna sjóðurinn eptir því, sem hagar hans er nú sem stendur, alls ekki fái borið meiri útgjöld, en þau, er honum eru þegar ætluð. Einnig virðist nefndinni ósanngjarnt, að þessir 6 kaupstaðir eða sýslufélög skuli vera skyld til að bera $\frac{1}{3}$ kostnaðarins, einmitt af þeirri ástæðu, að eptir 1. grein frumvarpsins er öllum útlendum skipum, sem hafa þessar hættulegu sóttir meðferðis, gjört að skyldu, að koma á þessa 6 staði, sem annars gætu sloppið hjá sýkinni. Öllum er og kunnugt, hve almennar kvartanir eru hér yfir því, hve mjög jafnaðarsjóðunum sé ofþyngt með byrðum þeim, sem á þeim hvíla; enda hafa og komið til þessa þings bænaraskrár úr ýmsum hëruðum landsins, er fara þess á leit, að þingið ráði ekki til, að lagðar séu nýjar álögur á landsmenn, sízt á meðan alþingi fái ekki fjárforræði, og getur nefndin eigi betur sæð, en að það sé á góðum rökum byggt.

Af þessum ástæðum, sem nú eru greindar, verður nefndin að álíta réttast, að skora á hið heiðraða þing,

að það ráði frá því, að hið konunglega frumvarp, sem hér er

um að ræða, verði lögleitt, að minnsta kosti ekki fyrir, en sjúkrá-
hús eru upp komin á öllum þeim stöðum, sem nefndir eru í
1. grein.

Alþingi, 12. júlí. 1873.

Björn Pétursson,
framsögumaður.

E. Kúld,
formaður.

J. Jónsson,
skrifari.

ATKVÆÐASKRÁ

í málinu um konunglegt frumvarp til tilskipunar um stofnun sjó-
mannaskóla á Íslandi, o. fl.

1. *Nefndin*: að alþingi ráði hans hátign konunginum frá, að
frumvarp þetta verði gjört að lögum.
Við þennan tölulið var við haft nafnakall eptir beiðni hins
2. konungkjörna þingmanns, og sögðu

«já»:

«nei»:

Eiríkur Kúld.

Bergur Thorberg.

Halldór Kr. Friðriksson.

Grimur Thomsen.

Benidikt Sveinsson.

Helgi Hálfðánarson.

Björn Pétursson.

Jón Hjaltalín.

Davíð Guðmundsson.

Jón Pétursson.

Egill Egilsson.

Pétur Pétursson.

Erlendur Gottskálksson.

Sigurður Melsteð.

Guðmundur Einarsson.

Þórarinn Böðvarsson.

Hallgrímur Jónsson.

Þórður Jónasson.

Hjálmur Pétursson.

Jón Jónsson.

Jón Sigurðsson.

Páll Vídalín.

Stefán Eiríksson.

Stefán Jónsson.

Torfi Einarsson.

Páll Ólafsson var eigi viðstaddur, og var töluliðurinn þannig
samþykktur með 16 atkvæðum gegu 9.

2. Frumvarpsins 1.—6. grein (óbreyttar).
3. *Þórarinn Böðvarsson*: að frumvarpsins 7. grein falli burt.
4. *Jón Pétursson* og *Grimur Thomsen*: að frumvarpsins 7. grein
verði þannig orðuð:

«Þeir, sem hafa tekið framannefnt próf, fá með því ekki

svo og til að útvega þeim verkfæri þau, sem þörf er á, skal fyrst um sinn greiða úr landssjóðnum og spítalaskjóðnum, þangað til hlutaðeigandi kaupstaðir og sýslufélög geta tekið kostnað þennan að sér. Kostnaðinn við kennslu ljósmæðra o. s. frv.

4. Frumvarpsins 4. grein óbreytt.
5. *Þórarinn Böðvarsson*: að í stað þessara orða: «eðahjá landlæknum» í 5. grein, komi: «eða hjá þeim læknum á landinu, sem hafa tekið próf á fæðingarstofnuninni».
6. Frumvarpsins 5. grein óbreytt.
7. *Þórarinn Böðvarsson*: að í stað orðanna «8 áln.» í 6. grein verði sett «4 álnir».
8. Frumvarpsins 6. grein óbreytt.
9. Frumvarpsins 7. og 8. grein.
10. Fyrirsögn frumvarpsins.
11. Frumvarpið allt í heild sinni.— Töluliðirnir 2.—11. voru fallnir við atkvæðagreiðsluna um 1. tölul.
12. *Helgi Hálfðánarson*: að þingið beiðist þess, að ljósmóðurinni, sem nú er á Vestmannaeyjum, verði veitt 20 ríkisdala árleg launaviðbót úr hinum íslenska læknaþjóði. Felldur með 18 atkvæðum gegn 5.
13. *Nefndin*: að ljósmóðirin á Vestmannaeyjum, Anna Valgerður Austmann, verði látin sitja við sömu laun úr læknaþjóðnum, sem hún nú hefur. — Þessi töluliður féll úr atkvæði eptir atkvæðagreiðslunni um 12. tölulið.

ATKVÆÐASKRÁ

í málinu um konunglegt frumvarp til tilskipunar um mótvarnir gegn því, að bóluþótt og hin austurlenzka kólerusótt flytjist til Íslands.

1. *Nefndin*: a, að alþingi ráði frá því, að hið konunglega frumvarp, sem hér er um að ræða, verði lögleitt; b. að minnsta kosti ekki fyr, en sjúkrahús eru upp komin á öllum þeim stöðum, sem nefndir eru í 1. grein.
Um töluliðinn 1. a var við haft nafnakall eptir beiðni hins 3. konungkjörna þingmanns, og sögðu:

«já»:

Eiríkur Kúld.
Halldór Kr. Friðriksson.
Benidikt Sveinsson.
Björn Pétursson.
Davíð Guðmundsson.
Egill Egilsson.
Erlendur Gottskálksson.
Guðmundur Einarsson.
Hallgrímur Jónsson.
Hjálmur Pétursson.
Jón Jónsson.
Jón Sigurðsson.
Páll Ólafsson.
Páll J. Vídalín.
Stefán Eiríksson.
Stefán Jónsson.
Torfi Einarsson.

«nei»:

Bergur Thorberg.
Grímur Thomsen.
Helgi Hálfánarson.
Jón Hjaltalín.
Jón Pétursson.
Pétur Pétursson.
Sigurður Melsteð.
Þórarinn Böðvarsson.
Þórður Jónasson.

Og var staflidurinn a þannig samþykktur með 17 atkvæðum gegn 9, en stafl. b var samþykktur með 17 samhljóða atkv., og voru þannig fallnir eptirfarandi töluliðir 2—18.

2. Frumvarpsins 1. grein:

Þórarinn Böðvarsson: að eptir orðið «kólerusótt» verði bætt inn í; eða «mislingasótt».

3. Frumvarpsins 1. grein með breyting eða óbreytt.

4. Frumvarpsins 2. grein:

Jón Pétursson: að endir greinarinnar: «Í hvert skipti» . . . til dómsmálaráðgjafans» falli burt.

5. Frumvarpsins 2. grein með breyting eða óbreytt.

6. Frumvarpsins 3.—4. grein óbreytt.

7. Frumvarpsins 5. grein:

Jón Pétursson: að orðin: »dómsmálaráðgjafinn eða fyrir hans hönd«, falli burt.

8. Frumvarpsins 5. gr. með áorðinni breyting eða óbreytt.

9. Frumvarpsins 6. grein:

Eiríkur Kúld og *Grímur Thomsen*: að í stað orðanna í niðurlagi greinarinnar: »skal greiða á þann hátt . . . sem í hlut á«, komi: »skal greiða úr landssjóðnum«.

10. *Þórarinn Böðvarsson*: að í stað orðanna í niðurlaginu: » $\frac{1}{3}$

af hlutaðeigandi sýslufèlagi eða kaupstað», komi: « $\frac{1}{3}$ af landssjóði».

11. Frumvarpsins 6. grein með áorðinni breyting eða óbreytt.
12. Frumvarpsins 7. grein óbreytt.
13. Frumvarpsins 8. grein:
Jón Pétursson: að í stað orðsins «Dómsmálaráðgjafinn» í upphafi greinarinnar, verði sett: Landshöfðingi».
14. *Sami*: að orðin: «og má hann leyfa sem þar eru taldar» (síðari hluti af fyrri kafla greinarinnar) falli burt.
15. *Sami*: að í stað orðanna: «Dómsmálaráðgjafinn, þegar kring. leyfa mælt í 1. grein», komi orðið «hann».
16. Frumvarpsins 8. grein með breytingum eða óbreytt.
17. Fyrirsögn frumvarpsins.
18. Frumvarpið allt í heild sinni.

BÆNARSKRÁ

úr Seltjarnarneshreppi um *jarðar-ábúð* Reykvíkinga þar í hreppnum, dagsett 15. dag júlím. 1873.

Af meðlögðu eptirriti af fyrri parti bréfs þess, er hreppstjórnarnir í Seltjarnarneshreppi rituðu yfirstjórn fátækramálefna í sama hreppi 1868, má sjá, hverjum örðugleika og, ef til vill, vandræðum Seltjarnarneshreppur er og getur orðið undirorpinn af þeim orsökum, að ábúðin á svo mörgum jörðum hreppsins er þegar horfin, og að öllum líkindum smámsaman hverfur til þeirra manna, er búsettir eru í Reykjavík. Seltjarnarneshreppur hefur, eins og allir aðrir hreppar, þeirrar skyldu að gæta, að framfæra sína þurfamenn; til þeirra útgjalda, sem að þessu lúta, hrökkva lítið tíundir bænda af föstu og lausu, svo árlega verður að leggja meginpart af nefndum útgjöldum á bændur með *aukaútsvörum*. Eptir því sem bændatalan fækkar í hreppnum, eptir því leggst þyngra á hina, sem eptir eru, já því miklu þyngra, sem víðast hvar á landinu hafa sveitþynsliu talsvert vaxið nú á seinni árum, og það jafnvel árlega, en það er nú ekki nærri búíð með það, að fyrir Reykjavíkurbúðina á jörðum hreppsins missist *aukaútsvarið*. Hér missist jafnframt langtum meira, svo sem tíundin af þeim fænaði, sem á jörðunum fram flæytist, gjöld til þjóðvega, til refaveiða, og í

einu orði til allra þeirra *skyldna* og *kvaða*, sem hreppurinn sem félag verður að bera að framleggja.

Árangurinn af því framan umgetna bréfi, hefur hingað til orðið *enginn*, ekkert bréflégt svar aptur komið, en að eins munnleg bending, að í þessu efni verði eptir þeim hingað til gildandi lögum ekki heimtað aukaútsvar af Reykjavíkurbúum til hreppsins.

Vér sjáum oss því ekki aðra leið færa til að reyna að koma í veg fyrir þau verandi og fyrirsjáanlegu vandræði hreppsins í tæðu efni, en að snúa oss til hins heiðraða alþingis með kvörtun vora, og vér vonum, að það muni taka því fastar í málið, sem líkindi eru til, að sama kunnri að verða meinið bæði kring um Akureyri og Ísafjörð eða hvern kaupstað, sem verður að sveitarfélagi sèr. Vér viljum því biðja hið heiðraða alþingi að taka þetta mál til ýtarlegrar yfirvegunar, og sem allra fyrst:

að útvega þau *lög* með allrahæsta samþykki hans hátignar konungsins, sem leggi þeim mönnum, sem hafa ábúðarnot jarðanna, þá skyldu á herðar, að standa í öllum lögskilum af allri ábúðinni til þess hrepps, sem jörðin liggur í, eins og ábúandinn sæti sjálfur á jörðunni.

Í nafni og umboði fundarins.

Íngjaldur Sigurðsson. Árni Björnsson.

(Fylgiskjal).

Eptirrit af bréfi hreppstjórnanna í Seltjarnarneshreppi, Árna Björnssonar og Einars Einarssonar, til yfirstjórnanda fátækramál-efnanna í sama hreppi, dags. 1. dag febrúarm. 1868.

«Það er kunnugt að Reykjavíkurbær liggur innan í Seltjarneshreppi og að land og jarðir hreppsins liggja alla vega kring um hana; þar af flýtur, að þeir, sem búa í Reykjavík, og hafa vilja og afl til, geta sèr til hagsmuna líka búið á ýmsum jörðum hreppsins, það er að segja haft þær til allra afnota og brúkunar, en setið ei að síður í Reykjavík. Nú á seinni árum, síðan Reykjavík fór að eflast, hefur þetta farið mjög í vöxt; var fyrst byrjunin, að ekkjufrú K. Sveinbjörnsen, þegar hún árið 1857 seldi jörðina *Nes* með tilheyrandi hjáleigum, hélt hún *Akurey*, sem áður lá undir *Nes*, óseldri, sem var metin úr eigninni til 30 hndr.; býr hún síðan á henni frá Reykjavík. Þar næst keyptu Reykjavíkurmenn biskupssetrið *Laugarnes* 31,3 hndr.; búa þeir á Laugarnesi síðan, og hafa opt auglýst í blöðunum, hve

mikinn ágóða þeir hafi á ári af því kaupi, sem sýnir, hve auðveldlega menn geti notað jarðir hreppsins frá Reykjavík.

Á yfirstandandi fardagaári búa menn í Reykjavík á 83 hndr. af jörðum hreppsins, en af þeim gjalda þessir menn þó ekki til fátækra-féhirzlu hreppsins eptir þeirri reglu, sem hingað til hefur verið við höfð, nema að eins *jarðartíundina*, en ekkert *auka-útsvar*. Þegar við tókum við hreppstjórn í hreppnum, sáum við fljótt, hvað af þessu mundi geta leitt, nefnilega *eyðileggingu* hreppsins með tímanum; fórum strax að ráðgjöra, að skrifa um málið til yfirvaldanna, en oss var þá sagt, að þá ekki fyrir löngu hefði komið úrskurður frá yfirvöldunum og verið *neitandi*, það er að segja: aukaútsvar fengist ekkert til hreppsins frá þessum búendum, — sá úrskurður liggur þó ekki við skjöl hreppsins, sem við höfum veitt móttöku og höfum heldur ekki séð hann annarstaðar; þykir líka næsta ótrúlegt, að hann geti verið til, því vèr þekkjum yfirvöld vor að þeirri glöggskyggni, að þau hefðu strax séð, hverjar afleiðingar þetta hefði fyrir hreppinn. Vèr viljum nú sýna, hvernig ábúðin nú er í hreppnum frá Reykjavík og hverjar líkur sèu til, að hún aukist.

Á yfirstandandi fardagaári er búið í Reykjavík á jörðum hreppsins:

1. Akurey, ábúandi frú Sveinbjörnsen	30 hndr.
2. Skildinganes, ábúandi dýralæknir T. Finnbogason	7 —
3. Laugarnes, ábúandi: sameigendur	31, ₃ —
4. ½ Bústaðir, ábúandi H. Th. A. Thomsen	14, ₈ —
	<hr/>
	83, ₁₁ —

En nú eru þar að auki svo miklar líkur til, að hèr við nemi ekki staðar; nokkuð var það, að árið 1864, þá Dbrm. Ásgeir Finnbogason vildi selja jörðina Lambastaði, buðu sig 2 menn fram úr Reykjavík að kaupa hana, og var næstum af orðið, en þá tóku sig til 3 menn af hreppsændum og gengu í kaupið til þess að fresta þó, að Reykjavíkurmenn fengju yfirráð þessarar jarðar að sinni. Svo viljum vèr geta þess, sem beinast blasir við:

a, kaupmaður Thomsen býr þetta ár á ½ Bústöðum; með ítrekaðri auglýsingu hefur hann boðið jörðina til ábúðar, en fáist ekki sá maður, sem gengur að þeim kjörum, sem Thomsen setur, liggur beinast við, að hann búi líka framvegis á hinum 14,₈ hundr.

b, Eigendur Laugarness eiga líka jörðina *Klepp* 19,₅ hundr.

Ekkert er líklegra, en að þá hún næst losnar, að sameigendurnir búi einnig þar, eptir því sem Laugarness-ábúðin er þeim ábatasöm.

c, Breiðholt er lénshjórð dómkirkjuprestsins 22,6 hndr.; ástæðu höfum vér til að halda, að næst, er hún losnar, taki hann sér þar ábúð að meira eður minna leyti.¹

d, Byggi umboðsmaður konungsjarðanna í Reykjavík, sem vel gæti orðið, mundi honum þykja þéanlegt, að taka jörðina *Digranes* til ábúðar 8,7 hndr., samtals 65,6 hndr.

Væri þá búið á hreppshjórðunum frá Reykjavík samtals 148,7 hndr. En svo eru miklar líkur til, að Reykjavíkur-búskapurinn í hreppnum gæti orðið langtum meiri, t. d. ef eigandi Engeyjar væri í Reykjavík, mundi hann þykjast vel geta notað sér meiri eða minni part af þeirri eign; og eins og dýralæknir T. Finnbogason finnur fyrir gott, að búa á parti af Skildinganesi, eins má búa úr Reykjavík á því öllu, og yfir höfuð á meiri parti allra jarðanna í hreppnum. En hvað leiddi þá af þessu? hvernig ætti að fara að forsorga ómaga og þurfamenn hreppsins, sem eru og við geta bæzt, þar eð ekkert fæst frá þeim aukaútsvar til hreppsins?»

Seinni partur og niðurlag bréfsins innihélt uppástungur til bráðabyrgðar-fyrirkomulags í þessu efni.

Afskrifari

Árni Björnsson.

(Fellð frá nefnd)

BÆNARSKRÁ

um Thorkillisjóðinn, dagsett 20. júním. 1873.

Fyrirkomulag það á útbýtingu rentunnar á Thorkillii barnaskólasjóði, sem nú gildir og byggt er á konungsúrskurði af 15. október 1866, er nú að vísu vel hugsað, og rentunni nákvæmlega niður skipt eptir þeim reglum, sem lagðar eru til grundvallar. Enda er renta þessi; þó upphæðin sé ekki stærri, afardýrmæt þegar litið er til þarfar hreppanna. Hún er það eina skólafé, sem að minnsta kosti Kjósarsýsla á í eigu sinni, sá eini menntunarfjárstofn al-

1) Seinna tók dómkirkjupresturinn séra Ól. Pálsson fyrst $\frac{1}{4}$, svo $\frac{1}{3}$ af jörðunni Breiðholt undir ábúð sína í Reykjavík.

A. B.

mennings, til að afla fátækum menningar fyrir; rentan er og þeim mun dýrmætari slíkum hreppum sem vorum, sem hér er því nær ómögulegt að stofna almenna barnaskóla, en hins vegar skýrist betur og betur fyrir mönnum, hve lífsnauðsynlegt sè, að auka betur og efla uppfræðslu uppvaðandi manna hér um slóðir, því með stórri hjartasorg hljótum vèr að votta, að hin unga kynslóð er líkt á sig komin hér um sveitir, eins og sú jörð, sem legið hefur mann fram af manni í vanhírðingu, og eins og sól og sumar ekki er einhlitt til að breyta óræktaðri jörð í ræktaða, eins getur ekki hinn bezti vilji sálusorgara einna bætt úr þeim skorti, sem heitir menningarleysi. Hèr eru góð ráð dýr, það játum vèr, en hvað tilhögun tæðrar rentu snertir, þá finnst oss að vísu vandi á, að koma henni betur fyrir, en þó finnst oss, að rentan komi ekki að þeim notum í menntunarleysis tilliti, sem hún ætti að geta komið, og sem þegar nafnið *skólasjóður* sýnir að verið hefur tilgangur hins ágæta gefanda; kennum vèr ekki konungsbréfinu um þetta, og því síður stiptyfirvöldum vorum, sem láta sèr svo umhugað vera um þetta mál, heldur meinum vèr, að reynslan ein verði smátt og smátt að kenna mönnum, hvernig menn bezt geta fært sèr þennan lífsstofn smælingjafélagsins í nyt. Vèr höfum nú tekið eptir, að hér í Kjósarsýslu lendir rentuskerfur hreppanna svo að segja í sveitarsjóðunum, eða til beinlínis styrktar við þá; styrkinn fá nefnilega börn þeirra manna, sem styrksþurfar eru, þó þeir ekki liggi beint á sveit, en að þau börn beinlínis *menntist* fyrir styrkinn, það vill sjaldan lánast. Nú eru síðir manna að því leyti orðnir miklu betri en þeir áður voru, að óvíða er gjörður greinarmunur í uppeldinu á sveitarbörnum og öðrum efnaðri manna börnum, og ekki er nein bein ástæða til að fría barn frá sveit, hvað almenna framfærslu snertir, en sú ástæða mun hafa verið til, þegar gjafabréfið var samið. Það sem næst því fyrirkomulagi, sem nú er á sjóðinum, er nú það, að börnin, þegar allt gengur vel, fá gott venjulegt uppfóstur, en það er sama og samvizkusamleg sveitastjórn útvegur hverju sveitabarni, sem nokkurn veginn getur við menningu tekið. En tíminn og tilgangur sjóðsins finnst oss að heimti meira. Oss finnst fullkomin barnaskólamenntun eigi að fást fyrir rentu þessa; látum færri vera börnin, sem styrkinn fá, en menntum þau vel, og veitum styrkinn þeim einum, sem *sjálf* sýnast að verðskulda hann, en miðum hann síður, en þó nokkuð, við þörf foreldranna. Nú er ekki greinilega tekið fram, að börnin, sem

þiggja styrkinn, skuli vera neitt sérlega efnileg, en þetta þyrfti að vera gjört að föstu skilyrði, því ella næst ekki aðaltilgangurinn, sem er efling menntunarinnar. Bezt finnst oss líka eiga við, að veita ekki styrkinn neinu barni fyrir en það er 12—14 ára, og ekki minna hverju en 40—50 rd., veita því það með því skilyrði, að helmingur eða meir gangi fyrir *kennslu* á ábyrgð og með eptirliti prestsins. Í annan stað getum vér með engu móti skilið, hvernig það sé sanngjarn, að umdæmið og kaupstaðurinn Reykjavík fari með fullan 4. part rentunnar. Þegar bréfið var gjört, var það umdæmi ekki til; þó það nú liggja í héraðinu, þá er það tilviljun, sem gjafabréfinu kemur lítið við. En þótt Reykjavík ætti að telja með hinu forna Kjalarnesþingi, þá þarf Reykjavík 1000 sinnum síður á þessum sjóð að halda, en nokkur sveit eða sýsla landsins, þar sem bærinn á hinn allrabezta barnaskóla, auðæfi mikil og ótal vegi til menntunar og frama, meðan hinar strjálbyggðu sveitir mega um aldur og æfi tína molana, og geta seint eða aldrei komið á barnaskólum. Að minnsta kosti leyfum vér oss, að kalla það *alveg ósanngjarn*, að Reykjavík, sem engrar hjálpar þarf í þessu tilliti, fái af sjóðnum að tiltölu við fólksfjölda sinn, heldur þá að miðlungi. Séu fátæk börn í Reykjavík, sem ekki fá menntun, er það víst ekki fátækt félags þeirra að kenna eða völdum náttúrunnar, heldur öðrum orsökum.

Vér skulum því biðja þingmann vörn að bera ofangreinda hugvekiu vora fram fyrir hið heiðraða alþingi og bera þá ósk vora Kjósarsýslubúa fram, að það annaðhvort beiði konung eða feli ráðstöfun stiptsýrvaldanna á hendur að sjá um, að nýjar ráðstafanir á rentuúthlutun Thorchilliisjóðs verði gjörðar þar í sýslunni, sem ekki eru skólar, sem fari næst á þessa leið:

- 1, að rentunni verði jafnað milli hreppanna eptir líkri tiltölu og er, en að Reykjavík annaðhvort falli frá sjóðinum með öllu eða sé reiknuð með sem meðalhreppur og fái svo meðalhreppspart af rentunni, en með engu móti meira.
- 2, að fátækra sómamanna börnum, sem ekki liggja á sveit og einkar-líkleg þykja til menningar, sé veittur árlega menntunar- og framfærslustyrkur af sjóðnum frá 11—14 ára, og sé meðlagið að minnsta kosti 40 rd. á ári. Skal ábyrgð fengin fyrir því, að helmingur eða meira af ársmeðlaginu verði varið barninu til menntunar hjá duglegum kennara.

3, að rentan falli í barnaskólasjóð þeirra hreppa, þar sem barnaskólar komast á, svo að skólastjórnin fái henni sem frjálsast að ráða.

Að öðru leyti ætti stjórn og eptirlit á sjóðinum að haldast eins og nú er.

Prestar og búendur á Kjalarnesi, Mosfellssveit og Kjós.

(Vísað forsetavegin til stiðsyfirvaldanna).

NEFNDARÁLIT

um konunglegt frumvarp til tilskipunar fyrir Ísland um skipaströnd.

Hið heiðraða alþingi hefur kosið oss, sem ritum nöfn vor undir skjal þetta, í nefnd til þess að ihuga konunglegt frumvarp til tilskipunar fyrir Ísland um skipaströnd. Höfum vör vandlega rætt og rannsakað þetta mál, og verður álit vort um það á þessa leið.

Nefndin viðurkennir, að það í sjálfu sér hefði sjálfsagt verið bæði gott og gagnlegt, að skipað hefði verið með réttlátum og haganlegum lögum um skipaströnd á Íslandi fyrir löngu síðan, og að það jafnvel megi fremur gegna furðu, að jafn-mikilvægt lög-gjafarmálefni skuli hingað til hafa legið í þagnargildi svo lengi, þar sem skipaströnd, eins og eðlilegt er, hafa átt sér svo opt stað við strendur Íslands. Nefndin viðurkennir líka, að tilskipunin 28. desember 1836 fyrir Danmörku mætti í mörgum greinum liggja til grundvallar fyrir nýtum lögum á Íslandi um skipaströnd.

En eigi að síður hefur nefndin komið til þeirrar niðurstöðu, að yfirgnæfandi ástæður séu fyrir því, að ráða þinginu frá, að leggja til þess, að frumvarp þetta verði að lögum gjört, og ber margt til þessa.

Fyrst lætur nefndin þess getið, að einmitt sökum þess, að skipaströnd að undanförunu hafa svo opt átt sér stað á Íslandi, þá hefur venjan í þessari grein fyllt sæti hinna skrifðu laga, enda er hún opt og tíðum hinn bezti löggjafi, einkum þegar ræðir um sérstaklegt loptslag og einkennilegt staðarlegt ásigkomulag, eins og einmitt á sér stað um veðuráttufarið á Íslandi, og hið ógurlega brim og öræfi svo víða umhverfis Ísland. Nefndinni er heldur ekki kunnugt, að vöntun skrifðra laga um skipaströnd á Íslandi hafi

vakið neina verulega óánægju eða umkvartanir meðal landsmanna né heldur frá hálfu skipbrotsmanna, þar sem hin alkunna gest-risni og greiðvikni Íslendinga við framandi hefur jafnan reynzt þeim næg borgun fyrir allri þeirri hjálp og aðstoð, sem menn hafa getað látið þeim í tæ eptir kringumstæðunum, og menn vita þess jafnvel mörg dæmi, að Íslendingar hafa lagt sig í lífsháska til að bjarga skipbrotsmönnum langtum frekar, en nokkur lög hefðu getað af þeim heimtað.

Hér getur því ekki verið að ræða um neina bráðhendis knýjandi nauðsyn á slíkum lögum yfir höfuð, sem hér um ræðir.

Á hinn bóginn og í annan stað hlýtur nefndin að leggja sérlega áherzlu á það, að sá tími, sem nú stendur yfir, er hinn óheppilegasti til þess, að mynda nýja löggjöf fyrir Ísland. Þjóð vor og alþingið finnur sárt til þess, að tillögum þingsins í lög-gjafarmálum er litill sem enginn gaumur gefinn, og þingið fær jafnvel ámæli hjá þjóðinni fyrir hinar óheppilegu lagaákvæðanir, sem gefnar eru út fyrir þetta land, ýmist án tillaga, ýmist beint á móti tillögum alþingis. Og því skyldi þingið þá verja tíma og ærnu fê til þess, að gefa þau ráð, sem að engu eru höfð, en sem þó í þjóðarinnar augum auka ábyrgð alþingis gagnvart henni?

Þá getur nefndin enn eigi leitt hjá sér, að vekja sérlegt athygli hins heiðraða þings á því, að þetta frumvarp er eitt af þeim mörgu, sem staðfestir og innsiglar hið nýmyndaða landshöfðingja-dæmi á Íslandi, embættisskipun, sem eigi verður annað um sagt, en að hún sé til orðin, eins og hún er, á móti vilja alþingis og hinnar íslenzku þjóðar, landinu til stórkostlegs kostnaðarauka, án þess þó að landsrættindum vorum sé í neinu verulegu betur borg-ið en áður var.

Þegar nefndin loksins lítur á frumvarpið sjálft, þá eru að hennar áliti ýmsir aðalgallar á því, sem gjöra það mjög óaðgengilegt, þó það eptir ástæðunum eigi að heita sniðið eptir því, sem á stendur hér á landi. Þannig er t. a. m. ákvörðunin í 1. grein um, að maður skuli hér á landi vera skyldur til, „að gæta alls þess, sem miðað getur til að bjarga mönnum og gózi“ með öllu óeðlileg á Íslandi, þar sem öll hjálparmeðul svo sem skip, bátar og annað fleira svo víða vantar, eða ekki verður á sjó komið, nema með mannfjölda, þó að þessi ákvörðun eigi við í Danmörku, þar sem allt stendur öðruvísi á. Beri maður saman við þessa aðalákvörðun ákvörðunina í 6. grein og ástæður hennar, sér mað-

ur, að daglaun þau, sem björgunarmönnum eru ætluð, á hinn bóginn eru óhæfilega lág eptir því, sem til hagar hér á landi, þar sem gjört er ráð fyrir 48 sk. til 1 rdl. 48 sk. í venjuleg daglaun, og ætlar nefndin auðsætt, að ákvörðunin í 6. grein í tilskipuninni 1836 fyrir Danmörku sé ólíkum mun aðgengilegri fyrir bjargendur. Þessu lík er ákvörðunin í frumvarpsins 24. grein, samborin við 31. grein í tilskipuninni 1836, þar sem björgunarlaunin í frumvarpinu eru sett $\frac{1}{3}$ og $\frac{1}{5}$ hluti þess, sem bjargað er, en $\frac{1}{2}$ og $\frac{1}{3}$ fyrir Danmörku. Þá er enn ákvörðunin í 20. gr. frumvarpsins, borin saman við 20. gr. tilskipunarinnar, þar sem laun lögreglustjórans eru sett miklum mun lægri hér en í Danmörku. Þá virðist og ákvörðunin í frumvarpsins 23. grein um, að fè, sem fallið er til landsjóðsins, skuli mega veita úr sjóðnum með konungsúrskurði, næsta óeðlileg, jafnvel þó lík ákvörðun sé gefin fyrir Danmörku í tilskipuninni 1836, 30. grein; og loks er það auðsætt, að ákvarðanirnar í 22. og 26. grein, að því leyti sem þær leggja þau spursmál, sem eptir eðli sínu eru dómsmál, undir úrskurð umboðsvaldsins, eru langt frá því, að vera þess eðlis, að gjörlegt sé, að lögleiða þær á Íslandi, enda þótt Cansellíinu og Rentukammerinu hafi verið veitt þvilíkt úrskurðarvald í Danmörku 1836.

Af öllum þeim rökum, sem nú eru talin, hikas nefndin þannig eigi við, að leggja það til, að þingið ráði frá því, að frumvarp þetta nái lagagildi.

Reykjavík, 16. dag júlímán. 1873.

B. Sveinsson, T. Einarsson. J. Jónsson.
formaður og framsögumaður.

Hallgr. Jónsson. Egilsson,
skrifari.

ALLRÁÞEGNSAMLEGAST ÁLITSSKJAL

um konunglegt frumvarp til tilskipunar um ljómæðraskipun á Íslandi, dagsett 21. dag júlímánaðar 1873.

Til konungs!

Fulltrúi yðar konunglegu hátignar lagði fyrir þetta alþingi frumvarp til tilskipunar um ljómæðraskipun á Íslandi.

Eptir að alþingi hefur skipað 3 manna nefnd til að fhuga mál-

efni þetta, og síðan rætt það á 2 aðalfundum, leyfir þingið sér allraþegnsamlegast að láta um það álit sitt í ljósi á þessa leið :

Eins og þingið kannast við og játar, að nauðsynlegt væri, að koma betri ljósmæðraskipun á hær á landi en nú er, eins sér þingið sér ekki fært, að ráða til þess, að frumvarp þetta verði nú þegar gjört að lögum, með því að slík tilhögun mundi útheimta ærið fé, er þingið, eins og nú stendur, ekki treystist til, að benda á, hvar fengið yrði.

Í fyrstu grein frumvarpsins er ætlazt til, að sýslu hverri skuli skipta í ljósmæðrahæruð, eptir uppástungu sýslunefndanna. Þá getur ekki hjá því farið, að allmörg ljósmæðrahæruð verði í hverri sýslu, og þegar litið er til þess, hvernig til hagar hær á landi, mundi ei af veita, að skipaðar yrðu um 200 ljósmæður á landinu, ef á þeim skorti á ljósmæðrum, sem nú er, ætti að verða ráðin nokkur veruleg bót. Þegar nú hver ljósmóðir eptir frumvarpinu ætti að fá til launa 20 rd., og svo bættist þar á ofan launaviðbót þeirra, eptirlaun, verkfærakaup og kennslukostnaður, virðist þinginu sá kostnaður mundi nema ærnu gjaldi, er þingið verður að álíta mjög ísjárvert að leggja á sýslufélögin og amtssjóðina. Að vísu er í vændum, að þessi sýslufélög komist á, eptir tilskipun 4. maí 1872; en bæði er það, að þau eru ekki á komin, enn sem stendur, og því með öllu óljóst, hve mikil útgjöld þau geta borið, enda virðist og þinginu óumflýjanlegt, að fyrst væri leitað atkvæða þeirra um svo mikilvægt málefni; því vel gæti svo farið, að ef nú þegar væri farið að leggja á þau þvílíkt gjald, sem hær ræðir um, meðan þau ekki eru komin á, að sú álaga bæði gæti ollað óánægju, og enda eptir þeim sveitaþyngslum, sem víða eru hær á landi, aukið um of á fjárprot hinna fátækustu hreppa. En hvað viðvíkur amtssjóðunum, er þinginu full-ljóst, hve mikil útgjöld að á þeim hvíla, og hve tilfinnanlegt að gjaldið til þeirra árlega þykir, og treystist því ei til að svo komnu, að íþyngja þeim með gjaldi því, er hær ræðir um.

Sú uppástunga kom fram á þinginu, að kostnaður sá, sem gengur til launa og eptirlauna ljósmæðranna, svo og til að útvega þeim verkfæri þau, sem þörf er á, yrði greiddur úr landssjóðnum og spítalassjóðnum fyrst um sinn, þangað til hlutaðeigandi kaupstaðir og sýslufélög geta tekið kostnað þennan að sér. Þessa uppástungu gat þingið ekki aðhyllt, bæði af því, að álíta verður, eins og fram er tekið í ástæðunum fyrir frumvarpinu, að ljósmæðraskipunin sè sveitamálefni, og því sè það eðlilegast, að sá kostnaður, sem af ljósmæðraskipun-

inni leiðir, lendi á sýslufélögunum, ef þau gætu borið hann; einnig hvað landssjóðinn snertir, þá virtist þinginu ekki fært, að benda á hann í þessu tilliti; en yfirlit lækna sjóðsins sýnir glögg, að eins og nú stendur, getur hann eigi borið fleiri útgjöld, sízt svo nokkru nemi, en nú þegar hvíla á honum.

Þess skal enn fremur getið, að til þessa þings hafa komið allmargar bænarskrár þess efnis, að þingið ráði frá öllum nýjum álögum, og þessi tillaga finnst þinginu vera á góðum rökum byggð, meðan eins stendur á og nú, að það hefur eigi fengið löggjafar- atkvæði og fjárforræði.

Af framanskriðuðum ástæðum sér þingið sér eigi fært, hversu nauðsynlegt sem það er, að ljósmæðraskipunin gæti komið í betra horf, en nú er, að ráða til þess, að frumvarpið verði nú þegar lögleitt, heldur allraþegnsamlegast, með 17 atkvæðum mót 8, að beiðast þess,

að yðar konunglegu hátign mætti þóknast, að fresta því að sinni, að gjöra frumvarp það, sem hér ræðir um, að lögum.

Allraþegnsamlegast.

Jón Sigurðsson. Eiríkur Kúld.

ATKVÆÐASKRÁ

í málinu um kgl. frumvarp til tilskipunar fyrir Ísland um skipaströnd.

1. *Nefndin*: að alþingi ráði frá því, að frumvarp þetta nái laga- gildi. — Um þennan tölulið var við haft nafnakall eptir beiðni hins 3. konungkjörna þingmanns og sögðu:

«já»:

Eiríkur Kúld.
Halldór Kr. Friðriksson.
Benidikt Sveinsson.
Björn Pétursson.
Davið Guðmundsson.
Egill Egilsson.
Erlendur Gottskálksson.
Guðmundur Einarsson.
Hallgrímur Jónsson.
Hjálmur Pétursson.
Jón Jónsson.
Jón Sigurðsson.

«nei»:

Bergur Thorberg.
Grimur Thomsen.
Jón Hjaltalín.
Jón Pétursson.
Pétur Pétursson.
Sigurður Melsteð.
Þórariinn Böðvarsson.
Þórður Jónasson.

Páll Ólafsson.
Stefán Eiríksson.
Stefán Jónsson.
Torfi Einarsson.

Var töluliðurinn þannig samþykktur með 16 atkvæðum gegn 8. Páll J. Vídalín var eigi viðstaddur; en Helgi Hálfðánarson greiddi eigi atkvæði.

2. Frumvarpið óbreytt í heild sinni, fallið við atkvæðagreiðsluna um tölulið 1.

ALLRAÞEGNSAMLEGAST ALITSSLJAL

um konunglegt frumvarp til tilskipunar um það, að skip, sem flytja hvalkjöt til Íslands, skuli vera undanþegin lestagjaldi því, sem ákveðið er í lögum 15. apríl 1854, dagsett 22. dag júlímán. 1873.

Til konungs!

Fulltrúi yðar konunglegu hátignar lagði fyrir þingið frumvarp til tilskipunar um það, að skip, sem flytja hvalkjöt til Íslands, skuli vera undanþegin lestagjaldi því, sem ákveðið er í lögum 15. apríl 1854.

Þingið kaus þriggja manna nefnd til að f huga málið, og ræddi það síðan á tveimur fundum, og leyfir þingið sér allraþegnsamlegast að skýra yðar hátign frá áliti sínu á þá leið, sem nú skal greina.

Þingið athugaði, að hvalveiðamenn, sem yfir höfuð að tala eru undanþegnir lestagjaldi, geta eigi eptir þingsins meiningu skyldast til, að borga lestagjald það, sem ákveðið er í lögum 15. apr. 1854, þó þeir flytji í land kjöt af hvólum þeim, er þeir veiða við strendur Íslands, og selji það landsmönnum. Af þessum ástæðum getur þingið eigi álitid löggilding frumvarpsins nauðsynlega.

Þingið hlaut að álíta það þýðingarmikið atriði, að hvalveiðar eru nú sem stendur alveg hættar hér við land, að minnsta kosti fyrst um sinn, og á meðan svo stendur getur eigi komið til mála, að lögleiða frumvarpið.

Þingið hefur athugað, að þótt hvalveiðar nú væru í blóma, og lestagjald hvildi á skipunum, þá mundu hvalveiðamenn eigi fremur flytja hvali á land, þótt lestagjald væri af numið, því að þegar veður bægði eða veiði byðist, mundu þeir hirða lítt um hvalkjötið,

og einungis flytja það í land, þegar ekkert væri því til fyrirstöðu. Þá þykir þinginu, eins og vikið er á í ástæðunum, hætt við, að vegur opnast til að fara í kring um verzlunarlögin, ef frumvarp þetta væri lögleitt, sökum þess að lögreglustjóri gæli eigi opt og tíðum komið við því eptirliti, er þörf væri á, til þess að fyrirgirða það, einkum ef hvalkjöt væri flutt í land og selt langt frá bústað hans, eða hann væri á embættisferð, fjærri bústað sínum, þó að hvalveiðamenn kæmu þar í grennd, er hann byggir.

Eigi þykir þinginu heldur örgrant, að þessi undanþága frá verzlunarlögunum yrði tilefni til þess, að fleiri átyllur yrðu fundnar til þess, að hafa sig undan lestagjaldi; því að koma má þeim blæ á ýms fyrirtæki, að þau séu Íslendingum í hag eigi síður en hvalkjötssalan; og ef þá allir, sem svo gætu komið fram fyrirtækjum sínum, ættu að verða unanþegnir lestagjaldi, er eigi að vita, hvar staðar mundi nema með undanþágur landsjóðnum í óhag.

Hvernig sem þingið lítur á þetta mál, getur það þess vegna ekki fundið nauðsyn til, að frumvarpið verði lögleitt. Þingið hefur því komið að þeirri niðurstöðu, með samhljóða 18 atkvæðum, allraþegnsamlegast að ráða yðar hátign frá að lögleiða frumvarpið.

Allraþegnsamlegast.

Jón Sigurðsson. H. Kr. Friðriksson.

NEFNDARÁLIT

um konunglegt frumvarp til tilskipunar um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi.

Hið heiðraða alþingi kaus oss undirskrafaða í nefnd, til að ræða, og síðan segja álit vort um konunglegt frumvarp til tilskipunar um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi, og er tilgangur frumvarps þessa:

1. Að sá, sem hefur orðið fyrir því tjóni, að viðskiptabók hans við sparisjóðinn hafi glatazt, geti, einungis með því, þrisvar samfleytt í blaði því, sem birta skal opinberar auglýsingar á Íslandi, að innkalla þann, sem tæða viðskiptabók í höndum hafi, með 6 mánaða fresti, fengið borgaða upphæðina úr viðkomandi sparisjóði, án þess nokkur annar síðar geti komið fram með kröfu á hendur sjóðnum, þó hann þá hafi tæða bók í höndum.

2. Að láta megi fê ómyndugra og opinberra stofnana í sparisjóð um stundarsakir, til að ávaxtast þar, þangað til því verður komið á leigu á lögsmætan hátt.
3. Að sparisjóðum verði leyft að taka hærri leigu en 4 af 100 gegn veði í fasteign.

·Eftir að vèr höfum rætt mál þetta á fleiri fundum, leyfum vèr oss, að skýra hinu heiðraða þingi frá áliti voru um það, og verður það þetta.

Nefndin kannast fyllilega við, að sparisjóðir sèu mjög áriðandi og nýtsöm stofnun hvervetna, en varla mun þeirra nokkurstaðar meiri þörf, en einmitt hèr á landi, því að svo má víst með sanni segja, að sökum þess, að slík stofnun eigi hefur verið til, hefur margur sá, sem skildinga hefur átt, varið þeim sèr til lítills gagns, af því að þeir kunnu ekki með að fara, og að minnsta kosti orðið að hafa þá vaxtalaus, með því að þeim hefur eigi gefið kostur á, að koma þeim fyrir á haganlegan stað til ávaxtar, en hefðu þeir getað beðið slíka stofnun að geyma það fyrir sig og ávaxta það um leið, mundi margur nú vera efnaðri en hann nú er, og meiri peningar í landinu, svo er og mikill hagnaður við slíka stofnun, að margur getur fengið þar peningalán til bráðabyrgðar, og með því eftt hag sinn.

En eins og það er áriðandi að hafa slíka stofnun, eins er það og nauðsynlegt að gjöra henni sem hægast fyrir í hverju einu, og með því að vèr fáum eigi betur sèð, en að frumvarp það, sem hèr ræðir um, einmitt stefni í þá áttina, og þótt ýmsum kynni að virðast, að hlunnindi þau, sem frumvarp þetta veitir sparisjóðum á Íslandi, sèu eigi stórkostleg, þá verður þó hver og einn að játa, að það gjörir þó sparisjóðum greiðara fyrir í þeim atriðum, sem þar eru tekin fram, og styður að því, að þeir geti efið, og gjörir mönnum fýsilegra að leggja fê sitt í hann þeim, sem kunna að hafa eitthvað smávegis um fram bráðar nauðsynjar sínar, eins og það gjörir hægra fyrir að koma smásummum á leigu, sem annars yrðu að liggja arðlausar einhverstaðar og einhverstaðar, og jafnframt gefur sjóðunum kost á, að geta gefið hærri leigu af því fê, sem í þá er lagt, en þeir nú gefa.

Og með því að vèr á hinn bóginn eigi sjáum neitt það í frumvarpinu, sem fráfélandi sè, viljum vèr ráða hinu heiðraða alþingi, að heidast þess allraþegnsamlegast:

Að hans hátign konungurinn vilji löggilda frumvarp þetta óbreytt.

Alþingi, 19. dag júlím. 1873.

Halldór Kr. Friðriksson, Hallgrímur Jónsson, E. Egilsson,
framsögumaður. formaður. skrifari.

NEFNDARÁLIT

um konunglegt frumvarp til tilskipunar um hegningarvald það, sem stjórn hegningarhússins á Íslandi hefur.

Alþingi kaus oss undirskrifaða í nefnd, til þess vèr segðum álit vort um frumvarp það, er hin danska stjórn hefur að þessu sinni lagt fyrir þingið til álita, og sem áhrærir hegningarvald það, er stjórn hegningarhússins á Íslandi á að fá. Vèr höfum vandlega rætt og ihugað þetta mál, og skulum nú láta uppi fyrir þinginu álit vort um það.

Áður en nefndin snýr sér að frumvarpinu sjálfu, þykir henni hlýða að benda þinginu á, í hverju sambandi þetta mál — eins og önnur löggjafarmálefni vor — stendur við stjórnarbótarmál vort, og þá stjórnarskipun, sem nú er. Það er sem sè hinu heiðraða þingi kunnugt, að hin «constitutionelle» stjórn í Danmörku hefur nú sem stendur ein töglin og hagldirnar um löggjafar- og fjárhagsmálefni vor, en lætur hinn nýskipaða landshöfðingja hafa á hendi það, er henni sýnist af framkvæmdar- og umboðsvaldinu. Það er nú hvortveggja að þetta stjórnarfyrikomulag er á komið þvert á móti vilja þjóðarinnar, og beint ofan í ráð og tillögur alþingis, enda hefur það eigi heldur, að vorri hyggju, neitt við að styðjast, hvorki í hinum almenna þjóðarrétti, nè sögulegum og löglegum landsrétti Íslands. Og þar sem nú hin «constitutionelle» stjórn í Danmörku hefur, svo sem þegar var fram tekið, heimildarlaust dregið undir sig öll ráðin um löggjafarmál vor, og hefur ein alla fyrirsögn um lög þau og lagafrumvörp, er út koma árlega, þá leiðir þar af, — eins og líka sýnir sig sjálft — að flestar þær lagaákvæðanir, sem út hafa komið hin síðustu ár, eru óþjóðlegar og miður hæfilegar til að fullnægja þörfum og kröfum þjóðarinnar.

Í annan stað getur nefndin eigi leitt hjá sér, að benda þinginu á, að lagafrumvarp það, er hér ræðir um, er samkynja hinum

almennu hegningarlögum 25. júní 1869. Þingið mun nú reka minni til þess, að tæð lög voru lögð fyrir þingið 1867, og að það þá ræð til, að löggildingu þeirra yrði frestað, til þess landsmönnum gæfist kostur á að kynna sér þau, og stinga upp á þeim breytingum við þau, sem nauðsynlegar þættu, eptir því hvernig sérstaklega hagar til hér á landi. En þessari hóflegu og sanngjörnu ósk þingsins var enginn gaumur gefinn, nè heldur þeim fáu breytingum, sem þingið til vara stakk upp á við frumvarp laganna, sem þó voru nærfellt hinar sömu, sem hinn konunglegi íslenski landsyferréttur ásamt með stiptamtmaninum á Íslandi hafði stungið upp á. Að þessu athuguðu virðist nefndinni það eigi vera samboðið þeirri virðingu, sem þingið á að hafa fyrir sjálfu sér og sínum eigin gjörðum, að fara nú að fjalla um frumvarp það, er hér liggur fyrir, þar sem ganga er að vísu um það, að skyldi þinginu þykja þörf á einhverjum breytingum á frumvarpinu, þá verða ráð þess og tillögur — nú eins og fyrri — virtar að vettugi.

Hvað efni frumvarpsins snertir, þá sýnist nefndinni öldungis ótíltækilegt, að fara að innleiða hér hina illa ræmdu «knúts»-hegningu, sem áður er óþekkt hér á landi, nema að eins að nafninu til. Slík hegning hlýtur að vekja viðbjóð og hrylling hjá hverjum þeim Íslending, er hefur óspillt manneðli.

Svo þykir og nefndinni það engan veginn geta samrýmzt þeirri helgi og virðingu, sem æðsta stjórn landsins ætti að hafa að réttu lagi, að leggja það vald, er frumvarpið ræðir um, í hennar hendur, og setja hana þannig á bekk með réttum og sléttum hegningarhúss-stjórum í Danmörku.

Af framangreindum ástæðum leggur nefndin það til við hið heiðraða þing:

Að það ráði frá því, að frumvarp þetta nái lagagildi, eins og það nú liggur fyrir.

Reykjavík 18. júlím. 1873.

B. Sveinsson, Jón Sigurðsson,
formaður og framsögumaður. skrifari.

Samþykkur meðnefndarmönnum mínum í því, að ráða frá lögleiðslu frumvarpsins, eins og það nú liggur fyrir.

G. Einarsson.

ATKVÆÐASKRÁ

í málinu um konunglegt frumvarp til tilskipunar um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi.

1. Upphafsgrein frumvarpsins og 1. liður þess óbreytt. Um upphafsgreinina var eigi leitað atkvæða fyr en eptir 8. tölulið á atkvæðaskránni; en um fyrsta lið frumvarpsins var eptir beiðni nokkurra þingmanna haft nafnakall, og sögðu:

«já»:

Eiríkur Kúld.
Halldór Kr. Friðriksson.
Bergur Thorberg.
Björn Pétursson.
Egill Egilsson.
Grímur Thomsen.
Hallgrímur Jónsson.
Helgi Hálfðánarson.
Jón Hjaltalín.
Jón Pétursson.
Pétur Pétursson.
Sigurður Melsteð.
Stefán Eiríksson.
Þórarinn Bøðvarsson.

«nei»:

Benidikt Sveinsson.
Davið Guðmundsson.
Erlendur Gottskálksson.
Hjálmur Pétursson.
Jón Sigurðsson.
Páll Ólafsson.
Páll J. Vídalín.
Stefán Jónsson.
Torfi Einarsson.

- Var töluliðurinn þannig samþykktur með 14 atkvæðum gegn 9. Guðmundur Einarsson og Jón Jónsson greiddu eigi atkvæði; en Þórður Jónasson var eigi viðstaddur.
2. *Torfi Einarsson*: að 2. liður frumvarpsins falli burt. Um þennan tölulið var eigi leitað atkvæða.
 3. Frumvarpsins 2. liður óbreyttur. Samþykktur með 13 atkvæðum gegn 9.
 4. *Grímur Thomsen, Jón Sigurðsson, Erlendur Gottskálksson*: að 3. töluliður falli burt, þangað til aðrir opinberir sjóðir landsins öðlast sömu hlunnindi. Þessum tölulið var skipt í tvennt, og var sérstaklega leitað atkvæða um orðin: «að 3. töluliður falli burt», og voru þau orð samþykkt með 14 atkvæðum gegn 9; en um síðari hlutann: «þangað til . . . sömu hlunnindi» var atkvæðagreiðslan óglögg, og var því við haft nafnakall, og sögðu:

«já»:

Eiríkur Kúld.

«nei»:

Halldór Kr. Friðriksson.

«já».

Benidikt Sveinsson.
Björn Pétursson.
Erlendur Gottskálksson.
Grimur Thomsen.
Helgi Hálfðánarson.
Jón Hjaltalín.
Jón Pétursson.
Jón Sigurðsson.
Páll Ólafsson.
Pétur Pétursson.
Sigurður Melsteð.

«nei».

Bergur Thorberg.
Davíð Guðmundsson.
Egill Egilsson.
Hallgrímur Jónsson.
Hjálmur Pétursson.
Páll J. Vídalín.
Stefán Jónsson.
Torfi Einarsson.

Var síðari hluti tölulíðsins þannig samþykktur sem ástæða í álitsskjalinu til konungs með 12 atkvæðum gegn 9. Guðmundur Einarsson, Jón Jónsson, Stefán Eiríksson og Þórarinn Böðvarsson greiddu eigi atkvæði; en Þórður Jónasson var eigi viðstaðdur.

5. *Pétur Pétursson*: að í stað orðanna «hærri leigu en 4 af hundradí» komi: «leigu allt að 6 rd. af 100 rd.» Fallinn við atkvæðagreiðsluna um 4. tölulíð.
6. *Eiríkur Kúld*: að fyrir orðin «í fasteignum» komi: «eða áreiðanlegri ábyrgð». Tekinn aptur af uppástungumanni.
7. Frumvarpsins 3. liður með breytingum eða óbreyttur. Fallinn við atkvæðagreiðsluna um 4. tölulíð.
8. *Jón Sigurðsson*: að niðurlagsgrein frumvarpsins: «í hvert skipti . . . skýrslu um það», falli burt. Samþykktur með 16 atkvæðum gegn 6.

Þá var leitað atkvæða um upphafsgrein frumvarpsins, og við haft nafnakall, og sögðu:

«já»:

Eiríkur Kúld.
Halldór Kr. Friðriksson.
Bergur Thorberg.
Björn Pétursson.
Egill Egilsson.
Grimur Thomsen.
Hallgrímur Jónsson.
Helgi Hálfðánarson.
Jón Hjaltalín.

«nei»:

Benidikt Sveinsson.
Davíð Guðmundsson.
Erlendur Gottskálksson.
Hjálmur Pétursson.
Jón Sigurðsson.
Páll Ólafsson.
Páll J. Vídalín.
Stefán Jónsson.
Torfi Einarsson.

„já“.

Jón Pétursson.
Pétur Pétursson.
Sigurður Melsteð.
Stefán Eiríksson.
Þórarinn Bøðvarsson.

Var greinin þannig samþykkt með 14 atkvæðum gegn 9. Guðmundur Einarsson og Jón Jónsson greiddu eigi atkvæði; en Þórður Jónasson var eigi viðstaddur.

9. Fyrirsögn frumvarpsins. Samþykkt án atkvæðagreiðslu.
10. Frumvarpið allt í heild sinni með áorðnum breytingum. Við þennan tölulið var við haft nafnakall eptir ósk nokkurra þingmanna, og sögðu :

„já“.

Eiríkur Kúld.
Halldór Kr. Friðriksson.
Bergur Thorberg.
Egill Egilsson.
Grimur Thomsen.
Hallgrímur Jónsson.
Helgi Hálfðánarson.
Jón Hjaltalín.
Jón Pétursson.
Pétur Pétursson.
Sigurður Melsteð.
Stefán Eiríksson.
Þórarinn Bøðvarsson.

„nei“.

Benidikt Sveinsson.
Björn Pétursson.
Davíð Guðmundsson.
Erlendur Gottskálksson.
Guðmundur Einarsson.
Hjálmur Pétursson.
Jón Sigurðsson.
Páll Ólafsson.
Páll J. Vídalín.
Stefán Jónsson.
Torfi Einarsson.

Var þannig þessi töluliður samþykktur með 13 atkvæðum gegn 11. Jón Jónsson greiddi eigi atkvæði, en Þórður Jónasson var eigi viðstaddur.

ATKVÆÐASKRÁ

í málinu um konunglegt frumvarp til tilskipunar um hegningarvald það, sem stjórn hegningarhússins á Íslandi hefur.

1. *Nefndin*: að alþingi ráði frá því, að frumvarp þetta nái laga-gildi, eins og það nú liggur fyrir.

Um þennan tölulið var við haft nafnakall eptir beiðni hins 2. konungkjörna þingmanns, og sögðu :

«já».

Eiríkur Kúld.
Benidikt Sveinsson.
Björn Pétursson.
Davíð Guðmundsson.
Egill Egilsson.
Erlendur Gottskálksson.
Grimur Thomsen.
Guðmundur Einarsson.
Hallgrímur Jónsson.
Hjálmur Pétursson.
Jón Jónsson.
Jón Pétursson.
Jón Sigurðsson.
Páll Ólafsson.
Páll J. Vídalín.
Stefán Eiríksson.
Stefán Jónsson.
Torfi Einarsson.

«nei».

Bergur Thorberg.
Pétur Pétursson.
Sigurður Melsteð.

Og var töluliðurinn þannig samþykktur með 18 atkvæðum gegn 3. H. Kr. Friðriksson, Helgi Hálfánarson, Jón Hjaltalín og Þórariun Bóðvarsson, greiddu eigi atkvæði, en Þórður Jónasson var eigi viðstaddur.

2. Frumvarpið óbreytt í heild sinni. Þessi töluliður var fallinn við atkvæðagreiðsluna um 1. tölulið.

NEFNDARÁLIT

í stjórnarskipunarmáli Íslands.

Hið heiðraða alþingi hefur kosið oss undirskrifaða í nefnd, til þess að íhuga og segja álit vort um bænarskrár þær og ávörp, sem að þessu sinni hafa verið send þinginu viðvikjandi stjórnarskipunarmáli Íslands.

Nú er vèr höfum átt marga fundi með oss til að ræða og rannsaka þetta mál svo ítarlega, sem fõng hafa framast á verið, leyfum vèr oss að kveða upp álit vort og tillögur um það í stuttu máli, sem hèr segir:

Stjórnarskipunarmál Íslands er þegar, eins og öllum er kunn-

ugt, orðið svo margrætt og rakið út í æsar öll þessi ár, sem þingið hefur um það fjallað, að það virðist með öllu óþarft og að nauðsynjalausu, að telja þær röksemdir, skilríki og söguleg sannindi nú að nýju, sem hljóta að gjöra það hverjum þeim, sem getur litið og vill líta óhlutdrægum augum á málstað vor Íslendinga, allshendis auðsætt, að þjóð vor hefur skýlausa sögulega heimild, þjóðlega heimtingu, stjórnarlagalegan rétt, og þá eigi að síður óumflýjanlega þörf á þeirri stjórnarbót og þeirri stjórnarskipun, sem óskorað veita henni löggjafarvald, fjárforræði og óháða innlenda stjórn í öllum Íslandsmálum, eða með öðrum orðum, fullnægi þeim allsherjar-skilyrðum, sem að vitni veraldarsögunnar og reynslu hins menntaða heims, er sérstaklega lýsir sér ljóst og órækt í reynsluskóla hinnar íslensku þjóðar frá öndverðu fram á þennan dag, sem, segjum vèr, tilvera þjóðar vorrar, viðurkenning, vöxtur og viðgangur algjörlega veltur á; enda sýnir þetta bert og sannar, séð frá annari hlið, að spursmálið um þá svo lengi eptirþráðu, en svo lengi dregnu stjórnarbót á Íslandi er hreint og beint lífsspursmál hinnar íslensku þjóðar.

Nefndin álitur þannig enga ástæðu til að dvelja lengur við þetta atriði málsins.

Þar á móti er það föst skoðun nefndarinnar, að það sè einkar-áriðandi fyrir þingið, eins og stjórnarbótarmálið nú horfir og liggur fyrir, að það setji sér glöggt fyrir sjónir stöðu sína og verka-bring gagnvart bænarskrám þeim, yfirlýsingum og ávörpum þjóðarinnar, sem er hið vandasama og þýðingarmikla verkefni þess.

Nefndin hlýtur í þessu tilliti að benda hinu heiðraða þingi á, að fyrir því liggur á föstum og einskorðuðum grundvelli almenn og eindregin skoðun hinnar íslensku þjóðar á landsrættindum hennar og jafnaugljóslega yfirlýstur vilji hennar og kröfur, að fá þessum landsrættindum hennar borgið með fulltryggjandi stjórnarskrá.

Á hinn hátt getur þingið, eptir fjölda þeirra skilríkja, sem hér liggja fyrir, eigi annað en gengið úr skugga um það, hve almenn og megn óánægja á sér stað um gjörvallt Ísland sökum þess, að hin lögbundna ráðgjafastjórn í Danmörku hefur, eins og gefur að skilja, upp á sína ábyrgð, sem «constitutionel» stjórn fyrir Danmörku og Ísland í sameiningu útvegað staðfestingu hans háttignar konungsins á stöðulögunum af 2. janúarm. 1871, sem auk þess er þau heimila ríkisþingi Dana löggjafarvaldið yfir hinni íslensku þjóð í þeim svonefndu sameiginlegu málum, þar að auki

leggur alla stjórn og löggjöf Íslands svokölluðu serskildu mála í hendur danskra ráðgjafa, sem eru og hljóta að verða, að minnsta kosti í reyndinni, ábyrgðarlausir fyrir alþingi, auk þess sem þeir eru öllum landsháttum vorum og einkennilegum þörfum allshendis ókunnugir, og í svo miklum fjarska frá Íslandi, að stjórn þeirra hlýtur jafnan að verða seinfara, völt og óhappasæl fyrir land vort og lýð.

Að þessi óánægja hafi farið mjög í vöxt, ekki að eins við löggjöf þá, sem komin er út síðan 1871, t. a. m. um toll af áfengum drykkjum, dagsett 26. febrúarm. 1872, og um sveitastjórn á Íslandi, dagsett 4. maím. s. á., og byggð er á þessum grundvelli, án hinnar eðlilegu (forfatningsmæssige) tilhlutunar alþingis, heldur eianig og það einkum og sér í lagi við stofnun landshöfðingja-embættisins á Íslandi, sem leiðir af sér æriun kostnað fyrir landið, en er þó eigi annað en ábyrgðarlaus umboðsstjórn hins lögbundna ráðgjafa í Danmörku, — flýtur af sjálfu sér; enda bera hinar fyrirbyggjandi bænarskrár og ávörp þess ljósastan vott um, að hin íslenska þjóð getur ekki með nokkru móti við þetta stjórnarfyrirkomulag og þessar athafnir unað, sem hver fyrir sig og allar til samans teknar riða í augljósasta bága við stjórnarlög Íslands, konungalögin 14. nóvbrm. 1665, og alþingistilsk. 8. marzm. 1843, í sambandi við sjálfsgætt, og af sjálfum Danakonungum margsinnis viðurkennt jafnrétti hinnar íslensku þjóðar móts við Dani, sem nefndin að öðru leyti, eins og áður er á vikið, ekki álítur nauðsynlegt að rekja ítarlegar, en sem hefði átt að vera Íslendingum hvívetna óhult trygging fyrir gjöræði löggjafarþings Dana og hinnar lögbundnu ráðgjafastjórnar þeirra.

Svo menn sjái, að nefndin ekki í neinu tilliti ofhermi um það efni, sem hér um ræðir, leyfir hún sér í stuttu máli að vísa til ávarps þess, sem henni var fengið í hendur frá þjóðfundi þeim, sem haldinn var hinn 26.—29. júním. þ. á. á hinum forna alþingisstað Íslendinga, að Þingvöllum við Öxará, og skipaður var 34 kjörnum mönnum úr öllum kjördæmum landsins að einu undanskildu. Ávarp þetta er og einnig byggt á 19 bænarskrám og ávörpum til Þingvallafundarins og alþingis úr nærfellt öllum kjördæmum landsins, og er í þeim röggssamlega tekið fram, hve ófug og í alla staði óhagfelld sú stjórnartilhögun er, sem nú er beitt á Íslandi. Lýsir sér yfir höfuð að tala í skilríkjum þessum hin megnasta óánægja yfir landstjórninni eins og hún er, og yfir að-

gjörðum hinnar dönsku ráðgjafastjórnar hvívetna. Skorar þjóðin jöfnum höndum á Þingvallafundinn og alþingi, að gjöra allt, sem unnt er, til þess að ráða bót á þessum vandkvæðum; þá er það og skýrt tekið fram í bænarskránum, að Þingvallafundurinn skuli í umboði þjóðarinnar semja algjörða stjórnarskrá fyrir Ísland, og senda hana konungi til staðfestingar; en skyldi stjórnarskráin ekki ná allrahæstri staðfestingu, er það áskilið, að Þingvallafundurinn og alþingi krefjist þess, að stefnt sé til þjóðfundar í landinu sjálfu sem allrafyrst, eptir kosningarlögum 1849, sem hafi fullt samþykktaratkvæði um stjórnarskipunarmál landsins; en þar sem nú Þingvallafundurinn eigi hafði tíma nè ráðrúm til að semja slíka stjórnarskrá í heild sinni, þá hefur fundurinn vikið þeim starfa undir þingið, en að öðru leyti slegið föstum hinum helztu grundvallaratriðum stjórnarskráarinnar, samkvæmt hinum einstöku bænarskrám og ávörpum.

Þegar nú nefndin með allt það, sem nú var sagt, fyrir augum setur sér fyrir sjónir, að hið heiðraða þing er að eins ráðgjafarþing, og að stjórnin sérstaklega í þessu máli hefur neitað því um samþykktaratkvæði, þá flýtur beinlínis af þessu, að þingið, að nefndarinnar álit, hlýtur að ganga út frá þeim aðalgrundvelli, sem í hinum umgetnu almennu bænarskrám, yfirlýsingum og ávörpum frá þjóðinni, er svo ómótmælanlega lagður, sem föst skoðun hennar og vilji gagnvart alþingi og stjórninni, og það því fremur, sem þessi skoðun er í raun réttri samhljóða því, sem alþingið að undanförmu hefur stöðugt lagt til og haldið fram, sér í lagi 1867, þá er þinginu var heitið, og því heimilað, samþykktaratkvæði í málinu.

Samkvæmt þessu sjónarmiði hefur nefndin álitnið sér skylt að semja frumvarp það til stjórnarskrár Íslands, sem hér með fylgir, með fáeinum athugasemdum við einstaka kafla þess og greinir, að því leyti, sem þær innihalda breytingar frá frumvörpum þingsins að undanförmu í stjórnarmáli Íslands, sér í lagi frá þingsfrumvarpinu 1867, sem nefndin einkum hefur lagt til grundvallar í sambandi við undirstöðu-atriði fundarins að Öxará.

Að því leyti sem nefndin hefur komizt til þeirrar niðurstöðu, að hið eina úrræðið til þess að komast fyrir þau vandkvæði, sem hingað til hafa þótt vera á því, að koma hér á innlendri stjórn í sönnum og eiginlegum skilningi, og að skipa tryggilega fyrir um ábyrgð landstjórnarinnar fyrir alþingi, væri það, að skipaður yrði jarl á Íslandi, þá þykir nefndinni nægja að vísa til þess, sem um

Þetta atriði var tekið fram á alþingi 1871 í sambandi við þá almennu athugasemd við greinir þær í frumvarpinu, sem að þessu efni lúta.

En jafnframt og nefndin þannig gjörir það að aðaluppástungu sinni, að hið heiðraða þing fari þess á leit við hans hátign konunginn, að hann veiti frumvarpi þessu allrahæstu staðfestingu sem stjórnarskrá fyrir Ísland, og jafnframt og nefndin lýsir yfir þeirri fastri sannfæringu sinni, að sú stjórnarskipan, sem frumvarpið fer fram á, hljóti, er það fær lagagildi, að bera blessunarríkustu ávexti fyrir land vort og lýð, að vekja hina íslensku þjóð til áhuga, framkvæmdar og atorku í andlegum og líkamlegum eignum, og að binda hug og hjörtu Íslendinga því nánara bandi við konungsaettina í Danmörku, jafnframt þessu hefur nefndin, með sérlegri hliðsjón til hinnar konunglegu auglýsingar til þessa þings á einn veg — sem nefndin að öðru leyti verður að álíta, að hinn «constitutionelle» ráðgjafi, sem undir hana hefur ritað með hans hátign konunginum, hljóti að bera ábyrgðina á að því leyti, sem hún kemur í bága við stjórnarlög Íslands — og hinnar megnu óánægju hinnar íslensku þjóðar með hið faktiska stjórnarfyrikomulag á hinn bóginn, komið til þeirrar niðurstöðu, að ráða hinu heiðraða þingi, svo að það, eins og að undanfögnu, gjöri allar þær miðlunar- og sáttatilaunir í þessu máli, sem staðizt getur með verkahring og skyldu þess gagnvart þjóðinni, til þess, að það taki upp í álitsskjal sitt til konungs varauppástungu þá til bráðabyrgða, sem stendur undir staði II. 1—3 hér á eftir.

En jafnvel þó að nú nefndin geti ekki álitid það neinum vafa bundið, að varauppástunga þessi muni ná konungsins allrahæsta samþykki, álitur nefndin sér þó skylt, samkvæmt verkefni hennar, að leggja það til við hið heiðraða þing, að það beiðist þess *enn til vara*, að þjóðfundur með samþykktaratkvæði verði saman kallaður á Íslandi árið 1874, samkvæmt kosningarlögnum 1849, og að fyrir þann fund verði lagt frumvarp til stjórnarskrár Íslands, byggt á sama grundvelli sem áður áminnt frumvarp nefndarinnar.

Eptir öllu því, sem nú var talið, ræður nefndin hinu heiðraða þingi til að beiðast þess:

- I. Að hans hátign konungurinn allramildilegast veiti frumvarpi því, sem hér með fylgir, lagagildi sem allrafyrst, og ekki seinna en einhvern tíma á árinu 1874.

- II. 1. Til vara: Að alþingi fái nú þegar fullt löggjafarvald og fjárforræði, þó með þeim skilyrðum:
- a, að engin föst fjárhagsáætlun sé ákveðin, heldur sé fjárhagsáætlunin fyrir hver 2 ár lögð fyrir hvert alþingi til samþykkis, — og
 - b, að engin gjöld eða álögur verði lagðar á Ísland til sameiginlegra mála.
2. Að sérstakur ráðgjafi sé skipaður í Kaupmannahöfn fyrir Íslandsmál, sem hafi ábyrgð á stjórnarstörfum sínum fyrir alþingi.
3. Að þessi stjórnarskipun sé ákveðin að eins til bráðabyrgða, og eigi nema til næstu 6 ára, eður 3 alþinga, en að þeim tíma liðnum sé stjórnarskipunarmálið í heild sinni lagt fyrir hið löggefandi alþingi að nýju, enda sé þá landsréttur Íslendinga óskertur að öllu.
- III. *Enn til vara*: að þjóðfundur með samþykktaratkvæði verði saman kallaður á Íslandi árið 1874, samkvæmt kosningarlöggunum frá 28. septemberm. 1849, og að fyrir þann fund verði lagt frumvarp til stjórnarskrár Íslands, byggt á sama grundvelli sem ofangreint frumvarp nefndarinnar undir I. hér að framan.

Alþingi, 21. júlím. 1873.

Jón Sigurðsson, skrifari.	Guðmundur Einarsson.	Páll Vídalín, formaður.
Eiríkur Kúld.	Halldór Kr. Friðriksson.	Benidikt Sveinsson, framsögumaður.

Davið Guðmundsson.

Frumvarp
til stjórnarskrár Íslands.

I.

1. gr.

Ísland hefur konung og konungserfðir saman við Danmörku.

2. gr.

Um ríkiserfðirnar, rétt konungs til að hafa stjórn á hendi í öðrum löndum, trúarbrögð konungs, myndugleika hans, viðtöku við stjórninni, um ríkisstjórn í forföllum konungs, og um það er konungdómurinn er laus, skal 1., 4., 5., 6., 7. og 8. greinir í hinum yfirskoduðu grundvallarlögum Danmerkurrikis, dagsettum 5. dag

júnímánaðar 1849, útgefnunum 28. dag júlímánaðar 1866, sem hér eru við festar, einnig vera lög á Íslandi.

3. gr.

Áður en konungur tekur við stjórn, skal hann skriflega vinna eið í ríkisráðinu að stjórnarskrá Íslands. Af eiðstaf konungs skulu gjörð tvö frumrit samhljóða, og skal annað þeirra sent alþingi til geymslu, en hitt skal geymt í leyndarskjalasafninu.

4. gr.

Hver önnur mál, en þau, sem um er rætt í 1. og 2. gr., skuli vera sameiginleg með Íslandi og Danmörku, og á hvern hátt Ísland skuli taka þátt í þeim, skal komið undir samkomulagi.

5. gr.

Ísland hefur í sínum eigin málum löggjöf, dóma og stjórn út af fyrir sig. Löggjafarvaldið er hjá konungi og alþingi í sameiningu, framkvæmdarvaldið er hjá konungi, og dómvaldið hjá dómendum.

6. gr.

Hin evangelísk-lútherska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal því landsstjórnin veita henni vernd sína og aðstoð.

II.

7. gr.

Konungur hefur æðsta vald á Íslandi, með þeim einum takmörkunum, sem settar eru í stjórnarskrá þessari.

8. gr.

Konungur er ábyrgðarlaus. Hann er heilagur og friðhelgur.

9. gr.

Konungur skipar jarl á Íslandi. Hann hefur í umboði konungs hið æðsta vald á hendi, sem fyrir er mælt í stjórnarskrá þessari, og konungur að öðru leyti gjör ákveður.

10. gr.

Jarlinn hefur ábyrgð fyrir konungi einum. Hann skipar stjórnarherra á Íslandi, og getur vikið þeim úr völdum. Þeir hafa á hendi landstjórnina og alla ábyrgð á henni fyrir konungi, jarli og alþingi. Undirskript konungs, eða jarlsins í hans umboði, undir ákvarðanir þær, er snerta löggjöf og stjórn, veitir þeim fullt gildi, þá er einn stjórnarherranna skrifar undir með konungi eða jarli. Stjórnarherrann, sem undir skrifar, ábyrgist ákvörðunina.

11. gr.

Stjórnarherrana má ákæra fyrir embættisrekstur þeirra. Alþingi getur ákært þá, en landsdómur skal dæma þá.

12. gr.

Konungur veitir öll þess konar embætti, sem hann hefur veitt hingað til. Breytingu má á þessu gjöra með lögum. Engan þann má skipa embættismann á Íslandi, sem ekki hefur hin almennu réttindi innborinna manna, og þar á ofan hefur fært sönnur á, að hann hafi fullnægt því, sem fyrir er mælt í lögum um kunnáttu í máli landsins. Sérhver embættismaður skal sverja eið að stjórnarskránni. Konungur getur vikið þeim frá embætti, sem hann hefur veitt það. Eptirlaun embættismanna skulu ákveðin með lögum.

Konungur getur flutt embættismenn úr einu embætti í annað, þó svo, að þeir missi einkis í af embættistekjum, og að þeim sje gefinn kostur á að kjósa, hvort þeir vilji heldur embættisskiptin, eða þá lausn frá embætti með eptirlaunum þeim, sem almennar reglur ákveða.

Með lögum má undan skilja ýmsa embættismannaflokka, auk embættismanna þeirra, sem nefndir eru í 55. gr.

13. gr.

Konungur náðar menn, og veitir almenna uppgjöf á sökum. Stjórnarherrana getur hann því að eins náðað fyrir brot á stjórnarskránni, að neðri deild alþingis samþykki.

14. gr.

Konungur veitir sjálfur, eða felur jarlinum að veita leyfi þau og undanþágur frá lögum, sem tíðkapt hafa eptir reglum þeim, sem farið hefur verið eptir hingað til.

15. gr.

Jarlinn stefnir saman reglulegu alþingi annaðhvort ár. Án samþykkis hans má það eigi eiga setu lengur en í 12 vikur. Breyta má þessu með lögum.

16. gr.

Jarlinn getur stefnt alþingi saman til aukafundar, og ræður hann, hversu langa setu það þá skuli eiga.

17. gr.

Jarlinn getur frestað fundum hins reglulega alþingis um tiltekinn tíma, en samt ekki lengur en 4 vikur, nema alþingi samþykki það, og ekki nema einu sinni á ári.

18. gr.

Jarlinn getur slitið alþingi, og skal þá stofnað til nýrrar kosningar, áður tveir mánuðir séu liðnir, og alþingi stefnt saman næsta ár á eptir.

19. gr.

Jarlinn getur látið leggja fyrir alþingi uppástungur til laga og ályktana.

20. gr.

Samþykki konungs eða jarls þarf til þess, að nokkur ályktun alþingis geti fengið lagagildi. Jarlinn annast um, að lögin séu birt, og þeim verði fullnægt. Hafi konungur eða jarl ekki staðfest eitthvert lagafrumvarp, sem alþingi hefur fallið á, á undan næsta reglulegu alþingi, er það niður fallið.

21. gr.

Þegar brýna nauðsyn ber til, getur konungur eða jarlinn gefið út bráðabyrgðarlög milli alþinga; eigi mega slík lög samt koma í bága við stjórnarskrána, og ætíð skulu þau lögð fyrir næsta alþingi á eptir.

III.

22. gr.

Á alþingi eiga sæti 36 þjóðkjörnir alþingismenn. Tölu þeirra má breyta með lögum.

23. gr.

Alþingi skiptist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Í efri deildinni sitja 12 þingmenn. Í neðri deildinni 24. Þessu má breyta með lögum.

24. gr.

Í efri deild alþingis kjósa þingmenn óbundnum kosningum úr sínum flokki til 6 ára, er þeir koma saman í fyrsta sinn, eptir að nýjar kosningar hafa farið fram, þó má engan kjósa yngri en 40 ára að aldri.

Nú verður sæti þingmanns í efri deild autt, á meðan á kjörtíma stendur, og kjósa þá báðar þingdeildir í sameiningu þingmann úr neðri þingdeildinni í sæti hans.

25. gr.

Kosningarrétt til alþingis hafa:

- a. Allir bændur, sem hafa grasnyt og gjalda nokkuð til allra stétta; þó skulu allir þeir, sem með sérstaklegu lagaboði

kynnu að vera undanskildir einhverju þegnskyldugjaldi, ekki fyrir það missa kosningarrétt sinn.

- b. Kaupstaðarborgarar, ef þeir gjalda til sveitar að minnsta kosti 4 rd. á ári.
- c. Þurrabúðarmenn, ef þeir gjalda til sveitar að minnsta kosti 6. rd.
- d. Embættismenn, sem annaðhvort hafa konunglegt veitingarbréf, eða eru skipaðir af því yfirvaldi, sem konungur hefur veitt heimild til þessa.
- e. Þeir, sem hafa tekið lærdómspróf við háskólann, eða embættispróf við prestaskólann í Reykjavík, eður eitthvert annað þess konar opinbert próf, sem nú er eða kann að verða sett, þó ekki séu þeir í embættum, ef þeir eru ekki öðrum háðir.

Þar að auki getur enginn átt kosningarrétt, nema hann sé orðinn fullra 25 ára að aldri, þegar kosningin fer fram, hafi óflekkað mannorð, hafi verið heimilisfastur í kjördæminu eitt ár, sé fjár síns ráðandi, og honum sé ekki lagt af sveit, eða hafi hann þegið sveitarstyrk, að hann þá hafi endurgoldið hann, eða honum hafi verið gefinn hann upp.

26. gr.

Kjörgengur til alþingis er hver sá, sem hefur kosningarrétt, samkvæmt því sem nú var sagt, ef hann:

1. ekki er þegn annars ríkis, eður að öðru leyti í þjónustu þess;
2. ef hann að minnsta kosti í síðustu 5 ár hefur verið í löndum þeim í norðurálfunni, sem liggja undir Danaveldi; og
3. sé orðinn fullra 30 ára að aldri, þegar kosningin fer fram, sbr. 24. gr.

Kosningar alþingismanna gilda um 6 ár. Hinar nákvæmari ákvarðanir um kosningarnar verða settar í kosningarlögnum.

IV.

27. gr.

Hið reglulega alþingi skal koma saman fyrsta virkan dag í júlímánuði annaðhvort ár, hafi jarl ekki til tekið annan samkomudag þess. Breyta má þessu með lögum.

28. gr.

Samkomustaður alþingis er jafnaðarlega í Reykjavík.

29. gr.

Alþingi er friðheilagt. Hver, sem brýtur gegn friði þess eða

frelsi, eða býður eitthvað, sem þar að lýtur, eða hlýðir slíku boði, verður sekur sem um drottinssvik.

30. gr.

Hvor þingdeildin um sig á rétt til að stinga upp á lagaboðum og samþykkja þau fyrir sitt leyti; einnig má hvor þingdeildin fyrir sig senda konungi ávarp.

31. gr.

Hvor þingdeildin fyrir sig getur sett nefndir af þingmönnum til þess, meðan þingið stendur yfir, að rannsaka málefni, sem eru áriðandi fyrir almennig.

Þingdeildin getur veitt nefndum þessum rétt á, að heimta skýrslur, munnlegar og bréflugar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum.

32. gr.

Engan skatt má á leggja, nè breyta, nè af taka, nema með lagaboði; ekki má heldur taka lán, er skuldbindi Ísland, nè selja, eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum landsins, nema slíkt sè með lagaboði ákveðið.

33. gr.

Jafnskjótt og hið reglulega alþingi er sett, skal í hvert skipti leggja fram frumvarp til laga um fjárhag Íslands hin næstu tvö ár, og skal í frumvarpinu vera áætlun um tekjur og útgjöld landsins á þessu tímabili.

Fjárhagslagafrumvarpið skal fyrst leggja fyrir neðri deild alþingis.

34. gr.

Engan skatt má heimta fyr, en fjárhagslögin eru samþykkt. Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sè til þessa í fjárhagslögunum.

35. gr.

Hvor þingdeild kýs yfirskoðunarmann, og skulu þeim veitt laun fyrir starfa sinn. Þessir menn eiga að gagnskoða hina árlegu reikninga um tekjur og útgjöld landsins, og gæta þess, hvort tekjur landsins sèu þar allar taldar, og hvort engu fè hafi verið varið án heimildar fjárhagslaganna. Þeir geta krafizt, að fá allar skýrslur þær og skjöl, sem þeim þykir þurfa. Síðan skal aðalreikningur gjör fyrir hver tvö ár, og skal hann, með athugasgreinum yfirskoðunarmanna, lagður fyrir alþingi, er því næst leggur úrskurð á hann.

36. gr.

Ekkert lagafrumvarp má samþykkja til fullnaðar, fyr en það hefur verið rætt þrisvar í hvorri þingdeild um sig.

Lagafrumvarp, sem önnurhvor þingdeild hefur felld, verður ekki aptur tekið til umræðu í sömu deild á því þingi.

37. gr.

Þegar lagafrumvarp er samþykkt í annarhvorri þingdeild, gengur það þá þegar til hinnar þingdeildarinnar. Verði þar breytingar á gjörðar, fer frumvarpið aptur til hinnar fyrri þingdeildar. Gangi þá enn eigi saman, koma báðar þingdeildir í eina málstofu, og leiða málið til lykta eptir eina umræðu; enda sèu þá fullir tveir þriðjungar þingmanna úr hvorri þingdeild á fundi og greiði atkvæði. Verði breytingin þá eigi samþykkt með tveim þriðjungum atkvæða, er málið fallið á því þingi.

38. gr.

Alþingi sker sjálf úr, hvort þingmenn þess sèu löglega kosnir.

39. gr.

Sérhver nýr þingmaður skal vinna eið að stjórnarskránni, undir eins og búið er að viðurkenna, að kosning hans sè gild.

40. gr.

Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína, en eigi við reglur frá kjósendum sínum.

Embættismenn þeir, sem kosnir verða til alþingis, þurfa ekki leyfi stjórnarinnar til þess, að þiggja kosninguna.

41. gr.

Meðan alþingi stendur, má ekki taka neinn alþingismann fastan fyrir skuldir, án samþykkis þingdeildar þeirrar, sem hann situr í, nè heldur setja hann í varðhald, eður höfða mál á móti honum, nema hann sè staðinn að glæp. Enginn alþingismaður verður krafinn til reiknings utanþings fyrir það, sem hann hefur talað á þinginu, nema sú þingdeild leyfi, sem hann á sæti í.

42. gr.

Missi nokkur alþingismaður kjörgengi, missir hann og rétt þann, er kosningu hans fylgir.

43. gr.

Stjórnarherrunum skal heimilt að sitja á alþingi, og eiga þeir rétt á, að taka þátt í umræðunum, eins opt og þeir vilja, en gæta skulu þeir þingskapa. Eigi hafa þeir atkvæðisrétt, nema þeir einnig sèu alþingismenn.

44. gr.

Hvor þingdeild um sig kys sjálf forseta sinn og varaforseta. Eins gjörir hið sameinaða alþingi.

45. gr.

Hvorug þingdeildin má gjöra ályktun um nokkurt mál, nema að minnsta kosti tveir þriðjungar þingmanna sæu á fundi og greiði atkvæði.

46. gr.

Heimilt er hverjum alþingismanni að bera upp í þeirri þingdeildinni, sem hann á sæti í, sérhvert opinbert málefni, ef hún leyfir það, og beiðast um það skýrslu.

47. gr.

Hvorug þingdeildin má taka við nokkru málefni, nema einhver þingdeildarmanna taki það að sér til flutnings.

48. gr.

Þyki þingdeildinni ekki ástæða til, að leggja úrskurð á eittvert málefni, þá getur hún vísað því til landstjórnarinnar.

49. gr.

Fundir beggja þingdeildanna, og eins hins sameinaða alþingis, skulu haldnir í heyrandi hljóði. Þó getur forseti eða svo margir þingmenn, sem til tekið er í þingsköpunum; krafzt, að öllum utanþingsmönnum sé vísað burt, og skal þingið þá skera úr, hvort ræða skuli málið í heyranda hljóði, eða fyrir luktum dyrum.

50. gr.

Þingsköpin handa alþingi og báðum deildum þess skulu sett með lögum.

V.

51. gr.

Landsdómur dæmir þau mál, sem jarlinn eða neðri deild þingsins lætur höfða gegn stjórnarherrunum. Svo skal og á valdi jarlsins, ef neðri deild þingsins leyfir, að láta kæra aðra menn fyrir landsdóminum um glæpi þá, er honum þykja hættulegir fyrir Ísland eður gjörvallt konungsveldið. Skipun landsdómsins skal ákveðin með lögum.

52. gr.

Skipun dómsvaldsins skal ákveðin með lögum.

53. gr.

Dómsvaldið skal greint frá umboðsvaldinu, samkvæmt reglum þeim, sem ákveðnar verða um það með lagaboði.

54. gr.

Dómenndur skulu eiga rétt á, að skera úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvalda. Eigi að síður skal þeim, er um það leita dómsatkvæðis, skylt að hlýðnast yfirvaldinu í bráð.

55. gr.

Dómenndur skulu í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögnum. Þeim verður ekki vikið úr embætti nema með dómi, og eigi verða þeir heldur fluttir í annað embætti móti vilja þeirra, nema þegar svo stendur á, að verið er að koma nýrri skipun á um dómstólana; þó má veita þeim dómara, sem er orðinn fullra 65 ára gamall, lausn frá embætti, en eigi skal hann þá missa neins í af launum sínum.

56. gr.

Jafnskjótt, og að svo miklu leyti sem því verður við komið, skulu dómar allir fara fram í heyranda hljóði.

VI.

57. gr.

Réttarástandi þjóðkirkjunnar skal skipað með lögum.

58. gr.

Landsmenn eiga rétt á, að stofna félög til að þjóna guði með þeim hætti, sem bezt á við sannfæringu hvers eins; en ekki má kenna eður fremja neitt það, sem er gagustætt góðu siðferði og allsherjar-reglu.

59. gr.

Kjör trúarbragðaflokka þeirra, sem á greinir við þjóðkirkjuna, skulu nákvæmar ákveðin með lagaboði.

60. gr.

Enginn má neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum réttindum fyrir sakir trúarbragða sinna, nè heldur má nokkur fyrir þá sök skorast undan almennri félagskyldu.

VII.

61. gr.

Hver sá maður, sem tekinn er fastur, skal leiddur fyrir dómara svo fljótt, sem auðið er. Megi þá eigi jafnskjótt láta hann lausan aptur, ber dómaranum svo fljótt sem verður, og í seinasta lagi áður en þrjár dagar séu liðnir, að leggja á úrskurð, er byggður sè á tilgreindum ástæðum, um að hann skuli settur í varðhald; en megi

láta hann lausan móti veði, þá skal ákveðið í úrskurðinum, hvert eður hversu mikið það skuli vera.

Úrskurði þeim, er dómarrinn kveður upp, má sá, sem í hlut á, þegar skjóta sér í lagi til æðra dóms.

Engan mann má setja í gæzluvarðhald fyrir yfirsjón, er að eins varðar fésekt eða einföldu fangelsi.

Engan mann má draga frá sínu löglegu varnarþingi.

62. gr.

Heimilið er friðheilagt. Ekki má gjöra húsleit né kyrretja bréf og önnur skjöl og rannsaka þau, nema eptir dómsúrskurði, ef lögin eigi gjöra sérstaklega undantekningu.

63. gr.

Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eigu sína, nema almenningsþörf krefji; þarf til þess lagaþóð, og komi fullt verð fyrir.

64. gr.

Öll bönd, þau er hamla frelsi í atvinnuvegum og jafnrétti manna til atvinnu, og eigi eru byggð á almenningsheillum, skal af taka með lagaþóði.

65. gr.

Sá, sem ekki getur sæð fyrir sér og sínum, og sè hann ekki skyldu-ómagi annars manns, skal eiga rétt á, að fá styrk úr almennum sjóði; en þá skal hann háður vera skyldum þeim, er lögin áskilja.

66. gr.

Hafi foreldrar eigi efni né tók á að fræða sjálf börn sín, eður sèu börnin munaðarlaus og öreigar, þá skal hið opinbera sjá þeim fyrir uppfræðingu og framfæri.

67. gr.

Hver maður á rétt á, að láta í ljósi hugsanir sínar á prenti; þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar slíkar tálmanir fyrir prentfrelsið má aldrei taka upp aptur.

68. gr.

Rétt eiga menn á, að stofna félög í hverjum lölegum tilgangi sem er, án þess að leyfi þurfi að sækja til þess. Ekkert félag má rjúfa með stjórnarráðstöfun.

En banna má félag um sinn, og skal þegar höfða mál á hendur því, til þess það verði rofið.

69. gr.

Rétt eiga menn á að safnast saman vopnlausir. Lögreglu-

stjórninni er heimilt að vera við almennar samkomur. Banna má mannfundi undir berum himni, þegar uggvænt þykir, að af þeim leiði óspektir.

70. gr.

Sérhver vopnfær maður er skyldur að taka sjálfur þátt í vörn fósturjarðarinnar, eptir því sem nákvæmar kann að verða fyrir mælt þar um með lagaboði.

71. gr.

Rætti sveitarfélaganna til að ráða sjálf málefnum sínum með umsjón landstjórnarinnar skal hið allra-bráðasta verða skipað með lagaboði.

72. gr.

Á skattgjöld og skattheimtu skal komið öðru skipulagi með lagaboði svo fljótt sem verður.

73. gr.

Öll sérstakleg réttindi, er lögin hafa bundið við aðal, nafnbætur og tign, skulu vera aftekin.

VIII.

74. gr.

Uppástungur, hvort heldur er til breytingar eða viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp, hvort heldur á lögákveðnu alþingi eður auka-alþingi. Nú nær uppástunga til stjórnarskrárbreytingar samþykki í báðum þingdeildunum og landstjórnin styður hana, þá skal rjúfa alþingi þá þegar og stofna til almennra kosninga af nýju. Samþykki þá enn hið nýkosna alþingi ákvörðunina óbreytta, og nái hún staðfestingu konungs, þá verður hún stjórnarlaga-ákvörðun.

Ákvarðanir um stundarsakir.

1. gr.

Þangað til öðruvísi verður fyrir mælt með lögum, skulu kosningarlögin 6. janúarmánaðar 1857, sbr. tilskipun 8. marzm. 1843, framvegis gilda um kosningarnar til alþingis, að öðru leyti en því, sem leiðir af 22., 25. og 26. grein í stjórnarskrá þessari.

2. gr.

Tölu alþingismanna eptir 22. grein í stjórnarskrá þessari, skal — þangað til öðruvísi verður fyrir mælt með lögum — skipt þannig niður, að 1. Gullbringu- og Kjósar-, 2. Árness-, 3. Rang-

árvalla-, 4. Vestur-Skaptafells-, 5. Suður-Múla-, 6. Norður-Múla-, 7. Suðurþingeyjar-, 8. Eyjafjarðar- með Akureyrarkaupstað, 9. Skagafjarðar-, 10. Húnavatns-, 11. Ísafjarðar- með Ísafjarðarkaupstað, 12. Snæfellsness- og Hnappadals-, 13. Barðastrandar-, 14. Dala-, og 15. Borgarfjarðarsýslu-kjördæmi, kjósa 2 alþingismenn hvert. En hin önnur kjördæmi, að Reykjavík með taldri, kjósa 1 alþingismann hvert.

3. gr.

Þangað til þingsköpum alþingis, og beggja þingdeilda, verður skipað með lögum, ákveður konungur þingsköpin til bráðabyrgða.

4. gr.

Konungur gjörir ráðstafanir þær, sem með þarf, til þess að stjórnarskrá þessi geti öðlzt fullt gildi árið 1874.

Ástæður

við 1. kafla.

Þessi kaffi er tekinn eptir frumvarpi alþingis 1867, næstum því orðrétt. Þær einu breytingar, sem nefndin stingur upp á, eru þær, að í fyrstu grein er látið óákveðið, í hvernig löguðu sambandi Ísland skuli standa við konungsveldið framvegis, því nefndinni virðist, að tíminn og reynslan eigi einmitt að leiða í ljós, hvernig sambandinu verði haganlegast fyrir komið, og hvernig því eigi að vera háttað. Þá hefur og nefndin með ásettu ráði sleppt út úr fyrsta kaflanum upptalningu sameiginlegra mála og sérstaklegra, en tekið aptur upp í 4. gr. almenna ákvörðun um, að það skuli komið undir samkomulagi milli ríkisþingsins í Danmörku og alþingis Íslendinga, hvernig þessum málum skuli skipt. Hyggur nefndin, að þetta sé mun aðgengilegra fyrir hvoratveggja hlutaðeigendur, þar sem það gæti leitt til ágreinings síðar meir, að slá nú þegar föstum aðskilnaðinum á milli hinna sérstöku mála Íslands og hinna almennu mála gjörvalls konungsveldisins.

Við II. kaffa.

Þessi kaffi er einnig tekinn eptir frumvörpum alþingis 1867 og 1871, með þeirri einu breytingu, að hér er gjört ráð fyrir jarli, sem konungur skipi sem umboðsmann hér á landi, og sem hafi framkvæmdar- og löggjafarvaldið á hendi að nokkrum hluta, ásamt konungi og í hans umboði. Það hefur að undanfögnu reynzt næsta torvelt, bæði fyrir stjórnina og alþingi, að skipa svo hinn æðstu stjórn hér á landi, og koma fyrir sambandinu milli hennar og kon-

ungsins, að hún (landstjórnin) geti að einu leyti komið fram með fullum krapti andspænis þingi og þjóð, og á hina hliðina sé full trygging fyrir því, að þingið og þjóðin geti með fullu frjálsræði neytt síns löggjafaratkvæðis og fjárforræðis. Úr þessu hefur nú nefndin bætt með skipun jarlsins, sem að í öllum samskiptum og samvinnu við alþingi sem löggjafarþing, kemur hér í konungs stað, en hefur að hinu leytinu það eina af einkaréttindum konungs í höndum, sem konungi þóknast að veita honum.

Við III. kafla.

Kaflinn um skipun alþingis er tekinn eptir frumvarpi alþingis 1871. Sú eina efnisbreyting, sem nefndin hefur stungið upp á, er fólgin í því, að konungskosningunum til alþingis er sleppt. Það er nú að vísu svo, að eptir því sem stjórnin hafði hugsað sér stjórnarfyrirkomulagið hér á landi, einkum 1869 og 1871, þannig nefnil., að hin ábyrgð-hafandi landstjórn þyrfti ekki að sjálfsgöðu að mæta á alþingi, þá var nauðsynlegt að tryggja þingið með kosningu nokkurra efstu embættismanna landsins, og annara þeirra manna, er vænta mætti að bæru fullt skyn á landstjórnar- og löggjafarmálefni. En nú þar sem nefndin gjörir ráð fyrir, að hin ábyrgð-hafandi landstjórn sé allajafna við hlið alþingis, og að á henni hvíli sú skylda, að láta þinginu í tæ allar nauðsynlegar skýringar og bendingar — auk þess sem gjöra má ráð fyrir, að stjórnarherrarnir yrðu jafnaðarlegast alþingismenn — þá virðist alls eigi nauðsynlegt að halda þessari ákvörðun um konungskosningarnar, þar sem hún auðsjáanlega skerðir eða kemur í bága við kjörfrelsi þings og þjóðar, og er að hinu leytinu ískyggileg, þar sem efri deild þingsins — ef konungs-kosningunum yrði haldið — mundi að eins verða skipuð að helmingi af þeim mönnum, er þjóðin kysi, og henni væru að skapi.

Við IV. kafla.

Þessi kafli er alveg sambljóða frumvarpi alþingis 1871. Nefndin hefur eigi hikað sér við, að hafna hinni föstu fjárhagsáætlun, sem stjórnin að undanförunu hefur haldið svo fast fram, með því nefndin verður að álíta, að föst fjárhagsáætlun geti ekki samrýmzt við óskorað fjárforræði alþingis, og leggi þannig óeðlilegt bap á fjárveitingarétt þess. Að öðru leyti finnur nefndin eigi ástæðu til að fjölyrða um þennan kafla trumvarpsins.

Við V., VI. og VII. kafla er ekkert að athuga, með því þeir eru alveg samhljóða frumvörpunum frá alþingi að undanfögnu.

Við ákvarðanir um stundarsakir.

Í 2. greininni er tölu þingmanna skipt eptir fólkstölu þannig niður, að 15 af hinum nú verandi kjördæmum kjósa 2 þingmenn hvort, en 6 kjósa að eins 1; kemur þá fram tala sú (36), sem stendur í frumvarpinu. Að öðru leyti er ekkert athugavert við þennan kafla frumvarpsins.

Að öðru leyti finnur nefndin ekki þörf á að taka fram ástæður fyrir smábreytingum hennar á einstöku greinum framvarpanna frá undanfögnu alþingum, með því þær eru mestmegnis orðabreytingar, að öðru leyti en því, sem nú var tekið fram.

ALLRAÞEGNSAMLEGAST ÁLITSSKJAL

um konunglegt frumvarp til tilskipunar um mótvarnir gegn því, að bólusótt og hin austurlenzka kólerusótt flytjist til Íslands, dagsett 25. dag júlímánaðar 1873.

Til konungs!

Fulltrúi yðar konunglegu hátignar lagði fyrir þetta alþingi frumvarp til tilskipunar um mótvarnir gegn því, að bólusótt og hin austurlenzka kólerusótt flytjist til Íslands.

Alþingi kaus 3 manna nefnd til að fhuga mál þetta, og komst hún til þeirrar niðurstöðu, sem þingið síðar aðhylltist, þá er það hafði rætt málið á lögskipaðan hátt, að ráða yðar konunglegu hátign frá, að frumvarp þetta verði gjört að lögum, að minnsta kosti ekki fyr, en sjúkrahús eru upp komin á öllum þeim stöðum, sem nefndir eru í 1. gr. Þingið byggir þetta á þeim ástæðum, sem nú skulu fram teknar.

Þingið viðurkennir fúslega hinn lofsverða tilgang, er stjórn yðar hátignar hefur haft með að leggja frumvarp þetta fyrir þingið. En á hinn bóginn getur það ekki dulizt, að svo miklir gallar eru á frumvarpinu, að þingið getur eigi aðhyllt það, eins og það nú liggur fyrir. Að vísu komu fram nokkur breytingaratkvæði við frumvarpið, er miðuðu til að af nema þær misfellur, er þinginu virtust óaðgengilegastar.

En með því að þingið verður að álíta, að alls ekki muni verða unnt, að koma við tryggjandi sóttvörnum á svo stóru og

strjálbyggðu landi, sem Ísland er, þá þótti því fyrst og fremst mjög vafasamt, hvort gagnid af hinum tilætludu ráðstöfunum mundi svara kostnaði þeim, er af þeim hlyti að leiða; og í öðru lagi var þinginu það fullljóst, að eigi mundi verða unnt, að framkvæma sóttvarnarráðstafanir þær, er frumvarpið fer fram á, einkum í 5. gr. Þar er sem sé ákveðið, að «hæfileg hús» skuli hafa til reiðu, þar sem tekið yrði við mönnum, sem komnir eru að sjóleiðis og eru veikir af bólu eða kóleru, og hjúkrað að þeim á haganlegan hátt, en það er aðgættandi, að einungis í Reykjavík er til nokkurt sjúkrahús, og þingið fær ekki séð, að nokkur amtmaður mundi geta útvegað hæfilegt hús á hinum stöðunum, þótt honum væri gjört að lagaskyldu, að semja um það við hlutaðeigandi sveitastjórnir; því engir húseigendur eða húsbúar mundu verða fúsir á, að taka við þeim gestum í hús sín, sem sjúkir væru af þessum næmu og hættulegu veikindum, sem hér ræðir um. Þinginu er fullkunnugt, að um önnur «hæfileg» hús er ekki að tala.

En þar af leiðir, að óumflýjanlegt yrði, að byggja sjúkrahús á þessum stöðum. En kostnaður sá, er fljóta mundi af þessum húsa-byggingum, yrði svo mikill, að sjóðum þeim, er stjórn yðar háttignar hefur á bent í 6. gr. í frumvarpi þessu, mundi efalaust verða ofvaxið að bera hann.

Eftir því sem hagur læknasjóðsins stendur nú, samkvæmt reikningi stjórnandanna fyrir næstliðið ár, á hann að eins 1271 rd. afgangi útgjöldum sínum, og þó eru enn ósettir læknafrí 3 af þeim 5 læknisumdæmum, sem stofnuð voru með konungsúrskurði 10. maí 1867. Þar á ofan hafa bænir landsmanna um fleiri lækna og kvartanir um læknaleysi, bæði á þessu og undanfarandi þingum, berlega sýnt, að nauðsynlegt er, að stofna fleiri læknisumdæmi, en nú eru til. Það er því sannfæring þingsins, að læknasjóðurinn alls ekki geti borið fleiri byrðar, en þegar eru á hann lagðar, og framvegis þyrftu að verða lagðar á hann, ef hann nokkurn tíma yrði fær um, að bera þær. En að því er sýslufélögin eða kaupstaðina snertir, virtist þinginu ósanngjarnt, að leggja $\frac{1}{3}$ kostnaðarins á þau; því eftir 1. gr. frv. er öllum útlendum skipum, sem hafa þessar hættulegu og næmu sóttir meðferðis, stefnt á þessa 6 staði, sem að öðrum kosti gætu, ef til vill, sloppið hjá sýkinni. Þar að auki eru enn sem stendur engir sýslusjóðir til, svo þinginu er ekki unnt, að hafa ljósa hugmynd um þeirra tilvonandi efnahag. Hvað jafnaðarsjóðina snertir, þá er full-

kunnugt, hve þungar álögur á þeim hvíla og hve almennar kvartanir ganga hér á landi yfir því, hve mjög þeim sé ofþyngt; enda hafa og að þessu sinni komið til þingsins bænarskrár úr ýmsum héraðum landsins, sem lúta að því, að þingið ráði frá, að leggja nýjar álögur á landið, sízt á meðan alþingi hefur ekki fengið fjárforræði, og getur þingið ekki betur séð, en að þær séu á góðum rökum byggðar.

Af þeim ástæðum, sem hér að framan eru taldar, leyfir þingið sér allraþegnsamlegast með 17 atkvæðum gegn 7 að ráða yðar konungl. hátign frá:

að frumvarp það, sem hér ræðir um, verði gjört að lögum, og sér í lagi að taka það fram (með 17 atkv.), að þetta verði að minnsta kosti ekki gjört fyr, en sjákráhús eru upp komin á öllum þeim stöðum, sem nefndir eru í 1. grein.

Allraþegnsamlegast
Jón Sigurðsson. Björn Pétursson.

NEFNDARÁLIT

um konunglegt frumvarp til tilskipunar um ábyrgð fyrir eldsvoða á Reykjavíkur-kaupstað o. fl.

Hið heiðraða alþingi hefur kosið oss, sem hér ritum nöfn vor undir, í nefnd, til að ihuga og segja álit vort um frumvarp til tilskipunar um ábyrgð fyrir eldsvoða á Reykjavíkurkaupstað o. fl.

Vér höfum ihugað mál þetta, og rætt það með oss, og skulum vér nú skýra hinu heiðraða alþingi frá skoðun vorri á máli þessu, og verður hún þannig.

Vér ætlum, að það hljóti að vera öllum ljóst, hversu mikill hnekkir það hefur verið, er, og hlýtur að vera öllum vexti og viðgangi Reykjavíkur-kaupstaðar, að húseigendur þar hafa eigi getað fengið ábyrgð á húsum sínum gegn eldsvoða; því að af því leiðir, að húsin geta eigi selzt með fullu verði, og þau eru talin og eru í raun rættri mjög fallvölt og óáreiðanleg eign, þar sem þau geta brunnið upp að köldum kolum, svo að eigendurnir fá ekkert fyrir; og þessi hætta rýrir því meira verð húsa hér, sem þau eru mörg úr timbri, og hætt við, að ef eldsvoði annars kæmi upp í bænum, að hann þá og tæki yfir fleiri en eitt hús. Af þessu leiðir svo sem að sjálfsögðu, að húseigendur ekkert lán geta fengið upp á hús sín, hvað sem þeim á liggur, og því engin hús verða gjörð

hèr, nema hlutaðeigandi sé svo efnum búinn, að hann geti reist húsið af eigin efnum, og sér þó opt til mjög mikils бага, og þess vegna eru hús hér flest smá og lítilsvirði. Með því nú að það er naumast auðið fyrir Reykjavíkurbúa, að stofna ábyrgðarfélag út af fyrir sig enn sem komið er, og þess mun æðilangt að bíða, að ábyrgð geti fengið fyrir húsunum hér á landi, er það auðsætt, hversu áriðandi það er fyrir Reykvíkinga, að geta fengið ábyrgð fyrir húseignum sínum hjá einhverju útlendu, áreiðanlegu ábyrgðarfélagi, sem eigi verður tortryggt með nokkrum gildum ástæðum, og slíkt félag er einmitt brunabótagjaldfélag hinna dönsku kaupstaða; því að það er kunnugt og áreiðanlegt; en þótt Reykvíkingar gætu fengið ábyrgð fyrir húsum sínum hjá einhverju ábyrgðarfélagi í öðrum ríkjum, þá bætir það engan veginn að fullu úr þörfum Reykvíkinga; því að þessi félög eru hér lítt kunn, og flestir hér þekkja næsta lítið til þess, hversu áreiðanleg þau eru, enda hika landsbúar sér við, að fá ábyrgð fyrir húsum sínum hjá þeim, af þeim sökum, að það gæti verið ýmsum örðugleikum bundið, að fá brunabæturnar borgaðar hjá þeim, ef óhapp vildi til, og fé fæst eigi að láni hér upp á slíka ábyrgð. En öll þessi vandkvæði mundu hverfa, ef Reykjavíkurbúar fengju ábyrgð fyrir húsum sínum hjá ábyrgðarfélagi hinna dönsku kaupstaða.

Þegar vèr nú snúum oss að frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, þá er reyndar sumt í því, sem vèr mundum óska fyrir hönd Reykjavíkurbúa að öðruvísi væri, og er það hið helzta:

1. Það, að eptir 1. grein frumvarpsins fæst eigi ábyrgð fyrir meiru en tveim þriðjungum ábyrgðarverðs húsanna, en kaupstaðurinn sjálfur er skyldaður til, að takast á hendur ábyrgðina fyrir einum þriðjungnum; og er það að vísu óhagkvæmt; því að enn sem komið er getur bærinn eigi tekið að sér slíka ábyrgð upp á sitt eindæmi. En hér er þó sú bót í máli, að bærinn getur að líkindum fengið ábyrgð fyrir þessum hlutanum hjá einhverju öðru félagi, og þótt sú ábyrgð kunni að verða nokkru dýrari, en hjá ábyrgðarfélagi hinna dönsku kaupstaða, þá verður það þó engin frágangssök. En við það ynnist líka það, að Reykvíkingar gætu farið að efna hjá sér til ábyrgðarsjóðs, sem með tímanum gæti orðið undirstaða fyrir ábyrgðarsjóði fyrir allan bæinn, ef hamingja væri með, og stór óhöpp vildu eigi til.
2. Er það, að bæði brunabótagjaldið og gjaldið til umboðssjóðsins er talsvert hærra hér en í Danmörku, en það er þó eigi að

orsakalausn, sumpart vegna þess, að eigi er ætlað til, að Reyk-
víkingar leggi neitt til viðlagasjóðsins, og sumpart vegna þess,
að það fer að líkindum, að umboðsstjórnin verði nokkru dýrari
hér en í dönskum kaupstöðum; en allt um það verður þó brunabótagjaldið eptir frumvarpinu talsvert lægra, en hjá öðrum á-
byrgðarfélögum, sem kostur er að fá ábyrgð hjá, að svo miklu
leyti oss er kunnugt.

Hið ísjárverðasta, sem sumum kynni að þykja við frumvarp
þetta, er það, að fulltrúum brunabótagjaldsins er í 10. greininni
áskilinn réttur til að breyta brunabótagjaldinu og tillaginu til um-
boðssjóðsins. En þetta skilyrði er eigi svo fráfælandi, þegar betur
er aðgætt; því að fyrst er það, að fulltrúarnir geta eigi breytt
þessu gjaldi, nema með samþykki dómsmálastjórnarinnar, en vèr
verðum að vonast eptir, að hún sjái um, að ekkert ósanngjarnt
gjald, eða að óþörfu, verði lagt á Reykjavík í þessu efni; ank þess
sem vonandi er, að enga nauðsyn beri til, að hækka það, úr því
sem það nú er sett; en annað er það, að Reykjavíkurbúum er sett
í sjálfsvöld að hætta öllum viðskiptum við félagið, undir eins og
tilskipuninni yrði breytt, svo að þeir þurfa eigi að sæta þeim kost-
um, sem félagið setur þeim, frekar eða lengur, en þeir sjálfir vilja,
samkvæmt 12. grein.

Vèr getum því eigi séð neina brýna nauðsyn til, að fara fram
á neinar breytingar í frumvarpi því, sem hér ræðir um, enda gætu
breytingaruppástungur við frumvarpið valdið því, að frumvarpið
gæti eigi orðið löggilt, og Reykvíkingar yrðu því enn um langan
aldur að hafa hús sín ábyrgðarlaus. Enda er þessu frumvarpi
nokkru öðruvísi varið, en öðrum frumvörpum frá stjórninni, að hér
er eigi við stjórnina eina um að eiga, heldur sérstaklegt félag, sem
engin líkindi eru til að vilji breyta þeim skildögum, sem það hef-
ur sett fyrir því, að það vilji takast á hendur ábyrgð á húsum í
Reykjavík fyrir eldsvoða; að minnsta kosti mundi langur tími ganga
til slíkra samninga, og þó óvíst að nokkuð á ynnist, en með því
drægist tíminn eð til vill til ónýtis. Þetta frumvarp verðum vèr
því að skoða sem eins konar samning millum einstakra manna,
og með því oss er kunnugt, að bæjarstjórn Reykjavíkur vill ganga
að hinum boðnu kostum, heldur en að verða af ábyrgðinni, vilj-
um vèr samhuga ráða hinu heðraða þingi að beiðast þess allra-
þegnsamlegast:

Að hans hátign mætti allramildilegast þóknast, að lög-
gilda frumvarp þetta óbreytt sem allra-fyrst.

Alþingi, 21. dag júlím. 1873.

H. Kr. Friðriksson, Jón Sigurðsson. Björn Pétursson.
form. og framsögum. E. Egilsson, P. J. Víðalín.
skrifari.

NEFNDARÁLIT

í málinu um konunglegt frumvarp til tilskipunar fyrir Ísland um
friðun á laxi.

Alþingi kaus oss undirskrifaða í nefnd, til að segja álit vort
um frumvarp til tilskipunar fyrir Ísland um friðun á laxi. Höfum
vér nú íhugað og rætt mál þetta ítarlega vor á meðal, og leyfum
oss nú að skýra þinginu frá álitinu voru um það á þessa leið.

Það er kunnugt, að alþingi hefur haft mál þetta til meðferð-
ar tvívegis að undanförunu, nefnil. 1867 og 1871, og í hvortveggja
skipti sent stjórninni frumvarp til laxveiðilaga, sem það hefur beð-
ið um að yrði lögleitt, en stjórnin hefur eigi viljað fallast á þessi
frumvörp, og því nú lagt áðurnefnt frumvarp fyrir þingið; hefur
stjórnin í því tekið til greina nokkrar breytingar alþingis 1871
við frumvarp hennar þá, en nokkrar ekki, og sett í þeirra stað
nýjar ákvarðanir; byggir stjórnin þessa aðferð sína á því, að á
þinginu 1871 hafi verið mikill ágreiningur meðal þingmanna um,
hvernig málinu skyldi koma fyrir í ýmsu tilliti, og að mótbáru þær,
sem komu í bréfi frá 17 alþingismönnum gegn mikilvægri ákvörðun,
sem alþingi hafði fallist á, virtust benda til þess, að frumvarpið
hafi eigi í öllum atriðum verið svo gaumgæfilega íhugað, sem æski-
legt hefði verið. En þó að það nú yrði álitid, að ýmsum uppá-
stungum alþingis og tillögum í þessu máli hafi, eins og öðrum
mannaverkum, verið ábótavant, þá getur þó nefndin ekki betur séð,
en að breytingum stjórnarinnar, sem koma fram í þessu frumvarpi,
er hér ræðir um, sé einnig mjög ábótavant, og að þetta frumvarp,
ef það yrði gjört að lögum, eins og það nú er, yrði engu betra
eða landinu haganlegra, en vor fornu landslög eða ákvarðanir Jóns-
bókar, eins og það einnig í einni aðalákvörðun sinni hefur breytt
frumvarpi alþingis 1871 svo mjög til hins lakara, að þessi eina
ákvörðun er næg ástæða til, að nefndin verður alveg að ráða frá

því, að frumvarp það, er hér liggur fyrir, verði gjört að lögum. Skulum vér nú sýna þetta nokkuð gjör, um leið og vér viljum vekja athygli þingsins á nokkrum fleiri greinum frumvarpsins.

Í 1. grein er bætt inn í þingsfrumvarpið 1871 þessum orðum: «sem ekki eru saltvötn», en þessi breyting stjórnarinnar er ekki til bóta; því að eptir henni mætti veiða að ósekju á friðunartímanum lax í þeim vötnum, sem sjór fellur upp í, en það er jafnnaðsynlegt, að friða þau vötn, sem hin, þegar veiðiár renna í þau.

Hið sama er að segja um ósana að vötnum þessum, er liggja til sjávar, að þeir þurfa eins að friðast, enda stóð í þingsfrumvarpinu 1867 «Vatnaósum».

Í 2. grein er ákveðið, að opin á föstum veiðivélum skuli vera 2 áln. á breidd fyrir hverjar 6 áln. af lengd vélarinnar fram í vatnið. En sé nú áin eigi 6 álnir á breidd, sem vel getur komið fyrir, þegar hún fellur í streng, og vatn er minnst í henni, þá getur þessi ákvörðun frumvarpsins ekki átt við.

Í 6. grein frumvarpsins er einungis talað um það, þegar svo stendur á, að 2 menn eða fleiri eiga á saman, eða þegar fleiri menn eiga veiði hver á móti öðrum, en hún talar ekki um það, þegar einn maður á alla veiði efst í á eða kvísl, sem vor fornu lög hafa þó sett sérstaka ákvörðun um, og einnig var sett í frumvarp alþingis 1867, og vantar því ákvörðun um þetta í frumvarp stjórnarinnar nú. Í þessari grein þyrfti og að bæta inn í á eptir orðunum: «þar sem dýpst er»: «eða *jafndjúpt*». Svo er og um aðra grein.

Í 7. grein er ákveðið, að ekki megi hafa á boðstólum o. s. frv. lax, sem sé styttri en 11 þumlunga, og hefur stjórnin þannig álitid réttara, að miða þannið móti sölu og kaupum á ólöglega veiddum laxi við lengdarmál hans, en ekki ummál, eins og alþingi 1867 og 1871 fór þó fram á. En þessi ákvörðun 7. greinar frumvarpsins um lengdarmál laxins getur ekki samrýmzt við ákvörðun 4. greinar um möskvastærðina, því vér höfum aldrei séð þann lax, sem er 9 þumlunga ummáls, þar sem hann er gildastur, en að eins 11 þumlunga á lengd. Þessar greinir ættu þó að geta samrýmzt, því vér skiljum 7. grein svo, að tilgangur hennar sé, að hanna kaup og sölu eða það að hafa á boðstólum minni lax, en þann, er 4. grein leyfir að veiða.

Þó er 8. grein frumvarpsins hin óheppilegasta af öllum greinum þess, og ein næg ástæða til þess, að þingið hafni frumvarpinu

með öllu; sýnir hún og, hversu danska stjórnin er fús á að lítils-
virða tillögur alþingis og grundvallarreglur hinna fornu íslensku
laga, sem þó í mörgum greinum eru heppilega sníðnar eptir lands-
háttum hér.

Alþingi 1871 stakk nefnilega upp á því í frumvarpi sínu, sem
þá fór frá þinginu, að, að því leyti undantekningar kynnu að þurfa
við frá aðalreglu þeirri, er frumvarpið setti, skyldi hún fara eptir
álitu 6 kunnugra og óvilhallra manna, sem rétturinn löglega kveddi,
enda er regla þessi samkvæm grundvallarreglu Jónsbókar; en þessa
uppástungu hefur stjórnin eigi viljað þýðast, án þess þó að færa
neinar ástæður fyrir því; en þar á móti hefur hún sett nú nýja
ákvörðun um, að landshöfðingi skuli hafa því nær ótakmarkað vald
til, að veita undanþágur frá lögnum, það er að segja, til að færa
niður mál þau, sem ákveðin eru í 4. og 7. grein, svo að undan-
þágurnar geta þannig orðið aðalreglan, og aðalreglan að eins und-
antekning; en það er þó auðsætt, að því fleiri sem undanþágurnar
verða í þessu efni, því þýðingarminna verður lagabóðið, og því
síður fullnægir það þeim tilgangi, sem það á að hafa, sem er að
vernda laxveiðarnar. Þegar þess nú er enn fremur gætt, að lands-
höfðingi á að byggja undanþágur sínar einungis á skýrslum hlut-
aðeigandi amtmanns og sveitarstjórnar, sem, ef til vill, ekkert
þekkja til laxveiða, eða hvernig til hagar á þeim stað, sem þá
ræðir um; nema eptir skýrslum lóðareigandanna þar í kring, er
vænta má að verði meira og minna vilhallir í slíku máli, þá er auð-
sætt, að engin trygging er með þessari ákvörðun fengin fyrir því,
að undanþágurnar verði á nægum rökum byggðar, auk þess sem
af þessari tilhögun hlýti að leiða óþarfa-tímatöf og bréfaskriptir
fyrir hlutabætgendur. Þar á móti verður komið hjá þessum ann-
mörkum, með því að fylgja uppástungu alþingis 1871, sem áður
er greind, þegar veita þarf undanþágu frá aðalreglunni, enda veitir
hún langtóm meiri tryggingu fyrir því, að undanþágurnar verði
ekki of margar.

En þar eð vér getum ekki gjört oss vonir um, að stjórnin
nú fremur en fyrri vilji taka tillögur alþingis til greina, þar sem
hún ekki hefur viljað enn lögleiða frumvörp alþingis, hvorki það, er
henni var sent frá alþingi 1867 né 1871, þá höfum vér ekki séð
til neins, að stinga upp á breytingum við frumvarp þetta, er hér
liggur fyrir, en álitum ófært, að það sé leitt í lög, eins og það nú
er, svo sem að framan er sýnt, með því vér og álitum landslög

vor, er nú gilda, betri og landinu haganlegri, sè þeim að eins beitt og þeirra gælt, og því er það vor tillaga, að þingið ráði frá, að frumvarp þetta verði gjört að lögum. En þar eð vèr þó álitum nauðsynlegt, að ný lög verði sett um laxveiðar, sem út færðu betur hinar almennu ákvarðanir Jónsbókarinnar, eins og alþingi hefur farið fram að undanfögnu, en það virðist af ástæðum stjórnarinnar fyrir hinni 8. grein frumvarpsins, að hún hafi byggt ákvörðunina um undanþágur þær, sem þar eru heimilaðar, einkum á því, að svo ýmislega hagi til í hinum ýmsu veiðiám og veiðivötnum landsins, þá viljum vèr stinga upp á því, að þingið beiðist þess, að nefnd verði sett hér á landi, sem sè skipuð þeim mönnum, er sè kunnugir laxveiðum, og einum lagamanni, sem útvegi skýrslur frá hinum ýmsu hëruðum, þar sem laxveiði er við höfð, og þú síðan til frumvarp til tilskipunar um friðun á laxi, svo að sem almennust regla yrði gefin, og undanþágurnar yrðu sem fæstar eða engar, og síðan verði málið lagt að nýju fyrir alþingi.

Af framanskriðuðum ástæðum verður það því tillaga nefndarinnar í þessu máli:

1. að þingið ráði frá, að frumvarp það, er hér ræðir um, verði gjört að lögum.
2. að þingið beiðist þess, að nefnd verði sett hér á landi, er sè skipuð þeim mönnum, sem sèu kunnugir laxveiðum, og einum lagamanni, er útvegi skýrslur frá hinum ýmsu hëruðum, þar sem laxveiði er við höfð, og þú síðan til frumvarp til tilskipunar um friðun á laxi, sem því næst verði lagt fyrir alþingi.

Alþingi, 22. júlí 1873.

Hjálmur Pétursson, P. J. Vídalín, Páll Ólafsson.
formaður. skrifari og framsögum.

NEFNDARÁLIT

viðvíkjandi fjárhagsreikningum Íslands fyrir árin 1871—73.

Híð heiðraða alþingi kaus að þessu sinni, eptir ósk nokkurra þingmanna, og samkvæmt bendingu hinnar konunglegu anglýsingar til þingsins, oss undirskrifaða í nefnd, til að íhuga reikningsýfirlitið yfir tekjur og útgjöld Íslands á reikningsárinu frá 1. apríl.

1871 til 31. marzm. 1872, og áætlanirnar yfir tekjur og útgjöld landsins frá 1. apríl. 1872 til 31. desemberm. 1873.

Nefndin hefur bæði leitað allra þeirra upplýsinga, sem unnt hefur verið, og rætt þetta mál á fleiri fundum, og yfir höfuð, eptir sínum veiku kröptum, yfirvegað og rannsakað þessi mál, en verður þegar í upphafi að beiðast vorkunsemi þingsins á þeim litla árangri, sem orðið hefur af vildleitni hennar, því þótt bæði hinn hæstvirti konungsfulltrúi og aðrir hlutaðeigendur hafi tekið tilmælum nefndarinnar um uppfræðingu vel, þá hafa þó þær skýringar, sem nefndinni hafa boðizt, verið harðla ófullkomnar og ónógar; margar hverjar munu enda vera ófánlegar hér á landi, og í Kaupmannahöfn að eins finnast á bókhaldsstofu fjármálastjórnarinnar (t. d. um öll viðskipti aðalfjárhirzlu ríkisins og jarðabókarsjóðsins). Þegar nú hér ofan á bætist það tvennt, að reikningsfærsla virðist vera óljós og flókin, og vanmáttur nefndarinnar að rekja þvilíkt völundarhús, þá má hið heiðraða þing, að svo komnu máli, ekki ætlast til mikils afraksturs af vildleitni nefndarinnar.

Engu að síður eru nokkur atriði í málum þessum, sem nefndin leyfir sér að taka fram til íhugunar, samt með þeim fyrirvara, að mörg kunni að vera fleiri og mikilsverð, sem hún að þessu sinni leiðir hjá sér, sökum bæði skorts á nægum skýringum, og ófimleika við þessi störf og því um lík. Þess skal upphaflega getið, að fyrst hin konunglega auglýsing til alþingis frá 23. maím. þ. á. ekki sinnur neitt því til fyrirstöðu, að hæfilegt tillit sé tekið til fyrirspurna og uppástungna alþingis viðvikjandi fjárhagsáætlunum landsins, þá hefði það, ef stjórnin vildi græða á tillögum þingsins, verið æskilegt, ef konungsfulltrúi hefði verið gjörður fær um, að gefa ítarlegar upplýsingar um allt, sem virðist óljóst í málinu, eins og það hefði farið vel á því, að hinar prentuðu atugasemdir við reikningsyfirlitið og áætlanirnar hefðu einnig verið samdar á íslenzku máli, því þótt það aldrei stæði til í eiginlegum skilningi að leggja þær fyrir þingið, þá mátti þó búast við, að þær yrðu því tilkynntar, og altænd snerta þær eins mikið Íslendinga, eins og Dani, fyrir hverja þær að málinu til eingöngu virðast vera samdar.

Nefndin leyfir sér því næst stuttlega að minnst þeirra atriða, sem alþingi 1871 tók fram í fjárhagsáætluninni fyrir 1871-72, og sem hin konunglega auglýsing stuttlega drepur á.

a, að reikningshalli sá Íslandi í óhag, sem fólgin virðist vera í áætluninni I., 4. gr. (sbr I., 2. gr., 9.) verði lagaður. Þessu svarar hin konunglega auglýsing með svo felldum orðum: »Það, sem hér er talið með útgjöldum (lestagjald af póstgufuskipinu), er beinlínis í samhljóðan við lög af 2. janúarm. 1871, 7. gr., annan lið, og getur því ekki verið umtalsmál, að laga það».

Enda stendur hin sama útgjaldagrein á áætlununum fyrir 1. aprílm. 1872 til 31. marzm. 1873, og frá 1. aprílmán. 1873 til 31. desemberm. 1873, í þeirri fyrri með 994rd., og í hinn seinni með 854 rd. Hin áminnzta grein í lögum af 2. janúarm. 1871 hljóðar þannig:

Ef nokkuð gjald verður lagt á þessar póstferðir til hins sérstaklega sjóðs Íslands, verður jafnmikið dregið af árs-tillagi því, sem ákveðið er handa Íslandi í 5. gr.

Nefndin fær eins lítið í ár eins og í hitt eð fyrra skilið; að lestagjald af vöruflytningi póstgufuskipsins sé áлага á póstferðirnar, og það er því auðsætt, að þessi ágreiningur hlýtur að verða kominn undir úrskurði dómstólanna.

b, að tekjurnar af póstgöngunum og dómsmálasjóðnum eptirleiðis verði tiltekna í tekjudákinum.

Þessu svarar hin konunglega auglýsing á þá leið:

Með því að póstmálin verða skoðuð sem stofnun, sem á að koma í það horf, að þau borgi sig sjálf, verður það mest samkvæmt grundvallarreglunum að telja að eins það til, sem skjóta þarf til, það er að segja, að til taka tillag landssjóðsins í útgjaldadákki fjárhagsáætlunarinnar, á meðan útgjöldin eru meiri en tekjurnar. Að því leyti, er snertir dómsmálasjóðinn skyldi samkvæmt tilskipun um byggingu hegningarhúss og fangelsa á Íslandi o. fl. 4. marzm. 1871, 4. gr., greiða kostnaðinn við byggingu hegningarhússins í Reykjavík úr tæðum sjóði, og hefur því orðið að verja fê því, sem sjóðurinn átti, til þess að greiða nefnd útgjöld.

Þó að athugasemdirnar við áætlunina fyrir reikningsárið frá 1. aprílm. til 31. desemberm. 1873, bls. 8—10, hafi að innihalda upplýsingar áhrærandi tekjur af póstgöngunum, og sömu athugasemdir bls. 4 einnig upplýsingar viðvíkjandi dómsmálasjóðnum, sem nefndin fyrir sitt leyti ekki sinnur neina ástæðu til að vefengja, þá er nefndin

þó enn á því máli, að það sé rætti og glöggri reikningsfærslu samfara, að til taka í tekjudálknum tekjurnar af póstgöngunum og dómsmálasjóðnum, í stað þess, eins og enn er gjört, eingöngu í útgjaldadálkinum, að nefna tillagið til póststjórnarinnar, og á tekjudálknum leigur af hjálparsjóðnum, eða rættara sagt: af þeim skulda-bréfum einstakra manna, sem hjálparsjóðurinn hefur tekið við af dómsmálasjóðnum, án þess að tillag dómsmálasjóðsins til hegn-ingarhúss-byggingarinnar nokkurstaðar komi fram í áætlununum, sem að eins (nefnl. áætlunin frá 1. apríl til 31. des. 1873) til greina þann þátt, sem Reykjavíkurborg og jafnaðarsjóður suður-amtsins hafa tekið í byggingunni.

Nefndin neitar því engan veginn, að athugasemdirnar óbein-línis gefa þá upplýsingu, að innstæða dómsmálasjóðsins hafi verið 15,163 rd. 32 sk., og sú upplýsing, sem þingið 1871 beiðdist, er að svo miklu leyti fengin, en nefndin skilur ekki glögg, hvers vegna því um líkar skýringar ekki eru teknar upp í sjálfar áætl-anirnar. Það er kunnugra, en frá þurfi að segja, að ríkisþingið í Danmörku á síðari árum ávallt hefur krafist þess, að innstæður og allt ástand einstakra sjóða, undir hvaða stjórnardeild sem þeir heyra, séu tilgreindar í fjárhagsáætlununum og reikningsyfirlitunum, og nefndin gengur þess vegna að því vísu, að hin konunglega stjórn smámsaman muni inn leiða þá glöggu reikningsfærslu fyrir Ísland, sem þegar er orðin að venju í Danmörku.

C. Þingið fram bar einnig 1871 þar að lútandi óskir, að í stað þess svokallaða hjálparsjóðs væri tekinn inn í áætlunina hinn íslenski styrktarsjóður, um hvers ástand og reikninga þingið einnig æskti að fá upplýsingar. Hin konunglega auglýsing gjörir litið úr þessari ósk þingsins; hún getur þess, sem þinginu var kunnugt, að miklu fé hafi verið varið úr sjóðnum til lána til að af stýra hungursneyð á Íslandi, en eins og sjóðir yfir höfuð allt eins vel eru til fyrir það, þótt fé þeirra sé í láni, eins virðist þetta ekki hafa getað verið því til fyrirstöðu, að sjóðurinn verði tilgreind-ur í áætlununum og þá skýring gefin um leið um það, hvenær og hvernig það úr sjóðnum útlánaða fé væntist innheimt. Nefndin verður því enn á ný að ítreka sína fyrri tillögu, að styrktarsjóður Íslands verði tekinn inn í næstu fjárhagsáætlun ásamt glöggum reikningi yfir ástand hans.

D. Bæði af hinn konunglegu auglýsingu og fjárhagsáætlun-inni frá 1. apríl til 31. desemberm. 1873 sést, að stjórnin hefur

tekið nokkuð tillit til beiðni þingsins 1871, en eptir því, sem nefndinni virðist, hefur það sér í lagi verið eptir upplýsingum, sem fram hafa komið frá stiptsyfirvöldunum, að athugasemdir þingsins ekki hafa verið teknar frekar til greina, en skæð er. Fjarri sé nefndinni að gjöra sig að dómara yfir, hvort skýringar stiptsyfirvaldanna í þessu efni eru á góðum rökum byggðar, eður ekki, en eitt er víst, að annaðhvort er sú upphæð, sem ætluð er til skólahússins, utanstokks og innan, ónóg, þó að hún nú á báðum áætlunum nemi 1800 rd. (1285 rd. fyrir reikningsárið 1. apríl. 1872 til 31. marzm. 1873, og 525 rd. frá 1. apríl. til 31. desemberm. 1873), ellegar þessu fê hefur ekki ætíð verið sem haganlegast varið. Húsið er hrörlegt og niðurnítt bæði utan og innan, og ekki á því að sjá, að því í langan tíma hafi hlotnæzt nokkur veruleg aðgjörð.

Að svo mæltu skal nefndin leyfa sér að hverfa til þeirra nýju atriða í þeim fyrirbyggjandi áætlunum og reikningum, sem henni sér í lagi virðast athugasemdir.

1. Síðan að alþingi síðast kom saman, hafa ýmsar breytingar orðið á umboðsvaldinu í landinu, sem þingið, og vêr höldum einnig landslýðurinn, ekki bjóst við að mundu verða gjörðar fyrri heldur en stjórnarþótarmál landsins væri til lykta leitt, eður að minnsta kosti allur efi á enda um það, hvort allt skyldi standa við sama í stjórnatilhögun landsins, eður að alþingi fengi löggjafarvald og fjárforræði. Þessum breytingum eru ýms útgjöld samfara, nefnilega í útgjaldaáalknum undir 6. grein:

- a. mismunur á launum landshöfðingjans og fyr meir stiptamtmannsins yfir Íslandi.
- b. laun landsskrifarans.
- c. launaviðbót amtmannsins yfir suður- og vesturamtinu.
- d. kostnaður við flutning á húsi nefnds amtmanns frá Stykkishólmi til Reykjavíkur, og
- e. samkvæmt athugasemd við 3. gr. á tekjudálkinum, uppgjóf á skuld, sem hvíldi á stiptamtmannhúsinu fyrir eldri aðgjörðir.

Þessi útgjöld nema rúmri 4000 rd. upphæð á ári, sem þannig að fornspurðu þingi og þjóð hefur verið lagt á landið. Vêri hægt að sýna, að hin umgetna breyting á umboðsvaldinu nú þegar hafi verið óumflýjanleg, þá mundi nefndin ekki hafa minnt þeirra ofan nefnda útgjalda, sem þannig hefur verið ráðstafað, en önnur spurning verður það, hvort þingi og þjóð hafi verið sýnd sú varfærni,

sem alla-jafna eflir gott samkomulag, og sem enda góður húsbóndi sýnir hjúum sínum, þó hann hafi á réttu að standa. Nefndin er á þeirri skoðun, að eptir að fjárhagur Íslands var aðskilinn frá fjárhag ríkisins, og meðan að alþingi enn þá ekki var búið að fá fjárforræði, þá er landssjóðurinn líkastur ómyndugra fæ, sem fjárhaldsmaðurinn (stjórnin) á að verja með mestu sparsemi og fyrirbyggju, og ekkert þar af brúka nema til nauðsynlegra þarfa hins ómynduga (Íslands), og hefði því farið bezt á, að láta útgjöld landsins sitja við sama og áður voru, þann stutta tíma, sem vonandi er að eptir sè, þangað til að landið verður sjálfs sín ráðandi. En á þessu millibili að leggja ný útgjöld á landið án bráðustu nauðynja, virðist ekki samboðið réttum stjórnarreglum, þó það kunni bæði að vera löglegt og leyfilegt. Í þeim lagafrumvörpum, sem lögð voru fyrir alþingi 1871 um stjórnarskrána o. fl., var reyndar gjört ráð fyrir nokkrum þeim breytingum, sem nú eru orðnar, en það er hvortveggja, að höfuðfrumvarpið, undirstaðan undir öllu þessu nýja fyrirkomulagi, ekki varð að lögum þrátt fyrir beiðni minni hluta þingsins (sem þó eptir alþingistilskipuninni hefur síns réttar að reka), enda gjöra sum af þeim lögum (um toll af brennivíni, spítalamálið), sem byggð eru á nefndum frumvörpum og síðan eru út komin, ráð fyrir, að nokkur dráttur kunni að verða á stofnun landshöfðingjadæmisins, og að stiptamtmaðurinn yfir Íslandi takist á hendur á meðan þau störf, sem landshöfðingjanum eru ætluð. Þar við bætist, að hvorki þurfti aukið vald, nýja nafnbót né aukin laun til þess forsvaranlega að gegna þeim störfum, sem þessi lög fyrir skipa. En hafi nefndin rétt fyrir sér í því, að stofnun landshöfðingjadæmisins á þessu stigi hafi verið ónauðsynleg, þá er lítil efi á, að hið nýja landsskrifaraembætti og sameining suður- og vesturamtsins eru óþörf að svo komnu máli. Nefndin fær ekki skilið, að landshöfðingjadæminu fylgi sú viðbót í önnum og skriptum, sem auk skrifstofuembættisins útheimti nýjan og það af konungi útnefndan skrifara. Nefndin heldur miklu fremur, að úr því störf amtmannsins yfir suðurámtinu bæði sem amtmaður og að nokkru leyti sem stiptsyrirvald eru aðskilin frá landshöfðingjaembættinu, þá hefði að minnsta kosti um stundarsakir mátt una við þá skrifstofu og það skrifstofufæ, sem landshöfðinginn heldur óskertu, þó að landsskrifarinn hafi bætzt við.

Hvað nú loksins sameiningu suður- og vesturamtsins áhrærir, þá eru þingmennirnir að vestan bezt færir um að skera úr, hversu

haganleg og geðfelld vesturambúum þessi breyting muni vera. Það getur varla hjá því farið, að þeim mörgu Vestfirðingum, sem í ýmsum erindum þurfa að leita amtmanns síns, finnist, sér í lagi á vetrardag, lengra að leita hans í Reykjavík, en í Stykkishólmi. Og þó aldrei nema hefði verið þarflegt að flytja amtmanninn yfir vesturamtinu suður í Reykjavík, þá er eptir að sýna, hverja nauðsyn bar til að flytja hús hans á eptir honum. Stjórnin hefur á stundum látið svo lítið, að spyrja þingið til ráða um sameiningu á sýslum, hverju sætir þá, að eins stórkostleg breyting, eins og sameining á tveimur ömtum, er gjörð að þinginu fornspurðu, og það þó að sýslu-sameiningunni fylgdi enginn kostnaður, en amts-sameiningunni töluverð útgjöld. Nefndin verður því að ráða hinu heiðraða þingi til allraþegnsamlegast að bera sig upp við hans hátign konunginn um þessar breytingar, og þann kostnað, sem þeim fylgir, og jafnframt heiðast þess, að hans hátign allramildilegast vildi sjá svo fyrir, að ný útgjöld ekki verði lögð á lands-sjóðinn, meðan það millibils-ástand varir, sem vonandi og óskandi er að ekki eigi langan aldur úr þessu.

2. Í nánú sambandi við það, sem á undan er farið, eru ýms útgjöld, sem heyra undir 11. útgjaldagrein á reikningsyfirlitinu, sér í lagi undir tölulið 2, laun handa dýralækni í suðuramtinu og ferðakostnaður fyrir stiptamtman Finsen til Kaupmannahafnar í opinberu erindi. Hvað hinu fyrra atriði viðvíkur, þá er nefndin í miklum efa um, hvort þessu fê sê vel varið. Nefndinni er ekki kunnugt, að arðurinn af þessum styrk svari kostnaði, þvert á móti hefur hún heyrt utan að sêr, að sú plága, sem dýralæknirinn átti að af stýra, enn þá sê við sama, hvort sem þetta er dýralækninum að kenna, eður eigi. Hvað hinu síðara atriði viðvíkur, þá er nefndinni óljóst, hvort landið á að bera þann kostnað, sem samfara kann að vera ferðum þeirra embættismanna, sem einhver ráðgjafi konungs af einhverjum orsökum kann að vilja boða á sinn fund. Þessi kostnaður virðist miklu fremur að eiga að berast af útgjalda-grein ríkisins til óvissra útgjalda, sem upp á kunna að koma.

3. Hið sama, og þó miklu fremur, virðist eiga sêr stað um gjöld til konungsfulltrúa á alþingi, sem í athugasemdunum við reikningsyfirlitið bls. 13 eru færð landssjóðnum til reiknings. Nefndin skal í þessu tilliti leyfa sêr, að leiða athygli þingsins að konungsráðgjafi 27. febrúarmán. 1846 (lagasafn fyrir Ísland, 13.

bindi, bls. 374, sem býður, að allur kostnaður til konungsfulltrúa og hans aðstoðarmanns, í stað þess að falla á jarðabókarsjóðinn, og þar með niður jafnast á Ísland, skuli gagngjört færast aðalféhirzluinni til reiknings, undir útgjaldagreininni til óvissra ríkisútgjalda, sem upp á kunna að koma. Nefndin býst ekki við þeirri mótbáru, sem heldur ekki gæti staðizt, að þessi kostnaður á sumum af ríkisfjárhagsáætlunum er lauslega nefndur, en vel að merkja ekki reiknaður, þar sem íslenskra útgjalda er getið. Miklu fremur býst nefndin við þeirri mótbáru, að vísað sé til laga af 2. janúarm. 1871, 4. greinar, þar sem segir, að öll útgjöld til alþingis skuli talin sérstakleg gjöld Íslands. En eptir því ætti að færa önnur gjöld, sem þó hingað til enn ekki hafa verið talin landinu til útgiptar, t. d. undirbúningur og prentunarkostnaður á þeim konunglegu frumvörpum, sem lögð eru fyrir þingið og fl., landssjóðnum til útgjalda. En það er aðgætandi, að konungsfulltrúi og aðstoðarmaður hans, sem hvorugur hafa atkvæðisrætt á þinginu, geta ekki á sama hátt talizt með alþingi, eins og alþingismennirnir sjálfir og þeir, sem í þeirra þjónustu hafa sérstaklegt starf á hendi, en verða þar á móti að skoðast sem umboðsmenn konungs og stjórnarinnar, og alþingi í eiginlegum skilningi óviðkomandi. Þó dæmið, eins og verða vill, ekki eigi algjörlega við, þá má þó geta þess í viðbót, að meðan járnbrautarfélögin erlendis sjálf gjalda embættismönnum sínum, launar konungur fulltrúa sínum við nefnd félög. En hvað sem þessu líður, og vilji stjórnin samt sem áður láta þennan kostnað lenda á landssjóðnum, þá ber þess að gæta, að þessu útgjaldi aldrei hefur verið jafnað niður á landsbúa, og ætti því ekki að finnast í 3. grein tekjudálsins, heldur í 11. grein útgjaldadálsins. Nefndin gengur raunar að því vísu, að þegar hans hátign konungurinn er minntur á hinn ofanefnda úrskurð síns básæla fyrirennara Kristjáns hins 8. Íslandi í vil, þá muni hann ekki láta sig muna um, eptirleiðis eins og að undanfögnu, að sjá ráð til, að landssjóðnum sé hlíft við þessum kostnaði.

4. Í reikningsyfirlitinu tekjudálknum 11. tölulið, athugasemdanna síðu 6, finnast tvær tekjugreindir, nefnil. leigan af eptirstöðvunum af söluverði Elliðaáanna og Laugarness. Þar sèst, að eptir standa af söluverði beggja þessara eigna 4390 rd. Nefndin getur ekki leitt hjá sér þá athugasemd, að landssjóðurinn fær 4 af hundræði af þeim sömu peningum, sem gefa eigendum nefndra eigna að minnsta kosti 4 eða 5faldan arð, og það þótt landssjóðurinn gæti

varið fè sínu á miklu hagfelldari og fyrir landið arðsamari hátt, en að láta það með svo lítilli leigu standa fast í þessum eignum; því að þegar að er gætt, að búið er að lána út að mestu leyti þann hjálparsjóð, sem virkilega var fyrir hendi 31. marzm. 1872, þá virðist öll orsök til, að upp segja fyrnefndum eptirstöðvum af söluverði Elliða-ánna og Laugarness, og draga þær inn í hjálparsjóðinn, svo þeim verði varið til annarar brúkunar, sem annaðhvort gæti verið arðsamari fyrir landssjóðinn eða nytsamari fyrir landið, og það þess heldur sem önnur eignin að minnsta kosti, nefnil. Laugarnes, eptir kunnugra manna dómi innan skamms varla mun verða veðbært fyrir þeim 3590 rd., sem það er veðlagt fyrir. Nefndin leyfir sér því, að fara því á flot við hið heiðraða þing, að biðja hans hátign konunginn um allramildilegast að láta upp segja tæðum lánunum, að minnsta kosti þeirri upphæð, sem stendur í Laugarnesi.

5. Það er í minni hins heiðraða þings, að 1871 gjörði það uppástungu um leigumála á brennisteinsnámunum við Mývatn. Stjórninni hefur ekki þóknazt, að taka uppástungu þingsins til greina, eins og sjá má af athugasemdunum við áætlun frá 1. aprílm. til 31. desemb. 1873, heldur hefur stjórnin flýtt sér að leigja námurnar fyrir minna verð, en alþingi stakk upp á. Það sýndi sig vonum bráðar, að ekki lá neitt á að flýta sér, því hér um bil um sama leyti bauðst stjórninni betri leigumáli á tæðum námum. Nefndin getur nú engan veginn ætlazt til, að tæður samningur við A. G. Lock sé þar fyrir rofinn, ef þessi maður á annað borð fyrir sitt leyti heldur samninginn, en nefndin verður að ráða því heiðraða þingi til, bæði að bera sig upp við hans hátign konunginn yfir því gjöræði, sem hér virðist hafa átt sér stað, og allraþegnsamlegast heiðast þess, að samningnum verði upp sagt, nær sem löglegt færi gefst, því að nefndin hefur orsök til að halda, að stjórnin hefði getað hitt heppilegar á, en þar sem vel nefndur A. G. Lock á í hlut.

6. Á sömu bls. í athugasemdunum við sömu áætlun sèst, að Helgustaðafjallsnáman nú sem stendur er óleigð. Nefndin biður hið heiðraða þing að kunna stjórninni þökk fyrir þessa ráðstöfun, en undir eins heiðast þess, að það mætti verða lagt fyrir þingið, nær sem stjórnin aptur kyoni að vilja burt leigja námurnar.

7. Að endingu virðist nefndinni vera tilefni til, stuttlega að benda þinginu á reikningsfærsluna á áætlununum og reikningsyfirlitinu. Það gefur að skilja, að það hlýtur að valda margs konar ó-

glöggleik, þegar tekjur landsins beinlínis frá landinu sjálfu renna ýmist í jarðabókarsjóðinn, ýmist í aðalféhirzlu ríkisins, án þess að hver sjóður fyrir sig á sama tíma viti, hvað galdið hefur verið til hins sjóðsins, og sér í lagi, þegar þar við bætist, að ýmsar upphæðir, sem ekki við koma tekjum landsins eða útgjöldum, til skipta renna úr einum sjóð í annan, og útgjöldin á sama hátt til skiptis renna úr báðum sjóðum. Það er ekki meining nefndarinnar að gefa nein ráð eða gjöra neinar uppástungur í þessu efni, því að þetta getur að líkindum ekki öðruvísi verið, en þá virðist nefndinni heldur ekki vera neinn fróðleikur í þeim athugasemdum, sem finnast í reikningsyfirlitinu bls. 6 um tekjur og útgjöld við jarðabókarsjóðinn á reikningsárunum 1871—72, samanbornum við yfirlitið yfir viðskipti jarðabókarsjóðsins við aðalféhirzluna á sama tíma (sjá athugasemdirnar við reikningsyfirlitið bls. 16, 3. fylgiskjal). Því bæði er það, að þær upphæðir, sem nefndum sjóðum fara á milli, og sem hvorki við koma tekjum né útgjöldum Íslands, eptir fjárhagsáætluninni eiga ekki heima í reikningum yfir tekjur og útgjöld landsins, enda er varla við því að búast, að nokkur maður geti greitt úr þeirri flækju, nema bókhaldari fjármálastjórnarinnar einnar.

Enn fremur skal þess getið, að skiptingin á áætlununum í þetta sinn virðist hljóta að valda nýjum örðugleikum við reikningsfærslu reikningsársins 1874, þar sem önnur áætlunin ekki nær nema til $\frac{3}{4}$ árs, og þó eru sumar bæði tekjur og útgjaldagreinir til færðar, ekki með $\frac{3}{4}$ upphæðar, heldur með fullri upphæð, t. d. 2. tekjugrein, töluliður 4., 5., 6., 7., 8., 11., 12. og 13. að nokkru leyti, en að nokkru leyti ekki; framvegis 14.; 3. gr. tölul. 1., 2. b., útgjaldagrein § 6 D. 3, § 7 C, I. 1—4., C. II að nokkru leyti, að nokkru leyti ekki, sömuleiðis § 8 og § 9. Nefndinni virðist það ekki geta öðruvísi verið, en að þessi aðferð sé góðri reikningsfærslu gagnstæð, og hljóti að valda flækju í næstu fjárhagsáætlun hér á eptir. Sama er að segja um þá aðferð í reikningsyfirlitinu, að útistandandi og óborgaðar tekjur eru reiknaðar í tekjudálkinum, þó að þær séu ekki inn komnar; réttara og einfaldara hlyti það að vera, ekki að færa í tekjudálkinn annað en það, sem þegar er inn galdið, en láta hverju reikningsyfirliti fylgja skýrslur um þær við enda reikningsársins útistandandi tekjuskuldir, sem, eptir því sem þær renna inn í landssjóðinn, þá geta færzt inn í tekjudálkinn á næsta reikningsyfirliti.

Beri maður reikningsyfirlitið og áætlanirnar saman við reglu-

gjörð frá 13. febrúarm. 1873 um opinber reikningsskil o. s. frv. á Íslandi, þá dettur maður ofan á nýja misfelli, sem hlýtur að verða á reikningsfærslu landssjóðsins. Önnur grein nefndrar reglugjörðar skipar svo fyrir, að reikningana fyrir hið umliðna almanaksár skuli gjöra («afleggja») innan loka febrúarmánaðar þess árs, sem í hönd fer, og 6. grein býður reikningshaldarauum, um leið og reikningurinn er sendur, fortakslaust að standa skil á öllum þeim tekjum, sem taldar eru í reikningnum, en sem eptir kynnu að standa. Nú skipar 10. grein svoleiðis fyrir, að umboðsmenn hins konunglega jarðagóz nákvæmlega skuli hegða sér eptir hinum sérstaklegu erindisbréfum, sem þeim eru fengin, þegar þeir taka við umboðunum, að því leyti er snertir skil á gjöldunum, o. s. frv. Þeir umboðsmenn, sem nú eru á landinu, munu allir hafa í höndum sér erindisbréf, er bjóða þeim, að gjöra reikningaskil sín innan 31. marzm., og sumir enda ekki fyr en í maím. Hvernig verður þeim nú gjört að skylda, að hafa lokið reikningum sínum innan febrúarmán.loka? Sama er að segja um ýmsar tekjугreindir, t. d. erfðafjárgjald og tekjur af fasteignasölu. Það verður eflaust miklum erfðleikum bundið fyrir sýslumenn, að taka þau til greina í reikningum sínum á tilteknum tíma.

Samkvæmt því, sem á undan er farið, leyfir nefndin sér að leggja það til, að alþingi allraþegnsamlegast biðji hans hátign konunginn um:

- I. Að sjá svo fyrir, að úrskurðar dómstólanna verði leitað um, hvort landssjóðnum beri að endurgjalda ríkissjóðnum lesta-gjaldið af póstgufuskipinu.
- II. Að styrktarsjóðs Íslands og annara opinberra sjóða, sem landinu við koma, verði eptirleiðis getið í fjárhagsáætlununum, ásamt ástandi þeirra á hverju tímabili sem er.
- III. Að alþingi allraþegnsamlegast beri sig upp við hans hátign konunginn um þau útgjöld, sem samsara eru þeirri breytingu, sem orðið hefur á umboðsvaldinu í landinu, síðan þingið síðast kom saman, og sömuleiðis beiðist þess, að þvílík útgjöld ekki eptirleiðis verði lögð á landið, þangað til þingið fær lög-gjafarvald og fjárforræði.
- IV. Að útgjöldin til dýralæknis í suðuramtinu ekki verði lögð á landssjóðinn að svo komnu máli, og að kostnaður við ferð stiptamtmanns Finsens til Kaupmannahafnar í opinberu erindi verði landssjóðnum upp bættur.

- V. Að kostnaður sá, sem samfara er setu konungsfulltrúa og aðstoðarmanns hans á alþingi, hvorki leggist á landssjóðinn né niður jafnist á landið.
- VI. Að eptirstöðvar söluverðsins á Laugarnesi og Elliðaánum, sem fyrst verði kaupendum upp sagðar.
- VII. Að samningnum um brennisteinsnámurnar í Þingeyjarsýslu við A. G. Lock verði upp sagt, nær sem löglegt tækifæri býðst.
- VIII. Að þingið allraþegnsamlegast þakki hans hátign konunginum fyrir þá ráðstöfun, sem nú er gjörð á Helgustaðafjallsnámunni, en jafnframt beiðist þess, að enginn nýr samningur verði gjörður um þessa námu að þinginu fornspurðu.
- IX. Að reikningsfærsla á fjárhagsáætlunum og reikningsyfirlitinu yfir fjárhag landsins mætti eptirleiðis verða glöggari, og sèr í lagi, að ekki nema goldnar tekjur og borguð útgjöld sè tekin til greina á tilvonandi fjárhagsreikningum, en að nákvæmt yfirlit yfir útstandandi tekjur á hverju ári fylgi reikningunum sem fylgiskjal.

Alþingi, 21. dag júlímán. 1873.

Grimur Thomsen, Jón Sigurðsson. H. Kr. Friðriksson,
formaður og framsögum. skrifari.

P. J. Vídalín. E. Egilsson.

ATKVÆÐASKRÁ

í málinu um konunglegt frumvarp til tilskipunar um ábyrgð fyrir eldsvoða á Reykjavíkur-kaupstað o. fl.

1. *Nefndin*: að alþingi beiðist þess allraþegnsamlegast, að hans hátign mætti allramildilegast þóknast, að löggilda frumvarp þetta óbreytt sem allrafyrst. Samþykkt með 25 samhljóða atkvæðum.
2. Frumvarpið í heild sinni óbreytt samþykkt í einu hljóði með 25 atkvæðum.

ATKVÆÐASKRÁ

í málinu um konunglegt frumvarp til tilskipunar fyrir Ísland um friðun á laxi.

1. *Nefndin*: a, að þingið ráði frá, að frumvarp það, er hér ræðir um, verði gjört að lögum. Samþykkt með 19 atkvæðum.

b, að þingið beiðist þess, að nefnd verði sett hér á landi, er sé skipuð þeim mönnum, sem séu kunnugir laxveiðum, og einum lagamanni, er útvegi skýrslur frá hinum ýmsu hêruðum, þar sem laxveiði er við höfð, og búi síðan til frumvarp til tilskipunar um friðun á laxi, sem því næst verði lagt fyrir alþingi. Samþykkt með 15 atkvæðum gegn 6.

2. Frumvarpið óbreytt í heild sinni var fallið við atkvæðagreiðsluna um 1. tölulið.

NEFNDARÁLIT

um stofnun lagaskóla á Íslandi.

Hið heiðraða alþingi hefur kosið oss, sem nöfn vor ritum undir skjal þetta, í nefnd, til þess að vèr lètum í ljósi tillögur vorar um bænarskrá, sem til þingsins kom að þessu sinni frá 12 stúdentum og menntamönnum í Kaupmannahöfn um, að stofnaður verði lagaskóli á Íslandi.

Höfum vèr nefndarmenn átt fundi með oss til að ihuga þetta mál, og verður álit vort um það á þessa leið:

Það virðist nú með öllu að nauðsynjalausu, að brýna fyrir hinu heiðraða þingi þá þjóðarnauðsyn, sem er á því fyrir Íslendinga, að stofnun sú, sem hér um ræðir, komist á fót. Þessi nauðsyn og þörf þjóðar vorrar, sem enn á ný er ítrekuð í hinni umgetnu bænarskrá, er nú í þau 18 ár, sem þetta mál næstum á hverju þingi hefur verið talið og viðurkennt meðal hinna mikilvægustu þjóðmála vorra, er orðin margsýnd og sönnuð, svo um það þarf eigi að fjölyrða, enda virðist nefndinni, að það gegni furðu, er hin konunglega auglýsing til þessa þings telur það, sem konungsfulltrúinn, samkvæmt auglýsing til alþingis 22. maí 1871, skýrði því frá, ástæðu fyrir því, að bænarskrá þingsins 1869 ekki fèkk áheyrslu, því þessar upplýsingar konungsfulltrúa miða að eins til að vefengja það, sem bæði flýtur af hlutarins eðli um þetta mál, og sem þar að auki liggja óræk rök fyrir í margitrekuðum röksemdum og tillögum alþingis.

Nefndinni virðist nú og, að hér geti ekki verið neitt spursmál um það, að þessu öllu slepptu, hvort nauðsyn sé að stofna þennan skóla, því það spursmál er þegar fyrir löngu afgjört af

hinum hásæla Danakonungi Friðriki hinum sjöunda með konunglegri auglýsingu til alþingis 8. júnímán. 1863; því hinn einvaldi konungur lýsti því yfir, að það væri ósk hans, að láta að þegnlegri bæn alþingis um stofnun kennsluskóla handa lögfræðingaefnum á Íslandi, svo framarlega sem fengizt gæti fê það, er til þess þyrfti. Og þar sem í auglýsingunni enn fremur stendur, að málefni þetta ekki hafi orðið lagt fyrir konunginn til síðasta úrskurðar, af því að dómsmálastjórnin og kirkju- og kennslustjórnin væru að bera sig saman um það, þá getur engum blandazt hugur um það, að hér liggur fyrir hið *skýlausasta konunglegt heityrði* fyrir stofnun þessa skóla, og að sjálf kirkju- og kennslustjórnin í Danmörku, sem þá var, hafi álitit, að þessi ákvörðun einvaldskonungsins hafi verið fastráðin, lýsir sér bezt í því, að hún með bréfi sínu til stiptamtmannsins yfir Íslandi, dags. 28. desember 1863, er hún reit til þess, að koma þessu máli verklega áleiðis, segir 1. að því sè *lýst yfir* 2: af konunginum sjálfum í áminnztri auglýsing, að það sè *vilji hans hátignar konungsins*, að veila áheyrn o. s. frv., og 2. sendi stiptamtmanninum undirstöðuatriði í fyrirkomulagi á hinum fyrirhugaða kennsluskóla, og 3. skoraði á stiptamtmanninn yfir Íslandi um, að hann útvegaði álit landsyfirrættarins bæði um málið í heild sinni og *einkum* um það, hvort nokkur af dómendum í yfirréttinum, og ef svo væri, hver þeirra væri fús til að taka að sér samhliða stöðu sinni sem dómara í réttinum, að stjórna kennslunni m. m. í hinum fyrirhugaða lagaskóla, sem forstöðumaður eða fyrsti kennari, fyrir árlega borgun, sem stjórnarráðið hefði hugsað sèr 600 rd., enda er einum nefndarmanna persónulega kunnugt um, að fyrsti assessor í réttinum, herra Jón Pétursson, hinn 4. konungkjörni á þessu þingi, gaf kost á sér til þessa starfs, eins og líka hitt, að meiri hluti réttarins að minnsta kosti mælti kröptuglega fram með málinu á þeim grundvelli, sem kirkju- og kennslumálastjórnin hafði lagt fyrir kennslunni, enda kvaðst hún svo, sem unnt var, hafa farið eptir uppástungum alþingis, bæði um það, hve yfirgripsmikil kennslan ætti að vera í kennsluskólanum, og um það, hvern rétt kandidatar frá honum ættu að hafa til lögfræðingaembætta á Íslandi. Leyfir nefndin sér að láta þessi merkilegu skilríki fylgja þessu máli hinu heiðraða þingi til nákvæmari skýringar um öll þessi atriði.

Þar sem nú nefndin af hinni konunglegu auglýsingu í sambandi við fjárhagsáætlanir þær um tekjur og útgjöld Íslands, sem

nefndinni og þinginu eru orðnar kunnar, sèr, að nægilegt fè til endilegrar framkvæmdar þessu umvarðandi þjóðmáli voru er fyrir- liggjandi í landssjóðnum, sem látið hefur verið ganga í hinn svo kallaða hjálparsjóð fyrir Ísland, hikas nefndin eigi við, að ráða hinu heiðraða þingi til þess, að það beiðist þess:

1. Að hans hátign konungurinn allramildilegast skipi svo fyrir, að lagaskóli handa íslenskum lögfræðingum komist á sem allra-fyrst, samkvæmt konunglegri auglýsing til alþingis, dags. 8. júní 1863.
2. Að undirstöðuatriði þau í fyrirkomulagi á þessum skóla, sem um er rætt í bréfi kirkju- og kennslustjórnarinnar í Kaupmannahöfn til stiptamtmannsins yfir Íslandi, dags. 28. desember 1863, verði fyrst um sinn látin gilda fyrir skólann.
3. Kostnaðurinn til skólans verði í bráð greiddur af því fè landssjóðsins, sem látið hefur verið renna inn í hinn svo kallaða hjálparsjóð fyrir Ísland.

Reykjavík á alþingi, 26. júlímán. 1873.

Benidikt Sveinsson, Páll J. Vídalín, Jón Sigurðsson.
formaður og framsögumaður. skrifari.

1. Bréf

kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um kennsluskóla handa lögfræðingaefnum á Íslandi, dagsett 28. desembr. 1863.

Eins og yður er kunnugt, herra stiptamtmaður, er því lýst yfir í konunglegri auglýsing til alþingis 8. d. júnímán. þ. á. í II. kafla 5. tölul. út af þegnlegri bænarskrá, er kom frá alþingi Íslendinga árið 1861 um stofnun kennsluskóla handa lögfræðingaefnum á Íslandi, að það sè vilji hans hátignar konungsins, að veita áheyrn læðri bænarskrá þingsins, svo framarlega sem fengizt geti fè það, er til þess þarf, en að málið, sem þetta stjórnarráð og dómsmála- stjórnin þá voru að bera sig saman um, væri ekki svo langt á veg komið, að það hefði orðið lagt fyrir konung til síðasta úrskurðar.

Eptir að stjórnarráðin þannig hafa borið sig saman um málið, hefur kirkju- og kennslustjórnin fyrst um sinn hugsað sèr því skipað á þann hátt, sem betur má sjá af meðfylgjandi «undirstöðuatriðum í fyrirkomulagi á hinum fyrirhugaða kennsluskóla handa lögfræðingaefnum á Íslandi», og skal þess að eins getið, að

þegar búin voru til undirstöðuatriði þessi, var svo sem unnt var farið eptir uppástungum þeim, er komið höfðu frá alþingi, og það hæði að því, er snertir það atriði, hve yfirgripsmikil kennslan eigi að vera í kennsluskóla þessum, og um það, hvern rétt kandídatar frá honum eiga að hafa til lögfræðingaembætta á Íslandi.

En áður en lengra er farið til að koma málefni þessu áleiðis, óskar stjórnarráðið, að hinn íslenski landsyfirréttur fái færi á, að segja álit sitt um það, bæði í heild sinni og einkum um það, hvort nokkur af dómendunum í yfirréttinum, og ef svo er, hver þeirra sè fús til að taka að sèr, samhliða stöðu sinni sem dómara í réttinum, en án þess að það sè í sambandi við hana, þann starfa, að stjórna kennslunni m. m. í hinum fyrirhugaða lagaskóla, sem forstöðumaður hans eður fyrsti kennari, fyrir árlega borgun, sem stjórnarráðið hefur hugsað sèr ætti að vera 600 rd., auk þess að veitt yrði fè á ári hverju til að borga með tímakennslu, er nauðsynleg væri.

Þess vegna skal hèr með skorað á yður, herra stiptamtmaður, að útvega álit landsyfirréttarins um málið, og ihuga það síðan ásamt biskopinum yfir Íslandi, og skýra því næst stjórnarráðinu frá álitu yðar um það, og senda hingað um leið álitsskjal landsyfirréttarins.

Rétt afskrípt, vottar
Jón Sigurðsson.

2. Fylgiskjal.

Undirstöðuatriði í fyrirkomulagi á hinum fyrirhugaða kennsluskóla handa lögfræðingaefnum á Íslandi.

1. Áður en nokkur getur fengið að njóta kennslu í lagaskólanum, verður hann að hafa lokið burtfararprófi við hinn lærða skóla, eður hafa gengið þar undir próf það, sem þar er fyrirskipað fyrir þá, sem hafa útskrifað úr heimaskóla.

2. Þessar greinir skulu kenndar í lagaskólanum:

a. Íslenskur réttur, þ. e. lög og réttur, er á Íslandi gilda, og þess vegna ekki að eins sá hluti af löggjöfni, sem sèrstaklegur er fyrir Ísland, heldur og þeir kaflar hennar, þar sem Ísland hefur lög sameiginleg með Danmörku.

Til þessa er talið:

1. Um einkamál (1ste og 2den Civilret).
2. Um sakamál (Kriminalret).

3. Um réttargang (Civilproces og Kriminalproces).
4. Íslenskur kirkjuréttur.
5. Íslensk réttarsaga.
- b. Heimspækileg lögfræði (almenn lögfræði, Retsphilosophie).
- c. Rómverskur réttur (þó einungis aðalatriðin um eign og samninga).
- d. Þjóðarréttur (aðalatriðin í þeirri grein).
(Það af sjóréttinum, sem áriðandi er, skal tekið fram, þegar kennt er um einkamál).
3. Lærissveinarnir í prestaskólanum fá að heyra fyrirlestra í lagaskólanum yfir íslenskan kirkjurétt.
4. Kennslan fer fram á þann hátt, að haldnir eru fyrirlestrar, og að jafnhliða því eru haldnar skriflegar æfingar og yfirheyrslur, eptir þeim reglum, sem verða ítarlegar ákveðnar.
5. Kennslunni er hagað á þann hátt, að henni geti orðið lokið á þrem árum.
6. Áður en nokkur fær að ganga undir embættispróf, verður hann að hafa lokið prófi því í forspjallsvísindum (sálarfræði og hugsunarfræði), sem stúdentar á prestaskólanum eiga að ganga undir, áður en þeir fá að ganga undir burtfararpróf frá þeim skóla, og verður hann að hafa náð að minnsta kosti einkunninni «vel» (góðt) fyrir frammistöðu sína. Forspjallsvísindin kennir sá kennari, sem skipaður er til að kenna þau vísindi í prestaskólanum.
7. Í lagaskólanum er haldið opinbert próf; þar á að reyna þann, sem undir prófið gengur, í öllum þeim greinum, sem kenna á, eptir þeim reglum, sem nákvæmar verða ákveðnar. Að loknu prófi eru gefnar þessar aðaleinkunnir:
Fyrsta einkunn; við þá einkunn má bæta «ágætis» (fyrsta ágætiseinkunn).
Önnur einkunn.
Þriðja einkunn.
8. Þeir, sem gengið hafa undir og staðizt próf í kennslugreinum þeim, sem að ofan eru nefndar, dölust aðgang til lögfræðingaembætta á Íslandi jafnöt kandidötum í lögfræði frá Kaupmannahafnar háskóla, nema til embættanna í landsyfírréttinum og amtmannsembættanna; þó skulu þeir, áður en þeir geta búizt við að fá embætti, sanna, að þeir eptir afstaðið próf hafi fengizt við embættisstörf að minnsta kosti eitt ár hjá einhverjum lögfræðingi, sem er embættismaður á Íslandi.

9. Sá aðgangur, sem þeir menn, er að eins hafa gengið undir próf það, sem haldið er við Kaupmannahafnar-háskóla fyrir hina svo kölluðu «dönsku lögfræðinga», hingað til hafa haft til að fá undirdómara-embætti á Íslandi, skal hér eptir burt falla, þannig, að þeir menn, sem ganga undir það próf eptir þann tíma, er burtfararpróf hefur í fyrsta skipti haldið verið í lagaskólanum í Reykjavík, ekki geta fengið embætti þessi.

10. Lagaskólinn stendur undir umsjón stiptsyfirvaldanna; skal skipaður við hann fastur kennari, er stýrir kennslunni sem forstöðumaður skólans, og hefur á hendi hina næstu umsjón yfir öllu fyrirkomulagi hans. Til aðstoðar við kennsluna má taka einn eður fleiri tímakennara.

Rétt afskript, vottar
Jón Sigurðsson.

ALLRAÞEGNSAMLEGASTA ÁLITSSKJAL

um frumvarp til tilskipunar um sjómannaskóla á Íslandi o. fl.,
dagsett 29. júlí 1873.

Til konungs.

Fulltrúi yðar hátignar lagði fyrir alþingi að þessu sinni frumvarp til tilskipunar um sjómannaskóla á Íslandi o. fl.

Þingið kaus 3 manna nefnd til þess, að ihuga mál þetta, og kveða upp um það álit sitt, ræddi það síðan á 2 aðalfundum á lögskipaðan hátt, og leyfir sér nú allraþegnsamlegast, að skýra frá álitinu sínu um það, eins og nú skal greina.

Þingið komst að þeirri niðurstöðu, að eigi væri gjörlegt að sinni, að stofna sjómannaskóla á Íslandi með því fyrirkomulagi, sem farið er fram á í frumvarpinu, einkum vegna þess, að, ef farið væri eptir frumvarpinu, bættist á landssjóðinn föst útgjaldagrein, er eigi nemur svo litlu, en hins vegar yrði árangurinn af skólastofnuninni mjög tvísýnn, af því að eigi er annað sýnna, en að kennslan ætti að fara fram á dönsku, og líkindi til, að kennarinn yrði danskur, eptir því, sem ráðið verður af athugasemdunum við frumvarpið; þá eru og réttindi þeirra, er próf tækju við þennan skóla, eigi svo mikil, að samsvari kostnaði og fyrirhöfn við að ná slíku prófi, þar sem þeir, er prófið taka, fá eigi fyrir það heimild

til þess, að vera skipstjórnarmenn og stýrimenn á íslenskum og dönskum skipum, nema að eins á sjóferðum við Ísland.

Íslendingar hafa nokkra kennara í siglingafræði, er kennt hafa ungum sjómönnum svo, að fullnægjandi er til þess, að fara með skip á veiðiskap við Íslands strendur, án þess að nokkur kostnaður hafi af því lagzt á hið opinbera, og álitur þingið, að við þá kennslu muni mega bjargast, meðan eigi er kostur á að afla þeim, er próf taka í siglingafræði, meiri réttinda, en 7. grein frumvarpsins heim-ilar þeim. Það var og þessi vísir til innlendrar kennslu í siglingafræði, er alþingi 1871 réð til að hlyna að og styrkja, jafnframt því, sem þingið hafði fyrir augum, að árangurinn af kennslunni og kostnaðurinn stæðu í réttu hlutfalli, eða kostnaðurinn yrði þeim mun minni, sem færri notuðu kennsluna. En tillögur þingsins í þá stefnu hafa eigi náð að öðlast samþykki yðar hátignar, heldur hefur stjórnin gengið út frá allt öðru sjónarmiði.

Sökum þess, að frumvarp þetta er byggt á allt öðrum grundvelli, en þingið 1871 áleit hagfelldastan, og þingið verður enn þá að álíta hinn hagfelldasta bæði í sjálfu sér, og eptir því, sem til hagar hér á landi, treysti þingið sér ekki til, að ráða til breytinga á hinum einstöku greinum frumvarps þessa, því ef að þingið hefði viljað fara að breyta því, hefði það orðið að umsteypa því alveg, eða búa til nýtt frumvarp.

Þingið komst því að þeirri niðurstöðu með 16 atkvæðum gegn 9: allraþegnsamlegast að ráða frá því, að frumvarp þetta verði gjört að lögum.

Allraþegnsamlegast.

Jón Sigurðsson. E. Egilsson.

ATKVÆÐASKRÁ

í stjórnarskipunarmálinu.

1. *Jón Hjaltalín:* Breytingaratkvæði bæði við alþingis stjórnar-nefndarfrumvarpið og vara-uppástungu nefndarinnar við það: Að alþingi nú þegar riti vorum allramildasta konungi bænarskrá þess innihalds: að Hans Hátign af sinni náð mætti þóknast til næsta árs, í minningu þess, að þetta Hans land þá hefur verið byggt í 1000 ár, að veita því svo frjálsglega stjórnarskrá, sem Hans Hátign og Hans stjórn

framast sjá sér fært, eptir stöðu landsins og sambandi þess við Danaveldi. — Við þennan tölulið var við haft nafnakall eptir beiðni uppástungumanns, og sögðu :

„já“	„nei“
Jón Hjaltalín.	Eiríkur Kúld
Þórður Jónasson.	Halldór Kr. Friðriksson.
	Benidikt Sveinsson.
	Björn Pétursson.
	Davíð Guðmundsson.
	Egill Egilsson.
	Guðmundur Einarsson.
	Hallgrímur Jónsson.
	Hjálmur Pétursson.
	Jón Jónsson.
	Páll Ólafsson.
	Páll Vídalín.
	Stefán Eiríksson.
	Stefán Jónsson.
	Torfi Einarsson.

Bergur Thorberg, Erlendur Gottskálksson, Grímur Thomsen, Helgi Hálfánarson, Jón Pétursson, Jón Sigurðsson, Pétur Pétursson, Sigurður Melsteð og Þórarinn Bððvarsson greiddu eigi atkvæði, og var töluliðurinn þannig felldur með 15 atkv. gegn 2.

2. *Nefndin*: Framvarp til stjórnarskrár Íslands.
- I. kafli: 1.—2. grein (óbreyttar) samþykktar með 19 samhljóða atkvæðum.
- 3.—4. grein samþykktar með samhljóða 19 atkvæðum.
5. gr. samþykkt með 17 atkvæðum gegn 1.
6. gr. samþykkt með 22 samhljóðaatkvæðum.
- II. kafli: 7.—8. gr. óbreyttar samþykktar með samhljóða 20 atkvæðum.
9. grein með þeirri viðbót nefndarinnar: «Lífeyrir jarlsins skal ákveðinn með lögum», samþ. með 19 samhljóða atkvæðum.
10. gr.: orðin: «konungi, jarli og», voru látin falla burt án atkvæðagreiðslu, en greinin að öðru leyti óbreytt samþykkt með 19 samhljóða atkvæðum.
- 11.—14. grein samþykktar með 20 samhljóða atkvæðum.

Stefán Eiríksson: að í 15. grein verði sett í staðinn fyrir 12 vikur: «8 vikur», fellt með 14 atkvæðum gegn 1.

15.—20. gr. óbreyttar samþykktar með 20 samhljóða atkv.

21. gr. óbreytt samþykkt með samhljóða 20 atkvæðum.

22.—23. gr. óbreyttar samþykktar með 18 samhljóða atkv.

III. kafli: 24.—26. grein (óbreyttar) samþ. með samhljóða 20 atkvæðum.

IV. kafli: 27.—35. grein (óbreyttar) samþ. með samhljóða 19 atkvæðum.

36.—50. gr. samþ. með samhl. 20 atkv.

V. kafli: 51. gr. samþ. með 17 atkvæðum gegn 1.

52.—56. gr. (óbreyttar) samþ. með samhljóða 20 atkv.

VI. kafli: 57.—60. gr. (óbreyttar) samþ. með samhl. 18 atkv.

VII. kafli: 61.—73. gr. (óbreyttar) samþ. með samhl. 20 atkv.

VIII. kafli: 74. gr. (óbreytt) samþ. með samhl. 19 atkv.

Ákvarðinir um stundarsakir: 1.—4. grein samþ. með samhl. 19 atkvæðum.

Fyrirsögn frumvarpsins: «Stjórnarskrá Íslands», samþykkt án atkvæðagreiðslu.

Frumvarpið allt í heild sinni. — Eptir beiðni hins 3. konungkjörna þingmanns var nafnakall við haft um þennan tölulíð, og sögðu «já» «nei»

Eiríkur Kúld.

Jón Hjaltalín.

Halldór Kr. Friðriksson.

Þórður Jónasson.

Benidikt Sveinsson.

Björn Pétursson.

Davíð Guðmundsson.

Egill Egilsson.

Erlendur Gottskálksson.

Guðmundur Einarsson.

Hallgrímur Jónsson.

Helgi Hálfðánarson.

Hjálmur Pétursson.

Jón Jónsson.

Jón Sigurðsson.

Páll Ólafsson.

Páll Vídalín.

Stefán Eiríksson.

Stefán Jónsson.

«já»

Torfi Einarsson.

Bergur Thorberg, Grímur Thomsen, Jón Pétursson, Pétur Pétursson, Sigurður Melsteð og Þórarinn Böðvarsson greiddu eigi atkvæði; var frumvarpið í heild sinni þannig samþykkt með 18 atkvæðum gegn 2.

3. *Nefndin*: (Úppástunga I.): Að hans hátigu konungurinn allramildilegast veiti frumvarpi því, sem hér með fylgir, lagagildi sem allrafyrst, og ekki seinna en einhvern tíma á árinu 1874. Samþykkt með 18 samhljóða atkvæðum.
4. *Nefndin og Bergur Thorberg, Þórarinn Böðvarsson, Helgi Hálfðánarson, Grímur Thomsen, Jón Pétursson, Sigurður Melsteð, Þórður Jónasson, Pétur Pétursson*: að þetta komi í staðinn fyrir II. 1.—3. í nefndarálitinu:

II. *til vara*: að ef hans hátign konunginum eigi þóknist að staðfesta stjórnarskrá þessa, eins og hún liggur fyrir, að hann þá allramildilegast gefi Íslandi að ári komanda stjórnarskrá, er veiti alþingi fullt löggjafarvald og fjárforræði, og að öðru leyti sé löguð eptir ofanefndu frumvarpi sem framast má verða. Samþykkt með 25 samhljóða atkvæðum.

Og leyfir þingið sér að taka sérstaklega fram þessi atriði:

- a) að stjórnarskrá þessi ekki ákveði fasta fjárhags-áætlun, heldur skuli hún fyrir hver tvö ár lögð fyrir alþingi til samþykkis. Samþykkt með 25 atkvæðum.
- b) að stjórnarskrá þessi ákveði, að sérstakur ráðgjafi skuli skipaður fyrir Íslands mál, sem hafi ábyrgð á stjórnarstörfum sínum fyrir alþingi. Samþykkt með 25 samhljóða atkvæðum.
- c) að engin gjöld eða álögur verði lagðar á Ísland til sameiginlegra mála án samþykkis alþingis. Samþykkt með 22 samhljóða atkvæðum.

(til vara: að þessi ákvörðun c verði tekin inn í ástæðurnar í bænarskránni til konungs). Fallið við atkvæðagreiðsluna næst á undan.

- d) að endurskoðuð stjórnarskrá, byggð á óskertum landsrættindum Íslendinga, verði lögð fyrir hið fjórða þing,

sem haldið verður eptir að stjórnarskráin öðlast gildi.
Samþykkt með 24 atkvæðum.

5. Vara-uppástunga nefndarinnar hin fyrri II. 1.—3. (í nefndar-
álitinu).

Pétur Pétursson: að í stað orðanna: «þó með þeim skilyrð-
um» (í II. 1.) komi: «og jafnframt».

- II. 1. Til vara: að alþingi fái nú þegar fullt löggjafarvald og
fjárforræði, þó með þeim skilyrðum:

a) að engin föst fjárhagsáætlun sé ákveðin, heldur sé
fjárhagsáætlunin fyrir hver tvö ár lögð fyrir hvert al-
þingi til samþykkis — og

b) að engin gjöld eða álögur verði lagðar á Ísland til
sameiginlegra mála.

2. að sérstakur ráðgjafi sé skipaður í Kaupmannahöfn fyrir
Íslands mál, sem hafi ábyrgð á stjórnarstörfum sínum
fyrir alþingi.

Helgi Hálfðánarson: að í stað orðanna: «til næstu 6 ára
eður þriggja alþinga» (í II. 3.) komi: «til næstu 12 ára
eður 6 alþinga».

3. Að þessi stjórnarskipun sé ákveðin að eins til bráða-
byrgða, og eigi nema til næstu 6 ára eður þriggja al-
þinga, en að þeim tíma liðnum sé stjórnarskipunar-
málið í heild sinni lagt fyrir hið löggefandi alþingi að
nýju, enda sé þá landsrættur Íslendinga óskertur að
öllu. — Þessi töluliður allur var tekinn aptur af uppá-
stungumönnum.

6. *Nefndin*: Vara-uppástunga (III.): Að þjóðfundur með sam-
þykktaratkvæði verði saman kallaður á Íslandi árið 1874, sam-
kvæmt kosningarlögum frá 28. september 1849, og að fyrir
þann fund verði lagt frumvarp til stjórnarskrár Íslands, byggt
á sama grundvelli sem ofangreint frumvarp (nefndarinoar)
undir I. hér að framan. Samþykkt með 17 samhljóða atkvæð-
um.

7. Hvort þingið vill rita konungi bænarskrá samkvæmt því, sem
hér er samþykkt. Samþykkt með 25 atkvæðum.

ALLRAÞEGNSAMLEGAST ÁLITSSKJAL

um konunglegt frumvarp til tilskipunar um niðurjöfnun alþingis-
kostnaðarins, dagsett 30. dag júlímánaðar 1873.

Til konungs.

Fulltrúi yðar konunglegu hátignar lagði fyrir alþingi að þessu sinni af hendi yðvarrar hátignar frumvarp til tilskipunar um niðurjöfnun alþingiskostnaðarins.

Þingið kaus 3 af þingmönnum í nefnd, til að ihuga málið, og ræddi það síðan á lögskipaðan hátt á tveimur aðalfundum sínum, og leyfir sér nú allraþegnsamlegast að skýra yðar hátign frá skoðun sinni á þessu máli.

Þinginu er eigi kunnugt um, að nokkur óánægja sé á meðal landsmanna út úr greiðslumáta þeim, sem nú er, og eins og hann er ákveðinn í opnu bréfi 18. júlí 1848, eða að nein umkvörtun sé um hann fram komin af hálfu landsbúa, að því leyti að alþingiskostnaðinum er jafnað niður á afgangi jarðanna; þvert á móti er þingið einhuga á því, að það mundi valda óþolandi ójöfnuði, ef farið væri að jafna honum nú niður á jarðarhundrudin, því að þrátt fyrir hið nýja jarðamat fer mjög fjærri, að dýrleiki jarðanna sé sennilegur mælikvarði fyrir sönnu verði jarðanna, að afgangið, sem í rauninni er hinn eini rétti mælikvarði fyrir gæðum og verði jarðarinnar, er á sumum jörðum helmingi meira en sumum, og þess eru nokkur dæmi, að það er fjórfalt meira að jöfnu hundradatali. Þingið játar það reyndar, að heimta gjalds þessa, og einkum reikningarnir og endurskoðun þeirra, verður miklu hægri með þeim gjaldmáta, sem frumvarpið fer fram á, en áður var; en slík ástæða getur eigi til álita komið, þegar slíkur ójöfnuður er á annan bóginn, sem hlyti að verða, ef frumvarpið yrði lögleitt. Enda getur þingið eigi gjört mikið úr óhæggð, þeirri, sem á að vera á því, að semja afgangdaskýrsturnar, úr því þær eru einu sinni gjörðar, og hreppstjórar þurfa eigi annað en halda þeim við, og leiðrétta þær, þegar breyting verður á afgangi einstöku jarða í hreppnum; og þar sem sagt er í ástæðum frumvarpsins, að aðferð sú, sem nú sé við höfð, valdi miklum ójöfnuði milli þeirra jarða, sem eigendurnir búi á, og þeirra, sem byggðar séu öðrum, þá er þessi ójöfnuður, að því þinginu er framast kunnugt, alls eigi að kenna lögunum, heldur eptirgangsleysi hreppstjórnanna, og þeirra, sem við þessum skýrslum eiga að taka; því að reglurnar um þetta efni eru skýrar í bréfum dómsmálastjórnarinnar til hreppstjóra og sýslu-

manna, dags. 18. dag. júlímánaðar 1848, og því getur hægð sú, sem það veitti endurskoðendum reikninganna, ef gjaldið væri lagt á jarðirnar beint eptir dýrleika þeirra, alls eigi verið nein gild ástæða til þeirrar breytingar, sem frumvarpið stefnir að.

Auk þess verður þingið að leiða athygli að því, að nauðsyn ber til, að endurskoða og laga alla skattalóggjöf landsins, og þetta hafa fyrir löngu viðurkennt bæði þjóð, þing og stjórn, og því verður þingið að telja það mjög óheppilegt, að fara að breyta þessu gjaldi einu og rígbinda það, sem langedlilegast væri að væri goldið beinlínis úr landssjóðnum, en láta öll önnur gjöld standa óbreytt, sem þó miklu meiri nauðsyn ber til að breyta.

Í öðru lagi er það, að þingið sèr alls eigi, við hvaða ástæður það á að styðjast, að Reykjavík skuli greiða $\frac{1}{21}$ hluta alþingiskostnaðarins. Hér liggja alls engar skýrslur fyrir um, hversu mikið virðingarverð húsa og bæja kaupstaðarins er, og þá því síður, í hverju hlutfalli verð kaupstaðarins er við jarðeignir og kaupstaðarhús annarstaðar í landinu, svo að þessi $\frac{1}{21}$ hluti, sem Reykjavík er ætlað að greiða, er auðsjáanlega tekinn af handa-hófi, því að þótt Reykjavík sè kjördæmi sèr, getur engin skynsamleg ástæða verið fyrir því, að hún skuli gjalda svona mikið, og hvorki meira eða minna; enda væri það mjög ósamkvæmt sjálfu sèr, að láta hana greiða $\frac{1}{21}$ hlut, en beita allt öðrum reglum við alla aðra hluta landsins. Þessi hluttekning Reykjavíkur í alþingiskostnaðinum ætti því eigi við gildari rök að styðjast, heldur en í hverju öðru kjördæmi landsins; en þá sæist þó ójöfnuðuriön ljósast, ef t. a. m. Strandasýslu, sem er 1554 hndr. að dýrleika, skyldi eins gjalda sinn $\frac{1}{21}$ hluta alþingiskostnaðarins, eins og Árnessýsla, sem er 8,600 hndr., það er með öðrum orðum, ef gjalda skyldi því nær 6 sinnum meira alþingisgjald af hverju jarðarhundraði í Strandasýslu en í Árnessýslu. Ef því leggja skyldi ákveðinn hluta alþingisgjaldsins sérstaklega á Reykjavík, þá ætti það að vera beint eptir virðingarverði húsanna í samanburði við jarðir og kaupstaðarhús annarstaðar í landinu; en þá virðist þó þinginu það vera mjög ósanngjarnt, að leggja 100 rd. af virðingarverði húsanna á við hvert jarðarhundrað; því að þá er leggja skyldi alþingisgjaldið á kaupstaðarhús, verður að taka til greina, 1. að á húseignum Reykjavíkur hvílir talvert gjald til bæjarsjóðs, sem ekkert hvílir á jörðunum til sveitarsjóðanna; 2. að viðhald húsanna kostar árlega allmikið, og 3. að húsín ganga smátt og smátt úr sèr, og ónýtast með öllu að síð-

ustu, svo að það er vist eigi af talið, að hvert hús þurfi aðalviðgjörðar við á hverjum 25—30 árum.

Þegar um greiðslumátann er að ræða á þeim hlutanum, sem Reykjavík bæri að greiða, þykir þinginu hann í sjálfu sér óeðlilegur, að gjaldið skuli leggja á kaupstaðarbúa eptir efnum og ástæðum, enda verður að telja það mjög vafasamt, að Reykjavíkurbúum geðjist að honum. En hvað sem um það er, virðist þinginu sjálfsgt, að Reykjavíkurbúum ætti að gefast kostur á að skýra frá, hversu þeir óskuðu að greiðslumátinn yrði, og því ætti sjálfsgt að bera einkum þetta atriði málsins undir álit bæjarstjórnarinnar, og það því fremur, þar sem eptir sögn Reykvíkinga sjálfra öll löggjöf bæjarins um gjöld til bæjarsjóðs þarf endurskoðunar og leiðréttingar við hið allra-bráðasta.

Samkvæmt því, sem þegar er sagt, leyfir þingið sér allraþegnsamlegast með 18 samhljóða atkvæðum, að ráða yðar hátign til:

að gjöra eigi að lögum frumvarp það, sem hér ræðir um.

Allraþegnsamlegast.

Jón Sigurðsson. H. Kr. Friðriksson.

ATKVÆÐASKRÁ

í málinu viðvíkjandi fjárhagsreikningum Íslands fyrir árin 1871—73.

Nefndin: Uppástungur nefndarinnar:

- I. Að konungur sé beðinn að sjá svo fyrir, að úrskurðar dómstólanna verði leitað um, hvort landssjóðnum beri að endurgjalda ríkissjóðnum lestargjaldið af póstgufuskipinu. Samþ. með 22 samhljóða atkvæðum.
- II. Að styrktarsjóðs Íslands og annara opinberra sjóða, sem landinu við koma, verði eptirleiðis getið í fjárhagsáætlununum, ásamt ástandi þeirra á hverju tímabili sem er. Samþ. með 24 samhljóða atkvæðum.
- III. Að alþingi allraþegnsamlegast beri sig upp við hans hátign konunginn um þau útgjöld, sem samfara eru þeirri breytingu, sem orðið hefur á umboðsvaldinu í landinu, síðan þingið síðast kom saman, og sömuleiðis beiðist þess, að því lík útgjöld ekki eptirleiðis verði lögð á landið, þangað til þingið fær löggjafarvald og fjárföræði. — Við þennan tölulíð var við haft

nafnakall eptir beiðni hins annars konungkjörna þingmanns,
og sögðu :

«já»:

Eiríkur Kúld.
Halldór Kr. Friðriksson.
Benidikt Sveinsson.
Björn Pétursson.
Davið Guðmundsson.
Egill Egilsson.
Erlendur Gottskálksson.
Grímur Thomsen.
Guðmundur Einarsson.
Hjálmur Pétursson.
Jón Jónsson.
Jón Sigurðsson.
Páll Ólafsson.
Páll J. Vídalín.
Stefán Eiríksson.
Stefán Jónsson.
Torfi Einarsson.

«nei»:

Bergur Thorberg.
Helgi Hálfðánarson.
Jón Hjaltalín.
Pétur Pétursson.
Þórarinn Böðvarsson.
Þórður Jónasson.

Jón Pétursson og Sigurður Melsteð greiddu eigi atkvæði; en Hallgrímur Jónsson var fjærverandi, og var tölulíðurinn þannig samþykktur með 17 atkvæðum gegn 6.

IV. að útgjöldin til dýralæknis í suðuramtinu ekki verði lögð á landssjóðinn að svo komnu máli, og að kostnaður við ferð stiptamtmanns Finsens til Kaupmannahafnar í opinberu erindi verði landssjóðnum upp bættur. — Um þennan tölulíð var leitað atkvæða í tvennu lagi, þannig að fyrst var leitað atkvæða um fyrri hlutann: «að útgjöldin . . . svo komnu máli»; eptir ósk hins 3. konungkjörna þingmanns var við haft nafnakall, og sögðu :

«já»:

Eiríkur Kúld.
Halldór Kr. Friðriksson.
Björn Pétursson.
Egill Egilsson.
Erlendur Gottskálksson.
Grímur Thomsen.
Guðmundur Einarsson.

«nei»:

Bergur Thorberg.
Helgi Hálfðánarson.
Jón Hjaltalín.
Sigurður Melsteð.
Þórður Jónasson.

„já“:

Hjálmur Pétursson.

Jón Jónsson.

Jón Pétursson.

Jón Sigurðsson.

Páll Ólafsson.

Páll J. Vídalín.

Stefán Jónsson.

Torfi Einarsson.

Benidikt Sveinsson, Davíð Guðmundsson, Pétur Pétursson, Stefán Eiríksson og Þórarinn Bøðvarsson greiddu eigi atkvæði; en Hallgrímur Jónsson var eigi við staddur, og var fyrri hlutinn þannig samþykktur með 15 atkv. gegn 5.

Þá var leitað atkvæða um síðari hlutann: „og að kostnaður upp bættur“; var við haft nafnakall, og sögðu:

„já“:

Eiríkur Kúld.

Halldór Kr. Friðriksson.

Benidikt Sveinsson.

Björn Pétursson.

Davíð Guðmundsson.

Egill Egilsson.

Erlendur Gottskálksson.

Grimur Thomsen.

Guðmundur Einarsson.

Hjálmur Pétursson.

Jón Jónsson.

Jón Sigurðsson.

Páll Ólafsson.

Páll J. Vídalín.

Stefán Eiríksson.

Stefán Jónsson.

Torfi Einarsson.

Helgi Hálfðánarson, Jón Pétursson og Þórarinn Bøðvarsson greiddu eigi atkvæði, en Hallgrímur Jónsson var eigi við staddur; var síðari hluti tölulíðsins þannig samþykktur með 17 atkvæðum gegn 5.

V. Að kostnaður sá, sem samfara er setu konungsfulltrúa og að-

„nei“:

Bergur Thorberg.

Jón Hjaltalín.

Pétur Pétursson.

Sigurður Melsteð.

Þórður Jónasson.

- stoðarmanns hans á alþingi, hvorki leggist á landssjóðinn né niður jafnist á landið. Samþ. með 22 samhljóða atkvæðum.
- VI. Að eptirstöðvar söluverðsins á Laugarnesi og Elliðaánunum sem fyrst verði kaupendum upp sagðar. Samþ. með 24 samhljóða atkvæðum.
- VII. Að samningnum um brennisteinsnámurnar í Þingeyjarsýslu við A. G. Lock verði upp sagt, nær sem löglegt tækifæri býðst. Samþ. með 23 samhljóða atkvæðum.
- VIII. Að þingið allraþegnsamlegast þakki hans hátign konunginum fyrir þá ráðstöfun, sem nú er gjörð á Helgustaðafjalls-námunni, en jafnframt beiðist þess, að enginn nýr samningur verði gjörður um þessa námu að þinginu fornspurðu. Samþ. með 23 samhljóða atkvæðum.
- IX. Að reikningsfærsla á fjárhagsáætlununum og reikningsyfirlitinu yfir fjárhag landsins mætti eptirleiðis verða glöggari, og sèr í lagi, að ekki nema goldnar tekjur og borguð útgjöld sèu tekin til greina á tilvonandi fjárhagsreikningum, en að nákvæmt yfirlit yfir útistandandi tekjur á hverju ári fylgi reikningunum sem fylgiskjal. Samþ. með 20 samhljóða atkvæðum.
- X. (Viðauka-atkvæði nefndarinnar): að leigur sèu til færðar í áætlununum af fullri upphæð þess fjár, sem á er ætlað, verði í lok undanfaranda reikningsárs innstæða hjálparsjóðsins. Samþ. með 23 samhljóða atkvæðum.
- XI. Hvort alþingi vill rita konungi bænarskrá um þessi atriði, sem samþykkt eru. Samþ. með 23 samhljóða atkvæðum.

ATKVÆÐASKRÁ

í málinu um stofnun lagaskóla á Íslandi.

Nefndin:

1. Að hans hátign konungurinn allramildilegast skipi svo fyrir, að lagaskóli handa Íslenskum lögfræðingum komist á sem allrafyrst, samkvæmt konunglegri auglýsingu til alþingis, dagsettri 8. júní 1863. Samþykkt með 20 samhljóða atkvæðum.
2. Að undirstöðu-atriði þau í fyrirkomulagi á þessum skóla, sem um er rætt í bræfi kirkju- og kennslustjórnarinnar í Kaupmannahöfn til stiptamtannsins yfir Íslandi, dags. 28. desem-

berm. 1863, verði fyrst um sinn látin gilda fyrir skólann. Samþykkt með 18 samhljóða atkvæðum.

3. Að kostnaður til skólans verði í bráð greiddur af því fè lands-sjóðsins, sem látið hefur verið renna inn í hinn svo kallaða hjálparsjóð fyrir Ísland. Samþykkt með 19 samhljóða atkvæðum.
4. Hvort alþingi vilji rita konungi bænarskrá um þau atriði, sem samþykkt eru. Samþykkt með 19 atkvæðum.

ALLRAÞEGNSAMLEGAST ÁLITSSKJAL

um konunglegt frumvarp til tilskipunar um ábyrgð fyrir eldsvoða á Reykjavíkurkaupstað o. fl., dagsett 31 dag júlímán. 1873.

Til konungs !

Fulltrúi yðar konunglegu hátignar lagði fyrir alþingi að þessu sinni til álita frumvarp til tilskipunar um ábyrgð fyrir eldsvoða á Reykjavíkurkaupstað o. fl.

Þingið skipaði 5 menn í nefnd, til að ihuga frumvarp þetta og kveða upp um það skoðun sína, ræddi það síðan á lögboðinn hátt á tveimur aðalfundum sínum, og leyfir sér nú allraþegnsamlegast að skýra yðar konunglegu hátign frá ætlun sinni um mál þetta.

Þingið viðurkennir það fullkomlega, að það hefur verið, er og hlýtur að vera óreiknandi hnekkir öllum viðgangi Reykjavíkurkaupstaðar, að húseigendur þar hafa eigi getað fengið ábyrgð fyrir eldsvoða á húsum sínum; því að sökum þess eru húsin talin og eru í raun rætri mjög fallvölt og óáreiðanleg eign, þar sem þau geta brunnið upp að köldum kolum, svo að eigendunum verður ekkert úr, enda verða eigi seld með fullu verði. Af þessu leiðir svo sem að sjálfsögðu, að húseigendur ekkert lán geta fengið upp á hús sín, hvað sem þeim á liggur, og því gæta kaupstaðarbúar engin hús reist, nema þeir séu svo efnum búnir, að þeir geti gjört það af eigin efnum, og þá þó opt sér til mikils boga.

Þingið viðurkennir og á hinn bóginn, að Reykvíkingum er naumast auðið, að stofna ábyrgðarfélag út af fyrir sig enn sem komið er, og þess mun æðilangt að biða, að þeir geti fengið ábyrgð fyrir húsum sínum hér á landi, og er því auðsætt, hversu áriðandi það er fyrir Reykjavíkurbúa að geta fengið ábyrgð þessa

hjá brunabótafélagi hinna dönsku kaupstaða, með því það er kunnugt og áreiðanlegt; en utanríkisfélög eru aptur á móti lítt kunn hér á landi, og þótt slík ábyrgð þætti áreiðanleg, gæti það verið ýmsum örðugleikum bundið, að fá brunabæturnar borgaðar hjá þessum félögum, ef óhapp vildi til, enda kemur slík ábyrgð húseigendum alls eigi að fullum notum, með því að þeir ekkert lán geta fengið upp á hús sín fyrir slíka ábyrgð.

Þingið játar reyndar, að það séu ýms þau atriði í frumvarpi þessu, sem það óskaði fyrir hönd Reykvíkinga að hallkvæmari væru, svo sem t. a. m. sú ákvörðun í 1. grein, að brunabótafélag hinna dönsku kaupstaða taki að sér að eins ábyrgð fyrir tveim þriðjungum af verði húsanna, en kaupstaðurinn sjálfur taki að sér ábyrgðina fyrir einum þriðjunginum, með því að bærinn getur það eigi af eigin rammleik, heldur neyðist til, að fá þá ábyrgð hjá einhverju útlendu félagi.

2. sú, að brunabótagjaldið sjálft, og sömuleiðis gjaldið til umboðssjóðsins er talsvert herra en í hinum dönsku kaupstöðum, og

3. sú ákvörðun, er fulltrúum félagsins er í 10. greininni áskilinn réttur til, að breyta brunabótagjaldinu og tillaginu til umboðssjóðsins. En viðvikjandi þessu síðasta atriði verður þingið að treysta því, að stjórnin sjái um, að gjaldið verði eigi ósanngjarnt eða hækkað að óþörfu, með því að slíkt gæti valdið því, að Reykjavíkurbúar sæju sig neyddu til, að segja skilið við brunabótafélag þetta, ef gjaldið yrði fjarska-hátt, og þá óvíst, að þeir gætu fengið áreiðanlega ábyrgð annarstaðar fyrir húsum sínum.

En þrátt fyrir þessi atriði, sem þinginu virðast miður hagkvæm, verður þingið þó að játa, að kostir þeir, sem Reykjavíkurbúum eru settir, eigi eru nein frágangssök, þegar um eins árið-andi mál er að ræða fyrir bæinn sem þetta, og leyfir sér því allraþegnsamlegast, í einu hljóði að beiðast þess:

Að yðar hátign allra-mildilegast mætti þóknast að löggilda frumvarp þetta sem allra-fyrst.

Allraþegnsamlegast.

Jón Sigurðsson. H. Kr. Friðriksson.

ALLRÆGNSAMLEGAST ÁLITSSKJAL

um frumvarp til tilskipunar fyrir Ísland um skipaströnd, dagsett
31. dag júlímánaðar 1873.

Til konungs.

Fulltrúi yðar hátignar lagði fyrir alþingi að þessu sinni til á-
lita frumvarp til tilskipunar fyrir Ísland um skipaströnd.

Þingið kaus 5 manna nefnd til að þuga mál þetta, og kveða
upp um það álit sitt, ræddi það síðan á tveim aðalfundum á lög-
bodinn hátt, og leyfir sér nú allrægnsamlegast, að skýra frá álit
sínu um það á þá leið, er nú skal greina.

Eins og tekið er fram í hinum almennu athugasemdum við
frumvarpið, þá inniheldur hin íslenska löggjöf að vísu eigi ákvarð-
anir um skipaströnd. Á hinn bóginn viðurkennir þingið, að það
sjálf sagt fyrir meir hefði verið æskilegt, að skipað hefði verið um
þetta mál með hagfelldum lögum, sem að öllu leyti hefðu verið
sniðin eptir því, sem sérstaklega hagar til hér á landi, enda vill
þingið yfir höfuð alls ekki draga það í efa, að tilskipunin fyrir
Danmörku 28. desember 1836, sem þetta frumvarp í öllu veru-
legu er sniðið eptir, hefði verið vel fallin til þess, að hliðsjón
hefði verið höfð til hennar við slíka lagaskipun í mörgum um-
varðandi atriðum.

En þrátt fyrir þetta gat þingið eptir langar og ítarlegar um-
ræður um málið, sem sýndu fram á æ fleiri og verulegri galla á
frumvarpinu, ekki komizt til þeirrar niðurstöðu, að ráðlegt væri
fyrir þingið að leggja það til við yðar hátign, að það fengi laga-
gildi, og leyfir þingið sér þegnsamlegast í þessu tilliti að taka
fram eptirfylgjandi atriði.

Þess skal þá fyrst getið, að þingið verður að álíta, að skoðun-
arháttur alþýðu á Íslandi og venja sú, sem, eins og öllum er kunnugt,
hefur smámsaman myndazt á Íslandi viðvíkjandi allri meðferð á
strandmálum og hjálpssemi við strandmenn, hafi náð svo föstum
rótum, að það sé mjög varúðarvert, að innleiða allt í einu lög,
sem að grundvallarstefnu sinni til komi í bága við hana, eður raski
undirstöðu hennar, og í sambandi við þetta hlýtur það að koma
til greina, að sökum þessarar venju virðist ekki heldur nein bráð
nauðsyn til þeirra lagaákvæðana, sem hér ræðir um, með því líka
að þingið veit ekki til, að neinar umkvartanir hafi komið frá lands-
manna eða skipbrotsmanna hálfu út af skorti á skrifuðum lögum
um strandmál.

Þingið verður að leggja sérlega áherzlu á það, að hin alkunna gestrisni og greiðvikni, sem allir erlendir menn, er ferðast um Ísland, viðurkenna að sé fagurt þjóðareinkenni Íslendinga, hún hefur og mun jafnan reynast strandmönnum áreiðanlegasta trygging fyrir allri þeirri hjálp og aðstoð, sem landsmenn framast geta þeim í té látið, og þingið verður að vera fast á þeirri skoðun, að þessi trygging mundi í reyndinni draga miklum mun drjúgara, en þær rígbundnu og einskorðuðu lagaskyldur, sem frumvarpið inniheldur, og sem eptir eðli hlutarins mundu upp ræta hana gjörsamlega, eður þó raska henni svo, að hennar mundi lítið gæta. Frá þessu sjónarmiði skoðað liggur það í augum uppi, að slík lög, sem frumvarpið fer fram á, hlytu að verða næsta óalþýðleg, og særa þjóðartilfinning Íslendinga á öldungis óeðlilegan hátt, er þeir mundu skoða hinar ströngu lagaákvæðanir, sem rangláta tortryggni við þá mannúðlegu og borgaralegu skyldurækt, sem þeir af sjálfum sér hafa við nauðlíðandi skipbrotsmenn.

Þegar þingið nú á hinn bóginn tekur tillit til þess, að á Íslandi, eins og líka bent er á og viðurkennt í athugasemdunum við frumvarpsins 1. gr., skorta öll skilyrði fyrir sérstaklegri umsjón frá hins opinbera hálfu í þeim skilningi, sem hún á sér stað í Dæmörku, þá liggur það opið fyrir, að slík lög, sem frumvarpið er að allri grundvallarstefnu sinni, mundu í reyndinni að eins verða dauður bókstafur, sem fara mætti í kring um frekar en góðu hófi gegndi, þar sem brimin og lífshættan hvívetna við stendur Íslands, og illviðrin og ófærurnar, einkum á vetrardag, þegar hættast er einmitt við að ströndin beri að höndum, í sambandi við þá ströngu lagaábyrgð, og þá helmtufrekju frá því opinbera, sem frumvarpið opnar svo greiða götu að, vafalaust mundi knýja alþýðu til þeirra undanbragða, sem lögunum yrði allshendis ómögulegt að girða fyrir með hegningar-ákvörðunum sínum.

Það er því fóst skoðun þingsins, að eins og frumvarpið í heild sinni og eptir aðalstefnu sinni er ekki réttlátt, eptir því sem til hagar hér á landi, þannig er það ekki heldur frá löggjafans sjónarmiði hyggilega sniðið til þess að ná aðaltilgangi sínum, eður með öðrum orðum verklegt, eptir því, sem til hagar hér á landi.

Þessar setningar má nú og rekja gegnum hinar einstöku greinir frumvarpsins, án þess þingið állti það nauðsýnlegt, að útlista það mál frekar, þar sem þær liggja svo beint við, hvort sem lítið er á hina skilyrðislausu borgaralegu skyldu, sem t. a. m. er

sett í frumvarpsins 1. gr., enda þótt auðvitað sé, að hér geti þó eigi verið meint, að leggja almenningi frekari skyldu á herðar, en hverjum einum eptir kringumstæðunum er unnt afhendi að leysa, ellegar tekið er tillit til ætlunarverks sýslumanns og hreppstjóra eptir frumvarpinu.

Þingið verður líka að taka fram þann aðalgalla á frumvarpinu yfir höfuð í nánna sambandi við þetta atriði, að frumvarpið, þegar litið er til launa þeirra á hinn bóginn, sem almenningi og sýslumönnum eru ætluð fyrir starfa sinn, ómak og fyrirhöfn, ekki er byggt á jafnrætti í samanburði við tilskip. 28. des. 1836 fyrir Danmörku, þar sem þó réttlætið krefur, að þar sem skylduna er örðugra að leysa af hendi, eins og einmitt á sér stað á Íslandi, þar eigi einnig umþunin fyrir skylduverkin að vera meiri, en þetta stendur í öfugu hlutfalli eptir frumvarpinu.

Ánk þessa verður þingið að taka það fram, að því virðast ákvarðanirnar í frumvarpsins 22. og 23. gr. miður tryggjandi fyrir landssjóðinn, þar sem dómstólarnir ættu eigi síður að geta tryggt löglegan hag landssjóðsins, en þess, sem tilkall gjörir til strandgóssins, og eins virðist þá líka ákvörðunin í frumvarpsins 26. gr. að vera óeðlileg, þar sem hún að minnsta kosti með tilliti til þessa mikilvæga atriðis gefur umboðslega valdinu úrskurðarvald um of.

Það er þannig auðsætt, að þingið, svo framarlega sem það hefði viljað, eða álitnið nauðsynlegt, að sett væru lög um skipa- strönd á Íslandi, nú þegar hefði orðið að stinga upp á svo verulegum breytingum við frumvarpið, að það að aðalstefnu sinni og grundvallarreglum í mörgu tilliti hefði orðið allt annað, og þar sem þingið þóttist mega ganga út frá því sem vísu, sem jafnaðarlegast verður reyndin á, að ráðgjafastjórn yðar hátignar, sem að því leyti er hún kemur fram í lagatilbúningi um Íslands vafalaust serskildu mál, sem sameiginleg constitutionel ráðgjafastjórn fyrir Ísland og Danmörk, eptir óbifanlegri skoðun þingsins er óeðlilegur og ekki réttbær millumliður milli alþingis og yðar konunglegu hátignar, sem einvaldskonungs yfir Íslandi, ekki mundi hafa tekið slíkar verulegar breytingar frá þingsins hálfu til greina, en þingið hins vegar væntir þess staðfastlega, að það muni allramildilegast bráðhendis öðlast löggjafarvald, þá hefur þingið, án þess að stinga upp á breytingum við frumvarpið, með 16 atkvæðum gegn 8 ályktað:

Að ráða yðar hátign allraþegnsamlegast frá því, að frumvarp þetta nái lagagildi.

Allraþegnsamlegast.

Jón Sigurðsson. Benidikt Sveinsson.

ALLRAÞEGNSAMLEGAST ÁLITSSKJAL

um frumvarp til tilskipunar um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi, dags. 31. dag júlímán. 1873.

Til konungs.

Af hendi yðar konunglegu hátignar lagði konungsfulltrúi fyrir alþingi að þessu sinni til álita frumvarp til tilskipunar um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi.

Þingið kaus þrjá af þingmönnum í nefnd til að fhuga og segja álit sitt um frumvarp þetta, ræddi það síðan, svo sem lög bjóða, á tveimur aðalfundum sínum, og leyfir sér nú allraþegnsamlegast, að skýra yðar hátign frá skoðun sinni á þessu máli, og verður hún sú, er nú skal greina.

Þingið kannast fyllilega við, hve nauðsynlegar stofnanir sparisjóðir eru hér á Íslandi; og það eigi síður en annarstaðar, og full ástæða sé til, bæði að gefa þeim þau hlunnindi, sem staðizt geta með landslögum vorum, og jafnframt greiða fyrir almenningi, til að nota sjóði þessa sér til hagsmuna sem framast má verða.

Reyndar komu nokkur mótmæli af hendi einstakra þingmanna gegn hinum sérstöku atriðum málsins, en þingið í heild sinni gat þó eigi séð, að þær ástæður, sem komu fram gegn tveimur hinum fyrstu atriðum málsins, væru nægar til að hrinda þeim atriðunum, þvert á móti virtust þinginu yfirgnæfandi ástæður vera til, að heiðast þess, að þau yrðu löggilt óbreytt, og var þannig fyrir-sögn frumvarpsins samþykkt án atkvæðagreiðslu; sömuleiðis upphafsgreinin óbreytt samþykkt með 14 atkvæðum gegn 9.

2. Fyrsti liður frumvarpsins var samþykktur með 14 atkv. gegn 9.

3. Annar liður frumvarpsins með 13 atkvæðum gegn 9.

En að því er 3. lið frumvarpsins snertir, þá virtist þinginu ekki næg ástæða til að gjöra sparisjóðunum hægra fyrir, með að koma fé sínu á hærri leigu gegn veði í fasteign, en öðrum opinberum sjóðum landsins, sem allir án undantekningar þurfa alls þess vaxtar og viðgangs við, sem þeim að lögum er audið; og

kom sú skoðun fram undir umræðunum, bæði að æskilegt væri, að allir þessir sjóðir, og einnig sparisjóðirnir, yrðu sem fyrst hluttakandi í þeim hlunnindum, sem 3. tölul. gjörir ráð fyrir, og það allir jafnsnemma. Það vill líka svo vel til, að þeim eina sparisjóð, sem kominn er á legg í landinu, ekki að eins er enginn bagi að þeim drætti, sem þar með yrði á að öðlast hin umgetnu hlunnindi, heldur er hann enn þá ekki svo þroskaður, að hann gæti nú þegar notað hlunnindi þessi, því hann hrökkur að svo komnu máli ekki til, að fullnægja þeim kröfum, sem til hans eru gjörðar um lán gegn áreiðanlegri ábyrgð og lausafjárveði. Af þessum ástæðum og með þeirri von, að yðar hátign sjái svo fyrir, að einnig aðrir sjóðir, en sparisjóðir, verði aðnjótandi hinna sömu hlunninda, felldi þingið 3. lið með 14 atkv. gegn 9.

Enn fremur virtist þinginu með öllu óþarft, að skylda landshöfðingjann að skýra dómsmálastjórninni frá, í hvert skipti og hann veittu íslenskum sparisjóðum þau hlunnindi, sem frumvarpið ræðir um, og þess vegna ræður þingið til þess með 16 atkvæðum gegn 6, að sleppa þessari ákvörðun.

Samkvæmt því, sem nú er þegar sagt, leyfir þingið sér allraþegnsamlegast með 13 atkvæðum gegn 11:

Að ráða yðar konunglegu hátign til, að löggilda frumvarpið með þeim breytingum, sem þegar er getið.

Allraþegnsamlegast.

Jón Sigurðsson. H. Kr. Friðrikkson.

ALLRAÞEGNSAMLEGUST BÆNARSKRÁ

til hans hátignar konungsins viðvikjandi fjárhagsmáli Íslands fyrir árin 1871—73, dagsett 1. ágúst 1873.

Til konungs.

Til alþingis kom að þessu sinni uppástunga frá nokkrum þingmönnum um, að fjárhagsáætlun fyrir Ísland 1872—1873 og reikningsyfirlitið fyrir 1871—72 yrð lögðu fyrir þingið.

Samkvæmt bendingu auglýsingar yðar hátignar dagsettrar 23. d. maím. þ. á. hafði þetta mál framgang, og kaus þingið nefnd til að íhuga það, var það síðan rætt á lögskipaðan hátt á tveimur aðalfundum.

Þó að þær skýringar í máliu, sem þinginu buðust, væru mjög svo ófullkomnar, og þingið því gangi að því vísu, að mörgr-

um atriðum kundi að hafa verið sleppt, sem áriðandi hefði verið að taka fram, þá komst þingið að þeirri niðurstöðu, að margt væri bæði í áætluninni og yfirlitinu ihugavert og maklegt þess, að at-
hygli yðar hátignar væri leitt að því.

Auk þess, að þær prentuðu athugasemdir, er fylgja, eingöngu eru samdar á dönsku máli, þó að þær eptir eðli sínu hljóti að varða Íslendinga meira en Dani, þá virtust þær líka þinginu að sumu leyti bæði óljósar og ónógar.

Þar eð þau atriði í auglýsingu yðar hátignar, sem snerta fjárhagsmál landsins, standa í nánú sambandi við mál það, er hér ræðir um, leyfir þingið sér allraþegnsamlegast, að taka fram þau atriði, sem þar að lúta:

a, að reikningshalli sá Íslandi í óhag, sem virðist fólgin í áætluninni 1871—72 I. 4. gr. (sbr. I. 2. gr. 9.) verði lagaður. Þessu svarar auglýsing yðar hátignar á þá leið, að það «ekki geti verið umtalsmál að laga það», enda stendur hin sama útgjaldagrein í hinum síðari áætlunum.

Þingið fær ekki skilið, að lestagjald af vöru-flutningum póstskeipsins sé áлага á póstferðirnar, og sér því engin úrræði til, að greitt verði úr þessum ágreiningi nema með úrskurði dómstólanna.

b, þingið verður enn að vera á því máli, að það sé rættari og glöggri reikningsfærslu samfara, að til taka í tekjudálkinum tekjurnar af póstgöngunum og dómsmálasjóðnum, í stað þess, eins og enn er gjört, eingöngu í útgjaldadálkinum, að nefna tillagið til póststjórnarinnar, og á tekjudálkinum leigur af hjálpara sjóðnum, eða rættara sagt af þeim skuldabréfum einstakra manna, sem hjálpara sjóðurinn hefur tekið við af dómsmálasjóðnum, án þess tillag nefnds sjóðs til hegningarhússbyggingarinnar komi nokkurstaðar fram í áætlunum. Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að ríkisþingið í Danmörku á hinum síðari árum hefur ávallt krafizt þess, að innstæður og ástæður einstakra sjóða, undir hverja stjórnardeild sem þeir svo heyra, sé tilgreindar í fjárhagslögunum, og þingið gengur þess vegna að því vísu, að yðar hátign smámsaman muni láta innleiða þá glöggu reikningsfærslu fyrir Ísland, sem þegar er orðin að venju í Danmörku.

c, auglýsing yðar hátignar svarar ósk þingsins frá 1871 um, að hinn íslenski styrktarsjóður verði tekinn inn í fjárhagslögin

í stað hins svo kallaða hjálparsjóðs, einungis á þá leið, að miklu fæ hafi verið varið til lána til að af stýra hallæri á Íslandi. En eins og sjóðir yfir höfuð eru til fyrir það, þó fæ þeirra sè í láni, eins virðist þetta eigi hafa getað verið því til fyrirstöðu, að sjóðurinn ásamt ástandi hans væri tilgreindur í fjárhagslöggunum, og verður þingið því allraþegnsamlegast, að ítreka sína fyrri beiðni í þessu efni.

Því næst leyfir þingið sér, að hverfa til þeirra nýju atriða í hinum fyrirbyggjandi áætlunum, sem því sér í lagi virðast athuga-verð:

1. Síðan að alþingið kom síðast saman, hafa orðið ýmsar breytingar á umboðsvaldinu í landinu, sem hvorki þingið nè landslýðurinn bjóst við að verða mundi fyrri heldur en stjórnar-bótarmál landsins væri til lykta leitt, eður að minnsta kosti allur vafi á enda um það, hvort allt skyldi standa við sama í stjórnartilhögun landsins, eða alþingi fengi lögjafarvald og fjárforræði, Þessum breytingum eru ýms útgjöld samfara, sem sè á útgjaldadálknum undir 6. gr.:
 - a, mismunur á launum landshöfðingjans og fyr meir stiptamtmannsins yfir Íslandi.
 - b, laun landsskrifarans.
 - c, launaviðbót amtmannsins yfir vestur- og suðuramtinu.
 - d, kostnaður við flutning nefnds amtmanns frá Stykkishólmi til Reykjavíkur, og
 - e, samkvæmt athugasemd við 3. grein á tekjudálkinum uppgjóf á skuld, sem hvíldi á stiptamtmanshúsinu fyrir eldri aðgjörðir.

Væri það vafalaust, að hin umgetna breyting á umboðsvaldinu nú þegar hafi verið óumflýjanleg, þá mundi þingið eigi hafa minnzt þeirra ofannefndu útgjalda. En þingið er á þeirri skoðun, að eptir að fjárhagur Íslands var aðskilinn frá fjárhag ríkisins, og meðan alþingi er enn eigi búið að fá fjárforræði, þá sè landssjóðurinn líkastur ómyndugra fæ, sem fjárhaldsmaðurinn (stjórnin) á að verja með mestu sparsemi og fyrirbyggju, og engu þar af að eyða nema til nauðsynlegra þarfa hins ómynduga (Íslands). En á þessu milli-bili að leggja ný útgjöld á landið án bráðustu nauðsynja, virðist ekki sambóðið réttum stjórnarreglum, þó það kunni bæði að vera löglegt og leyfilegt.

Í þeim lagafrumvörpum, sem lögð voru fyrir alþingi 1871

um stjórnarskrána o. fl. var reyndar gjört ráð fyrir nokkrum af þeim breytingum, sem nú eru á orðnar, en það er hvorttveggja, að höfuð-frumvarpið, undirstaðan undir öllu þessu nýja fyrirkomulagi (frumvarpið um stjórnarskrána), ekki varð að lögum, enda gjöra mörg af þeim lögum, sem byggð eru á nefndum frumvörpum og síðar eru út komin, ráð fyrir, að nokkur dráttur kunni að verða á stofnun landshöfðingjadæmisins, og að stiptamtmaðurinn yfir Íslandi gegni á meðan þeim störfum, sem landshöfðingja eru ætluð. Þar við bætist, að hvorki útheimtist aukið vald né aukin laun til þess forsvaranlega að leysa af hendi það ætlunarverk, sem þessi lög gjöra ráð fyrir. Sama og þó enn fremur er að segja um stofnun hins nýja landsskrifaraembættis og sameining suður- og vesturamtsins. Þinginu getur ekki skilizt, að landshöfðingjadæminu fylgi þær annir og skriptir, sem auk skrifstofuembættisins útheimti nýjan, og það af yðar hátign útnefndan skrifara. Þinginu virðist öllu fremur, að úr því störf amtmannsins yfir suðuramtinu bæði sem amtmaður og að nokkru leyti sem stiptyfirvald, eru aðskilin frá landshöfðingjaembættinu, þá hefði að minnsta kosti um stundarsakir mátt una við þá skrifstofu og það skrifstofufé, sem landshöfðinginn heldur óskertu, þó að landsskrifarinn hafi bætzt við.

Hvað nú loksins sameiningu vestur- og suðuramtsins áhrærir, þá getur ekki hjá því farið, að þeim mörgu Vestfirðingum, sem í ýmsum erindum þurfa að leita amtmanns síns, finnist, sér í lagi á vetrardag, óhaganlegra að leita hans í Reykjavík heldur en í Stykkishólmi, auk þes að jafnaðarsjóð vesturamtsins hljóta að vaxa útgjöld og kostnaður af emfættisferðum tæðs amtmanns. Og þó aldrei nema hefði verið þarflegt að flytja amtmanninn sjálfan til Reykjavíkur, þá er eptir að sýna, hverja nauðsyn bar til, að flytja einnig íveruhús hans með honum. Stjórn y. h. hefur og stundum þóknazt, að spyrja þingið til ráða um sameinig á sýslum, sem þó er kostnaðarlaus fyrir landið, en um sameininguna á ömtunum, sem hefur töluverð útgjöld í för með sér, hefur ekki verið leitað ráða þingsins. Þingið verður því allraþegnsamlegast að bera sig upp við yðar hátign um þann kostnað, sem þessari breytingu fylgir, og jafnþegnsamlega beiðast þess, að yðar hátign vilji sjá svo fyrir, að ný útgjöld ekki verði lögð á landssjóðinn, meðan það millibilsástand varir, sem þingið vonar að ekki eigi sér langan aldur úr þessu.

2. Framvegis komst þingið að þeirri niðurstöðu, allraþegn-

samlegast að heiðast þess, að þau útgjöld, sem standa á 11. útgjaldagrein á reikningsyfirlitinu undir tölul. 2. og 21. (laun handa dýralækninum í suðuramtinu og ferðakostnaður stiptamtmanns Finsens í opinberu erindi), verði landssjóðnum uppbætt; hið fyrra af þeirri orsök, að dýralæknirinn virðist eingöngu settur í þarfir suðuramtsins, en ekki landsins í heild sinni; hið síðara, þar eð þinginu er óljóst, hvort landið á að bera þann kostnað, sem samfara kann að vera ferðum þeirra embættismanna, sem einhver ráðgjafi yðar hátignar kann af einhverjum orsökum að boða á sinn fund.

3. Sama er að segja um útgjöld til fulltrúa yðar hátignar á alþingi, sem í athugasemdunum á bls. 13. eru færð landssjóðnum til reiknings. Þingið lætur sér í þessu tilliti nægja, að leiða, athygli yðar hátignar að úrskurði yðar hátignar háshæla fyrirrennara konungs Kristjáns hins 8. frá 27. febr. 1846., sem býður, að allur kostnaður til konungsfulltrúans og hans aðstoðarmanns, í stað þess að falla á jarðabókarsjóðinn (landssjóðinn) og þar með niður jafnast á Ísland, skuli gagngjört (definitivt) færast aðalféhirzlunni til reiknings undir útgjaldagreininni til óvissra ríkisútgjalda, sem upp á kynnu að koma.

4. Í reikningsyfirlitinu, tekjudálknum 11. tölulið, athugasemdanna bls. 6, finnast tvær tekjugreindir, nl. leigan af eptirstöðvum af söluverði Elliðaáanna og Laugarness. Eptirstöðvarnar nema 4390 rd. upphæð. Þingið getur ekki leitt hjá sér þá athugasemd, að landssjóðurinn gæli varið fé sínu á hagkvæmari og fyrir landið miklu arðsamari hátt, en að láta það með svo lágru leigu standa fast í þessum eignum, því þegar að er gáð, að búíð er að lána út að mestu leyti þann hjálparsjóð, sem fyrir hendi var 31. marz 1872, þá virðist öll orsök til að upp segja fyrnefndum eptirstöðvum og draga þær inn í hjálparsjóðinn, svo þeim verði varið annaðhvort með meiri arði fyrir landssjóðinn eða til meira gagns fyrir landið, og það þess heldur, sem önnur eignin að minnsta kosti, nl. Laugarnes, eptir kunnugra dómi innan skamms varla mun verða veðbært fyrir þeim 3590 rd., sem það er veðlagt fyrir. Þingið hlýtur því allraþegnsamlegast að biðja yðar hátign um, allramildilegast að láta upp segja tæðum lánum, að minnsta kosti þeirri upphæð, sem stendur í Laugarnesi.

5. Þingið gjörði 1871 eptir fyrirlagi yðar hátignar uppástungu um leigumála á brennisteinsnámunum við Mývatn. Dómsmálastjórn-

inni þóknadist ekki að taka þessa uppástungu til greina, heldur flýtti hún sér að leigja námurnar fyrir minna verð, en alþingi stakk upp á. Hér um bil um sama leyti bauðst stjórninni betri leigumáli af tæðum námum; en samningurinn við herra A. G. Lock var þá um garð gjörður, og sést á því, að ekki lá neitt á að flýta sér. Þingið ætlast nú engan veginn til, að tæður samningur sé rofinn, ef A. G. Lock á annað borð heldur samninginn, en þingið verður allraþegnsamlegast að bera sig upp við yðar hátign yfir því gjöræði, sem hér virðist hafa átt sér stað, og jafnþegnsamlega beiðast þess, að samningnum verði upp sagt, nær sem löglegt færi gefst.

6. Aftur á hinn hóginn leyfir þingið sér allraþegnsamlegast, að tjá yðar hátign sitt þakklæti fyrir, að Helgustaðanáman nú sem stendur er óleigð, en undir eins beiðist þingið þess, að því mætti verða gjört viðvart, nær sem stjórnin kynni aftur að vilja burt leygja námurnar.

7. Það gefur að skilja, að það hlýtur að valda margs konar óglöggleik, þegar tekjur landsins beinlínis frá landinu sjálfa renna ýmist í jarðabókarsjóðinn, ýmist í aðalféhirzlu ríkisins, án þess hvor sjóður fyrir sig viti á sama tímabili, hvað galdið hafi verið í hinum, og sér í lagi þegar þar við bætist, að ýmsar upphæðir, sem ekki við koma tekjum eða útgjöldum landsins, til skipta renna úr einum sjóði í annan. Hér við á það einnig skylt, að reikningar landsins eigi eru haldnir í landinu sjálfu, þar sem betra og glöggara eptirlit ætti að vera mögulegt en í Kaupmannahöfn. Sama er að segja um skiptinguna á áætlunum í þetta sinn, sem að álit þingsins hlýtur að valda nýjum örðugleikum við reikningana fyrir 1874, þar sem önnur áætlunin ekki nær nema til $\frac{3}{4}$ árs, og þó eru margar tekju- og útgjaldagreinir tilfærðar ekki með $\frac{3}{4}$ upphæðar, heldur með fullri upphæð. Líkt á sér stað með þá aðferð í reikningsyfirlitinu, að útistandandi og óborgaðar tekjur eru reiknaðar í tekjudákinum; réttara og einfaldara hlyti það að vera, ekki að telja í tekjudákinum annað en það, sem þegar er iangoldið, og láta hverju reikningsyfirliti fylgja skýrslu um þær við endalok ársins útistandandi tekjuskuldir, sem þá geta orðið tilfærðar í tekjudálki næsta reikningsyfirlits, eptir því sem þær renna inn í landssjóðinn.

8. Að endingu skal þess getið, að hion svokallaði hjálpar-sjóður er ekki tilfærður á áætlunum með sinni áætlun upphæð, heldur eptir því, sem inn var komið, þegar seinastur reikningur

var gjörður, en þinginu virðist það vafalaust, að hjálparsjóðurinn, sem eptir auglýsingu yðar hátignar er ætlaður til, að fê það, sem afgangi kynni að verða á einstökum reikingsárum, verði ávaxtað landssjóðnum í hag, sè á áætlunum tilfærður með sinni fullu upphæð, og ætti því á síðustu áætlun tekjudálkinum 2. gr. tölul. 16, sem leigur af hjálparsjóðnum að vera tilfærðir vextir af 25,198 rd. 75 sk. í stað þess, að hér eru að eins nefndir 223 rd.

Samkvæmt því, sem á undan er farið, leyfir þingið sèr með samhljóða 23 atkv. allraþegnsamlegast að beiðast þess, að yðar hátign allramildilegast vildi sjá svo fyrir:

1. (með 23 samhljóða atkv.) að úrskurðar dómstólanna verði leit- að um, hvort landssjóðnum beri að endurgjalda ríkissjóðnum lestagjaldið af póstgufuskipinu.
2. (með 24 samhljóða atkvæðum) að styrktarsjóðs Íslands og ann- ara opinberra sjóða, sem landinu við koma, verði eptirleiðis getið í fjárhagsáætlunum, ásamt ástandi þeirra á hverju tímabili sem er; og enn fremur leyfir þingið sèr allraþegn- samlegast
3. (með 17 atkvæðum gegn 6) að bera sig upp við yðar hátign um þau útgjöld, sem samfara eru þeirri breytingu, sem orðið hefur á umboðsvaldinu í landinu, síðan þingið síðast kom sam- an, og sémuleiðis beiðast þess, að þvílík útgjöld ekki eptir- leiðis verði lögð á landið, þangað til þingið fær löggjafarvald og fjárforræði,
4. a, (með 15 atkvæðum gegn 5) að útgjöldin til dýralæknis í suðuramtinu ekki verði lögð á landssjóðinn að svo komnu máli;
b, (með 17 atkvæðum gegn 5) og að kostnaður við ferð stipt- amtmanns Finsens til Kaupmannahafnar í opinberu erindi verði landssjóðnum upp bættur.
5. (með 22 samhljóða atkvæðum) að kostnaður sá, sem samfara er setu konungsfulltrúa og aðstoðarmanns hans á alþingi, hvorki leggist á landssjóðinn nè niður jafnist á landið.
6. (með 24 samhljóða atkvæðum) að eptirstöðvar söluverðsins á Laugarnesi og Elliðaánum sem fyrst verði kaupendum upp sagðar.
7. (með 23 samhljóða atkvæðum) að samningnum um brenni- steinsnámurnar í þingeyjarsýslu við A. G. Lock verði upp sagt, nær sem löglegt tækifæri býðst.

8. (með 23 samhljóða atkvæðum) að þakka yðar hátign fyrir þá ráðstöfun, sem nú er gjörð á Helgustaðafjallsnámunni, en jafnframt allraþegnsamlegast að heiðast þess, að enginn nýr samningur verði gjörður um þessa námu að þinginu fornspurðu.
9. (með 20 samhljóða atkvæðum) að reikningsfærsla á fjárhagsáætlunum og reikningsyfirlitinu yfir fjárhag landsins mætti eptirleiðis verða glöggari, og sèr í lagi, að ekki nema goldnar tekjur og borguð útgjöld sèu tekin til greina á tilvonandi fjárhagsreikningum, en að nákvæmt yfirlit yfir útistandandi tekjur á hverju ári fylgi reikningunum sem fylgiskjal.
10. (með 23 samhljóða atkvæðum) að leigur sèu til færðar í áætlununum af fullri upphæð þess fjár, sem á er ætlað verði í lok undanfarandi reikningsárs innstæða hjálparsjóðsins.

Allraþegnsamlegast.

Jón Sigurðsson. Halldór Kristján Friðriksson.

ALLRAÞEGNSAMLEGAST ÁLITSSKJAL

um frumvarp til tilskipunar um hegningarvald það, sem stjórn hegningarhússins á Íslandi hefur, dags. 1. dag ágúst. 1873.

Til konungs.

Fulltrúi yðar konunglegu hátignar á þessu alþingi lagði fyrir það frumvarp til tilskipunar um hegningarvald það, sem stjórn hegningarhússins á Íslandi hefur.

Þingið kjöri 3 manna nefnd, er ihuga skyldi frumvarpið og segja um það álit sitt. Og nú er þingið hefur rætt málið á tveimur aðalfundum, sem lög bjóða, leyfir það sèr allraþegnsamlegast að kveða upp tillögur sínar í þessu máli, eins og nú skal segja.

Þingið verður að vera fastlega á þeirri skoðun, að þetta frumvarp, er yðar hátignar ráðgjafastjórn, sem sameiginleg constitutíonel stjórn fyrir Ísland og Danmörku, hefur gjört ráðstöfun fyrir að lagt væri fyrir alþingið, sem eigi getur viðurkennt annað, en að yðar konunglega hátign sè einvaldur konungur yfir Íslandi, þangað til stjórnarhótarmál þess er komið í kring, sè í öllum aðalatriðum sínum næsta óaðgengilegt og óhaganlegt fyrir Ísland; og leyfir þingið sèr, um leið og það tekur þessi atriði fram, að fara um hvert þeirra fáum orðum.

Í fyrsta máta athugar þingið. Að vísu eiga orðin: «minni

háttar yfirsjónir» í 1. gr. frumvarpsins, eins og sjá má af athugasemdunum við frumvarpið, að yfirgrípa ekki að eins óhlýðni við yfirboðara, heldur einnig önnur brot gegn góðri röð og reglu í hegningarhúsinu, t. a. m. á ofbeldi, svik og stuld á verkefni og áhöldum, sem hegning einnig liggur við eptir hinum almennu hegningarlögum fyrir Ísland 25. júní 1869. En eptir þessu verður þingið að álíta, að takmörkin milli þessara síðartöldu yfirsjóna, og afbrota þeirra, sem ætlazt er til að meðhöndluð verði og hegnt eptir hinum almennu sakalögum séu mikils til um of óákveðin, enda virðist einkenni það, sem hér er tekið fram á þýfinu, «verkefni og áhöldum», alls ekki gefa glöggva neina leiðbeining með tilliti til, hvað heimfæra skuli undir orðið «stuld». Því heimildarlaus taka á «verkefni og áhöldum» getur í sjálfu sér verið óveruleg gripdeild, sem eptir almennum hugsunarhætti manna á Íslandi naumast getur álitizt stuldur í eiginlegum skilningi, eins og eiginlegur þjófnaður. Þingið verður þannig að álíta, að orðin: «*minni háttar yfirsjónir*» sé það eina, sem farið verður eptir, er meta skal, hvort beita skuli hegningunni eptir ákvörðunum frumvarpsins, eður eptir hinum almennu hegningarlögum, en eins og nú var tekið fram, geta þessi orð innibundið svo verulega ólíkan misverknad, og gefa svo sljólega til kynna sambandið millum frumvarpsins og hinna almennu hegningarlaga, að það (o: frumvarpið), hvort sem lítið er á málið frá meira saka lagalegu sjónarmiði, ellegar þá á hina ytri samkvæmni í hegningaradferðinni, virðist með öllu óaðgengilegt, og hlyti í reyndinni að leiða til gjörræðis.

Í annan stað hlýtur þingið að taka það fram, að með því þó frumvarpið ekki geti álitizt að hafa fyrir augum eiginleg svik og þjófnað, nema á mjög lágu stigi, þá virðist hegning sú, sem ákveðin er í frumvarpinu, vera hærri, en nauðsynlega leiðir af grundvallarreglum hinna almennu hegningarlaga, sbr. t. a. m. hin almennu hegningarlög um þjófnað 230. gr. við 232. gr. um þjófshymlingu 240 gr., og um svik 253. gr. o. s. frv. Í þessu tilliti leyfir þingið sér að eins að athuga, að hin líkamlega refsing, sem stendur í frumvarpsins 1. gr. staðið b, allt að 27 höggum með hnútakaðli, verður að álitast mun harðari hegning, en hin almenna 27 vandarhagga refsing, sem enn við gengst hér á landi, en sem þó samsvavar 8 mánaða hegningarvinnu, þar sem 5 × 6 daga vatn og brauð er látið samsvara hinni almennu 20 vandarhagga refsingu.

Í þriðja lagi verður þingið að halda því fastlega fram, að þessi hegningaraðferð með hnútakeðli eða kaðalenda, sem áður er óþekkt og óheyrð hér á landi, sé með öllu ótíltækileg, að hún mundi mjög særa tilfinningu manna hér á landi, og það jafnvel þeirra, sem orðið hafa brotlegir í einhverjum misverknaði, enda komu engar raddir fram á þinginu, sem bót vildu mæla þessari hegningaraðferð.

Í fjórða lagi og að síðustu verður þingið að leggja sérlega áherzlu á það, að því virðist mjög óráðlegt, að leggja jafn-umfangsmikið og jafn-óákveðið hegningarvald, sem frumvarpið, eptir því sem nú var sagt, ráðgjörir, í hendur landshöfðingja, og láta hina brotlegu þannig á svo háu stígi fara á mis við réttlætis trygging þá, sem rannsókn og úrskurður dómstólanna gefur. Slík lög mundu á Íslandi vafalaust allt um of særa réttarmeðvitund almennings og aldrei ná að rólfesta sig í augum hans sem samboðin kröfum og helgi réttlætis og réttðæmis, sem einnig verður að taka til greina við þá, sem áður hafa orðið brotlegir móti sakalögunum.

Jafnvel þó nú þingið sjái fram á, að hegningarhúsið í Reykjavík ekki geti komið að fullum notum fyrir, en húsið er að skipa með lögum um hegningarvald það, sem stjórn þess á að hafa, og jafnvel þó í 30., 66. og 112. gr. hinna almennu hegningarlaga, eins og stendur í athugasemdum frumvarpsins, sé gjört ráð fyrir sérstökum hegningarlögum, þá getur þinginu þó eigi blandast hugur um, að þeir svo mjög verulegu gallar á frumvarpinu, sem það hefur tekið fram, vafalaust eigi að ráða meiru. Og þar sem þingið eigi síður, viðvíkjandi þessu frumvarpi en öðrum þeim frumvörpum, sem það að þessu sinni hefur orðið að frá ráða að yrðu gjörð að lögum, þykist eigi geta gjört sér von um, að tillit mundi verða tekið til verulegra breytinga frá þingsins hálfu, hlýtur það, án þess að gjöra ákveðnar uppástungur um breytingar á frumvarpi þessu, með 18 atkvæðum gegn 3:

Að ráða yðar hátígn allraþegnsamlegast frá, að láta þetta frumvarp ná lagagildi.

Allraþegnsamlegast.

Jón Sigurðsson. Benidikt Sveinsson.

ALLRAÞEGNSAMLEGUST BÆNARSKRÁ

um stofnun lagaskóla á Íslandi, dagsett 1. dag ágúst. 1873.

Til konungs.

Til alþingis kom að þessu sinni frá 12 stúdentum og mennta-
mönnum í Kaupmannahöfn bænarskrá þess efnis, að stofnaður
verði hið bráðasta á landsins kostnað kennsluskóli handa íslenzk-
um lögfræðingaefnum m. m.

Eptir að þingið hafði fhugað beiðni þessa, kaus það 3 manna
nefnd í málið, ræddi það síðan, sem lög gjöra ráð fyrir, á tveim-
ur aðalfundum, og leyfir sér nú allraþegnsamlegast að bera fram
fyrir yðar hátign tillögur sínar um það á þessa leið.

Þinginu virðist nú með öllu nauðsynjalaust, að brýna fyrir yðar
konunglegu hátign þá þjóðarnauðsyn, sem er á því fyrir Íslend-
inga, að stofnun sú, sem hér um ræðir, komist á fót. Þessi nauð-
syn og þörf þjóðar vorrar, sem enn á ný er ítrekuð í hinni um-
getnu bænarskrá, er nú í þau 18 ár, sem þetta mál næstum á
hverju þingi hefur verið talið og viðurkennt meðal hinna mikilvæg-
ustu þjóðmála vorra, orðin margsýnd og sönnuð, svo um það
þarf eigi að fjölyrða, enda virðist þinginu, að það gegni furðu, er
hin konunglega auglýsing til þessa þings telur það, sem konungs-
fulltrúinn, samkvæmt auglýsing til alþingis 22. maí 1871, skýrði
því frá, ástæðu fyrir því, að bænarskrá þingsins 1869 ekki hlotn-
aðist áheyrsla yðar konunglegu hátignar, því þessar upplýsingar
konungsfulltrúa miða að eins til að vefengja það, sem bæði flýtur
af hlutarins eðli um þetta mál, og sem þar að auki liggja óræk rök
fyrir í margitrekudum röksemdum og tillögum alþingis.

Við þetta leyfir þingið sér að eins enn fremur að athuga,
að nauðsynin á og nytsemin af lagakennslu á Íslandi hlýtur
á þessum tíma, eins og ljóslega var tekið fram í umræðunum
á þinginu, að verða enn brýnari og berari fyrir þá sök, að þingið
væntir staðfastlega, eptir þeirri niðurstöðu sem það hefur komið
að í stjórnarmáli Íslands að þessu sinni, og eptir undirtektum
þeim, sem hún hefur fengið hjá fulltrúa yðar hátignar, að sá gleði-
tími fyrir þjóð vora sé þegar fyrir hendi, að alþingi öðlist löggjaf-
arvald og fjárforræði í íslenzkum málum. Því það liggur í augum
uppi, að glögg og nákvæm þekking þjóðarinnar á löggjöfnni að
fornu og nýju er bæði allsherjarskilyrði fyrir heillavænlegum á-
hrifum þjóðþingsins á endurbætur laga og landsréttar, og eins
fyrir þeirri festu og virðingu, sem stjórn landsins er ómissandi að

lagasetningin hafi gagnvart þeim, sem undir lögnum standa og eptir þeim eiga að lifa.

Þinginu virðist nú, að hér geti þannig ekki verið neitt spursmál um það, að þessu öllu slepptu, hvort nauðsyn sè, að stofna þennan skóla, því það spursmál virðist þegar fyrir löngu afgjört af hinum háæla Danakonungi Friðriki hinum sjöunda með konunglegri auglýsingu til alþingis 8. júnimán 1863; því hinn einvaldi konungur lýsti því yfir, að það væri ósk hans, að láta að þegnegri bæn alþingis um stofnun kennsluskóla handa lögfræðingaefnum á Íslandi, svo framarlega sem fengizt gæti fè það, er til þess þyrfti. Og þar sem í auglýsingunni enn fremur stendur, að málefni þetta ekki hafi orðið lagt fyrir konunginn til síðasta úrskurðar, af því að dómsmálastjórnin og kirkju- og kennslustjórnin væru að bera sig saman um það, þá getur engum blandazt hugur um það, að hér liggur fyrir hið *skýlausasta konunglegt heityrði* fyrir stofnun þessa skóla, og að kirkju- og kennslustjórnin í Danmörku, sem þá var, hafi álitit, að þessi ákvörðun einvaldskonungsins hafi verið fastráðin, lýsir sèr bezt í því, að hún með bræfi sínu til stiptamtamannsins yfir Íslandi, dags. 28. desember 1863, er hún reit til þess, að koma þessu máli verklega áleiðis, segir 1., að því sè *lýst yfir* æ: af konunginum sjálfum í áminnztri auglýsing, að það sè *vilji hans hátignar konungsins*, að veita áheyrn o. s. frv., og 2., sendi stiptamtamanninum undirstöðuatriði í fyrirkomulagi á hinum fyrirhugaða kennsluskóla, og 3., skoraði á stiptamtamanninn yfir Íslandi um, að hann útvegaði álit landsyfrréttarins bæði um málið í heild sinni, og *einkum* um það, hvort nokkur af dómendum í landsyfrréttinum á Íslandi, og ef svo væri, hver þeirra væri fús til að taka að sèr, samhliða stöðu sinni sem dómari í réttinum, að stjórna kennslunni m. m. í hinum fyrirhugaða lagaskóla, sem forstöðumaður eða fyrsti kennari, fyrir árlega borgun, sem stjórnarráðið hefði hugsað sèr 600 rd., enda kom fram á þinginu áreiðanleg upplýsing um, að meiri hluti réttarins mælti fram með málinu á þeim grundvelli, sem kirkju- og kennslumálastjórnin hafði lagt fyrir kennslunni, enda kvaðst hún, svo sem unnt var, hafa farið eptir uppástungum alþingis, bæði um það, hve yfirgripsmikil kennslan ætti að vera í kennsluskólanum, og um það, hvern rétt kandidatar frá honum ættu að hafa til lögfræðingaembætta á Íslandi. Leyfir þingið sèr að láta þessi skilríki fylgja þessu máli yðar há-

tign til nákvæmari skýringar um öll þessi atriði. (Sjá hér á undan bls. 225—228).

Þar sem nú þingið af hinni konunglegu auglýsing í sambandi við fjárhagsáætlanir þær um tekjur og útgjöld Íslands, sem þinginu eru orðnar kunnar, sèr, að nægilegt fè til endilegrar framkvæmdar þessu umvarðandi þjóðmáli voru er fyrirbyggjandi í landssjóðnum, sem látið hefur verið ganga í hinn svo kallaða hjálpar-sjóð fyrir Ísland, hikas þingið eigi við að beiðast þess :

1. Að yðar hátign allramildlegast skípi svo fyrir, að lagaskóli handa islenzkum lögfræðingum komist á sem allra-fyrst, samkvæmt konunglegri auglýsing til alþingis, dags. 8. júní 1863. Samp. með 20 samhljóða atkvæðum.
2. Að undirstöðuatriði þau í fyrirkomulagi á þessum skóla, sem um er rætt í bréfi kirkju- og kennslustjórnarinnar í Kaupmannaböfn til stíptamtmannsins yfir Íslandi, dags. 28. desember 1863, verði fyrst um sinn látin gilda fyrir skólann. Samp. með 18 samhljóða atkvæðum.
3. Kostnaðurinn til skólans verði í bráð greiddur af því fè landssjóðsins, sem látið hefur verið renna inn í hinn svo kallaða hjálparsjóð fyrir Ísland. Samp. með 19 samhljóða atkvæðum.

Allraþegnsamlegast.

Jón Sigurðsson. H. Kr. Friðriksson.

ALLRAÞEGNSAMLEGAST ÁVARP

til hans hátignar konungsins frá alþingi Íslendinga, dags. 2. dag ágúst. 1873.

Allramildasti konungur!

Um leið og alþingi Íslendinga lýkur störfum sínum í síðasta skipti, áður en nýjar kosningar fara fram, finnur það hjá sèr sterka innvortis hvöt til að senda yðar konunglegu hátign þetta þegnlega ávarp til þess, að yfir lýsa þeirri lotningu, sem það ber fyrir yðar konunglegu hátign, og því transti til yðar konunglegu hátignar, sem það er gagntekið af.

Í hjórtum vorum býr sú lifandi sannfæring, að yðar konungl. hátign vilji veg og frama allra þegna yðvarra, eins vor Íslendinga sem annara, og þessi sannfæring styðst við þá yfirlýsingu, sem yðar konunglegu hátign allramildlegast hefur þóknast að gjöra við byrjun ríkisstjórnar yðar í opnu bréfi dagsettu 23. febr. 1864, þar

sem yðar konunglega hátign allramildilegast heitir því með berum orðum, að sýna öllum þegnum yðar sama réttlæti og sömu velvild, og sér í lagi við það heitryði, sem yðar hátign hefur gefið Íslendingum í bræfi 8. júlí s. á., þar sem yðar hátign hefur lýst því yfir, að heill Íslands liggja yður ríkt á hjarta, og að yðar hátign skuli leitast við að sjá og framfylgja hag landsins.

Traustið á þessum heitryðum hefur einnig veitt þinginu djörfung til, að þessu sinni að bera þegnlegar frelsisbætur sínar fram fyrir yðar hátign.

Allramildasti konungur!

Saga var á hinum liðnu öldum, frá því er landið fyrst byggðist, sem að ári eru 1000 ár, sýnir ljóslega, að það er frelsið, sem hefur veitt þjóð vorri fjör og afl, fylgi og framtak í öllum greinum, en að það er ánaud og ófrelsi, sem hefur deyft hana og kúgað. Vær öllum þá öruggu von, að yðar konunglega hátign veiti oss þau réttindi og það frelsi, sem eiga rót sína í eðli og ásigkomulagi þjóðernis vors að fornu og nýju, og miða til að efla það og styrkja.

Þessari öruggu von látum vér vera samfara þá þegnlegu ósk vora, að yðar konunglegu hátign allramildilegast þóknist hið allra fyrsta sem verða má, að af nema það ófullkomna og óeðlilega stjórnarástand, sem nú er hér á landi og sem nálega allur landslýður leynt og ljóst hefur lýst óánægju sinn yfir, en fyrir skipa aptur þá landstjórn, sem hafgællð sé og sambodin þjóðerni voru og réttindum, og sérstaklegu ásigkomulagi þessa lands.

Þessa ósk sína hefur þingið dirft að fram bera í þegnlegri bænaraskrá um stjórnarbót, og samið frumvarp til stjórnarskrár, sem fylgir þar með, og vonar þingið, að yðar konungleg hátign megi þóknast að löggilda frumvarp þetta; en ef yðar hátign eigi þóknast að staðfesta frumvarpið, eins og það liggur fyrir, þá hefur þingið nálega í einu hljóði beiðzt þess, að yðar konunglegu hátign allramildilegast mætti þóknast, að gefa Íslandi að ári komandi þá stjórnarskrá, er veiti alþingi fullt löggjafarvald og fjárforræði, og sé að öðru leyti svo frjálst, sem framast er unnt, og treystir þingið því, að þau atriði, sem það hefur leyft sér sérstaklega að taka fram í þessu efni, verði fyllilega til greina tekin.

Allramildasti konungur!

Rýmið burt af landsföðurlegri mildi hinni almennu óánægju Íslendinga út af núverandi stjórnarástandi landsins, með því að verða við frelsisbænum vorum. Að ári eru 1000 ár liðin frá byggingu

þessa lands; látið oss af mildi yðvarri gleyma hörmungum liðins tíma; gjörið árið sem kemur hátíðlegt fyrir Íslendinga með þeirri frelsisgjöf, sem reisi yðar konunglegu hátígn ævarandi minnisvarða í sögu landsins, og sem knýti Ísland með óslítandi hollustubandi við veldisstól Danmerkur konunga; þá mun með hinu komanda ári, þessum nýja aðalkafla í þjóðlífi voru, upp renna nýr frelsistími, nýr framfara- og farsældardagur, sem rótfestir í hjörtum vorum nú, og niðja vorra um ókomnar aldir, ógþeymanlega þakklætisminningu um, að það var hönd yðar konunglegu hátígnar, sem leysti ófrelsisfjötrana af oss til fulls, og leiddi oss út á þjóðmenningar sviðið, sem frjálsa fullréttisþegna, til að njóta þeirra réttinda og þeirra gæða, sem fullkomna og farsæla hverja þjóð.

Vér biðjum almáttugan guð, að blessa og farsæla ríkisstjórn yðar konunglegu hátígnar.

Allraþegnsamlegast.

Jón Sigurðsson. Pétur Pétursson.

ALLRAÞEGNSAMLEGUST BÆNARSKRÁ

um stjórnarbót á Íslandi, dags. 2. dag ágúst. 1873.

Til konungs.

Til alþingis komu að þessu sinni fjöldi bænarskráa og ávarpa úr nærfellt öllum kjördæmum landsins viðvíkjandi stjórnarbót á Íslandi.

Þingið skipaði 7 manna nefnd til að íhuga þetta mál. Ræddi það því næst á 2 aðalfundum, og dirfist nú allraþegnsamlegast, að bera upp óskir sínar og tillögur um þetta mál á þann hátt, sem nú skal greina.

Bænarskrár þær og ávörp, sem nú voru nefnd, eru samtals 20 að tölu, 19 úr hinum einstöku kjördæmum landsins, og ávarp frá fundi, sem haldinn var hinn 26.—29. júnímán. þ. á. á hinum forna alþingisstað Íslendinga, að Þingvöllum við Óxará, og skipaður var 34 kjörnum mönnum úr öllum kjördæmum landsins að einu undanskildu. Var tilgangur þessa fundar sá, að hann lýsti yfir við alþingi skoðun hinnar íslensku þjóðar í heild sinni á stjórnarskipunarmáli hennar, og stjórnarháttum þeim, sem nú við gangast á Íslandi, á þeim grundvelli, sem hinar áminnztu bænarskrár og ávörp þjóðarinnar úr hinum einstöku kjördæmum gáfu tilefni

til, og sem að öðru leyti sumpart eru stýlaðar beinlínis til alþingis, sumpart til þjóðfundarins. Er í ávarpi þjóðfundarins að Óxará þannig dregið saman í eina heild, óskir, yfirlýsingar og tillögur Íslendinga til alþingis um stjórnarmálefni Íslands, og getur þingið þess í einu orði, að þær ganga í tvær aðalstefnur jöfnum höndum. Á einn veg eru skýlaust og skorinort teknar fram umkvartanir þjóðarinnar yfir höfuð um gjörvallt Ísland yfir stjórnarástandi því, sem nú er, sér í lagi þeim breytingum, sem nýlega hafa verið gjörðar á fyrirkomulagi hinnar æðstu umboðslegu stjórnar á Íslandi, og lagaskipun þeirri, sem í sambandi við hana stendur. Á hinn bóginn hefur þjóðfundurinn samþykkt nokkur helztu undirstöðuatrúðir fyrir stjórnarskrá Íslands, og falið það að öðru leyti alþingi að semja þessa stjórnarskrá í heild sinni, og bera hana síðan fram með bænarskrá sinni fyrir yðar konunglegu hátign til allramildilegustu staðfestingar. En jafnframt þessu hefur Þingvallafundurinn áskilið, að hann ásamt alþingi beiðist þess, að stofnað yrði til þjóðfundar á Íslandi með samþykktaratkvæði eptir kosningarlögum 28. sept 1849, skyldi frumvarp alþingis ekki hlotnast yðar hátignar allramildilegustu staðfestingu.

Þegar nú þingið að hinu leytinu athugar, að í yðar hátignar auglýsingu til alþingis að þessu sinni stendur, að það hafi verið yðar konunglegi einlægi og alvarlegi tilgangur, að gefa Íslandi stjórnarskipun, sem veiti landsmönnum hið sama frelsi og hin sömu réttindi, sem samþegnum þeirra í konungsríkinu, og að yðar hátign muni vera reiðubúin til, að verða við óskum þeim, sem kunna að koma fram frá Íslandi í þessu efni, þá hefur þingið með öruggri von um góðan árangur starfa síns, og um endileg úrslit á stjórnarbótarmáli Íslendinga samið meðfylgjandi frumvarp til stjórnarskrár Íslands, og með því þessi stjórnarskrá, að undanskildu fyrirkomulaginu á hinu æðsta umboðslega valdi á Íslandi, í öllum aðalatriðum sínum og höfuðstefnu er samhljóða frumvörpunum frá undanfarandi þingum í stjórnarmáli Íslands, einkum 1867 og 1871, og grundvallarlögum Danmerkur 5. júní 1849, hefur þingið álitid það nægja, að gjöra fáorðar athugasemdir við þá kafla eður greinir frumvarpsins, sem það hefur stungið upp á breytingum við, nefnil. I., II., III. og IV. kafla frumvarpsins.

Með tilliti til þeirrar bendingar, sem yðar hátign hefur gefið þinginu um, að fhuga þetta allsherjarmál Íslands með rósemi, þá leyfir þingið sér, sérstaklega viðvíkjandi I. kafla frumvarpsins að

geta þess, að eins og það hefur leitast við að sneiða hjá ágreiningsatriðum þeim, sem hingað til hafa valdið því, að ekki hafa orðið endileg úrslit á þessu máli, þannig hefur það, eins og árið 1871, farið því fram, að yðar hátign skipaði jarl á Íslandi, sem í yðar konunglegu umboði hefði hið æðsta vald á Íslandi, einungis af þeirri ástæðu, að það er fóst sannfæring þingsins, að með þessu einu móti sè sönnnum hag Íslands og Íslendinga borgið til fullnustu, og að þessi stjórnarskipun einnig sè sú, sem mest er að skapi hinnar íslenzku þjóðar, um það liggur órækur vottur fyrir þinginu í hinum áður umgetnu bænarskrám og ávörpum.

Hvað enn fremur það atriði snertir, sem einnig er bent til í yðar hátignar auglýsingu, að þingið byggir stjórnarskipun Íslands á þeim grundvelli, er geti samrýmt ríkisstjórnartilhögun þeirri, sem nú er, og hinn óaðskiljanlegu ríkisheild, þá hefur þingið einnig í þessu tilliti valið þann veg, sem sneiðir hjá öllu tilefni til ágreinings, með því þingið hefur stungið upp á, að samkomulagið milli Íslendinga og samþegna vorra Dana skyldi greiða tímanum og reynslunni fullkonnasta verksvæði með tilliti til hins nánara og algjörlega ákveðna sambands milli Íslands og Danmerkur. Þingið hefur því einnig í þessu efni byggt á þeim grundvelli, sem jafnrættishugsun sú móts við samþegna vora Dani, sem yðar hátign, eins og áður sagt, yfirlýsið að verið hafi yðar konunglegi einlægi og alvarlegi tilgangur að miða stjórnfrælsi Íslendinga við, beinlínis með sér færir, enda er þessi grundvöllur vafalaust sá, sem óhult má gjöra ráð fyrir, að stöðugt, happasælt og ávaxtarrikt bræðraband milli Dana og Íslendinga muni og hljóti að þroskast á um ókomnar aldir.

En þar sem þó þingið hefur gjört sér hið ítrasta far um, að nema burtu allar hindranir, sem eptir skoðunarhætti samþegna vorra Dana á sambandinu millum Íslands og Danmerkur allt fram að þessum tíma virðast hafa hamlað því, að komið væri endilegri skipun á stjórnarmál Íslands, þá hefur þingið, skyldi yðar hátign ekki þóknast að veita hinu umgetna frumvarpi þingsins yðar allra hæstu staðfestingu í heild sinni, eins og það liggur fyrir, stungið upp á, að yðar hátign þá allramildilegast gæfuð Íslandi stjórnarskrá, er veiti alþingi fullt löggjafarvald og fjárforræði, og að öðru leyti sè löguð, sem unnt er, eptir þessu frumvarpi þingsins.

En um leið og þingið þannig frá sinni hálfu mætir yðar landsföðurlega vilja, að veita Íslendingum stjórnfrælsi, á miðri leið, og

til hins ítrasta, hlýtur þingið jafnframt að taka fram nokkur atriði, sem eptir fastri skoðun þess eru nauðsynleg trygging fyrir því, að stjórnarskrá sú, er hér um ræðir, fullnægi óskum og þörfum Íslendinga frá þessu miðlunarinnar sjónarmiði.

Í þessu tilliti athugar þingið fyrst og fremst, að með því laus fjárhagsáætlun eptir grundvallarhugsun hinnar takmörkuðu einvaldsstjórnar (constitutionel Forfatning) er hin eina eðlilega, og hin eina samrímanlega við óskert fjárforræði þjóðþingsins, og þar að auki viðurkennd í grundvallarlögum Danmerkur, þá þykist þingið mega ganga að því sem vísu, að yðar hátign gjöri hana að grundvallar-ákvörðun í stjórnarskrá Íslands, og að það geti ekki orðið þessu til fyrirstöðu, að þingið að undanförmu, undir öðrum kringumstæðum og skilyrðum, en nú er ráð fyrir gjört, hefur vilj- að láta sér nægja með fasta fjárhagsáætlun.

Í annan stað sér þingið fram á, þegar það virðir fyrir sér fjarlægð Íslands frá Danmörku, og sér í lagi, hversu hin íslenzku stjórnarmálefni, landshættir og landsnauðsynjar Íslands eru í svo mörgum greinum einkennilegar, og frábrugðnar því, sem á sér stað í Danmörku, og hve óeildan áhuga, rannsókn, reynsla og yfirvegun heppileg og heillavænleg stjórn og úrskurdir þeirra mála þess vegna hlýtur allajafna að útheimta, að það getur því ekki séð neinn annan veg, til að fullnægja þessum ófrávisanlegu kröfum til góðrar og gagnlegrar stjórnar á Íslands-málum en þann, að skipaður sé sérstakur ráðgjafi fyrir Íslands-mál, svo að einn og hinn sami maður geti fengið nægilega fjölbreytta, og nægilega á reynslu byggða þekkingu á hinum einkennilegu högum og þörfum Íslands, eins og það líka flýtur af sjálfu sér, að trygging þjóðfrelsisins á Íslandi að líku skapi sem í Danmörku hlýtur að vera byggð á því, að þessi ráðgjafi hafi ábyrgð fyrir alþingi.

Í þriðja lagi hefur þingið álitid réttara, jafnvel þó ríkisþingið í Danmörku hafi lýst yfir því, að þess verði eigi farið á leit, að lagðar verði byrðar eða gjöld á Ísland til sameiginlegra mála milli Íslands og Danmerkur, meðan Íslendingar ekki senda fulltrúa á ríkisþingið, að tryggjandi ákvörðun í þessa stefnu væri tekin upp í stjórnarskrá Íslands, með því hin íslenzka þjóð eigi mundi una því, að stjórnarskráin gengi alveg fram hjá þessu atriði.

Með því þingið í fjórða máta hefur, eins og áður á vikið, gengið út frá þeirri aðalugsun og grundvallarstefnu, að happa-sælast mundi, — eptir öllum þeim atvikum og málavöxtum, sem

takast verða til greina viðvíkjandi hinni óumflýjanlegu bráðhendis endilegri skipun á stjórnarmáli Íslands, hvort sem litið er til nákvæmari skipunar á stjórn og löggjöf Íslands sérstöku mála, eillegar til fyrirkomulagsins á sameiginlegum málum milli Íslands og Danmerkur — að tíminn og reynslan, óháð öllum einstrengingulegum ágreiningi og skoðunum, leiddi í ljós hinn heppilegasta og haganlegasta mælikvarða fyrir eðlilegum þroska og þrifum hins íslenska þjóðfrelsis, þá hefur þingið álitid það nauðsynlegt, að sú ákvörðun verði tekin inn í stjórnarskrána, að hið 4. alþingi hér frá skyldi endurskoða hana, og með þessari ákvörðun væri gefin bending um aðalgrundvöll þann, sem þingið byggir á sannan hag Íslands og þar á byggð landsréttindi þess.

Loksins hefur þingið álitid það skyldu sína, gagnvart hinum áður umgetnu bænarskrám og ávörpum frá þjóðinni og Þingvallafundinum, að heiðast þess, að skyldi svo fara, að yðar hátign ekki þóknadist að gefa Íslandi stjórnarskrá, eins og nú hefur verið sagt, að þjóðfundur með samþykktaratkvæði þá verði saman kallaður á Íslandi árið 1874 samkvæmt kosningarlögunum frá 28. september 1849, og að fyrir þann fund verði lagt frumvarp til stjórnarskrár Íslands, byggt á sama grundvelli sem það, er hér ræðir um að framan.

Samkvæmt öllu því, sem nú var sagt, leyfir þingið sér allraþegnsamlegast með samhljóða 25 atkvæðum, að heiðast þess:

- I. Að yðar hátign allramildilegast veiti frumvarpi því, sem hér með fylgir lagagildi sem allrafyrst, og ekki seinna en einhvern tíma á árinu 1874, með 18 samhljóða atkvæðum.
- II. Til vara: að ef yðar hátign eigi þóknast að staðfesta stjórnarskrá þessa, eins og hún liggur fyrir, að yðar hátign þá allramildilegast gefi Íslandi að ári komanda stjórnarskrá, er veiti alþingi fullt löggjafarvald og fjárforræði, og að öðru leyti sé lögð eftir ofnannefndu frumvarpi, sem framast má verða, með 25 samhljóða atkvæðum, og leyfir þingið sér að taka sérstaklega fram þessi atriði:
 - a, að stjórnarskrá þessi ekki ákveði fasta fjárhagsáætlun, heldur skuli hún fyrir hver tvö ár lögð fyrir alþingi til samþykkis, með 25 samhljóða atkvæðum.
 - b, að stjórnarskrá þessi ákveði, að sérstakur ráðgjafi skuli skipaður fyrir Íslands-mál, sem hafi ábyrgð á stjórnarstörfum sínum fyrir alþingi, með 25 samhljóða atkvæðum.

- c, að engin gjöld eða álögur verði lagðar á Ísland til sameiginlegra mála án samþykkis alþingis, með 22 samhljóða atkvæðum.
- d, að endurskoðuð stjórnarskrá, byggð á óskertum landsrættindum Íslendinga, verði lögð fyrir hið fjórða þing, sem haldið verður eptir að stjórnarskráin öðlast gildi, með samhljóða 24 atkvæðum.
- III. Varauppástunga: Að þjóðfundur með samþykktaratkvæði verði saman kallaður á Íslandi árið 1874, samkvæmt kosningarlögunum frá 28. september 1849, og að fyrir þann fund verði lagt frumvarp til stjórnarskrár Íslands, byggt á sama grundvelli sem ofangreint frumvarp undir 1. hær að framan, með samhljóða 17 atkvæðum.

Allraþegnsamlegast

Jón Sigurðsson. Benedikt Sveinsson.

Frumvarp
til stjórnarskrár Íslands.

I.

1. gr.

Ísland hefur konung og konungserfðir saman við Danmörku.

2. gr.

Um ríkiserfðirnar, rétt konungs til að hafa stjórn á hendi í öðrum löndum, trúarbrögð konungs, myndugleika hans, viðtöku við stjórninni, um ríkisstjórn í forföllum konungs, og um það er konungdómurinn er laus, skal 1., 4., 5., 6., 7. og 8. greinir í hinum yfirskoðuðu grundvallarlögum Danmerkurríkis, dagsettum 5. dag júnímánaðar 1849, útgefnum 28. dag júlímánaðar 1866, sem hér eru við festar, einnig vera lög á Íslandi.

1.—2. grein samþ. með 19 samhljóða atkvæðum.

3. gr.

Áður en konungur tekur við stjórn, skal hann skriflega vinna eið í ríkisráðinu að stjórnarskrá Íslands. Af eiðstaf konungs skulu gjörð tvö frumrit samhljóða, og skal annað þeirra sent alþingi til geymslu, en hitt skal geymt í leyndarskjafnasafninu.

4. gr.

Hver önnur mál, en þau, sem um er rætt í 1. og 2. gr., skuli vera sameiginleg með Íslandi og Danmörku, og á hvern hátt Ísland skuli taka þátt í þeim, skal komið undir samkomulagi.

3.—4. grein samþ. með 19 samhljóða atkvæðum.

5. gr.

Ísland hefur í sínum eigin málum löggjöf, dóma og stjórn út af fyrir sig. Löggjafarvaldið er hjá konungi og alþingi í sameiningu, framkvæmdarvaldið er hjá konungi, og dómsvaldið hjá dómendum. Samþ. með 17 atkv. gegn 1.

6. gr.

Hin evangelísk-lútherska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal því landsstjórnin veita henni vernd sína og aðstoð. 6. gr. samþ. með 22 samhljóða atkvæðum.

II.

7. gr.

Konungur hefur æðsta vald á Íslandi, með þeim einum takmörkunum, sem settar eru í stjórnarskrá þessari.

8. gr.

Konungur er ábyrgðarlaus. Hann er heilagur og friðhelgur. 7.—8. grein samþ. með 20 samhljóða atkvæðum.

9. gr.

Konungur skipar jarl á Íslandi. Hann hefur í umboði konungs hið æðsta vald á hendi, sem fyrir er mælt í stjórnarskrá þessari, og konungur að öðru leyti gjör ákveður. Líffeyri jarlsins skal ákveðinn með lögum. Samþ. með 19 samhljóða atkvæðum.

10. gr.

Jarlinn hefur ábyrgð fyrir konungi einum. Hann skipar stjórnarherra á Íslandi, og getur vikið þeim úr völdum. Þeir hafa á hendi landstjórnina og hafa alla ábyrgð á henni fyrir alþingi. Undirskript konungs, eða jarlsins í hans umboði, undir ákvarðanir þær, er snerta löggjöf og stjórn, veitir þeim fullt gildi, þá er einn stjórnarherranna skrifar undir með konungi eða jarli. Stjórnarherrann, sem undir skrifar, ábyrgist ákvörðunina. Samþ. með 19 samhljóða atkvæðum.

11. gr.

Stjórnarherrana má ákæra fyrir embættisrekstur þeirra. Alþingi getur ákært þá, en landsdómur skal dæma þá.

12. gr.

Konungur veitir öll þess konar embætti, sem hann hefur veitt hingað til. Breytingu má á þessu gjöra með lögum. Engan þann

má skipa embættismann á Íslandi, sem ekki hefur hin almennu réttindi innborinna manna, og þar á ofan hefur fært sönnur á, að hann hafi fullnægt því, sem fyrir er mælt í lögum um kunnáttu í máli landsins. Sérhver embættismaður skal sverja eið að stjórnarskránni. Konungur getur vikið þeim frá embætti, sem hann hefur veitt það. Eptirlaun embættismanna skulu ákveðin með lögum.

Konungur getur flutt embættismenn úr einu embætti í annað, þó svo, að þeir missi einkis í af embættistekjum, og að þeim sje gefinn kostur á að kjósa, hvort þeir vilji heldur embættisskiptin, eða þá lausn frá embætti með eptirlaunum þeim, sem almennar reglur ákveða.

Með lögum má undan skilja ýmsa embættismannaflokka, auk embættismanna þeirra, sem nefndir eru í 55. gr.

13. gr.

Konungur náðar menn, og veitir almenna uppgjöf á sökum. Stjórnarherrana getur hann því að eins náðað fyrir brot á stjórnarskránni, að neðri deild alþingis samþykki.

14. gr.

Konungur veitir sjálfur, eða felur jarlinum að veita leyfi þau og undanþágur frá lögum, sem tíðkamt hafa eptir reglum þeim, sem farið hefur verið eptir hingað til.

11.—14. grein samþ. með 20 samhljóða atkvæðum.

15. gr.

Jarlinn stefnir saman reglulegu alþingi annaðhvort ár. Án samþykkis hans má það eigi eiga setu lengur en í 12 vikur. Breyta má þessu með lögum.

16. gr.

Jarlinn getur stefnt alþingi saman til aukafundar, og ræður hann, hversu langa setu það þá skuli eiga.

17. gr.

Jarlinn getur frestað fundum hins reglulega alþingis um tiltekinn tíma, en samt ekki lengur en 4 vikur, nema alþingi samþykki það, og ekki nema einu sinni á ári.

18. gr.

Jarlinn getur slitið alþingi, og skal þá stofnað til nýrrar kosningar, áður tveir mánuðir séu liðnir, og alþingi stefnt saman næsta ár á eptir.

19. gr.

Jarlinn getur látið leggja fyrir alþingi uppástungur til laga og ályktana.

20. gr.

Samþykki konungs eða jarls þarf til þess, að nokkur ályktun alþingis geti fengið lagagildi. Jarlinn annast um, að löggin séu birt, og þeim verði fullnægt. Hafi konungur eða jarl ekki staðfest eitthvert lagafrumvarp, sem alþingi hefur fallið á, á undan næsta reglulegu alþingi, er það niður fallið.

15.—20. gr. samþ. með 20 samhljóða atkvæðum.

21. gr.

Þegar brýna nauðsyn ber til, getur konungur eða jarlinn gefið út bráðabyrgðarlög milli alþinga; eigi mega slík lög samt koma í bága við stjórnarskrána, og ætíð skulu þau lögð fyrir næsta alþingi á eptir. 21. gr. samþ. með 20 samhljóða atkvæðum.

III.

22. gr.

Á alþingi eiga sæti 36 þjóðkjörnir alþingismenn. Tölu þeirra má breyta með lögum.

23. gr.

Alþingi skiptist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Í efri deildinni sitja 12 þingmenn. Í neðri deildinni 24. Þessu má breyta með lögum.

22.—23. gr. samþ. með 18 samhljóða atkvæðum.

24. gr.

Í efri deild alþingis kjósa þingmenn óbundnum kosningum úr sínum flokki til 6 ára, er þeir koma saman í fyrsta sinn, eptir að nýjar kosningar hafa farið fram, þó má engan kjósa yngri en 40 ára að aldri.

Nú verður sæti þingmanns í efri þingdeild autt, á meðan á kjörtíma stendur, og kjósa þá báðar þingdeildir í sameiningu þingmann úr neðri þingdeildinni í sæti hans.

25. gr.

Kosningarrétt til alþingis hafa:

- a. Allir bændur, sem hafa grasnyt og gjalda nokkuð til allra stétta; þó skulu allir þeir, sem með sérstaklegu lagaboði kynnu að vera undanskildir einhverju þegnskyldugjaldi, ekki fyrir það missa kosningarrétt sinn.

- b. Kaupstaðarborgarar, ef þeir gjalda til sveitar að minnsta kosti 4 rd. á ári.
- c. Þurrabúðarmenn, ef þeir gjalda til sveitar að minnsta kosti 6. rd.
- d. Embættismenn, sem annaðhvort hafa konunglegt veitingarbréf, eða eru skipaðir af því yfirvaldi, sem konungur hefur veitt heimild til þessa.
- e. Þeir, sem hafa tekið lærdómspróf við háskólann, eða embættispróf við prestaskólann í Reykjavík, eður eitthvert annað þess konar opinbert próf, sem nú er eða kann að verða sett, þó ekki sèu þeir í embættum, ef þeir eru ekki öðrum háðir.

Þar að auki getur enginn átt kosningarrétt, nema hann sè orðinn fullra 25 ára að aldri, þegar kosningin fer fram, hafi óflekkað mannorð, hafi verið heimilisfastur í kjördæminu eitt ár, sè fjár síns ráðandi, og honum sè ekki lagt af sveit, eða hafi hann þegið sveitarstyrk, að hann þá hafi endurgoldið hann, eða honum hafi verið gefinn hann upp.

26. gr.

Kjörgengur til alþingis er hver sá, sem hefur kosningarrétt, samkvæmt því sem nú var sagt, ef hann:

1. ekki er þegn annars ríkis, eður að öðru leyti í þjónustu þess;
2. ef hann að minnsta kosti í síðustu 5 ár hefur verið í löndum þeim í norðurálfunni, sem liggja undir Danaveldi; og
3. sè orðinn fullra 30 ára að aldri, þegar kosningin fer fram; sbr. 24. gr.

Kosningar alþingismanna gilda um 6 ár. Hinar nákvæmari ákvarðanir um kosningarnar verða settar í kosningarlögum.

24.—26. gr. samþ. með 20 samhljóða atkvæðum.

IV.

27. gr.

Hið reglulega alþingi skal koma saman fyrsta virkan dag í júlímánuði annaðhvort ár, hafi jarl ekki til tekið annan samkomudag þess. Breyta má þessu með lögum.

28. gr.

Samkomustaður alþingis er jafnaðarlega í Reykjavík.

29. gr.

Alþingi er friðheilagt. Hver, sem brýtur gegn friði þess eða

frelsi, eða býður eitthvað, sem þar að lýtur, eða hlýðir slíku boði, verður sekur sem um drottinssvik.

30. gr.

Hvor þingdeildin um sig á rétt til að stinga upp á lagaboðum og samþykkja þau fyrir sitt leyti; einnig má hvor þingdeildin fyrir sig senda konungi ávarp.

31. gr.

Hvor þingdeildin fyrir sig getur sett nefndir af þingmönnum til þess, meðan þingið stendur yfir, að rannsaka málefni, sem eru áriðandi fyrir almenning.

Þingdeildin getur veitt nefndum þessum rétt á, að heimta skýrslur, munnlegar og bréflugar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum.

32. gr.

Engan skatt má á leggja, nè breyta, nè af taka, nema með lagaboði; ekki má heldur taka lán, er skuldbindi Ísland, nè selja, eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum landsins, nema slíkt sè með lagaboði ákveðið.

33. gr.

Jafnskjótt og hið reglulega alþingi er sett, skal í hvert skipti leggja fram frumvarp til laga um fjárhag Íslands hin næstu tvö ár, og skal í frumvarpinu vera áætlun um tekjur og útgjöld landsins á þessu tímabili.

Fjárhagslagafrumvarpið skal fyrst leggja fyrir neðri deild alþingis.

34. gr.

Engan skatt má heimta fyr, en fjárhagslöggin eru samþykkt. Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sè til þess í fjárhagslöggunum.

35. gr.

Hvor þingdeild kys yfirskoðunarmann, og skulu þeim veitt laun fyrir starfa sinn. Þessir menn eiga að gagnskoða hina árlegu reikninga um tekjur og útgjöld landsins, og gæta þess, hvort tekjur landsins sèu þar allar taldar, og hvort engu fè hafi verið varið án heimildar fjárhagslaganna. Þeir geta krafizt, að fá allar skýrslur þær og skjöl, sem þeim þykir þurfa. Síðan skal aðalreikningur gjör fyrir hver tvö ár, og skal hann, með athugasgreinum yfirskoðunarmanna, lagður fyrir alþingi, er því næst leggur úrskurð á hann.

27.—35. gr. samþ. með 19 samhljóða atkvæðum.

36. gr.

Ekkert lagafrumvarp má samþykkja til fullnaðar, fyr en það hefur verið rætt þrisvar í hvorri þingdeild um sig.

Lagafrumvarp, sem önnurhvor þingdeild hefur fellt, verður ekki aptur tekið til umræðu í sömu deild á því þingi.

37. gr.

Þegar lagafrumvarp er samþykkt í annarhvorri þingdeild, gengur það þá þegar til hinnar þingdeildarinnar. Verði þar breytingar á gjörðar, fer frumvarpið aptur til hinnar fyrri þingdeildar. Gangi þá enn eigi saman, koma báðar þingdeildir í eina málstofu, og leiða málið til lykta eptir eina umræðu; enda séu þá fullir tveir þriðjungar þingmanna úr hvorri þingdeild á fundi og greiði atkvæði. Verði breytingin þá eigi samþykkt með tveim þriðjungum atkvæða, er málið fallið á því þingi.

38. gr.

Alþingi sker sjálfst úr, hvort þingmenn þess séu löglega kosnir.

39. gr.

Sérhver nýr þingmaður skal vinna eið að stjórnarskránni, undir eins og húið er að viðurkenna, að kosning hans sé gild.

40. gr.

Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína, en eigi við reglur frá kjósendum sínum.

Embættismenn þeir, sem kosnir verða til alþingis, þurfa ekki leyfi stjórnarinnar til þess, að þiggja kosninguna.

41. gr.

Meðan alþingi stendur, má ekki taka neinn alþingismann fastan fyrir skuldir, án samþykkis þingdeildar þeirrar, sem hann situr í, né heldur setja hann í varðhald, eður höfða mál á móti honum, nema hann sé staðinn að glæp. Enginn alþingismaður verður krafinn til reiknings utanþings fyrir það, sem hann hefur talað á þinginu, nema sú þingdeild leyfi, sem hann á sæti í.

42. gr.

Missi nokkur alþingismaður kjörgengi, missir hann og rétt þann, er kosningu hans fylgir.

43. gr.

Stjórnarherrunum skal heimilt að sitja á alþingi, og eiga þeir rétt á, að taka þátt í umræðunum, eins opt og þeir vilja, en gæta skulu þeir þingskapa. Eigi hafa þeir atkvæðisrétt, nema þeir einnig séu alþingismenn.

44. gr.

Hvor þingdeild um sig kýs sjálf forseta sinn og varaforseta. Eins gjörir hið sameinaða alþingi.

45. gr.

Hvorug þingdeildin má gjöra ályktun um nokkurt mál, nema að minnsta kosti tveir þriðjungar þingmanna sæu á fundi og greiði atkvæði.

46. gr.

Heimilt er hverjum alþingismanni að bera upp í þeirri þingdeildinni, sem hann á sæti í, sérhvert opinbert málefni, ef hún leyfir það, og beiðast um það skýrslu.

47. gr.

Hvorug þingdeildin má taka við nokkru málefni, nema einhver þingdeildarmanna taki það að sér til flutnings.

48. gr.

Þyki þingdeildinni ekki ástæða til, að leggja úrskurð á eitt-vert málefni, þá getur hún vísað því til landstjórnarinnar.

49. gr.

Fundir beggja þingdeildanna, og eins hins sameinaða alþingis, skulu haldnir í heyrandi hljóði. Þó getur forseti eða svo margir þingmenn, sem til tekið er í þingsköpunum, krafizt, að öllum utanþingsmönnum sé vísað burt, og skal þingið þá skera úr, hvort ræða skuli málið í heyranda hljóði, eða fyrir luktum dyrum.

50. gr.

Þingsköpin handa alþingi og báðum deildum þess skulu sett með lögum.

36.—50. gr. samþ. með 20 samhljóða atkvæðum.

V.

51. gr.

Landsdómur dæmir þau mál, sem jarlinn eða neðri deild þingsins lætur höfða gegn stjórnarherrunum. Svo skal og á valdi jarlsins, ef neðri deild þingsins leyfir, að láta kæra aðra menn fyrir landsdóminum um glæpi þá, er honum þykja hættulegir fyrir Ísland eður gjörvallt konungsveldið. Skipun landsdómsins skal ákveðin með lögum. Samþ. með 17 atkv. gegn 1.

52. gr.

Skipun dómsvaldsins skal ákveðin með lögum.

53. gr.

Dómsvaldið skal greint frá umboðsvaldinu, samkvæmt reglum þeim, sem ákveðnar verða um það með lagaboði.

54. gr.

Dómendur skulu eiga rétt á, að skera úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvalda. Eigi að síður skal þeim, er um það leita dómsatkvæðis, skylt að hlýðnast yfirvaldinu í bráð.

55. gr.

Dómendur skulu í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögunum. Þeim verður ekki vikið úr embætti nema með dómi, og eigi verða þeir heldur fluttir í annað embætti móti vilja þeirra, nema þegar svo stendur á, að verið er að koma nýrri skipun á um dómstólana; þó má veita þeim dómara, sem er orðinn fullra 65 ára gamall, lausn frá embætti, en eigi skal hann þá missa neins í af launum sínum.

56. gr.

Jafnskjött, og að svo miklu leyti sem því verður við komið, skulu dómar allir fara fram í heyranda hljóði.

52—56. gr. samþ. með 20 samhljóða atkvæðum.

VI.

57. gr.

Réttarástandi þjóðkirkjunnar skal skipað með lögum.

58. gr.

Landsmenn eiga rétt á, að stofna félög til að þjóna guði með þeim hætti, sem bezt á við sannfæringu hvers eins; en ekki má kenna eður fremja neitt það, sem er gagnstætt góðu siðferði og allsherjar-reglu.

59. gr.

Kjör trúarbragðaflokka þeirra, sem á greinir við þjóðkirkjuna, skulu nákvæmar ákveðin með lagaboði.

60. gr.

Enginn má neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum réttindum fyrir sakir trúarbragða sinna, né heldur má nokkur fyrir þá sök skorast undan almennri félagskyldu.

57.—60. gr. samþ. með 18 samhljóða atkvæðum.

VII.

61. gr.

Hver sá maður, sem tekinn er fastur, skal leiddur fyrir dómara

svo fljótt, sem auðið er. Megi þá eigi jafnskjótt láta hann lausan aptur, þer dómáranum svo fljótt sem verður, og í seinasta lagi áður en þrjár dagar séu liðnir, að leggja á úrskurð, er byggður sé á tilgreindum ástæðum, um að hann skuli settur í varðhald; en megi láta hann lausan móti veði, þá skal ákveðið í úrskurðinum, hvert eður hversu mikið það skuli vera.

Úrskurði þeim, er dómárin kveður upp, má sá, sem í hlut á, þegar skjóta sér í lagi til æðra dóms.

Engan mann má setja í gæzluvarðhald fyrir yfirsjón, er að eins varðar fêsekt eða einföldu fangelsi.

Engan mann má draga frá sínu löglegu varnarþingi.

62. gr.

Heimilið er friðheilagt. Ekki má gjöra húsleit né kyrrsetja brêf og önnur skjöl og rannsaka þau, nema eptir dómsúrskurði, ef lögin eigi gjöra sérstaklega undantekningu.

63. gr.

Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eigu sína, nema almennings-þörf krefji; þarf til þess laga-
boð, og komi fullt verð fyrir.

64. gr.

Öll bönd, þau er hamla frelsi í atvinnuvegum og jafnrétti manna til atvinnu, og eigi eru byggð á almenningsheillum, skal af taka með lagaboði.

65. gr.

Sá, sem ekki getur sæð fyrir sér og sínum, og sè hann ekki skyldu-ómagi annars manns, skal eiga rétt á, að fá styrk úr almenn-
um sjóði; en þá skal hann háður vera skyldum þeim, er lögin áskilja.

66. gr.

Hafi foreldrar eigi efni né tök á að fræða sjálf börn sín, eður sèu börnin munaðarlaus og öreigar, þá skal hið opinbera sjá þeim fyrir uppfræðingu og framsfæri.

67. gr.

Hver maður á rétt á, að láta í ljósi hugsanir sínar á prenti; þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar slíkar tálmanir fyrir prentfrelsið má aldrei taka upp aptur.

68. gr.

Rétt eiga menn á, að stofna félög í hverjum lölegum tilgangi sem er, án þess að leyfi þurfi að sækja til þess. Ekkert félag má rjúfa með stjórnarráðstöfun.

En banna má fêlag um sinn, og skal þegar höfða mál á hendur því, til þess það verði rofið.

69. gr.

Rétt eiga menn á að safnast saman vopnlausir. Lögreglustjórninni er heimilt að vera við almennar samkomur. Banna má mannfundi undir berum himni, þegar uggvænt þykir, að af þeim leiði óspektir.

70. gr.

Sérhver vopnfær maður er skyldur að taka sjálfur þátt í vörn fósturjarðarinnar, eptir því sem nákvæmar kann að verða fyrir mælt þar um með lagaboði.

71. gr.

Rétti sveitarfélaganna til að ráða sjálf málefnum sínum með umsjón landstjórnarinnar skal hið allra-bráðasta verða skipað með lagaboði.

72. gr.

Á skattgjöld og skattheimtu skal komið öðru skipulagi með lagaboði svo fjótt sem verður.

73. gr.

Öll sérstakleg réttindi, er lögin hafa bundið við aðal, nafnbætur og tign, skulu vera af tekin.

61.—73. gr. samþ. með 20 samhljóða atkvæðum.

VIII.

74. gr.

Uppástungur, hvort heldur er til breytingar eða viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp, hvort heldur á lögákveðnu alþingi eður auka-alþingi. Nú nær uppástunga til stjórnarskrárbreytingar samþykki í báðum þingdeildunum og landstjórnin styður hana, þá skal rjúfa alþingi þá þegar og stofna til almennra kosninga af nýju. Samþykki þá enn hið nýkosna alþingi ákvörðunina óbreytta, og nái hún staðfestingu konungs, þá verður hún stjórnarlaga-ákvörðun. Samþ. með 19 samhljóða atkvæðum.

Ákvarðanir um stundarsakir.

1. gr.

Þangað til öðruvisi verður fyrir mælt með lögum, skulu kosningarlögin 6. janúarmánaðar 1857, sbr. tilskipun 8. marzm. 1843, framvegis gilda um kosningarnar til alþingis, að öðru leyti en því, sem leiðir af 22., 25. og 26. grein í stjórnarskrá þessari.

2. gr.

Tölu alþingismanna eptir 22. grein í stjórnarskrá þessari, skal — þangað til öðruvísi verður fyrir mælt með lögum — skipt þannig niður, að 1. Gullbringu- og Kjósar-, 2. Árness-, 3. Rang-árvalla-, 4. Vestur-Skaptafells-, 5. Suður-Múla-, 6. Norður-Múla-, 7. Suðurþingeyjar-, 8. Eyjafjarðar- með Akureyrarkaupstað, 9. Skagafjarðar-, 10. Húnavatns-, 11. Ísafjarðar- með Ísafjarðarkaupstað, 12. Snæfellsness- og Hnappadals-, 13. Barðastrandar-, 14. Dala-, og 15. Borgarfjarðarsýslu-kjördæmi, kjósa 2 alþingismenn hvert. En hin önnur kjördæmi, að Reykjavík með taldri, kjósa 1 alþingismann hvert.

3. gr.

Þangað til þingsköpum alþingis og beggja þingdeilda verður skipað með lögum, ákveður konungur þingsköpin til bráðabyrgða.

4. gr.

Konungur gjörir ráðstafanir þær, sem með þarf, til þess að stjórnarskrá þessi geti öðlzt fullt gildi árið 1874.

Þessar greinir voru samþykktar með 19 samhljóða atkvæðum.

Á s t æ ð u r fyrir frumvarpi til stjórnarskrár Íslands.

Við 1. kafla.

Þessi kafli er tekinn eptir frumvarpi alþingis 1867, næstum því orðrætt. Þær einu breytingar, sem þingið stingur upp á, eru þær, að í fyrstu grein er látið óákveðið, í hvernig löguðu sambandi Ísland skuli standa við konungsveldið framvegis, því þinginu virðist, að tíminn og reynslan eigi einmitt að leiða í ljós, hvernig sambandinu verði haganlegast fyrir komið, og hvernig því eigi að vera háttað. Þá hefur og þingið með ásettu ráði sleppt út úr fyrsta kaflanum upptalningu sameiginlegra mála og sérstaklegra, en tekið aptur upp í 4. gr. almenna ákvörðun um, að það skuli komið undir samkomulagi milli ríkisþingsins í Danmörku og alþingis Íslendinga, hvernig þessum málum skuli skipt. Hyggur þingið, að þetta sé mun aðgengilegra fyrir hvoratveggja hlutaðeigendur, þar sem það gæti leitt til ágreinings síðar meir, að slá nú þegar föstum aðskilnaðinum á milli hinna sérstöku mála Íslands og hinna almennu mála gjörvalls konungsveldisins.

Við II. kafla.

Þessi kafli er einnig tekinn eptir frumvörpum alþingis 1867 og 1871, með þeirri einu breytingu, að hér er gjört ráð fyrir jarli,

sem konungur skipi sem umboðsmann hér á landi, og sem hafi framkvæmdar- og löggjafarvaldið á hendi að nokkrum hluta, ásamt konungi og í hans umboði. Það hefur að undanfögnu reynzt næsta torvelt, bæði fyrir stjórnina og alþingi, að skipa svo hinn æðstu stjórn hér á landi, og koma fyrir sambandinu milli hennar og konungsins, að hún (landstjórnin) geti að einu leyti komið fram með fullum krapti andspænis þingi og þjóð, og á hina hliðina sé full trygging fyrir því, að þingið og þjóðin geti með fullu frjálsræði neytt síns löggjafaratkvæðis og fjárforræðis. Úr þessu hefur nú þingið bætt með skipun jarlsins, sem í öllum samskiptum og samvinnu við alþingi sem löggjafarþing, kemur hér í konungs stað, en hefur að hinu leytnu það eina af einkaréttindum konungs í höndum, sem konungi þóknast að veita honum.

Við III. kafla.

Kaflinn um skipun alþingis er tekinn eptir frumvarpi alþingis 1871. Sú eina efnisbreyting, sem þingið hefur stungið upp á, er fólgin í því, að konungskosningunum til alþingis er sleppt. Það er nú að vísu svo, að eptir því sem stjórnin hafði hugsað sér stjórnarfyrikomulagið hér á landi, einkum 1869 og 1871, þannig nefnil, að hin ábyrgð-hafandi landstjórn þyrfti ekki að sjálfsgöðu að mæta á alþingi, þá var nauðsynlegt að tryggja þingið með kosningu nokkurra efstu embættismanna landsins, og annara þeirra manna, er vænta mætti að bæru fullt skyn á landstjórnar- og löggjafarmálefni. En nú þar sem þingið gjörir ráð fyrir, að hin ábyrgð-hafandi landstjórn sé allajafna við hlið alþingis, og að á henni hvíli sú skylda, að láta þinginu í tæ allar nauðsynlegar skýringar og bendingar — auk þess sem gjöra má ráð fyrir, að stjórnarherrarir yrðu jafnaðarlegast alþingismenn — þá virðist alls eigi nauðsynlegt að halda þessari ákvörðun um konungskosningarnar, þar sem hún auðsjáanlega skerðir eða kemur í bága við kjörfrelsi þings og þjóðar, og er að hinu leytnu ískyggileg, þar sem efr deild þingsins — ef konungs-kosningunum yrði haldið — mundi að eins verða skipuð að helmingi af þeim mönnum, er þjóðin kysi, og henni væru að skapi.

Við IV. kafla.

Þessi kafla er alveg samhljóða frumvarpi alþingis 1871. Þingið hefur eigi hikað sér við, að hafna hinni föstu fjárhagsáætlun, sem stjórnin að undanfögnu hefur haldið svo fast fram, með því nefndin verður að álita, að föst fjárhagsáætlun geti ekki samrýmzt við ó-

skorað fjárforræði alþingis, og leggi þannig óeðlilegt hapt á fjárveitingarétt þess. Að öðru leyti sinnur þingið eigi ástæðu til að fjölyrða um þennan kafla frumvarpsins.

Við V., VI. og VII. kafla

er ekkert að athuga, með því þeir eru alveg samhljóða frumvörpunum frá alþingi að undanfögnu.

Við ákvarðanir um stundarsakir.

Í 2. greininni er tölu þingmanna skipt eptir fólkstölu þannig niður, að 15 af hinum nú verandi kjördæmum kjósa 2 þingmenn hvort, en 6 kjósa að eins 1; kemur þá fram tala sú (36), sem stendur í frumvarpinu. Að öðru leyti er ekkert athugavert við þennan kafla frumvarpsins.

Að öðru leyti sinnur þingið ekki þörf á, að taka fram ástæður fyrir smábreytingum hennar á einstöku greinum frumvarpanna frá undanfögnu alþingum, með því þær eru mestmegnis orðabreytingar, að öðru leyti en því, sem nú var tekið fram.

ALLRAÞEGNSAMLEGAST ÁLITSSKJAL

um frumvarp til tilskipunar fyrir Ísland um friðun á laxi, dags.

2. ágúst 1873.

Til konungs.

Fulltrúi yðar konunglegu hátignar lagði fyrir alþingi í þetta skipti frumvarp til tilskipunar fyrir Ísland um friðun á laxi.

Þingið kaus 3 menn í nefnd til að íhuga þetta mál, ræddi það síðan á 2 aðalfundum á lögskipaðan hátt, og leyfir sér nú allraþegnsamlegast, að kveða upp álit sitt um það á þessa leið.

Þingið játar, að það hefur álitid og álitur eins enn, að árið-andi sé fyrir landið, að fá ný laxveiðilög, sem friði sér í lagi hinn unga lax, svo að hann náí að tímgast, og að öðru leyti setji laxveiðunum þau takmörk, sem nauðsynleg eru, til þess að atvinnuvegur þessi geti aukizt og margfaldazt; því það er ekki að efa, að sé veiðum þessum skynsamlega hagað, geta þær orðið mjög mikil auðsuppspretta fyrir þetta land, með því laxveiði er hér í fjölda ám. Að vísu hafa landslögin, Jónsb. Llb. 56. kap., sett ákvarðanir um laxveiðar hér á landi, sem í mörgu tilliti eru heppilega lagaðar eptir landsháttum hér, en allar þessar ákvarðanir lögbókarinnar lúta helzt að því, að vernda veiðirétt þeirra, er ofar búa við eina

á, og ákveða veiðirétt hveðrar jarðar, er liggur að á eða vötnum, sem veiði er í; þannig ákveður lögbókin um hið síðara atriði: «Hverr maðr á vötn ok veiðistöður fyrir sinni jörðu, svá sem at fornu hefir verit, nema með lögum sè frá komit. Ef á eðr bekkur rennr í milli bæja manna ok eru fiskar í, þá eiga hálfu hvárir, ef þeir eiga svá jörð tveim megin til» o. s. frv. En um hið fyrri atriði ákveður hún svo: «Hverr maðr má gjöra veiðivèl í sinni á, og gjöra þó svo, at fiskar megi fara upp at á hverri. Ganga skal guðsgjöf til fjalls sem til fjöru, ef gengit vill hafa». — Því næst koma ákvarðanir um þvergarða, og eru þeir með öllu bannaðir, ef nokkur á land að á ofar, sem veiði getur átt eptir áður nefndum ákvörðunum: «Hverr maðr á vötn og veiðistöður fyrir sinni jörðu» og «Ef á eðr bekkur rennr milli bæja manna» o. s. frv. Allir slíkir þvergarðar eru því «úheilagir fyrir broti», og því hefur þeirri reglu verið stöðuglega fylgt hér á landi, að engin á hefur verið þvergirt, hafi nokkur jörð átt land að á ofar og veiði í henni; er það þessi ákvörðun, sem einkum hefur verndað laxveiðarnar hingað til, svo að þær hafa við haldizt, með því laxinn hefur getað gengið til fjalls og náð að hrygna ofan til í ánum og unglaxinn getað tímgaft þar. En ákvarðanir þessar eru þó eigi einhlítar til að friða hinn unga lax, þar eð ákvörðun vantar um möskva-stærð á veiðinetum og um opin á veiðivælum þeim, er eigi er lögbannað að hafa, svo að alla tryggingu vantar fyrir því, að unglaxinn verði ekki veiddur. Fari og veiðivèlar í vöxt, er laxgöngunni hætta búin, að hún nái ekki að komast til fjalls sem til fjöru, sem er eyðilegging fyrir laxveiðarnar.

Það eru því einkum þessi atriði, sem hafa komið þinginu áður til að beiðast þess, að ný laxveiðilög yrðu útgefin fyrir þetta land, en frumvörp þau til laga um þetta efni, sem alþingið 1867 og 1871 hefur samið, hafa eigi getað öðlazi staðfestingu yðar konunglegu hátignar, og því hefur yðar hátign fundið nauðsyn til bera, að láta leggja nú fyrir þingið frumvarp að nýju um sama efni, sem hefur inni að halda ýmsar breytingar á hinum fyrri frumvörpum alþingis. En þingið getur eigi séð, að breytingar þessar sèu til bóta, og er það einkum 8. grein frumvarpsins, er þingið getur ekki fallizt á, þar sem landshöfðingja er þar gefið því nær ótakmarkað vald til að veita undanþágur frá þeim ákvörðunum frumvarpsins, er lúta að því, að friða hinn unga lax, svo að undanþágurnar geta orðið aðalreglan, og aðalreglan að eins undantekning, er gjörir lagaboðið

harða þýðingarlítið, þegar þess er líka gætt, að landshöfðingi á að byggja undanþágur sínar einungis á skýrslum hlutaðeigandi amtmanns og sveitastjórnar, sem ef til vill ekkert þekkja til laxveiða, eða hvernig hagar til á þeim stað, er þá ræðir um, nema eptir skýrslum lóðareigandanna þar í grennd, er vænta má að verði meira eða minna vilhallir í slíku máli, þá virðist auðsætt, að engin trygging er með þessari ákvörðun fengin fyrir því, að undanþágurnar verði á nægum rökum byggðar, auk þess sem af þessari tilhögun hlyti að leiða óþarfa tímatöl og bréfaskriptir fyrir hlutaðeigendur. Í þessu efni er nauðsynlegt, að aðalákvarðanir lagaboðsins, ef það á að ná tilgangi sínum, verði sem heppilegast sniðnar, svo að sem fæstar eða engar undanþágur frá þeim þyrfti að veita; en þyrfti þær nokkrar, virðist þinginu, að það væri bæði tryggilegast, hægast og samkvæmast grundvallarreglum hinna íslensku laga, að slíkt væri látið fara á hverjum stað eptir álit 6 kunnugra og óvilhallra manna, er rétturinn kveddi.

En með því að þingið getur ekki gjört sér von um, að yðar hátign vilji samþykkja slíka breytingu á ákvörðun 8. greinar frumvarpsins, þar eð lík uppástunga frá þinginu 1871 eigi hafði þótt hagfæld eða tiltækileg, getur það eigi annað en ráðið frá, að frumvarp þetta, er nú var lagt fyrir þingið, verði gjört að lögum eins og það nú liggur fyrir, enda hefur frumvarpið fleiri galla til brunns að bera, þar á meðal í ákvörðuninni í 7. grein um lengdarmál laxins, er ekki má selja, kaupa eða hafa á boðstólum, því sú ákvörðun getur eigi samrýmt við ákvörðun 4. greinar um möskvastærðina og millibilið milli spelanna á grindum í hinum föstu veiðivélum.

Þar á móti, til þess að beina þessu máli í sem bezt horf, og til þess að allt hið s e r s t a k l e g a á hinum ýmsu veiðistöðvum, er stjórn yðar hátignar virðist að hafa lagt svo mikla áherzlu á í ástæðunum fyrir 8. gr., yrði sem bezt tekið til greina, svo að hin almenna regla um laxveiðarnar yrði sem bezt sniðin, komst þingið að þeirri niðurstöðu, að beiðast þess, að nefnd yrði sett hér á landi, er væri skipuð þeim mönnum er væru kunnugir laxveiðum ásamt einum lagamanni. Skyldu þeir útvega skýrslur frá hinum ýmsu hêruðum, þar sem laxveiði er við höfð, og búa síðan til frumvarp til tilskipunar um friðun á laxi, sem því næst yrði lagt fyrir alþingi.

Þar eð þingið treystir því, að yðar hátign fallist á þessa upp-

ástungu þingins, virðist því eigi þörf á, að taka fram aðra galla frumvarpsins.

Samkvæmt áðursögðu leyfir þingið sér allraþegnsamlegast með 19 samhljóða atkvæðum :

- 1., að ráða frá, að frumvarp það, er hér ræðir um, verði gjört að lögum.
- 2., (með 15 atkvæðum gegn 6) að beiðast þess, að nefnd verði sett hér á landi, er sè skipuð þeim mönnum, sem sèu kunnugir laxveiðum, og einum lagamanni, er útvegi skýrslur frá hinum ýmsu hëruðum, þar sem laxveiði er við höfð, og þú síðan til frumvarp til tilskipunar um friðun á laxi, sem því næst verði lagt fyrir alþingi.

Allraþegnsamlegast.

Jón Sigurðsson. Halldór Kr. Friðriksson.